INGIBJÖRG ÓLAFSDÓTTIR

*Skoðar atvinnulífið frá ýmsum hliðum*

Nám Bílar Ferðir Börn

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




BJÖRN LEIFSSON

*Ánægður að sjá þingmennina púla*

Vilja líta vel út á kosningavetri

FÓLK 42



INGA LIND KARLSDÓTTIR

*Stendur á tímamótum í starfi*

Er hætt á Stöð 2 en ekki í fjölmiðlum

FÓLK 42




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. október 2006 — 265. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Leikstjórinn Atom Egoyan



Listin á að spyrja réttu spurninganna en þarf ekki endilega að svara þeim.

MENNING 28

### Hermaður afhausaður í beinni

Ari Alexander frumsýnir blóðuga stuttmynd um Íraksstríðið.



FÓLK 33

### Samningur eða svindl

„Okkar kynslóð ætti að skammast sín og biðja aldraða afsökunar á afglöpum sínum og hafa hraðan á við að lagfæra þessa skömm," segir Jóhann Óli Guðmundsson.

UMRÆÐAN 21

### Framtíðarsýn KSÍ



Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að KSÍ hafi viljað koma fram með róttækar breytingatillögur í stað þess að taka lítið skref fram á við enda sé auðvelt að fjölga í efstu deild.

ÍÞRÓTTIR 36

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTISVEÐUR** - Í dag verður hæg suðaustlæg átt. Rigning eða skúrir sunnan og vestan til en þurrt og skýjað með köflum á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 5-10 stig að deginum.

VEÐUR 4



**GEIR H. HAARDE** Sagði aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að sporna við þenslu vera að skila árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Matvælaverð lækkar

**Matvælaverð á Íslandi verður sambærilegt því sem gerist á Norðurlöndunum. Opinber útboð hefjast á ný og umferðaræðar frá Reykjavík verða bættar. Forsætisráðherra upplýsti um þetta í stefnuræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi.**

**STJÓRNMÁL** Tillögur ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til lækkunar matvælaverðs eru á lokastigi. Munu þær leiða til verulegrar lækkunar á næstu mánuðum þannig að matvælaverð verði sambærilegt við það sem gerist á Norðurlöndunum.

Geir H. Haarde forsætisráðherra greindi frá þessu í stefnuræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi. Sagði hann trausta stöðu ríkissjóðs leyfa slíka aðgerð. Tillögurnar verða kynntar á næstunni þegar endanleg útfærsla þeirra liggur fyrir.

Geir sagði aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að sporna við þenslu vera að skila árangri og því óhætt að fella úr gildi fyrri ákvörðun um að setja ekki af stað ný útboð á framkvæmdum. „Þar með verður haldið áfram með þær samgöngubætur, sem hafa verið undirbúnar að undanförnu sem og aðrar framkvæmdir," sagði Geir. Jafnframt upplýsti hann að ríkisstjórnin myndi leggja til við Alþingi að þegar í stað yrði ráðist í sérstakt átak til úrbóta á umferðaræðum út frá Reykjavík, þar sem orðið hafa mörg alvarleg slys á undanförnum árum.

Í ræðunni rakti Geir nýjungar á vettvangi alþjóðamála, fjallaði um nýlegan samning við eldri borgara og aukna þátttöku útlendinga í atvinnumálum. Hann staldraði nokkuð við efnahagsmálin og stöðu þjóðarbúsins og sagði óumdeilt að skattalækkanir hefðu skilað sér ríkulega til heimilanna auk þess sem kaupmáttur hefði vaxið allt kjörtímabilið.

Um umhverfismál sagði Geir ríkisstjórnina sem fyrr myndu leggja áherslu á umhverfisvernd, jafnframt sem hann sagði að í sínum huga væri sjálfsagt að þjóðin hagnýtti sér auðlindir sínar.

Þá boðaði hann frumvarp um heilbrigðisþjónustu þar sem styrktar verða heimildir til að fela öðrum en opinbera heilbrigðiskerfinu að annast heilbrigðisþjónustu.

Geir fór einnig yfir nýgerðan varnarsamning við Bandaríkjamenn og kom fram í máli hans að varnarþáttur samningsins væri ekki frágenginn. „Munu ríkin hafa náið pólitískt samráð um frekari útfærslu hins nýja samstarfs," sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í sinni fyrstu stefnuræðu á Alþingi.

- bþs/ sjá síðu 6

Ker sleit viðræðum við FL:

## Icelandair skráð í Kauphöllina

**VIÐSKIPTI** Áætlanir FL Group um sölu á hlutabréfum í Icelandair tóku óvænta stefnu í gær þegar félagið greindi frá áformum sínum um skráningu Icelandair Group í Kauphöll fyrir áramót.

FL hefur samið við Glitni um að sölutryggja 51 prósents hlut í Icelandair sem seldur verður til fagfjárfesta og almennings sem og til starfsmanna og stjórnenda Icelandair.

Icelandair er metið á 43 milljarða króna og leysir FL út verulegan söluhagnað.

Ker, sem hafði áhuga á að kaupa Icelandair með fulltingi Kaupþings, sleit viðræðum við FL þar sem það sætti sig hvorki við verðlagningu á Icelandair né aðferðafræðina við söluna.

- eþa / sjá Markaðinn

Framkvæmdastjóraskipti:

## Andri tekur við af Kjartani

**STJÓRNMÁL Kjartan Gunnarsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins undanfarin 26 ár, hætti störfum sem framkvæmdastjóri flokksins í gær. Andri Óttarsson, 31 árs lögmaður, tekur við framkvæmdastjórastarfinu.**

**Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir Kjartan hafa verið einn öflugasta framkvæmdastjóra stjórnmálaflokks í íslenskum stjórnmálum. „Ég man ekki til þess að framkvæmdastjóri hafi verið jafn glögglega í forystusveit stjórnmálaflokks og Kjartan hefur verið um árabil. Hugsanlega eru þessar breytingar vísbending um breytt landslag í Sjálfstæðisflokknum."**

- mh/ sjá síðu 4



**FLUGVÉL RÆNT** Engan sakaði þegar tveir Tyrkir rændu flugvél í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópsk háloft:

## Tyrkneskri flugvél rænt

**ÍTALÍA, AP** Engan sakaði þegar tyrkneskri farþegaflugvél á leið frá Albaníu til Tyrklands var rænt í háloftunum yfir Grikklandi í gær. Ræningjarnir, sem voru tveir óvopnaðir Tyrkir, sögðust vera að mótmæla fyrirhugaðri heimsókn páfa til Tyrklands í næsta mánuði.

Ítalskar herþotur fylgdu vélinni til Brindisi-flugvallarins á Suður-Ítalíu en ekki til Rómar líkt og flugræningjarnir fóru fram á.

Eftir að vélinni var lent slepptu flugræningjarnir fljótlega bæði farþegunum 107 og sex manna áhöfn. Að sögn samgönguráðherra Tyrklands óskuðu mennirnir jafnframt eftir pólitísku hæli á Ítalíu. Dvöl þeirra þar hófst í ítölsku fangelsi í gær, hvað svo sem síðar verður.

- smk


### > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG





Íbúðaverð á Vestfjörðum:

## Þrefalt lægra en landsmeðaltal

**BYGGÐAÞRÓUN** Hvergi á landinu er að finna lægra fasteignaverð en á Vestfjörðum. Meðalverð í landshlutanum er þrefalt lægra en meðaltal á landsvísu. Lægsta íbúðaverð á landinu öllu er í Vesturbyggð, tífalt lægra en á Seltjarnarnesi þar sem verð er hæst.

Þetta kemur fram í fimmtu grein Fréttablaðsins um byggðaþróun sem birtist í dag. Þar má einnig lesa að þriðji hver Vestfirðingur hefur flutt burt úr landshlutanum á síðastliðnum aldarfjórðungi.




Mest hefur fækkað í Árneshreppi, þar sem sjö af hverjum tíu íbúum hafa flutt í burtu á síðustu 25 árum.

Ef Vestfirðingum hefði fjölgað í samræmi við landsmeðaltal ættu þeir jafnframt að vera tvöfalt fleiri en þeir eru nú, um fjórtán þúsund í stað sjö þúsund.

Þá kemur fram að meðaltekjur íbúa á Vestfjörðum eru fjórtán prósentum undir meðaltekjum á landinu öllu. Lægstar eru tekjurnar í Bæjarhreppi þar sem þær eru nálægt helmingur af meðaltekjum á landinu.

- sda/ sjá síðu 18

**SPURNING DAGSINS**



*Kristján, munt þú hætta við að hætta við að hætta?*

Ég býst við því að mig langi til að halda áfram.

Kristján Finnbogason, markvörður KR-inga til margra ára, sagði í Fréttablaðinu í gær að hann væri að hugsa um að hætta við að hætta knattspyrnuiðkun.

50.000 Danir ganga gegn ákvörðunum stjórnarinnar:

# Mótmæla velferðarniðurskurði

**DANMÖRK** Nærri fimmtíu þúsund Danir mótmæltu niðurskurði í velferðarkerfinu víða um Danmörku í gær. Óánægðir foreldrar, starfsfólk opinberra stofnana og nemendur söfnuðust saman á Ráðhústorginu í Kaupmannahöfn, sem og á aðaltorgum margra annarra borga Danmerkur, að því er fram kom á fréttavef Politiken.

Fólkið var að mótmæla fyrirhuguðum niðurskurði sveitarfélaganna, sem bitnar harðast á börnum og gamalmennum.

Leikskólakennarar í Árósum hafa verið í verkfalli vegna niðurskurðarins í hátt í þrjár vikur og í dag var flestum grunnskólum Árósa lokað vegna mótmælanna. Í Kaupmannahöfn var 415 af 540 dagheimilum lokað.

Niðurskurðurinn var ákveðinn eftir að ljóst varð að sveitarfélögin mun skorta 932 milljónir danskra króna á næsta ári, sem samsvarar tæpum ellefu milljörðum íslenskra króna.

Meðal annars krefjast Danir þess að ríkisstjórnin noti eitthvað af þeim áætluðu 80 milljörðum danskra króna, sem talið er að verði afgangs í ríkiskassanum á næsta ári, til að leiðrétta stöðuna. Sveitarfélögum Danmerkur fækkar úr 273 í 98 um áramótin. - smk



**DANIR MÓTMÆLA** Gríðarlegur fjöldi Dana mótmælti aðgerðum ríkisstjórnarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mál Íslenskrar erfðagreiningar:

## Farbann yfir Sainz staðfest

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest farbann yfir Jesus Sainz, einum fimmmenninganna sem sakaðir eru um að hafa stolið vísindaniðurstöðum og viðskiptaupplýsingum frá Íslenskri erfðagreiningu. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi manninn í farbann 29. september.

Sainz er fyrrverandi starfsmaður ÍE og er sakaður um að hafa, ásamt fjórum öðrum fyrrum starfsmönnum, afritað mikilvæg gögn af tölvum ÍE fyrir Barnaspítalann í Fíladelfíu í Bandaríkjunum, þar sem hinir fjórir starfa nú. - sh

## Lést í slysi



RAGNHEIÐUR BJÖRNSDÓTTIR

**Konan sem lést í umferðarslysi á Miklubraut um helgina hét Ragnheiður Björnsdóttir, til heimilis á Kleppsvegi 126. Ragnheiður var á gangi eftir brautinni þegar hún varð fyrir bifreið á austurleið. Talið er að hún hafi látist samstundis.**

**Ragnheiður var fædd 10. júní 1951 og því 55 ára þegar hún lést. Hún lætur eftir sig sambýlismann og uppkominn son.**



**VAXANDI REKSTRARHALLI** Þrátt fyrir margs konar aðhaldsaðgerðir á Landspítala- háskólasjúkrahúsi á undanförnum árum er rekstrarkostnaðurinn hundruð milljóna umfram áætlun.

# 707 milljóna halli á rekstri Landspítala

**Enn eykst rekstrarhalli Landspítala - háskólasjúkrahúss. Eftir fyrstu sex mánuði ársins var hann 4,2 milljónir en er nú 707 milljónir tveimur mánuðum síðar. Þar vega þyngst aukin starfsemi, þensla á vinnumarkaði og óhagstæð gengisþróun.**

**LANDSPÍTALINN** Rúmlega 700 milljóna króna halli er á rekstri Landspítala- háskólasjúkrahúss umfram rekstraráætlun, samkvæmt uppgjöri fyrir fyrstu átta mánuði þessa árs.

Þetta kemur fram í nýjum stjórnunarupplýsingum sem LSH hefur sent frá sér yfir rekstrarstöðu tímabilsins janúar til ágúst 2006. Hallinn eftir fyrstu sex mánuði ársins var 4,2 milljónir.

Þensla á vinnumarkaði og óhagstæð gengisþróun hefur leitt til mun meiri kostnaðarhækkana en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Rekstrargjöld umfram rekstraráætlun eru samtals 707 milljónir króna eða 3,5 prósent. Launagjöld eru 3,9 prósent umfram áætlun, rekstrargjöld 2,5 prósent og kostnaður vegna S-merktra lyfja er 13,6 prósent umfram áætlun. Þá eru sértekjur 7,5 prósent umfram áætlun.

„Rekstraráætlunin hefur einfaldlega ekki gengið upp," segir Anna Lilja Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga á LSH. „Starfsemi spítalans yfir sumarmánuðina var talsvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Það þýddi að kaupa þurfti umtalsverða yfirvinnu af starfsfólki spítalans. Kaup á hjúkrunarþjónustu frá innlendum og erlendum verktakafyrirtækjum hefur aukist til muna. Að auki hefur óhjákvæmileg aukning í starfseminni kallað á meiri mannafla. Þá hefur verið mikill þrýstingur á hækkun launa vegna þensluástands í landinu og álags í starfseminni. Launakostnaður á umræddum átta mánuðum er rúmar 530 milljónir króna umfram rekstraráætlun."

Í stjórnunarupplýsingunum kemur enn fremur fram, að komum á dagdeildir spítalans hefur fjölgað, svo og komum á göngudeildir. Hins vegar hefur legudögum fjölgað um nær 3.000 á þessum tíma, sem skýrist af auknum fjölda mikið veikra sjúklinga og einnig útskriftarvanda sem spítalinn hefur lengi átt við að etja. Komum á slysa- og bráðamóttökur LSH hefur fjölgað ört á undanförnum árum og á þessum átta mánuðum alls um 4,1 prósent.

Í stjórnunarupplýsingunum er gerð grein fyrir stöðu biðlista. Í mörgum sérgreinum er engin bið, til að mynda í krabbameinslækningum. Í öðrum er nokkurra vikna bið. Biðtíminn hefur hins vegar ekki styst hjá þeim sem bíða eftir gerviliðaaðgerðum, en þeir sem þurfa í gerviliðaaðgerð á hné þurfa að bíða í rúmt ár. jss@frettabladid.is

Þrjú innbrot tilkynnt í fyrrinótt:

## Ísþjófur gengur laus í Reykjavík

**LÖGREGLUMÁL** Ísþjófur lét á sér kræla í austurbæ Reykjavíkur í fyrrinótt. Hann braust inn í flutningabíl og hafði með sér á brott nokkurt magn af hinum ýmsu ístegundum. Auk ísþjófsins bírefna var tilkynnt um tvö önnur innbrot í borginni.

Þá setti maður sig í samband við lögreglu þar sem hann fann ekki bílinn sinn. Hann taldi þó ekki að bílnum hefði verið stolið heldur væri hann einfaldlega týndur. Lögregla benti honum á að leita af sér allan grun. - þsj



**FRJÁLSIR ÚR BÚÐUNUM** Ahmed og Iqbal tóku þátt í pallborðsumræðum í Iðnó í gær.

Rhuhel Ahmed og Asif Iqbal:

## Þremur föngum var ráðinn bani

**RÉTTINDI Rhuhel Ahmed og Asif Iqbal, sem sátu í Guantanamo-fangabúðunum á Kúbu í tvö ár, fullyrða að ekki færri en þrír menn hafi verið myrtir þar, þótt bandarísk yfirvöld hafi haldið fram að um sjálfsvíg hafi verið að ræða. Nær útilokað hafi verið að fremja sjálfsvíg vegna mikillar öryggisgæslu. Þá segjast þeir vita til þess að vörður hafi gengið í skrokk á geðsjúkum manni.**

**Ahmed og Iqbal eru hér á landi í tengslum við sýningu kvikmyndarinnar Leiðin til Guantanamo, og kom þetta fram í pallborðsumræðum um fangabúðirnar í Iðnó í gær.** - sh

Herforingi í kynlífshneyksli:

## Talinn ógna öryggi Svía

**SVÍÞJÓÐ** Sænski herforinginn Tony Stigsson er ógn við öryggi þjóðar sinnar. Þessu hélt yfirmaður sænskra varnarmála, Håkan Syrén, fram í samtali við blaðamenn sænska blaðsins Dagens Nyheter.

Stigsson, sem áður var einn æðsti maður sænska hersins, hneykslaði Svía þegar hann var dæmdur fyrir ofbeldi gegn eiginkonu sinni í fyrra.

Ekki bætti úr skák þegar fram kom að hann hafði notað netið til að óska eftir félögum í hópkynlíf og að við lögreglurannsókn á heimili hans fundust 300 leyniskjöl hersins sem og klámmynd sem Stigsson hafði leikið í.

Varnarmálaráðuneytið hefur nú hert eftirlit sitt með starfsfólki til muna. - smk


**50-300.000 kr. AFSLÁTTUR**

**AF NOTUÐUM VÖGNUM!**

| DÆMI: | | VERÐ ÁÐUR: | TILBOÐ: |
|---|---|---|---|
| **Holidaycamp Sport** '03 | IZ-888 | ~~340.000,-~~ | **230.000,-** |
| + fortjald og yfirbreiðsla | | | |
| **Palomino Colt** '00 | | ~~650.000,-~~ | **500.000,-** |
| 2 svefntjöld, fortjald+hljómflutningstæki | | | |
| **TEC Tour 520 GK** '05 | | ~~2.050.000,-~~ | **1.860.000,-** |
| fortjald+sjónvarpsloftnet | | | |

**Skoðið fleiri tilboð og myndir á www.seglagerdin.is**

Tjaldvagnaland SEGLAGERÐIN ÆGIR

**www.seglagerdin.is** **Eyjarslóð 5, sími 511 2200**


Ein eða fleiri erlendar konur leita sér aðstoðar í viku hverri:

# Í Alþjóðahús vegna ofbeldis

**LÖGREGLUMÁL** Í hverri viku koma ein eða fleiri konur af erlendu bergi brotnar í Alþjóðahúsið vegna ofbeldis sem þær hafa orðið fyrir. Þessar konur eru ýmist giftar eða í sambúð með íslenskum eða erlendum mönnum, að sögn Margrétar Steinarsdóttur, lögfræðings Alþjóðahúss. Eiginmenn tveggja þessara kvenna höfðu selt þær í vændi.

Fréttablaðið greindi í gær frá því að nítján konur voru í sambandi við Stígamót á síðasta ári vegna þess að þær höfðu verið seldar í vændi og voru sumar að leita sér aðstoðar við að komast undan dólgunum sem seldu þær. Tvær pólskar stúlkur fóru úr landi í síðustu viku eftir að lögreglan í Reykjavík hafði komist á snoðir um að þær væru hingað komnar til að stunda vændi.

„Andlegt ofbeldi, svo sem hótanir, er algengara en líkamlegt ofbeldi hjá þeim konum sem hingað leita undan ofbeldisverkum," segir Margrét og bætir við að sumar þessara kvenna hafi unnið á nektardansstað áður en þær leituðu til Alþjóðahúss. Hún segir þær konur sem leitað hafa til Alþjóðahúss af þessum sökum komnar frá hinum ýmsu Evrópulöndum, að Norðurlöndunum undanskildum.

> Það er alltaf mikið um að konur komi til mín af því að þær eru í ofbeldissamböndum.
>
> **MARGRÉT STEINARSDÓTTIR** LÖGFRÆÐINGUR

„Til mín hafa komið tvær konur sem eru að skilja við eiginmenn sem hafa beitt þær ofbeldi en þær höfðu kynnst mönnunum á nektardansstað. Fleiri stúlkur sem unnið hafa á svona stöðum hafa komið til mín. Þær hafa komið vegna atriða sem sýna að þær virðast ekki geta ráðið eigin örlögum og eru þar af leiðandi ekki í góðri stöðu. Ein stúlka er til dæmis í stórum skuldum á eigin mælikvarða eftir að hafa unnið á nektarstað, en ég sé ekki betur en að staðurinn eigi að greiða þær upphæðir. En það er alltof mikið um að konur komi til mín af því að þær eru í ofbeldissamböndum."

Margrét segir að stúlkurnar leiti sér ekki aðstoðar fyrr en þær séu hættar að vinna á nektarstöðunum, en hafi ílengst eftir það á landinu af einhverjum ástæðum. jss@frettabladid.is




# TÍMINN FLÝGUR

Flugfélag Íslands flýgur yfir 100 ferðir í viku til áfangastaða sinna. Þið njótið þess að lesa dagblöðin, fá ykkur kaffi og súkkulaði og áður en þið vitið af eruð þið komin á áfangastað.

Ferðin tekur enga stund. Taktu flugið.

Pantaðu í síma **570 3030** eða á **www.flugfelag.is**

→ **flugfelag.is**

verð frá:

| | | |
|---|---|---|
| **Egilsstaðir** | → | **6.990** |
| **Ísafjörður** | → | **5.990** |
| **Akureyri** | → | **5.990** |

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

## GENGIÐ 03.10.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,18 | 69,52 |
| Sterlingspund | 130,70 | 131,34 |
| Evra | 88,11 | 88,61 |
| Dönsk króna | 11,815 | 11,885 |
| Norsk króna | 10,544 | 10,606 |
| Sænsk króna | 9,542 | 9,508 |
| Japanskt jen | 0,5871 | 0,5905 |
| SDR | 102,41 | 103,03 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,5721

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ólafur Þ. Harðarson segir Kjartan hafa verið valdamesta framkvæmdastjórann:

# Var ótvírætt í forystusveit flokksins

**STJÓRNMÁL** Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, segist ekki muna til þess að nokkur framkvæmdastjóri í íslenskum stjórnmálaflokki hafi haft jafn afgerandi völd og áhrif innan flokksins sem hann starfar fyrir og Kjartan.

„Kjartan hefur verið öflugur framkvæmdastjóri og einn af valdamestu mönnum í Sjálfstæðisflokknum um árabil. Hann var um langt skeið einn nánasti samstarfsmaður Davíðs Oddssonar og hefur haldið utan um mikilvægt starf innan flokksins. Ég man ekki til þess að nokkur framkvæmdastjóri stjórnmálaflokks hafi verið eins valdamikill og Kjartan hefur verið innan Sjálfstæðisflokksins um langt skeið,“ sagði Ólafur.

Hann telur framkvæmdastjóraskiptin gefa vísbendingar um að Sjálfstæðisflokkurinn sé hugsanlega að taka breytingum. „Það er ljóst að þetta eru töluverðar breytingar fyrir forystusveit flokksins. Andri kemur úr hinum svokallaða Deigluhóp sem til þessa hefur verið talinn standa nærri Geir H. Haarde meðan Kjartan var náinn samstarfsmaður Davíðs Oddssonar. Sumir hafa talið að undir forystu Geirs geti flokkurinn færst nær miðjunni, líkt og margir hægri flokkar í Evrópu hafa verið að gera upp á síðkastið.“ - mh



**ÓLAFUR Þ. HARÐARSON** Segir skiptin gefa vísbendingar um breytt landslag innan flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framkvæmdastjóraskipti:

## Verk Kjartans skapaði grunn

**STJÓRNMÁL** Árni Mathiesen fjármálaráðherra segist sjá mikið á eftir Kjartani. „Það er erfitt að hugsa sér flokksstarfið í Sjálfstæðisflokknum án Kjartans í framkvæmdastjórastólnum. Hann hefur um árabil verið mikilvægur hlekkur í flokksstarfinu. Það hefur verið gott að leita til Kjartans í gegnum tíðina enda einstaklega ljúfur og vinsamlegur maður,“ sagði Árni. „Það verða örugglega ekki miklar breytingar á flokknum og ég er viss um að Andri á eftir að standa sig vel í þessu starfi. Ég held að verk Kjartans hafi skapað góðan grundvöll til þess að efla flokkinn enn frekar.“ - mh



ÁRNI MATHIESEN

Framkvæmdastjóraskiptin:

## Aðdragandinn var nokkur

**STJÓRNMÁL Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segist ekki eiga von á breytingum á innra starfi flokksins. „Kjartan hafði íhugað það um nokkurt skeið að láta af embætti en það var auðvitað vilji allra að halda honum í starfi framkvæmdastjóra eins lengi og hægt var. Kjartan hefur verið ómetanlegur og kraftmikill hluti af Sjálfstæðisflokknum um langt skeið. Hans góðu verk styrkja flokkinn til framtíðar litið.“** - mh



ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR



**NÝIR TÍMAR Í SJÁLFSTÆÐISFLOKKNUM** Kjartan Gunnarsson og Andri Óttarsson stilla sér upp inni í fundarherbergi í Valhöll eftir að hafa rætt saman á skrifstofu Kjartans. Í baksýn hanga myndir af Davíð Oddssyni, fyrrverandi formanni flokksins, og Geir H. Haarde, núverandi formanni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kjartan Gunnarsson hættur sem framkvæmdastjóri

**Andri Óttarsson tók í gær við af Kjartani Gunnarssyni sem framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Staða flokksins er virkilega sterk nú, segir Kjartan. Hlakka til að takast á við krefjandi verkefni, segir Andri.**

**STJÓRNMÁL** Kjartan Gunnarsson hætti í gær sem framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins eftir 26 ára starf. Andri Óttarsson, 31 árs lögmaður, tekur við af Kjartani. Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, lagði til við miðstjórn flokksins að Andri yrði ráðinn framkvæmdastjóri.

Kjartan segir langan tíma í starfi hafa ráðið mestu um að hann ákvað að hætta sem framkvæmdastjóri. „Ég hef verið í þessu starfi í 26 ár og það er langur tími í sama starfinu. Mér fannst vera tími til kominn til þess að breyta til,“ segir Kjartan og leggur áherslu á að staða flokksins nú hafi aldrei verið betri. „Ég hefði síður vilja fara frá ef allt hefði verið hér í brunarúst. En staða flokksins nú er virkilega sterk. Þegar ég tók við voru 20 þúsund félagsmenn í flokknum en þeir eru nú 45 þúsund. Þó að ég eigi nú ekki einn allir þakkir fyrir það þá gefur það merki um hvernig framþróunin hefur verið í flokksstarfinu. Þá hef ég einnig komið að skipulagningu þriðjungs allra landsfunda flokksins frá upphafi, og það hefur verið virkilega skemmtilegt og gefandi.“

Andri segist hlakka til þess að takast á við krefjandi verkefni fyrir Sjálfstæðisflokkinn. „Ég lít svo á að þetta verði krefjandi starf. Helsta verkefnið framundan verður að stuðla að því að flokkurinn haldi samheldinn inn í næstu kosningar. Fyrst um sinn ætla ég að setja mig inn í alla þætti starfsins og Kjartan verður mér innan handar í því ferli,“ sagði Andri eftir að hann lauk fundi með Kjartani í Valhöll í gær.

Geir Haarde segir Kjartan hafa skilað góðu starfi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á löngum starfstíma. „Kjartan hefur verið afar farsæll í sínu starfi og hans verður að sjálfsögðu sárt saknað. Það er skiljanlegt að hann vilji hverfa á braut eftir langt starf.

Við fáum í hans stað góðan eftirmann sem, þrátt fyrir ungan aldur, hefur mikla reynslu af starfi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á ýmsum sviðum.“

Andri lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2001. Hann hefur starfað hjá Lögmönnum við Austurvöll frá því að hann útskrifaðist og verið meðeigandi í lögmannsstofunni frá því árið 2004.

Síðastliðið ár hefur Andri lagt stund á meistaranám í mannréttindum við Raoul Wallenberg stofnunina og Háskólann í Lundi í Svíþjóð.

Kjartan útilokar ekki að hann stígi inn á svið stjórnmálanna í framtíðinni. „Ég ætla mér ekki að taka þátt í prófkjörsbaráttu persónulega fyrir komandi kosningar en það getur vel komið til þess í framtíðinni.“

magnush@frettabladid.is


BÍLL DAGSINS

NISSAN MURANO

Nýskr. 01.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 7 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FROST Í KORTUNUM**
Veðurhorfur komandi helgi einkennast af nokkrum kulda. Má búast við að hitinn á laugardaginn verði við eða undir frostmarki á Norðaustur og Austurlandi en að heldur mildara verði á sunnudaginn. Þar sem vindur verður norðlægur má búast við lítilsháttar éljum norðaustan og austan til. Syðra verður hitinn nokkuð hærri eða 5-9 gráður um næstu helgi og ágætlega bjart.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hæg suðlæg átt. Rigning og síðar skúrir. Hiti 6-9 stig.

um hádegi »




» á morgun




5-10 m/s stífastur allra syðst.

» föstudagur




5-8 m/s.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16°C skúrir | London | 16°C hálfskýjað | Alicante | 28°C heiðskírt |
| Billund | 16°C skúrir | París | 16°C alskýjað | Mallorca | 24°C skúrir |
| Osló | 15°C hálfskýjað | Frankfurt | 16°C alskýjað | Algarve | 23°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 14°C skúrir | Friedrichshafen | 10°C skúrir | Krít | 27°C heiðskírt |
| Gautaborg | 15°C skúrir | Berlín | 15°C skúrir | Las Palmas | 29°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.





# BUBBI



Á NASA

tónleikaröð á NASA

BUBBI TEKUR FYRIR PLÖTUNA

## ÍSBJARNARBLÚS

TÓNLEIKAR 5. OKT.

Miðasala fer fram í verslunum Og Vodafone í Rvk, á www.nasa.is og virka daga kl. 13 - 16 á Nasa. Tónleikarnir hefjast kl. 21, húsið opnar kl 20.

og vodafone
Heyrumst!

www.nasa.is

KJÖRKASSINN



## KJÖRKASSINN

*Ferðu reglulega í messu?*

| | |
|---|---|
| Já | 9,7% |
| Nei | 90,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Fylgdist þú með stefnuræðu forsætisráðherra?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vongóðir hvalveiðimenn vinna hörðum höndum að undirbúningi veiða:

# Gamla hvalstöðin gerð upp

**HVALVEIÐAR** Verið er að gera Hvalstöðina í Hvalfirði upp til að hún verði tilbúin ef stjórnvöld ákveða að heimila hvalveiðar í atvinnuskyni.

Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals hf., segir verkið komið vel á veg. „Við erum bara að fara yfir þessi tæki og tól og laga það sem þarf að laga. Það eru lagnir sem eru utandyra sem þarf að endurnýja. Þetta er allt að ryðga í sundur enda hefur húsið staðið ónotað síðan 1989. Við höfum staðið í þessu dálítið lengi og það fer að sjá fyrir endann á þessu.“

Íslendingar settu fyrirvara um að hefja ekki veiðar að nýju þegar þeir gengu aftur í Alþjóðahvalveiðiráðið árið 2001. Sá fyrirvari rann út í ár og gætu stjórnvöld því ákveðið að hefja veiðar í atvinnuskyni að nýju. Kristján segist vona að það gerist bráðlega. „Við erum bara að bíða eftir að einhver geri eitthvað í framhaldinu. Til hvers að hafa svona fyrirvara ef ekkert gerist í framhaldinu?“



**HVALSTÖÐIN Í HVALFIRÐI** Unnið er að því að gera hana upp þannig að hægt verði að vinna hval í stöðinni.

Hvalveiðiskipið Hvalur 9 var sett í slipp í sumar og er nú tilbúið. Haffærnisskírteini á skipið er væntanlega í vikunni. „Við ætlum hins vegar ekkert að eiga við hin skipin í bili. Þetta tekur svo langan tíma að við gerum ekkert í þeim fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári,“ segir Kristján. **- sh**

Reyndi að blekkja lögreglu:

# Gaf upp kennitölu annars

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega tvítugur maður var stöðvaður af lögreglunni í Reykjavík um miðnættið á mánudagskvöld þar sem skrásetningarnúmer vantaði á framhlið bifreiðar sem hann ók.

Þegar lögreglan kannaði bifreiðina nánar kom í ljós að hún var einnig ótryggð.

Ungi maðurinn gat ekki framvísað neinum persónuskilríkjum þegar lögreglan krafðist þess og reyndi að blekkja lögreglu með því að gefa upp kennitölu annars manns.

Að sögn lögreglu er slíkt athæfi ekki einsdæmi en þó fjarri því að vera algengt. **- þsj**

Afallaþol íslensku bankanna:

# Standast prófið

**MARKAÐURINN** Fjármálaeftirlitið hefur reiknað út áhrif af álagsprófi á bankana. Álagsprófið gerir ráð fyrir að fjármálafyrirtæki standist samtímis áföll í formi tiltekinnar lækkunar á hlutabréfum, markaðsskuldabréfum, vaxtafrystum/virðisrýrðum útlánum og fullnustueignum og áhrifa af lækkun á gengi íslensku krónunnar án þess að eiginfjárhlutfallið fari niður fyrir lögboðið lágmark. Niðurstaða framangreindra álagsprófa er að eiginfjárhlutfall KB lækkar úr 12,1% í 9,2%, Glitnis úr 13,7% í 12,5%, Landsbanka úr 15,1% í 12,7% og Straums Burðaráss úr 31,7% í 24%. Bankarnir standast allir álagsprófið og eru töluvert yfir lögbundnu 8% hlutfalli eftir reiknuð áföll. **-hh**

Mótmælendur ákærðir:

# Mótmælt á lokuðu vinnusvæði

**DÓMSMÁL Fimmtán mótmælendur hafa verið ákærðir fyrir að halda til inni á lokuðu vinnusvæði við Kárahnjúka og neita að hlýða lögreglu. Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Austurlands í gær. Þrír Íslendingar eru meðal ákærðu. Ákærðu er sögð hafa framið meint lögbrot í sumar er þau voru að mótmæla framkvæmdunum við Kárahnjúka. Lögreglan á Egilsstöðum fer með stjórn á svæðinu en mótmælendurnir hlekkjuðu sig meðal annars við vinnuvélar. Ekki hefur tekist að birta öllum efni ákærunnar þar sem hluti þeirra er farinn af landinu. - mh**

# UMRÆÐUR UM STEFNURÆÐU FORSÆTISRÁÐHERRA

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

## Ríkisstjórnin mætir tómhent



„Stjórnarandstaðan er einhuga í því að takast á við þjáningar ríkisstjórnarinnar, veita henni líkn frá þraut og skipta um ríkisstjórn hér eftir kosningar í vor,“ sagði Ingibjörg við upphaf ræðu sinnar.

Ingibjörg fagnaði brottför bandaríska hersins og sagði svikabrigsl hafa verið höfð uppi í áratugi vegna deilunnar um hersetuna, og hætta væri á svipuðum svikabrigslum í tengslum við deiluna um stóriðju og náttúruvernd. Hún sagði jafnframt stóriðjustefnuna ekkert erindi eiga við framtíðina.

Hún sagði ríkisstjórnina koma tómhenta til þings. Hún hefði ekki staðið vörð um gildi samfélagsins, og að Íslendingar hefðu tapað stolti sínu; stéttlausu þjóðfélagi, ósnortinni náttúru og stöðu sinni sem friðsöm þjóð. Hún minntist sérstaklega á að vöruverð á Íslandi drægi úr samkeppnishæfni þjóðarinnar og að tímabært væri að atvinnufrelsi yrði innleitt í íslenskan landbúnað.

Hún boðaði ríkisstjórn frjálslyndis og jafnaðar sem myndi innleiða stöðugleika í þjóðfélagið og fjárfesta í menntun og mannauði. **-sh**

Steingrímur J. Sigfússon:

## Fagnar brottför hersins



„Það dugir ekki að lifa í draumaheimi eigin ímyndaðrar snilligáfu og ágætis og kenna öllum öðrum um ef eitthvað bjátar á, Seðlabankanum, Viðskiptabankanum, eða jafnvel dönskum bönkum,“ sagði Steingrímur um efnahagsástandið í landinu og gagnrýndi forsætisráðherra fyrir að kalla ástandið „óróa í þjóðarbúskapnum“.

Steingrímur fagnaði brotthvarfi hersins og gagnrýndi Morgunblaðið og ritstjóra þess alvarlega fyrir ásakanir í Staksteinum á hendur andstæðingum hersetu. Hann sagði varnarsamninginn ekki góðan, í ljósi þess að Bandaríkjamönnum hafi ekki verið gert að hreinsa mengun á svæðinu.

Steingrímur sagði nauðsynlegt að upplýsa almenning um það hvað leyniþjónusta Sjálfstæðisflokksins, eins og hann orðaði það, aðhafðist á tímum Kalda stríðsins. Hann sagði einnig að ríkisstjórnin hefði glutrað niður tækifæri til að sameina þjóðina eftir að herinn tilkynnti brotthvarf sitt með því að halda stóriðjustefnu sinni til streitu og ala áfram á sundrung. **-sh**

Jón Sigurðsson:

## Stjórnin skilað miklu til fólks



Samstarf ríkisstjórnarflokkanna hefur skilað miklu til þjóðarinnar, sagði Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins. Hann sagði stjórnina vera ríkisstjórn nýsköpunar, frjálslyndis og alhliða framfara.

Jón sagði nýlegar mótvægisaðgerðir gegn óróleika í efnahagskerfinu væru byrjaðar að skila árangri. Þá bæri samkomulag við eldri borgara vitni um sanngirni ríkisstjórnarinnar. Hann gat þess einnig að fyrirhugaðar aðgerðir til að lækka matvælaverð væru gerðar í samstarfi við bændur og afurðastöðvar.

Jón sagði unnið að gerð heildaráætlunar um nýtingu og vernd auðlindanna og ráði þar ferðinni ráðdeild og aðgát, varúð og virðing. Þá sagði Jón þjóðina hafa orðið vitni að ótrúlegum rangfærslum um Kárahnjúkavirkjun. „Árangur ríkisstjórnarinnar er ótvíræður og því hverfa stjórnarandstæðingar í örvæntingu að því óráði að sá fræjum ótta og kvíða, efasemda og samsæriskenninga. En þessi viðleitni hittir þá aðeins sjálfa fyrir.“ **- bþs**

Guðjón A. Kristjánsson:

## Engin sátt um kvótakerfið



„Um kvótakerfið ríkir engin sátt og við í Frjálslynda flokknum munum leggja hiklaust í baráttu gegn óbreyttu kerfi sem veikir byggðir landsins eins og dæmin sanna, hvert af öðru,“ sagði Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.

Hann ræddi brotthvarf varnarliðsins og sagði ríkisstjórnina hafa látið taka sig í bólinu. Sagði hann nauðsynlegt að miða við að öryggisviðbúnaður á friðartímum væri virkur til eftirlits og viðbragða.

Guðjón gagnrýndi forgangsröðun í skattamálum, hún hefði aukið misskiptingu og ítrekaði vilja Frjálslyndra til afnáms verðtryggingar og stimpilgjalda.

Guðjón sagði sérkennilega þá vegferð ríkisstjórnarflokkanna að lagfæra aðeins kjör þeirra sem lægsta afkomu hafa, að undangengnum hótunum eða með málaferlum. Hann furðaði sig á því að það hefði aðeins tekið þrjá mánuði að vinna gegn þenslu og sagði fram komna nýja hagfræðiþekkingu – 90 daga Haardeáætlunina – sem vænleg væri til útflutnings. **-bþs**

VINIR Í BATA
Tólf sporin—Andlegt ferðalag í kirkjunni
Vetrarstarfið að hefjast
Sjá upplýsingar á www.viniribata.is

RVK • Þingvallavatn • Selfoss • RVK
AO ATLANTSOLÍA
Sparaksturskeppni
1. verðlaun 25.000 króna bensínúttekt.
Laugardaginn 7. október. Skráning á www.atlantsolia.is
Skemmtilegur fjölskyldubíltúr frá Bíldshöfða.

Uppsagnir starfsfólks Ratsjárstofnunar áfall:

# Bæjarstjóri ósáttur við uppsagnir

**ATVINNUMÁL** Bæjarráð Bolungarvíkur lýsir miklum vonbrigðum með þá ákvörðun Ratsjárstofnunar að segja upp starfsfólki við ratsjárstöðina á Bolafjalli. Búið er að segja upp níu af ellefu starfsmönnum og með þessu hverfa liðlega fimm prósent útsvarstekna Bolungarvíkurkaupstaðar sem er talsvert högg fyrir samfélagið að sögn Gríms Atlasonar bæjarstjóra.

> Það er einnig óskiljanlegt að hluti þessara starfa skuli fluttur á höfuðborgarsvæðið
>
> GRÍMUR ATLASON BÆJARSTJÓRI



**GRÍMUR ATLASON** Óskar eftir viðræðum við ráðamenn um atvinnuuppbyggingu í Bolungarvík.

„Ég er sérstaklega ósáttur við aðdraganda uppsagnanna því fyrir mánuði síðan var ákveðið að reka ratsjárstöðina með óbreyttu sniði fram til 15. ágúst á næsta ári. Í síðustu viku kom í ljós að Bandaríkjamenn ætluðu sér ekki að leggja meiri pening í ratsjárstöðina og að til uppsagna kæmi nú þegar.“

Grímur segir þetta ótæk vinnubrögð því ráðherrar og þingmenn hafi sagt að unnið yrði að því að halda starfsmönnunum við ratsjárstöðina á Bolafjalli.

„Það er einnig óskiljanlegt að hluti þessara starfa skuli fluttur á höfuðborgarsvæðið þar sem þenslan er mest á meðan Vestfirðingar leitast við að fjölga atvinnutækifærum á svæðinu.“

Grímur segist eiga ýmsar hugmyndir varðandi atvinnuuppbyggingu á svæðinu og óskar eftir viðræðum við ráðamenn um þessi málefni. **- hs**



**ALÞINGI** Fastanefndir funda í dag.

Umræður á Alþingi í dag:

# Varnarmálin rædd á þingi

**ALÞINGI** Umræður verða um varnarmál á Alþingi í dag. Geir H. Haarde forsætisráðherra flytur munnlega skýrslu um nýgerðan samning Íslendinga og Bandaríkjamanna og í kjölfarið fylgja umræður þar sem fulltrúar allra flokka taka þátt.

Í dag verða einnig fundir í öllum fastanefndum þingsins þar sem kjörið verður í embætti formanns og varaformanns.

Þá er stefnt að gerð samkomulags um aukinn aðgang að opinberum skjölum, í tilefni af umræðum og kröfum um aðgang að gögnum er varða hleranir á tímum Kalda stríðsins. **-bþs**





ENNEMM / SÍA / NM22614

*Settu þér markmið*
*og byrjaðu að spara!*

**KB Sparnaður**

*Dæmi*

***Markmið:*** *Að eignast listaverk að verðmæti 400.000 kr.*
***Innborgun í upphafi:*** *Engin*
***Lengd sparnaðartíma:*** *4 ár*
***Mánaðargreiðsla:*** *5.106 kr.*
***Konan fær 158.960 kr. í vexti frá bankanum.****

**Ávöxtunartölurnar eru byggðar á meðalávöxtun sl. 5 ára, athugið að ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð.*

Finndu út hvaða sparnaðarleið hentar þínu markmiði á kbbanki.is
Þú getur hafið KB sparnað í **KB Netbanka,** í þjónustuveri KB banka í síma **444 7000** eða komið við í **næsta útibúi bankans.**

KB BANKI

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu marga stöðvaði lögreglan í Reykjavík fyrir of hraðan akstur um síðastliðna helgi?
2. Með hvaða norska knattspyrnufélagi hefur Viktor Bjarki Arnarsson æft síðustu daga?
3. Hvað heitir félagið sem á rúmlega 70 prósent í útgáfufélagi sem stendur að baki blaðinu Ísafold?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Kona á þrítugsaldri var stöðvuð af tollvörðum með umtalsvert magn af tóbaki:

# Barnshafandi með 122 karton

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega þrítug barnshafandi kona var stöðvuð við reglubundið eftirlit tollvarða aðfaranótt síðastliðins sunnudags með 122 karton af sígarettum í fórum sínum. Sígaretturnar voru faldar í tveimur troðfullum ferðatöskum en mjög óvenjulegt er að gerðar séu tilraunir til að smygla viðlíka magni af þess konar varningi með flugi hingað til lands.

Konan, sem var komin sex mánuði á leið, var að koma með flugvél Iceland Express frá Alicante á Spáni þegar hún var stöðvuð. Hún var handtekin eftir að tollverðir fundu sígaretturnar og yfirheyrð morguninn eftir. Henni var sleppt að þeim loknum en málið er áfram í rannsókn hjá lögreglunni á Keflavíkurflugvelli.

Sígaretturnar voru af ýmsum velþekktum tegundum sem allar bjóðast til sölu á Íslandi. Verð á pakka af þannig sígarettum er vanalega í kringum 580 krónur og því ljóst að varningurinn er nokkuð verðmætur, eða rúmlega 700.000 króna virði.

Viðurlög við því að flytja vörur til landsins frá útlöndum og tollfrjálsum svæðum með ólöglegum hætti eða án þess að gera tollayfirvöldum grein fyrir þeim eru fjársektir eða fangelsi í allt að tvö ár. - þsj



**FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR** Konan var með mikið magn af sígarettum í tveim troðfullum ferðatöskum.

Fjögurra ára stúlka á slysadeild:

# Brenndist á hálsi og baki

**SLYS** Fernt var flutt á slysadeild á mánudaginn. Fjögurra ára stúlka brenndist á hálsi og herðum á meðan hún var í baði. Hún hafði átt við blöndunartækin án þess að faðir hennar yrði þess var með þessum afleiðingum. Brunasár hennar voru þó minniháttar.

Þá féll maður úr bifreið og hlaut skurð á höfuðið við það.

Annar datt fram fyrir sig þegar hann var á göngu og meiddist sömuleiðis á höfði. Að endingu datt kona á níræðisaldri fram fyrir sig. Hún kvartaði undan eymslum í öxl og var að sögn lögreglu komið undir læknishendur. - þsj




Hvað veistu um jarðvarmavirkjanir?

**Verið velkomin á Nesjavelli**

Orkuveita Reykjavíkur býður gestum og gangandi að heimsækja Nesjavelli, kynna sér orkuverið ásamt því hvernig staðið hefur verið að umhverfismálum og aðgengi fyrir ferðamenn og gesti á Nesjavöllum.

Opið á Nesjavöllum í september og október:
Mánudaga til laugardaga er opið frá kl. 9:00–17:00.
LOKAÐ á sunnudögum.

www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur


# Fjárlagafrumvarp svikinna loforða

**Stjórnarandstaðan segir hagsmuni hinna tekjulægri fyrir borð borna í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Vaxtabótakerfið sé ekki leiðrétt, skattalækkun gagnist tekjuháum mest og aukin framlög til samgöngumála vegi ekki upp fyrri skerðingar.**

**STJÓRNMÁL** „Frumvarpið endurspeglar þann mikla óstöðugleika og óöryggi sem er í efnahagslífi þjóðarinnar,“ segir Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri grænna í fjárlaganefnd, um fjárlagafrumvarpið sem kynnt var á mánudag. Sem dæmi nefnir hann viðskiptahallann sem hann segir verða 80 milljörðum króna hærri á þessu ári heldur en ráð var fyrir gert. „Þetta sýnir ójafnvægið og 14 prósenta stýrivextir undirstrika það enn frekar. Þetta er stórhættulegt ástand.“ Jón segir ríkissjóð njóta gríðarlegra tekna sökum þessa mikla viðskiptahalla sem fáist með innflutnings- og vörugjöldum, tollum og virðisaukaskatti. „Þetta er eins og heróínhagkerfið sem Andri Snær talar um í Draumalandinu. Aðaltekjulindin er sú sem þú vilt ekki hafa.“ Hann segist jafnframt hafa vonast eftir ríkulegri framlögum til velferðarmála en ekki orðið að þeirri ósk sinni.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, horfir líka til teknanna af innflutningnum og segir ekki hægt að treysta á þær sem varanlegar tekjur til að bera uppi rekstur ríkissjóðs. Ekki síst þess vegna gagnrýnir hann skattalækkanir um áramót. „Við viljum efla menntun og fá góða heilbrigðisþjónustu og í það þurfum við fjármuni. Ef menn ætla að halda áfram að lækka skatta þá ætti að gera það til að auka jöfnuð en ekki auka tekjur þeirra sem mest hafa.“

Katrín Júlíusdóttir Samfylkingunni segir ekki komið til móts við þá sem lægri hafi tekjurnar. „Það er í raun ekkert gert til að leiðrétta þá misskiptingu sem orðið hefur í samfélaginu af völdum þessarar ríkisstjórnar.“ Hún gagnrýnir að vaxtabótakerfið sé ekki lagað að þörfum fólks líkt og lofað hafði verið og eins sé ekki tekið á rekstrarvanda ýmissa stofnana - ekki síst framhaldsskólanna.

Katrín og Jón kalla aukin framlög til samgöngumála ýmist blekkingarleik eða tilbúning. „Þetta er minna en sem nemur niðurskurði í vegamálum á undanförnum árum og því forkastanleg blekkingarleikur á kosningaári,“ segir Jón. Katrín segir þetta tilbúning, aukningin nú sé vegna svikinna loforða. Raunar nefnir hún frumvarpið í heild „frumvarp svikinna loforða“.

bjorn@frettabladid.is



JÓN BJARNASON | KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR | GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON


**Höldum óhreinindum á mottunni**

Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður



NOTRAX® gólfmottukerfið

…fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm
…hindrar að gólfið innandyra verði hált
…heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu

Á tilboði í október 2006
Úti- og innimottur af ýmsum gerðum og stærðum

Sigþóra Gunnarsdóttir
Sölumaður í verslun RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6217


Byggðaþróun á Vesturlandi:

# Kenningar sem notaðar eru eiga ekki við

BYGGÐAÞRÓUN

**BYGGÐAÞRÓUN** Sigríður Finsen, formaður Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og forseti bæjarstjórnar í Grundarfirði, segir að sú mynd sem dregin hafi verið upp af Vesturlandi í grein Fréttablaðsins í gær lýsi því ekki sem raunverulega sé að gerast í landshlutanum.

„Mikill viðsnúningur varð fyrir tíu árum og hefur íbúum fjölgað jafnt og þétt upp frá því eftir nokkra fækkun,“ segir hún. „Atvinnulíf stendur í miklum blóma eins og sést meðal annars á því að nýverið var tekin í notkun stækkun á álverinu við Grundartanga,“ segir hún.

„Gífurlegur viðsnúningur hefur orðið eftir að Hvalfjarðargöngin komu og uppbygging hefur verið í kringum vaxandi sumarbústaðabyggð á svæðinu,“ segir Sigríður.

Þá hafi uppgangur Viðskiptaháskólans á Bifröst átt þátt í að breyta ímynd Vesturlands í heild og sveitarfélög á Snæfellsnesi hafi haldið sínu striki án þess að stóla að miklu leyti á sjávarútveginn.



**SIGRÍÐUR FINSEN** Segir að mikil uppbygging hafi átt sér stað á Vesturlandi undanfarinn áratug.

„Kenningarnar sem notaðar eru henta ef til vill ekki nógu vel til þess að varpa ljósi á það sem átt hefur sér stað á Vesturlandi undanfarinn áratug. Til að mynda segir þéttleiki byggðar í Borgarbyggð ekki til um það að þar er að myndast öflugur og vaxandi byggðarkjarni sem er að festa sig í sessi. Þá eru meðalmánaðartekjur ekki nógu marktækar fyrir ráðstöfunarfé því á mörgum stöðum er mikið um einkahlutafélög þar sem fólk greiðir sér laun eftir forskrift skattstjóra og tekur laun út sem fjármagnstekjur,“ bendir hún á. - sda



# Góðæri er öllum í hag

Sumir rugla saman þenslu og góðæri. En góðæri er ekki vertíð og hagfræðilögmálin eru ekki algild. Við hjá SPV trúum því að samtímis sé hægt að slá á þenslu og viðhalda góðæri. Góðæri er góð tíð sem birtist meðal annars í því að almenningur geti viðhaldið verðmætum sínum og aukið við þau. Hvort sem það er heilsan, heimilið, sumarbústaðurinn, bíllinn eða tölvan og allt sem henni fylgir. Rýrnun verðmæta er engum í hag. Komdu í SPV í dag.

- Við lánum svo þú getir aukið verðmæti eigna þinna.
- Það er góð hagfræði.
- Góðæri er góð tíð. Framlengjum góðærið saman.

Komdu til okkar í SPV.

spv

**Vertu með SPV og ánægðustu viðskiptavinunum**

Borgartúni 18 – Síðumúla 1 – Hraunbæ 119 – www.spv.is

Þjónustuver, sími 575 4100 – Skiptiborð, sími 575 4000

1.sæti í Ánægjuvoginni sjöunda árið í röð!

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Láttu drauminn rætast!

30% afsláttur af sérsmíðuðum sófasettum

þú velur áklæði stærð og gerð og við smíðum fyrir þig

Einungis fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 5. Október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


Þjóðarpúls Gallup mælir ánægju með störf ráðherra:

# Mest ánægja með Geir Haarde

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti landsmanna er ánægður með störf þriggja ráðherra, samkvæmt nýrri könnun Capacent Gallup.

56 prósent segjast ánægð með störf Geirs H. Haarde forsætisráðherra. 51 prósent svarenda segist ánægt með störf Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Þá segjast 50 prósent vera ánægð með störf Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra. Ánægja með störf allra þriggja eykst nokkuð frá síðustu könnun Gallup í apríl.

Minna en helmingur svarenda segist ánægður með störf annarra ráðherra.

Minnst ánægja er með störf þeirra Jón Sigurðssonar, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra. 26 prósent svarenda sögðust ánægðir með störf Jóns, en 24 prósent voru ánægð með störf Björns. Ánægja með störf Jóns hefur ekki verið mæld áður, en ánægja með störf Björns hefur aukist um tæp tvö prósentustig.

Þetta kemur fram á vef Ríkisútvarpsins. - ss

**ÁNÆGJA MEÐ STÖRF RÁÐHERRA**

| | |
|---|---|
| Geir Haarde | 56% |
| Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir | 51% |
| Siv Friðleifsdóttir | 50% |
| Guðni Ágústsson | 45% |
| Einar K. Guðfinnsson | 40% |
| Jónína Bjartmarz | 34% |
| Árni Mathiesen | 33% |
| Magnús Stefánsson | 28% |
| Valgerður Sverrisdóttir | 27% |
| Sturla Böðvarsson | 26% |
| Jón Sigurðsson | 26% |
| Björn Bjarnason | 24% |

Könnun Gallup 21.-28. september

Norður-Kóreumönnum alvara með vopnatilraunir:

# Ætla að prófa kjarnavopn

**SUÐUR-KÓREA, AP** Ríkisstjórn Norður-Kóreu tilkynnti í gær að hún myndi gera tilraunir á næstunni með kjarnorkuvopn í þeim tilgangi að styrkja varnir lands síns gegn því sem hún kallar aukinn fjandskap Bandaríkjanna.

Fréttaskýrendur segja þetta vera stærsta áfallið hingað til í árangurslitlum viðræðum fimm stórþjóða við Norður-Kóreu, sem ætlað er að fá kommúnistaríkið til að gefa upp baráttu sína fyrir kjarnavopnum.

Engin dagsetning var gefin fyrir tilraunirnar, en í tilkynningu frá utanríkisráðuneyti Norður-Kóreu hermir að þær verði gerðar við afar öruggar kringumstæður.

Ráðamenn í Pjongjang, höfuðborg landsins, hafa áður tilkynnt að her landsins eigi kjarnorkuvopn, en ekki er vitað til þess að tilraunir með þau hafi verið gerðar fyrr.

Þjóðir heims brugðust ókvæða við. Utanríkisráðherra Japans, Taro Aso, sagði öll slík áform Norður-Kóreu vera „algjörlega ófyrirgefanleg“. Ráðamenn Suður-Kóreu ætla að funda í dag um tilraunirnar og talsmaður Bandaríkjastjórnar, Sean McCormack, sagði að slík tilraun myndi „valda óásættanlegri ógn við frið og jafnvægi í Asíu og í heiminum öllum“.

Engin viðbrögð bárust hins vegar frá Kína, sem hingað til hefur reynst einn sterkasti bandamaður Norður-Kóreu. - smk



**KIM JUNG IL, LEIÐTOGI NORÐUR-KÓREU** Norður-Kóreumenn segjast ætla að gera tilraunir með kjarnorkuvopn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Dagur Jónasson

Arctic Trucks jeppamiðstöð

Arctic Trucks jeppamiðstöð er þjónustufyrirtæki og vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum.
Hér er flest það sem jeppaeigandinn þarf á að halda:
Dekkja- og smurþjónusta, ástandsskoðun, jeppabreytingar, jeppasala, fagleg þjónusta og ráðgjöf.



Eyjólfur M. Teitsson

Bílaleigubílar – mikið úrval.
Allir bílarnir eru ástandsskoðaðir!



Toyota Land Cruiser LX – 3,0 dísel sjálfskiptur. 02/2005 ek. 79 þ. km. Verð 3.990.000

Tækifæri, nokkrir Toyota Land Cruiser LX sjálfskiptir á góðu verði.



MMC Montero Limited – 3,8 bensín sjálfskiptur. 04/2004 ek. 58 þ. km. 8 manna. Verð 3.200.000

ÚTSÖLUVERÐ á nokkrum MMC Montero Limited.

Mikið af góðum jeppum á sölu.
Líttu inn hjá okkur á bílasölusvæðinu Kletthálsi.

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

Kynferðisbrot til rannsóknar:

## Yfirheyrslum ekki lokið enn

**KYNFERÐISOFBELDI** Lögreglan í Reykjavíkur hefur enn til rannsóknar meint kynferðisbrot gegn fleiri en einni stúlku. Rúmlega fimmtugum karlmanni hefur verið sleppt úr haldi en hann neitaði sök í málinu. Yfirheyrslum yfir stúlkunum, sem maðurinn er grunaður um að hafa beitt kynferðislegu ofbeldi, er ekki lokið og sögn Bjarnþórs Aðalsteinssonar, hjá Lögreglunni í Reykjavík, liggur ekki fyrir hvenær rannsókninni lýkur.

Málið kom fyrst inn á borð Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Kæra var í framhaldinu lögð inn til lögreglu sem þá hóf rannsókn á málinu. - mh

Tillaga Frjálslyndra um lækkun Hálslóns tekin fyrir á borgarstjórnarfundi:

# Ekki frekar rætt af borginni

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi Frjálslyndra, lagði það til á fundi borgarstjórnar í gær að þeim tilmælum yrði beint til stjórnar Landsvirkjunar að hámarkshæð vatnsborðs í Hálslóni yrði lækkuð um 20 metra. Með því yrði öryggi mannvirkja aukið, dregið yrði úr hættu á stíflurofi og umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar minnkuð. Við það myndi flatarmál lónsins minnka um 20 ferkílómetra.

Ásta Þorleifsdóttir, sem tók þátt í umræðunum fyrir hönd Frjálslyndra, en Ólafur vék af fundi, sagði að kostnaður vegna þessa yrði lítill sem enginn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar lögðu til að málinu yrði vísað til borgarráðs, þar sem borgarfulltrúar hefðu ekki þá þekkingu til að bera til að ákveða hver heppileg hæð Hálslóns yrði.

Undir það tók Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, en sagði málefni Kárahnjúka hafa verið afgreidd á sínum tíma og búið sé að taka lögformlega ákvörðun. Það yrði því hræsni af hans hálfu að vísa málinu til borgarráðs, þar sem ekki standi til að gera neitt í málinu. - ss



**STUNGIÐ SAMAN NEFJUM Á BORGARSTJÓRNARFUNDI** Tillaga Frjálslyndra um að borgarstjórn beitti sér fyrir því að hámarkshæð Hálslóns yrði lækkað var felld á fundi borgarstjórnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Breyting á hundasamþykkt:

## Aflagt bann við hundaeign

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Lagt var til að haldin yrði almenn kosning um breytingu á hundasamþykkt Reykjavíkurborgar á fundi borgarstjórnar í gær. Það var Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, sem lagði það til og benti á að hundasamþykktin hefði verið samþykkt í kjölfar almennrar kosningar borgarbúa árið 1988.

Gísli Marteinn Baldursson benti á að engar breytingar yrðu á högum fólks vegna samþykktarinnar og borginni bæri ekki skylda til að halda aðra atkvæðagreiðslu. Var tillögu Árna Þórs vísað frá og samþykkt með átta atkvæðum gegn sjö. - ss



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Menntamálaráðherra hefur ráðherra mest í ráðstöfunarfé.

Ráðstöfunarfé ráðherra:

## 85 milljónir til ráðstöfunar

**STJÓRNMÁL** Ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa samtals 85 milljónir króna til frjálsrar ráðstöfunar samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs. Það er sama fjárhæð og á árinu sem er að líða.

Menntamálaráðherra fær mest, 18 milljónir króna, iðnaðar- og viðskiptaráðherra fær 11 milljónir og dómsmála- og heilbrigðisráðherra fá 8 milljónir hvor. Sjávarútvegsráðherra fær minnst, 3 milljónir en aðrir ráðherrar ýmist 5 eða 6 milljónir króna. - bþs

Heilbrigðismál:

## Sala klamidíuprófa óheimil

**KYNSJÚKDÓMAR** Óheimilt er að selja klamidíupróf sem Lyf og heilsa hefur tekið í sölu. Landlæknisembættið vekur athygli á því að klamidía sé tilkynningaskyldur sjúkdómur sem fellur undir lög um sóttvarnir.

Nándarrannsóknir til greiningar á sjúkdómum sem sóttvarnarlög taka til skulu gerðar undir eftirliti og á ábyrgð rannsóknarstofu með starfsleyfi.

Klamidíuprófið fellur undir slíka nándarrannsókn og telst sala á prófinu því óheimil. Lyfjastofnun hefur verið gert viðvart vegna málsins. - hs

Héraðsdómur Reykjaness:

## Ákærður fyrir frelsissviptingu

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð hófst í gær í máli rúmlega sextugs manns sem er ákærður fyrir að hafa í febrúar síðastliðnum haldið konu á þrítugsaldri nauðugri í um hálftíma. Atburðurinn átti sér stað á skrifstofu fyrirtækis í Kópavogi.

Ríkissaksóknari krefst refsingar yfir hinum ákærða vegna frelsissviptingarinnar auk þess sem konan fer fram á 100.000 króna miskabætur auk greiðslu lögfræðikostnaðar. - þsj




Náttúruvernd

og nýting náttúruauðlinda

Hver er stefna stjórnvalda?

Er hægt að sætta sjónarmið um nýtingu og verndun?

Opinn morgunfundur Samtaka iðnaðarins fimmtudaginn 5. október á Hótel Nordica

*Stjórn og ráðgjafaráð SI efna til morgunfundar um náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda á Hótel Nordica fimmtudaginn 5. október nk. Fundurinn hefst stundvíslega kl. 8:00 og stendur til 10:00.*

*Ræðumenn:*

**Jón Sigurðsson**
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

**Andri Snær Magnason**
rithöfundur

**Illugi Gunnarsson**
hagfræðingur



**Pallborðsumræður ræðumanna**
Stjórnandi: Svanhildur Hólm Valsdóttir



**Fundarstjóri:**
Helgi Magnússon formaður Samtaka iðnaðarins

*Fundurinn er öllum opinn.*
*Félagsmenn SI eru eindregið hvattir til að mæta.*

SI
Samtök iðnaðarins



**HENNA-KEPPNI** Þessi bangladesska stúlka sat iðin við að setja mehandi eða henna lit á hendi vinstúlku sinnar í henna-keppni sem fram fór í Dakka, höfuðborg Bangladess í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SKOÐANAKÖNNUN**

### Vilja hækka bílprófsaldur

Þrír af hverjum fjórum telja rétt að bílprófsaldur verði hækkaður í 18 ár, samkvæmt Þjóðarpúlsi Gallup. Mikill munur er á viðhorfi karla og kvenna, en mun fleiri konur telja að hækka eigi bílprófsaldurinn. Rúv sagði frá.



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Brottför hersins fellur saman við heildarendurskoðun á starfsemi lögreglu í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli, segir Jóhann Benediktsson sýslumaður á Keflavíkurflugvelli.

Brottför Bandaríkjahers hefur áhrif á starfsemi Keflavíkurflugvallar:

# Tólf ráðnir til bráðabirgða

**KEFLAVÍK** Tólf starfsmenn hafa verið ráðnir til bráðabirgða við embætti sýslumanns á Keflavíkurflugvelli vegna brottfarar Bandaríkjahers. Brottför hermannanna kallaði á aukna gæslu á varnarsvæðinu og brá sýslumaður á það ráð að auka mannskapinn á Keflavíkurflugvelli vegna þess. Enn hefur ekki verið ákveðið hvernig ýmis verkefni sem áður voru í höndum Bandaríkjamanna dreifast á íslensk embætti.

Við erum með hundrað og sextíu fastráðna starfsmenn þannig að hlutfallslega er þetta ekki mikil aukning," segir Jóhann Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli. „Auðvitað hefur þetta í för með sér ákveðna breytingu á okkar verkefnum en á móti kemur að það er verið að sameina lögregluna í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli. Að því leyti fellur brottför hersins saman við heildarendurskoðun á starfseminni hérna."

Hann segir helstu breytingarnar vera ákveðna þætti í öryggismálum sem fari á íslenskar hendur nú þegar Bandaríkjamenn eru farnir. „Sú umræða mun fyrst eiga sér stað í ráðuneytum og á Alþingi áður en lengra er haldið." - sþs

Fylgi stjórnmálaflokkanna:

## Lítil breyting milli mánaða

**SKOÐANAKÖNNUN** Fylgi stjórnmálaflokkanna breytist nær ekkert milli mánaða, samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist, líkt og í síðasta mánuði með 41 prósents fylgi. Níu prósent segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn og þrjú prósent Frjálslynda flokkinn. Örlítil hreyfing, tvö prósentustig, mælist frá Vinstri grænum til Samfylkingarinnar. Vinstri græn mælast nú með 20 prósenta fylgi, en 27 prósent segjast myndu kjósa Samfylkinguna. Ríkisútvarpið sagði frá. - ss

**ÞÝSKALAND**

### Sameiningardagur

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hvatti í gær landa sína til að finna á ný þá bjartsýni sem ríkti meðal þeirra í kringum endursameiningu landsins fyrir sextán árum. Sameiningardagurinn var haldinn hátíðlegur víða um Þýskaland í gær, en aðalhátíðarhöldin fóru að þessu sinni fram í Kiel.




Reynsla bíleiganda er að pláss sé dýrt. Nýr Opel Vectra býður upp á hámarksrými fyrir alla farþega en er í verðflokki með mun smærri bílum. Í akstri gefur hann dýrari bílum ekkert eftir og öll hönnun er gjörbreytt með gæði og þægindi sem algjört forgangsatriði.
Núna bjóðum við þennan frábæra bíl á haustilboði. Komdu til okkar, keyrðu hann og kollvarpaðu fyrri hugmyndum þínum um Opel.

Jafnaðarmenn hrósuðu sigri í þingkosningunum í Austurríki:

# Gusenbauer næsti kanslari

**AUSTURRÍKI, AP** Wolfgang Schüssel, kanslari Austurríkis og leiðtogi Þjóðarflokksins ÖVP, baðst í gær lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt, tveimur dögum eftir þingkosningar í landinu. Þau óvæntu úrslit urðu í kosningunum að jafnaðarmenn hrósuðu sigri, hlutu hálfu öðru prósentustigi meira fylgi en flokkur Schüssels.

Á grundvelli þessara úrslita getur Alfred Gusenbauer, formaður austurríska Jafnaðarmannaflokksins SPÖ, gert tilkall til kanslarastólsins. Hann segist gera ráð fyrir að fara í stjórnarmyndunarviðræður annað hvort við ÖVP eða græningja.

SPÖ fékk 35,7 prósent atkvæða en ÖVP 34,2 prósent. Þriðji stærsti flokkurinn varð Frelsisflokkurinn með 11,2 prósent atkvæða, en hann beitti sér í kosningabaráttunni fyrir hertri stefnu gegn innflytjendum. Klofningsframboð Jörgs Haiders og fylgismanna hans, Bandalag fyrir framtíð Austurríkis (BZÖ), fékk rétt yfir þeim fjórum prósentustigum sem er lágmarkið til að fá úthlutað þingsætum.

Þessi úrslit gætu reyndar breyst, þar sem utankjörfundaratkvæði verða ekki talin fyrr en í næstu viku. Mestu myndi breyta ef BZÖ félli niður fyrir fjögurra prósenta þröskuldinn, en þar með myndu þingsæti hans deilast á hina flokkana og væntanlega gera jafnaðarmönnum og græningjum mögulegt að mynda tveggja flokka meirihluta saman. Sá meirihluti yrði hins vegar mjög naumur. Enda þykir stjórnmálaskýrendum líklegast í stöðunni að stóru flokkarnir tveir myndi saman stjórn undir forystu Gusenbauers. Þessir tveir flokkar stjórnuðu landinu í helmingaskiptastjórn í 45 ár. Það var til að brjóta það stjórnarmynstur upp sem Schüssel valdi þann kostinn fyrir sex og hálfu ári að mynda stjórn með Frelsisflokknum, sem kallaði pólitískar refsiaðgerðir yfir landið af hálfu leiðtoga Evrópusambandsins. Á þeim tíma var meirihluti ríkisstjórna aðildarríkjanna undir forystu jafnaðarmanna sem þóttu Frelsisflokkurinn ekki ríkisstjórnartækur.

Stjórnarmeirihluti ÖVP og Frelsisflokksins hélt naumlega velli í kosningunum 2002, en í fyrra klofnaði Frelsisflokkurinn og fylgismenn Haiders stofnuðu BZÖ. BZÖ-menn, undir forystu Peters Westenthalers, héldu stjórnarsamstarfinu við ÖVP áfram en Frelsisflokksmenn fóru í stjórnarandstöðu. audunn@frettabladid.is



**GUSENBAUER OG SCHÜSSEL** Alfred Gusenbauer, leiðtogi jafnaðarmanna, og Wolfgang Schüssel, fráfarandi kanslari og leiðtogi íhaldsmanna, takast í hendur í sjónvarpssal að kvöldi kjördags. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Ungverjalandi:

## Stjórnarflokkar biðu afhroð

**UNGVERJALAND, AP** Ferenc Gyurcsany, forsætisráðherra Ungverjalands, fer fram á það að þing landsins greiði á föstudaginn atkvæði um traustsyfirlýsingu á stjórnina, sem beið verulegt afhroð í sveitarstjórnarkosningum nú um helgina.



**FERENC GYURCSANY**

Fjölmenn mótmæli hafa verið haldin reglulega gegn stjórninni síðustu vikur, eða frá því forsætisráðherrann upplýsti þjóðina um að hann hefði logið að henni stanslaust fyrir þingkosningarnar í vor. „Ég heyri gagnrýnisraddirnar, og ég átta mig á ábyrgð stjórnarinnar,“ sagði Gyurcsany á mánudag. - gb

**LÖGREGLUMÁL**

### Málverkum stolið

Tveimur málverkum, að verðmæti 300 þúsund króna, var stolið frá Galleríinu Draugalestinni á Laugavegi 34 aðfaranótt þriðjudags. Málið er í rannsókn.



## „ORÐRÉTT“

### *Landnámslýsingar mikilvægari*

**„Þetta er meginstef sem ríkið hefur komið sér upp, að láta landnámslýsingar vega meira en fleiri hundruð ára eignarsögur.“**

GUNNLAUGUR ÓLAFSSON TALSMAÐUR EIGENDA JARÐARINNAR STAFAFELLS, EN HÆSTIRÉTTUR DÆMDI NÝLEGA HLUTA HENNAR ÞJÓÐLENDU. FRÉTTABLAÐIÐ 3. OKTÓBER.

### *Brýnt að skapa ekki nýja gjá*

**„Þegar ágreiningurinn um veru hersins hefur nú verið til lykta leiddur með brottför Varnarliðsins er afar brýnt að deilurnar um nýtingu náttúru Íslands skapi ekki nýja gjá.“**

HERRA ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, FORSETI ÍSLANDS, VIÐ SETNINGU ALÞINGIS. FRÉTTABLAÐIÐ 3. OKTÓBER.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** DAGBJÖRT HÁKONARDÓTTIR LAGANEMI

## *Til Ítalíu að hitta kærastann*



„Það er helst að frétta að ég er á kafi ofan í skruddunum,“ segir Dagbjört Hákonardóttir sem er á þriðja ári í lagadeild Háskólans. „Námið er eiginlega bæði leiðinlegra og skemmtilegra en ég bjóst við. Í allt sumar var ég innilokuð í KB-banka og vann mikið en uppskar kannski ekki alveg eins og ég sáði fjárhagslega.“

Dagbjört sér þó til sólar því framundan er ferðalag. „Ég fer til Bologne á Ítalíu í næstu viku og hlakka mikið til. Ég ætla að heimsækja kærastann sem er þar við ítölsku- og bókmenntanám. Svo er maður kominn á fullt í stúdentapólitíkinni með Röskvu. Við verðum með endurfundasamkomu gamalla Röskvuliða um næstu helgi og nú fer hver að verða síðastur að skrá sig í það. Allir gamlir vinstrimenn eru velkomnir. Það verður dinner og skemmtiatriði. Við gefum ekkert upp með skemmtiatriðin en þau munu örugglega koma á óvart. Síðan ætla ég að hjálpa til í prófkjörsbaráttu Samfylkingarinnar og þá er ég helst að hugsa um að hjálpa Bryndísi Ísold Hlöðversdóttur og Ágústi Ólafi Ágústssyni.“

**ÞARFAÞING:**

## GERVIKLÆR FYRIR GÆLUDÝR



Bandaríska fyrirtækið Soft Claws hefur framleitt gerviklær fyrir gæludýr síðan 1990. Klærnar eru úr mjúku plastefni og eru límdar á klær bæði hunda og katta. Flest dýr sætta sig vel við gerviklærnar og eigendurnir eru himinlifandi því nú eru húsgögnin óklóruð og hægt er að þrífa dýrin án teljandi meiðsla. Klærnar koma í öllum regnbogans litum. Margir eigendur velja liti eftir árstíðum og einnig er boðið upp á klær með jóla- og hrekkjavökuþema.

**SJÓNARHÓLL**

**SAMBAND FYRIRTÆKJA OG TÓNLISTARMANNA**

## *Stutt í skítinn*



JÓHANN ÁGÚST JÓHANNSSON

„Það er flókið mál og margt sem spilar inn í,“ segir Jóhann Ágúst Jóhannsson, útgáfu- og kynningarstjóri hjá 12 Tónum um hina eilífu spurningu um samband fyrirtækja og tónlistarmanna. „Það spilar inn í hvar menn eru staddir og hvert þeir vilja stefna. Þetta getur hentað vel þeim sem eru að ryðja sér til rúms og gott dæmi um það er t.d. hljómsveitin Jeff Who? sem allir þekkja núna eftir að lagið Barfly var notað í auglýsingaherferð Fréttablaðsins. Það er dýrmætt nýjum sveitum að heyrast á skjánum kvöld eftir kvöld og ekki spurning um peninga heldur kynningu. Mér finnst það ekki koma niður á heilindum tónlistarmanna þótt þeir taki þátt í svona. Eins er það afar jákvætt þegar stórfyrirtæki styðja við bakið á tónlistarmönnum, t.d. með aðkomu að útrásarverkefnum.“
Í Blaðinu um helgina sagði KK að honum hefði oft verið boðið fúlgur fjár fyrir að leyfa notkun á tónlist sinni í auglýsingum, en hann hafi alltaf neitað, enda vildi hann ekki „leika sér í skítnum“. „Ég ber virðingu fyrir mönnum eins og KK sem taka afgerandi afstöðu. Það er meðalvegur í þessu og eflaust stutt í skítinn ef menn passa sig ekki. Það þarf að velja vel,“ segir Jóhann.

# Alvöru karlmenn pissa sitjandi

**Það er allt að verða vitlaust í Noregi. Anne Lise Gjul, skólastjóri Dvergsnes grunnskólans í Kristjánssandi, gerði það að reglu í skólanum að strákar ættu að sitja þegar þeir pissuðu. Formaður Demókratana í Noregi, Vidar Kleppe, er æfur og segir: „Með þessu er verið að skipta sér af sköpunarverki Guðs, því strákar hafa pissað standandi frá örófi alda. Það eru mannréttindi að vera ekki neyddur til að pissa eins og stelpa!“**

Skólastjórinn Anne vill lítið segja um orð Vidars, sem fer fyrir flokki sem er mótfallinn innflytjendum í Noregi og berst fyrir meiri kristnifræðslu í skólum, og segir ákvörðunina eingöngu hafa verið tekna út frá hreinlætissjónarmiðum af því að ungir strákar séu ekkert of góðir í að hitta ofan í klósettskálina. Málið er komið í nefnd.



**MERKI MÆÐRA GEGN STANDANDI ÞVAGLÁTI** Vilja breyttar klósettvenjur fyrir árið 2010.

Þetta mál er angi af gömlu hitamáli á heimilum. Konur – og þá sérstaklega konur sem sjá um þrif á heimilum – vilja gjarnan að karlarnir pissi sitjandi. Þær fá þó sjaldan vilja sínum framgengt því margir karlmenn álíta það hluta af karlmennsku sinni að pissa standandi. Sígilt er atriði í kvikmyndinni About Schmidt, þegar Jack Nicholson gerir uppreisn eftir lát eiginkonu sinnar og pissar standandi og út um allt.

En þetta er að breytast. Meðvitaðir karlmenn eru farnir að pissa sitjandi. „Ég þekki fleiri en einn karlmann sem hefur vanið sig af því að pissa standandi í snarhasti eftir að hann varð ábyrgur fyrir þrifum,“ skrifar Bjarni Rúnar Einarsson á heimasíðu sinni bre.klaki.net. „Ég tel sjálfan mig þar með – ég pissa yfirleitt sitjandi ef klósettið er ekki þeim mun subbulegra fyrir. Snyrtimennskan og þrifin eiga þar stóran þátt, en það skiptir mig einnig máli að það fer víst betur með þvag- og kynfærin að sitja. Maður nær betur að tæma allt dótið og það þykir víst hollt. Ég vil fara vel með græjurnar mínar.“

Guðjón Haraldsson, þvagfæraskurðlæknir á Landspítalanum, segir að engar rannsóknir styðji það eða hafni að betra sé að pissa sitjandi. „Það hefur ekki verið hægt að sýna fram á það að blaðran tæmist betur þótt menn sitji,“ segir hann. „Þetta er mjög einstaklingsbundið, sumum karlmönnum finnst þeir tæma blöðruna betur sitjandi en öðrum ekki. Það er fyrst og fremst af tillitssemi við þann sem þrífur að karlmenn ættu að sitja.“

Nokkrar umræður spunnust af játningu Bjarna Rúnars á heimasíðu hans. Karlmenn af gamla skólanum voru andsnúnir því að pissa sitjandi, en nokkrir tóku undir, þ.á m. Már Örlygsson: „Ég er sammála Bjarna. Það eina sem mér finnst vanta í röksemdafærsluna hjá honum er að það er líka auðveldara að pissa sitjandi þegar maður er með morgunstandarann.“



**SALERNI Á NÚLLINU** Að sitja eða ekki sitja, þar er efinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BJARNI RÚNAR EINARSSON** Vill fara vel með græjurnar sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**VIDAR KLEPPE FORMAÐUR DEMÓKRATANA** Mannréttindi að fá að pissa standandi.

Í Bandaríkjunum eru starfrækt samtökin MAPSU, Mothers Against Peeing Standing Up. Samtökin framleiða boli með merki sínu og áminningarveggspjöld til að hengja upp í baðherbergjum. Þau stefna að breyttum klósettvenjum heimsbyggðarinnar fyrir árið 2010. Samtökin ganga svo langt að segja að standandi þvaglát karlmanna sundri fjölskyldum. „Hver þrífur klósettið á þínu heimili?“ spyrja samtökin í stefnuskrá sinni, „Mamma þín? Konan þín? Þótt þú þrífir sjálfur, hvað gerist þegar þú ert gestur hjá vinum eða ættingjum eða þegar þú notar almenningssalerni? Af hverju ætti einhver að þjást vegna tregðu þinnar til að setjast niður?“

**gunnarh@frettabladid.is**

Haraldur Ringsted vonar að Grjóthrun meiki´ða:

# Var drekinn á Bolafjalli

„Jú, þetta er búið að vera yfirvofandi lengi, eða síðan það var skorið niður í fyrra,“ segir Haraldur Ringsted Steingrímsson, einn þeirra sem var nýlega sagt upp á ratsjárstöðinni á Bolafjalli. „Þetta kom svo sem engum á óvart en maður vonaði að þetta yrði ekki alveg strax. Ég verð að vinna út maí og er ekkert búinn að ákveða hvað tekur við þá.“ Haraldur býr með eiginkonu sinni og þremur börnum í Bolungarvík. „Við erum nýbúin að kaupa hús og ætlum að vera hér áfram. Það er mjög fínt að vera á Bolungarvík.“

Haraldur hefur séð um fyrirbyggjandi viðhald á radar og búnaði stöðvarinnar en nú á að stjórna viðhaldinu úr bænum og líklega senda viðgerðarteymi vestur einu sinni í mánuði. Bæjarráð Bolungarvíkur hefur lýst yfir miklum vonbrigðum með ákvörðun Ratsjárstofnunar enda hverfa um 5 prósent útsvarstekna Bolungarvíkurkaupstaðar með þessum uppsögnum.

Haraldur er trommari og er nýbyrjaður í hljómsveit með bæjarstjóranum Grími Atlasyni, Lýði Árnasyni lækni á Flateyri og Hermanni Ása. Bandið heitir Grjóthrun og hélt nýlega sína fyrstu tónleika í Einarshúsi. „Við spiluðum bara frumsamin rokklög og okkur var vel tekið. Nú er bara eins gott að Grjóthrun meiki´ða og verði næsta útflutningsvara Bolungarvíkur fyrst ratsjárstöðin er á förum,“ segir Haraldur, nokkuð brattur bara.

**- glh**



**HARALDUR RINGSTED STEINGRÍMSSON** Mjög fínt að vera á Bolungarvík. FRÉTTABLAÐIÐ/YLFA MIST


## Prófkjör Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi

Haldið verður prófkjör vegna vals á framboðslista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi við Alþingiskosningar vorið 2007. Prófkjörið fer fram laugardaginn 4. nóvember 2006. Rétt til framboðs í prófkjörinu eiga allir félagar í Samfylkingunni sem hafa kjörgengi við Alþingiskosningar 2007.

Yfirlýsingum um framboð ásamt meðmælum eigi færri en 10 og eigi fleiri en 20 fullgildra félaga í Samfylkingunni skal skilað til formanns valnefndar, Halldór S. Magnússonar, Smáraflöt 30, 210 Garðabæ, eigi síðar en kl. 22:00 föstudaginn 6. október 2006. Einnig mun valnefnd taka á móti framboðum á skrifstofu Samfylkingarinnar að Strandgötu 43 í Hafnarfirði föstudaginn 6. október kl. 20:00 til 22:00.

Samfylkingin

# OKKAR BESTU BOÐ!

Þessar vörur eru fáanlegar með vaxtalausum afborgunum
í allt að 12 mánuði

## Viðarparket

Eik 60 sm — 1.990,- pr.m²

Eik Family 1.flokkur — 3.890,- pr.m²

Eik Natur 4 stafa — 4.490,- pr.m²

Rauð Eik Terra — 3.890,- pr.m²

Rauð Eik Natur — 4.990,- pr.m²

Hlynur Accent — 4.990,- pr.m²

Hlynur Fantazy — 2.990,- pr.m²

## Hurðir

Yfirfelldar hurðir:
Hlynur CPL
Stærðir: 70 - 80 - 90 sm
Verð: 29.900,-
karmur 10-11,7cm

## Plastparket

Beyki R-65 — 1.590,- pr.m²

Eik Victoria R-42 — 1.590,- pr.m²

Hnota R-83 — 1.590,- pr.m²

## Hreinlætis- og blöndunartæki

Noa sturtusett 14.900,-

Handlaug 29.900,-

Geyser 4020 9.900,-

Damixa 27450C 15.900,-

## Flísar

Nord Stone Cromite 5.990,- pr.m²
Stærð: 30 x 60 sm

Nord Stone Grigo 5.990,- pr.m²
Stærð: 30 x 60 sm

Opus beige veggflísar 2.990,- pr.m²
Stærð: 25 x 42,5 sm

# HARÐVIÐARVAL

-þegar þú kaupir gólfefni

Krókhálsi 4 • 110 Reykjavík • Sími 567 1010 • www.parket.is

## Svona erum við

> Fjöldi gjaldþrota félaga á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** AMISH SÉRTRÚARSÖFNUÐURINN

# *Markviss einangrun frá umheiminum*

Fólk úr trúarhópnum Amish komst í fréttir í fyrradag, eftir að fullorðinn byssumaður réðst inn í barnaskóla í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum og myrti fimm telpur áður en hann tók sitt eigið líf. Byssumaðurinn var ekki af Amish-fólki og virðist ekki hafa haft neitt á móti trú þeirra eða lifnaðarháttum, þrátt fyrir voðaverkið. Litlum fregnum fer hins vegar yfirleitt af Amish-fólkinu, sem lifir oftast nær afar kyrrlátu lífi og hefur lítið með umheiminn að gera.



**Hvert er Amish-fólkið?**
Amish eru kristnir bókstafstrúarmenn sem settust fyrst að í Pennsylvaníu á þriðja áratug átjándu aldar og voru margir hverjir á flótta undan ofsóknum fyrrum landa sinna í Evrópu. Nú búa um 200.000 Amish menn í yfir 20 ríkjum Bandaríkjanna, sem og í Ontarió-fylki í Kanada.

**Hvernig lifir Amish-fólk?**
Við fyrstu sýn er engu líkara en að Amish-fólkið hafi einfaldlega stigið út úr sveitaþorpi 19. aldar. Það notast ekki við nútímaþægindi sem þykja sjálfsögð á flestum vestrænum heimilum, og hafa margir til dæmis hvorki rafmagn né síma á heimilum sínum. Eins notast flestir frekar við hestvagna, frekar en bíla.

Fólkið rekur sína eigin barnaskóla og sinnir hvorki herþjónustu né þiggur félagslega þjónustu frá ríkisstjórninni.

**Áhrif nútímans?**
Þó lifa ekki allir eftir jafn ströngum reglum, símar finnast á sumum búgörðum og þorpsráðin geta leyft að rafmagn sé notað undir ákveðnum kringumstæðum.

Að sjálfsögðu koma upp vandamál meðal Amish-manna líkt og annars staðar, en þeir halda þeim oftast fyrir sig. En þó að byssur séu tiltölulega algengar á Amish-heimilum, því þær eru notaðar við veiðar á villtum dýrum, hefur lítið farið fyrir byssuglæpum í samfélögum þeirra hingað til.

Þó fer Amish-fólkið ekki varhluta af þrýstingi frá umheiminum. Til dæmis segja fréttaskýrendur að lög um barnaþrælkun ógni nú hefðbundnu lífi þess.

## SPURT & SVARAÐ
NÝ LÖG UM ÚTLENDINGA

### *Fækkar ekki endilega*

Nýlega voru sett lög um erlenda starfsmenn, sem kveða á um að starfsfólki frá löndum innan EES-svæðisins er veittur forgangur að íslenskum vinnumarkaði, fram yfir umsækjendur frá öðrum löndum. Hildur Dungal er forstjóri Útlendingastofnunar og varð fyrir svörum um áhrif hinna nýju laga.



HILDUR DUNGAL FORSTJÓRI ÚTLENDINGASTOFNUNAR

**Getur fólk utan EES sótt vinnu hingað?**
Beint aðgengi að íslenskum vinnumarkaði er takmarkaðra, fyrst og fremst vegna þess að við getum mjög auðveldlega fengið hingað fólk í vinnu af EES-vinnusvæðinu, sem við erum hluti af. Auðvitað getur alltaf verið eitthvað sem ekki er hægt að manna á EES-svæðinu. Það eru þá frekar sérfræðistörf, þegar þarf einhvern ákveðinn aðila með ákveðna menntun. Það er eitthvað sem er horft í við veitingu leyfa.

**Hefur útlendingum, öðrum en evrópskum, fækkað eftir að nýju lögunum var hrint í framkvæmd?**
Það hefur ekki orðið svo mikil breyting. Við erum að sjá aukningu í öðrum tegundum af leyfum. Til dæmis er þónokkur aukning í veitingu makaleyfa, þar sem fólk getur komið hingað á grundvelli hjúskapar. Þannig að það hefur ekki orðið umtalsverð fækkun á útgefnun leyfum fyrir fólk utan EES.

# Harmur eftir blóðbað í skólum

**Bandaríkjamenn eru sem í losti eftir röð skotárása í grunnskólum landsins síðustu daga. Í gær dóu úr sárum sínum á sjúkrahúsi tvær stúlkur til viðbótar þeim þremur sem dóu samstundis er 32 ára gamall karlmaður úr nágrenninu skaut á alls ellefu skólastúlkur í litlum skóla Amish-fólks í friðsælli sveit um 80 km vestur af Fíladelfíu í Pennsylvaníuríki í fyrradag.**

Hinar stúlkurnar sex eru enn á sjúkrahúsi með misalvarleg skotsár. Ódæðismaðurinn svipti sig lífi er lögregla réðst til inngöngu í skólann.

Þetta var fjórða og alvarlegasta skotárásin í bandarískum skólum á nokkrum dögum. George W. Bush Bandaríkjaforseti brást við þessum hörmungarfréttum í gær með því að gefa dómsmálaráðherranum Alberto Gonzalo og menntamálaráðherranum Margaret Spelling fyrirmæli um að fá fulltrúa löggæslu- og menntamálayfirvalda til viðræðna um aðgerðir til að hindra að slíkt endurtæki sig. Dana Perino, talsmaður forsetans, greindi frá þessu í gær. Hún sagði að í viðræðunum ætti að ræða hvernig alríkisstjórnin gæti beitt sér til að bæta öryggi í skólum landsins og til að hjálpa þeim samfélögum sem orðið hafa fyrir ofbeldisglæpum af þessu tagi. Í næstu viku væri áformað að halda ráðstefnu með fulltrúum alríkislögreglunnar FBI og samtaka kennara og foreldra. „Það fyllir bandarísku þjóðina óstjórnlegum harmi þegar saklaus skólabörn eru tekin í gíslingu og þau skotin niður,“ sagði Perino.

**Vildi drepa stúlkur**
Harmleikurinn í fyrradag hófst með því að mjólkurbílstjórinn Charles C. Roberts ók á pallbíl sínum að litla barnaskólanum í Amish-sveitaþorpinu Nickel Mines um kl. hálfellefu að morgni, óð þar inn vopnaður skammbyssu og haglabyssu, auk skot- og verkfæra. Þá voru um 30 manns staddir í einu skólastofu hússins og maðurinn byrjaði á því að senda alla drengi út. Ófrískri kennslukonunni tókst líka að komast undan. Eftir urðu fimmtán ára aðstoðarstúlka kennarans og tíu stúlkur á aldrinum sex til þrettán ára. Hann lét þær raða sér upp við töfluna við enda stofunnar og batt þær á höndum og fótum með vír og límbandi. Þá negldi hann fyrir dyrnar með viðarplönkum sem hann hafði meðferðis.

Kennslukonan sem komst undan gat gert lögreglu viðvart frá nálægum sveitabæ. Enginn sími var í skólanum, þar sem Amish-fólk reynir að lifa án allra nútíma tæknitóla. Og glæpir eru nánast óþekktir í sveitasamfélagi hins hlédræga og friðelskandi sértrúarsöfnuðar.

Er lögreglan kom á vettvang gat hún lítið gert. „Hann raðaði þeim upp greinilega eins og við aftöku og skaut þær í höfuðið,“ sagði talsmaður lögreglunnar. Þegar lögreglumennirnir höfðu brotið sér leið inn í skólastofuna blasti við hryllileg sjón. Tvær stúlkur voru látnar, auk ódæðismannsins sem hafði skotið sjálfan sig í höfuðið. Ein stúlkan dó í örmum lögreglumanns er hann var að bera hana út til að hún kæmist undir læknishendur.

„Hann vildi finna kvenkyns fórnarlömb,“ sagði Jeffrey B. Miller hjá ríkislögreglu Pennsylvaníu. Roberts var sjálfur ekki meðlimur Amish-trúfélagsins þótt hann byggi í nágrenninu. „Hann var reiður út í eigið líf, út í Guð,“ sagði Miller. „Það lítur út fyrir að hann hafi valið þennan skóla vegna þess að hann var í nágrenni við heimili hans, vegna þess að þar voru kvenkyns fórnarlömb sem hann leitaði að, og sennilega vegna þess að það var auðveldara að vaða þar inn en í stærri skóla.“



**AMISH-BÖRN Í NICKEL MINES** Amish-börn og eldri kona sjást hér í hestvagni í þorpinu Nickel Mines í gær, nálægt skólanum sem ódæðið var framið í. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**CHARLES C. ROBERTS** Ódæðismaðurinn.

**Sagður ástríkur fjölskyldufaðir**
Roberts var þriggja barna fjölskyldufaðir og hvorki á sakaskrá né var vitað til að hann hefði átt við geðræn vandamál að stríða. Hann kvað hafa talað við eiginkonu sína í síma úr skólastofunni, rétt áður en hann hóf skothríðina. Hann á að hafa sagt við hana: „Löggan er komin. Ég kem ekki heim.“ Að sögn lögreglu sagði hann eiginkonunni að hann væri að hefna fyrir eitthvað sem var gert á hans hlut fyrir tuttugu árum. Miller vildi ekki greina nánar frá því hvað það hefði verið.

Miller tjáði NBC-sjónvarpsstöðinni að Roberts-hjónin hefðu misst dóttur „um það bil fyrir þremur árum“ og það kynni að hafa átt þátt í því sem rak Roberts til að fremja ódæðið.

Roberts skildi eftir kveðjubréf heima hjá sér, eftir að hann skilaði börnum sínum í skólabílinn. Að sögn Millers höfðu samstarfsmenn Roberts upplýst að hann hefði verið þunglyndur síðustu mánuði, en hefði síðan mætt til vinnu óvenju kátur í lok síðustu viku. Telur lögreglan það vísbendingu um að hann hafi þá verið búinn að ákveða innra með sér að kveðja þennan heim með þeim skelfilega hætti sem raunin varð.

Í skriflegri yfirlýsingu frá eiginkonu Roberts, Marie, segir hún eiginmann sinn hafa verið „ástríkan og umhyggjusaman föður“ sem hefði „aldrei vikið sér undan því að hjálpa til við að skipta um bleyju“.

**Hliðstæð árás í Colorado**
Árás Roberts átti sér nokkra hliðstæðu við árás sem heimilislaus maður gerði í skóla í Bailey í Colorado í síðustu viku, en að sögn Millers er talið ólíklegt að um hermiglæp sé að ræða. Í árásinni í Bailey tók árásarmaðurinn sex stúlkur í gíslingu. Hann skaut eina þeirra til bana og síðan sjálfan sig. Sá kvað hafa verið kynferðisafbrotamaður.

Síðastliðinn föstudag skaut fimmtán ára piltur skólastjórann í gamla skólanum sínum til bana í Cazenovia í Wisconsin. Fyrir tveimur vikum gekk vopnaður maður berserksgang í skóla í Montreal í Kanada og drap eina konu og særði nítján manns, marga alvarlega. Á mánudag var vopnaðs nemanda í skóla í Las Vegas í Nevada leitað af lögreglu.



**GÁTLISTI GLÆPS** Jeffrey B. Miller, talsmaður lögreglunnar í Pennsylvaníu, sýnir á blaðamannafundi minnisbók ódæðismannsins með lista yfir það sem hann hafði með sér í árásinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Helgarferð til
Búdapest
6. eða 13. október
frá kr. 29.990
Flug og gisting - örfá sæti laus!

verð kr. 29.990
Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn.
M.v. “stökktu tilboð” í 4 nætur með morgunmat 6. október. Netverð á mann.

verð kr. 39.990
Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn.
M.v. tvíbýli á Mercure Duna *** í 4 nætur með morgunmat 6. eða 13. október. Netverð á mann.

Heimsferðir bjóða glæsilega fjögurra nátta helgarferð til þessarar stórkostlegu borgar í hjarta Evrópu. Búdapest býður einstakt mannlíf, menningu og skemmtun að ógleymdri getrisni Ungverja. Bjóðum “stökktu tilboð” á frábæru verði 6. október - þú bókar flugsæti og 2 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

# Nú er 25% afsláttur af öllu ungnautakjöti frá Íslandsnauti!

EKKERT BRUÐL

ÍSLANDSNAUT- HREINT UNGNAUTAKJÖT

ÍN NAUTAHAKK
1.049KR. kg
Merkt verð 1398KR.

ÍN NAUTAGÚLLAS
1573KR. kg
Merkt verð 2098KR.

ÍN NAUTASNITSEL
1573KR. kg
Merkt verð 2098KR.

ÍN PIPARSTEIK
2023KR. kg
Merkt verð 2698KR.

ÍN HAMBORGARAR
4 stk. með brauði
523KR. pakkinn
Merkt verð 698KR.

ÍN HELGARSTEIK
með sósu 2023KR. kg
Merkt verð 2698KR.

25% afsláttur við kassann

ÍSLANDS NAUT

bonus.is

BÚHNYKKSRÆKJA kílóverð nú:
599KR.

Rækja

HEILT KÍLÓ AF RÆKJUM

ÞORSKBITAR kílóverð nú:
599KR.

norðanfiskur

ÞORSKBITAR
roð- og beinlausir

RUCOLA SALAT 75g
230KR.
Merkt verð 329KR.

KLETTABLANDA 100g
230KR.
Merkt verð 329KR.

FRISEBLANDA 150g
209KR.
Merkt verð 298KR.

30% afsláttur við kassann

## Nú er 20% afsláttur af vistvænu brúnu eggjunum í Bónus!

20% afsláttur við kassann

10 VISTVÆN EGG 680g
383KR.
Merkt verð 479KR.

6 VISTVÆN EGG 357g
207KR.
Merkt verð 259KR.

## Nú er 30% afsláttur af öllu pokasalatinu frá Himneskri hollustu!

www.bonus.is

## Flóttinn af landsbyggðinni

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR
sda@frettabladid.is



# Hvergi lægra húsnæðisverð

**Fermetraverð á húsnæði á Vestfjörðum er það lægsta á landinu. Þriðji hver Vestfirðingur hefur flutt í burtu á síðasta aldarfjórðungi og hefur hvergi á landinu orðið meiri fólksfækkun.**

Húsnæðisverð á Vestfjörðum er það lægsta sem þekkist á landinu. Meðalverð á fermetra í landshlutanum er rúmlega þrefalt lægra en meðaltal á landsvísu og í því sveitarfélagi þar sem fermetraverðið er lægst, í Vesturbyggð, kostar fermetrinn um 22 þúsund krónur. Það er tífalt lægra en fermetraverð á Seltjarnarnesi.

**Ættu að vera fjórtán þúsund**
Þriðji hver Vestfirðingur hefur flust á brott á síðasta aldarfjórðungi og hefur hvergi á landinu fækkað jafnmikið í neinum landshluta. Ef Vestfirðingum hefði fjölgað í samræmi við landsmeðaltal væru þeir tvöfalt fleiri nú en þeir eru í raun. Þeir væru um fjórtán þúsund í stað sjö þúsund og fleiri en á öllu Vesturlandi.

**Allt að 70 prósent farin**
Á árunum 1980 til 2005 fækkaði Vestfirðingum um 28 prósent en um sextán prósent á síðasta áratug. Til samanburðar hefur Íslendingum fjölgað um 31 prósent á síðasta aldarfjórðungi. Mest hefur fækkunin orðið í Árneshreppi, þar sem sjö af hverjum tíu íbúum hafa flust í burtu á síðasta aldarfjórðungi. Minnst hefur fækkað á Tálknafirði, en á móti kemur, að þar er hlutfall útlendinga hæst í landshlutanum, eða einn á móti tíu. Fjöldi útlendinga í landshlutanum er rétt yfir meðaltali, eða sex prósent.

**Íbúðaverð rúmur þriðjungur af meðalverði**
Meðalverð í landshlutanum öllum er rúmar 51 þúsund krónur á fermetrann ef miðað er við kaupverð íbúðarhúsnæðis árið 2005 þar sem fjöldi kaupsamninga er þrjátíu eða fleiri. Hafa þarf þó þann fyrirvara á að tölurnar eru einfalt meðaltal kaupverðs. Eignir eru mismunandi eftir svæðum og skekkir það verðsamanburð milli þeirra.

Munur á hæsta og lægsta fermetraverði í landshlutanum er þrefaldur en hæsta verð er í Ísafjarðarbæ, þar sem fermetrinn er á 61 þúsund krónur. 150 fermetra íbúðarhúsnæði kostar samkvæmt þessu rúmar þrjár milljónir í Vesturbyggð en rúmar níu milljónir í Ísafjarðarbæ. Til samanburðar má nefna að jafnstór íbúð á höfuðborgarsvæðinu kostar um 29 milljónir. Íbúi í Vesturbyggð sem selur 150 fermetra íbúðarhúsnæði sitt og flytur á höfuðborgarsvæðið getur því í mesta lagi keypt bílskúr fyrir andvirðið.

Fjöldi kaupsamninga á síðasta ári á hverja þúsund íbúa segir til um hreyfingu á eignum en hæfileg hreyfing á eignum er gott merki um heilbrigðan fasteignamarkað. Meðaltalið fyrir landið allt var rétt undir 45 samningum á hverja þúsund íbúa. Í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum, að undanskildum Súðavíkurhreppi, var óeðlilega lítil hreyfing á eignum og lítið um kaup og sölu.

**Tekjur undir landsmeðaltali**
Meðaltekjur á Vestfjörðum voru fjórtán prósentum undir landsmeðaltali á síðasta ári. Lægstar voru þær í Bæjarhreppi, eða um 183 þúsund á mánuði, sem er næstum helmingur af meðaltekjum á landinu öllu. Hæstu mánaðartekjurnar voru í Kaldrananeshreppi, tæp 450 þúsund, sem samsvarar því einum og hálfum mánaðartekjum í Bæjarhreppi.

Atvinnuleysi var yfir meðaltali í sex sveitarfélögum af tíu á Vestfjörðum, mest í Árneshreppi, þar sem það var rúm átta prósent á síðasta ári.




## Öll nema eitt á úreldingarlista

Ef kenningar tveggja bandarískra landfræðinga um framtíðarhorfur sveitarfélaga eru heimfærðar á Vestfirði má setja öll sveitarfélög landshlutans á úreldingarlista, nema eitt*.

| Viðmiðunarmörk: | 1 | | 2 | | 3 | | 4 | | 5 | | 6 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sveitarfélag: | Íbúar eru helmingi færri nú en fyrir aldarfjórðungi | | Íbúum hefur fækkað um tíu prósent eða meira á síðasta áratug | | Þéttleiki byggðar er innan við tvo íbúa á km² | | Meðalaldur er 38 ár eða hærri | | Meðalmánaðartekjur eru 10% undir landsmeðaltali | | Fjöldi kaupsamn. vegna íb.húsn. 2005 er undir landsmeðaltali** | |
| Bolungarvíkurkaupstaður | nei | -27% | já | -15% | nei | 8,27 | nei | 35,2 | nei | +5% | nei | 46,9 |
| Ísafjarðarbær | nei | -19% | já | -11% | já | 1,71 | nei | 35,2 | já | -12% | já | 31,6 |
| Reykhólahreppur | nei | -39% | já | -27% | já | 0,23 | já | 40,6 | já | -31% | já | - |
| Tálknafjarðarhreppur | nei | -13% | nei | -9% | já | 1,72 | nei | 33,0 | já | -25% | já | 40,4 |
| Vesturbyggð | nei | -43% | já | -28% | já | 0,72 | nei | 36,8 | já | -28% | já | 35,2 |
| Súðavíkurhreppur | nei | -41% | já | -17% | já | 0,31 | nei | 34,7 | já | -21% | nei | 76,6 |
| Árneshreppur | já | -72% | já | -43% | já | 0,07 | já | 41,6 | já | -39% | já | - |
| Kaldrananeshreppur | nei | -42% | já | -23% | já | 0,24 | já | 38,3 | nei | +37% | já | 8,9 |
| Bæjarhreppur | nei | -43% | nei | -2% | já | 0,21 | já | 40,7 | já | -44% | já | 9,5 |
| Strandabyggð | nei | -29% | já | -27% | já | 0,27 | nei | 35,3 | já | -19% | já | 10,0 |

**Fjöldi kaupsamninga á hverja 1.000 íbúa. Landsmeðaltal er 44,8.

Viðmiðunarmörkin sex má sjá í töflunni og hafa þau verið heimfærð upp á íslenskar aðstæður.

Samkvæmt þessu eru átta af níu sveitarfélögum Vestfjarða í útrýmingarhættu: Ísafjarðarbær, Reykhólahreppur, Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Bæjarhreppur og Strandabyggð. Einungis Bolungarvíkurkaupstaður getur horft til framtíðar með nokkurri bjartsýni.

*Kenningar hjónanna Deborah og Frank Popper voru settar fram í lok níunda áratugarins og miðuðust að því að meta framtíðarhorfur tiltekinna sveitarfélaga á sléttunum miklu í miðjum Bandaríkjunum. Þær fólust í því að setja fram sex viðmiðunarmörk sem gæfu vísbendingu um að sveitarfélag ætti sér ekki viðreisnar von. Ef sveitarfélagið uppfyllti tvö eða fleiri skilyrði gat það talist á góðri leið með að fara í eyði.

### MEÐALMÁNAÐARTEKJUR ÁRIÐ 2005

| | |
|---|---|
| **Vestfirðir** | **281.626 kr.** |
| Bolungarvíkurkaupst. | 343.005 kr. |
| Ísafjarðarbær | 286.819 kr. |
| Reykhólahreppur | 225.100 kr. |
| Tálknafjarðarhreppur | 243.738 kr. |
| Vesturbyggð | 235.976 kr. |
| Súðavíkurhreppur | 259.291 kr. |
| Árneshreppur | 198.499 kr. |
| Kaldrananeshreppur | 447.096 kr. |
| Bæjarhreppur | 182.820 kr. |
| Strandabyggð | 264.477 kr. |
| **Höfuðborgarsvæðið** | **353.724 kr.** |
| **Landið allt** | **326.782 kr.** |

Meðaltekjur á Vesturlandi árið 2005 voru 86% af landsmeðaltali




14% vantar upp á að meðaltekjur á Vesturlandi nái landsmeðaltali eða 45.156 kr. á mánuði

Þetta er fimmta greinin af átta í greinaflokki Fréttablaðsins um byggðaþróun. Á morgun verður fjallað um Norðurland vestra.




Accord Sport 2,0i, beinskiptur,
155 hestöfl, ABS bremsur með EBD, stöðugleikakerfi,
skrikvörn, 6 loftpúðar/gardínur, 16" álfelgur,

**23.174** kr. á mánuði*
**2.549.000** kr.

H:N markaðssamskipti / SÍA

# FIMM SINNUM BETRA VERÐ



Accord Sport 2,0i, sjálfskiptur, 155 hestöfl,
ABS, EBD, stöðugleikakerfi, skrikvörn,
16" álfelgur, 6 loftpúðar/gardínur.

**24.084** kr. á mánuði*
**2.649.000** kr.

Accord Executive 2,0i, sjálfskiptur, 155 hestöfl,
ABS, EBD, stöðugleikakerfi, skrikvörn, 16" álfelgur, leðursæti,
6 loftpúðar/gardínur, rafmagn í sætum, sóllúga.

**27.220** kr. á mánuði*
**3.049.000** kr.





Accord Type – S 2,4i, beinskiptur, 190 hestöfl,
ABS, EBD, stöðugleikakerfi, skrikvörn, 17" álfelgur,
leðursæti, 6 loftpúðar/gardínur.

**27.988** kr. á mánuði*
**3.079.000** kr.

Accord Executive 2,4i, sjálfskiptur, 190 hestöfl,
ABS, EBD, stöðugleikakerfi, skrikvörn, 17" álfelgur,
leðursæti, 6 loftpúðar/gardínur, rafmagn í sætum.

**31.262** kr. á mánuði*
**3.439.000** kr.



honda.is

Þú hefur úr fimm Honda Accord bílum að velja; allir hlaðnir búnaði og á lægra verði en sambærilega búnir leiðandi keppinautar. Hvort sem þú myndir bera 190 hestafla Executive útfærsluna við BMW 3 línuna eða 155 hestafla Sport útgáfuna við Toyota Avensis þá er það engin samkeppni. Honda Accord kemur sterkastur út úr samanburðinum. Komdu og kynntu þér hvernig þú getur fengið mest fyrir peninginn. **Með fimm Honda góð kaup til að velja úr er ekki hægt að velja rangt.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

*Miðað við bílasamning hjá SP-Fjármögnun í 84 mán. og 35% útborgun.

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 60 20 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fulltrúar Samfylkingar skammast út í Vinstri græna.

# Að stjórna í sátt við samviskuna

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Á meðan formenn stjórnarandstöðunnar boða aukið samstarf á Alþingi situr sveitarstjórnarfólk Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs undir harðri gagnrýni borgarfulltrúa Samfylkingarinnar.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, fyrrverandi borgarstjóri, sagði í aðsendri grein í Morgunblaðinu í fyrradag að sveitarstjórnarmenn Vinstri grænna hefðu komið í veg fyrir sögulega samstöðu á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í stað þess að styðja Smára Geirsson, bæjarfulltrúa vinstri manna í Fjarðabyggð, hefðu þeir tryggt kjör Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra á Ísafirði, í formannsstól sambandsins á landsþingi fyrir síðustu helgi.

Það kann að vera sjálfsagt innan Samfylkingarinnar að styðja við bakið á fólki sem vinnur gegn grundvallarstefnu flokksins. Hugsjónir samfylkingarfólks virðast í þessu samhengi lítils virði í skiptum fyrir völd og áhrif. En sem betur fer eru enn til íslenskir stjórnmálaflokkar sem láta sig hugsjónir einhverju varða.

Smári Geirsson hefur verið ötull baráttumaður fyrir stóriðjuframkvæmdum í sínum landsfjórðungi og staðið sig vel sem slíkur að margra mati. Hann hefur birst í fjölmiðlum sem talsmaður virkjunarsinna – holdgervingur þeirrar stefnu. Það væri í meira lagi undarlegt ef Vinstri grænir færu að styðja mann með slíkar skoðanir til áhrifa.

Og hvað er fráleitt við það að Vinstri grænir styðji Halldór Halldórsson bæjarstjóra þrátt fyrir að hann sé í Sjálfstæðisflokknum?

Í blaðaviðtali í janúar 2003 óskaði Halldór fyrst eftir samstarfi við náttúruverndarsinna um uppbyggingu á Vestfjörðum. Vestfirðingar hefðu ekki kallað eftir stóriðju. Ítrekaði hann þessa skoðun sína í aðsendri grein í apríl á þessu ári og sagði meðal annars: „Í framhaldi af þessum áherslum beitti ég mér fyrir tillöguflutningi á Fjórðungsþingi Vestfirðinga haustið 2003 þar sem samþykkt var að undirbúa vinnu hjá vestfirskum sveitarfélögum við gerð svæðisskipulags þar sem náttúruverndarsjónarmið væru ráðandi.“ Tónar þetta ekki betur við stefnu VG en þula Smára Geirssonar undanfarin ár?

Með því að styðja Halldór Halldórsson sýna sveitarstjórnarmenn Vinstri grænna í verki að þeir eru samkvæmir sjálfum sér þegar kemur að umhverfismálum. Kjósendur VG geta verið nokkuð öruggir með að kjörnir fulltrúar fylgi stefnu flokksins í veigamiklum atriðum. Þetta mættu fulltrúar Samfylkingarinnar hafa í huga vilji þeir vera sannfærandi valkostur í næstu kosningum. Og ná betri árangri.

Ekki þarf að horfa lengra aftur en til sveitarstjórnarkosninganna síðastliðið vor til að sýna fram á að VG nýtur aukins traust. Flokkurinn jók talsvert við sig fylgi hringinn í kringum landið á meðan Samfylkingin hélt tæpast fyrri styrk. Í skoðanakönnunum Gallup í september mældist Samfylkingin með 27 prósenta fylgi aðspurðra. Vinstri grænir mældust með 20 prósenta fylgi. Í ágúst var þetta hlutfall 25 prósent, Samfylking, og 22 prósent, VG.

Þetta er engin tilviljun. Fulltrúar og stuðningsmenn Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs virka sannfærandi í opinberri umræðu. Með því að fylgja þeirri sannfæringu eftir í verki fá kjósendur skýran valkost sem þeir geta treyst. Fljótlegasta leiðin til að klúðra sterkri pólitískri stöðu er að haga seglum eftir vindi. Samfylkingin ætti að vera búin að læra af þeirri reynslu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson

Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



Illugi og umhverfismál

Fundur í kosningamiðstöðinni að **Suðurlandsbraut 14 í dag, miðvikudaginn 4. október klukkan 17:30.**
Framsaga og opnar umræður.

**Allir velkomnir!**
*stuðningsmenn Illuga*

Ný verkefni • Nýjar áherslur • Illuga í 3. sæti
**Prófkjör okkar sjálfstæðismanna í Reykjavík er 27. og 28. október 2006.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Pólitískt minni

Langrækni er nú ekki talin til helstu kosta mannsins. Hún hafi yfir sér neikvæðan blæ sem óþarfi sé að rækta. Gott minni er þó gulls ígildi í pólitík enda nauðsynlegt að vita hver stendur gegn þér og hver með. Og þetta minni virðist nú koma sjálfstæðismönnum að gagni í kjölfar þess að Dögg Pálsdóttir tilkynnti um framboð sitt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Rifja þeir upp sín á milli að hæstaréttarlögmaðurinn vann álitsgerð fyrir stjórnarandstöðuna um þjóðaratkvæðagreiðslur. Var hún fengin til þess í kjölfarið á því að forsetinn neitaði að skrifa undir fjölmiðlalögin umtöluðu. En eiga sjálfstæðismenn þá ekki bara að rækta með sér fyrirgefninguna í staðinn?



### Leita fanga

Fólk virðist vera mjög upptekið af prófkjörum í Suðurkjördæmi. Enda er það stórt kjördæmi og margskipt; Suðurnesin eru nú í slagtogi við sveitir Suðurlands og svo eru Vestmannaeyjar sér á parti. Það er erfitt að höfða til fjöldans og keppast frambjóðendur við að ná hylli almennings. Af því tilefni var þessi vísa send á ritstjórn Fréttablaðsins í gær:

*Í Suðurkjördæmi prófkjör er senn*
*sjálfstæðismenn til þess ganga*
*og það máttu vita um svo vel gefna menn*
*að víða leita þeir fanga.*

### Umhverfisvænar buxur

Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti borgarstjórnar, ítrekaði við alla borgarfulltrúa á borgarstjórnarfundi í gær að bannað væri að hafa kveikt á farsímum. Gilda svipaðar reglur í borgarstjórnarsalnum og á Alþingi. Þeir létu sér samt ekki segjast og svöruðu hvorki meira né minna en átta borgarfulltrúar í símann sinn. Þar á meðal Dofri Hermannsson, Samfylkingu, sem hélt sína fyrstu ræðu í borgarstjórn. Tóku borgarfulltrúar eftir að Dofri var í gallabuxum. Skrifast það sem byrjendamistök nema gallaefnið sé eitthvað umhverfisvænna en bómull?

bjorgvin@frettabladid.is



# Kaflaskipti – 1. október



ÓLAFUR HANNIBALSSON

**Í DAG** | Herlaust Ísland

Sunnudagurinn 1. október rann upp hátignarbjartur og fagur og sólskinið flæddi um götur borgarinnar og torg og væntanlega landið allt. Það var ánægjulegt að veðurguðirnir skyldu leggjast á eitt með landsmönnum að gera eftirminnilegan þennan fyrsta dag í 66 ár, sem enginn erlendur hermaður er á íslenskri grund. Þjóðarhreyfingin efndi til hátíðar þennan dag í Sjálfstæðishúsinu gamla við Austurvöll (sem nú nefnist NASA). Dagskráratriði voru við það miðuð að þar gætu komið saman allir þeir þjóðhollir Íslendingar, sem allan hersetutímann hefur dreymt um að hægt yrði að uppfylla þá svardaga ráðamanna við gerð samningsins, að hér skyldi aldrei her á friðartímum – þó svo að þeir hefðu á dögum kalda stríðsins sætt sig við veru amerísks hers í landinu sem illa nauðsyn.

Þjóðarhreyfingin er fjárvana samtök, sem ekki hefur möguleika á að auglýsa grimmt í fjölmiðlum í harðri samkeppni um athygli almennings. Hreyfingin á því mikið undir því að fjölmiðlar skýri frá því sem hún hefur á prjónunum. Þjóðarhreyfingin efndi því til blaðamannafundar í Þjóðmenningarhúsinu, eins og oft áður þegar hún hefur látið til sín taka í málefnum dagsins. Nú brá svo við að einungis einn fjölmiðill, Morgunblaðið, sá sér fært að senda fréttamann á fundinn, og skýrði myndarlega frá hátíðinni í frétt daginn eftir. Aðrir fjölmiðlar tóku þó við sér og skýrðu stuttlega frá hátíðinni, svo og þeim tilmælum hreyfingarinnar til allra þjóðhollra Íslendinga að flagga þennan dag til að fagna þeim kaflaskiptum, sem nú hafa orðið í sögu þjóðarinnar. Með tveimur undantekningum þó. Hvorki Fréttablaðið né sjónvarp allra landsmanna sáu ástæðu til að eyða svo miklu sem þumlungi dálkarúms eða sekúndubroti til að segja frá fyrirhugaðri hátíð fyrr en eftir á. Fyrir vikið fóru því margir á mis við skemmtilega og fróðlega stund, en þær ræður og ljóð sem þarna voru flutt má finna á heimasíðu Þjóðarhreyfingarinnar www.thjodarhreyfingin.is.

Þarna mættust fortíð og framtíð með kveðanda Steindórs Andersen, ættjarðarsöngvum stúlknakórs Kársnesskóla og beittu háði og glensi Bogomils Font og félaga. Pétur Gunnarsson rithöfundur flutti snarpa hugvekju og ræða Jóns Baldvins er eftirminnileg, ekki síst í ljósi þess að þar talaði fyrrum utanríkisráðherra og sendiherra Íslands í Washington. Síðast en ekki síst vil ég geta frumflutnings á ljóði sem Matthías skáld Johannessen og fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins orti í tilefni dagsins og færði Þjóðarhreyfingunni. Matthías kallar ljóðið 1.okt., og vegna þess að hann sjálfur var erlendis þennan dag, las Katrín Fjeldsted læknir og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins ljóðið á fundinum. Það fékk þvílíkar viðtökur hátíðargesta að Katrín var klöppuð upp og flutti ljóðið öðru sinni. Höfðu menn á orði að hér færi eitt fegursta ljóð sem Matthías hefur ort. Fer það hér á eftir:

**1. okt.**

Allt brýst nú líkt og jörðin út úr eggi
og allt svo bjart og hvítt á þeirri stund
og það er eins og lífið allt það leggi
sinn lófa á þann stutta endurfund

er jarðarkringlan vaknar ein og ofar
öllu því sem truflar þessa stund

og gott er að lifa einnig ef guð lofar
það andartak sem kviknar í það mund,

en þó er eins og þagni allt og hiki
á þessu augnabliki.
-----

Sólin hefur sofið bak við ský,
ég sé hún vaknar, ryður þeim úr vegi
og það er bjart og jörðin ung og ný
og yndisleg á þessum hvíta degi.

# Enn ein þrasnefndin

**Umræðan**
Sannleiksnefnd í leyniþjónustumálum



SIGRÍÐUR ANDERSEN

Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna, lagði það til í sjónvarpsfréttum um daginn að sett yrði á legg opinber „sannleiksnefnd“ sem myndi rannsaka hvernig lögregla fylgdist með þeim hópum sem höfðu í hyggju að kollvarpa lýðræðinu á Íslandi. Steingrímur lagði til að nefndin yrði þannig skipuð að hún „væri hafin yfir alla tortryggni“. Þetta hljómar allt mjög vel en er því miður augljós snara sem stjórnarandstöðuþingmaður leggur í þeirri von að ríkisstjórnin láti glepjast.

Steingrímur vonar að með þessu nái hann að hamast í þrígang á stjórnarflokkunum. Fyrst myndi hann gagnrýna skipunarbréf og verkefni nefndarinnar. Svo fengi skipan nefndarmanna, sama hvaða menn yrðu fyrir valinu, hæfilegan skammt af gagnrýni. Að lokum yrði svo niðurstaða nefndarinnar, sama hver hún nú yrði, tilefni utandagskrárumræðu með tilheyrandi stóryrðum. Helsti gallinn á þessari tillögu Steingríms er þó ekki aðeins að hann vilji gera pólitískt hanaat úr málinu heldur hitt að það er ekki heppilegt að láta ríkið rannsaka sjálft sig í þessum efnum. Það er miklu frekar verkefni sjálfstæðra fræðimanna eins og grein Þórs Whitehead í tímaritinu Þjóðmálum er gott dæmi um.

Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur einmitt lýst því yfir að gögn um þessi mál verði gerð opinber eftir því sem kostur er og hefur sett af stað starf sem miðar að því. Þá munu fræðimenn geta lagt mat sitt á hvað þarna hefur farið fram.

Steingrímur má þó eiga það að hann er eins og oft áður samkvæmur sjálfum sér. Ef hann sér einhver færi á nýju viðfangsefni í þjóðfélaginu er hann fljótur að leggja til að nefnd á vegum ríkisins taki það að sér. Jafnvel sjálfsagðir hlutir eins og að segja sannleikann verða honum tilefni til að stinga upp á opinberri nefnd.

*Höfundur er er lögfræðingur.*



# Þjónustusamningar eða svindl

**Umræðan**

Önnur grein af fjórum eftir Jóhann Óla Guðmundsson um heilbrigðis- og öldrunarmál.

Grein eftir Dagbjörtu Þyri Þorvarðardóttur, hjúkrunarfræðing, lektor og fyrrverandi hjúkrunarforstjóra Hrafnistu, sem birtist í Morgunblaðinu þann 26. ágúst sl., er mjög gott innlegg í umræðuna um þjónustusamninga sem forsvarsmenn hjúkrunarheimilanna hafa óskað eftir að verði gerðir við þá. Í umræddri grein kemur fram að ríkið er nú þegar að greiða til sumra hjúkrunarheimila fyrir þjónustu sem ekki er veitt og hefur um áratuga skeið ekki verið veitt að því er virðist. Alþingi Íslendinga er ábyrgt fyrir því að veita árlega og eftirlitslaust fjármunum í þessa ósýnilegu hít og hefur látið fara fram opinberar rannsóknir af minna tilefni en hér blasir við.



JÓHANN ÓLI GUÐMUNDSSON

Ég tek algerlega undir þá gagnrýni sem sett hefur verið fram af stjórnendum nokkurra hjúkrunarheimila og öðrum þeim sem láta sig þessi mál varða, um það að ríkið þurfi að gera skilgreinda þjónustusamninga við öll hjúkrunarheimili í landinu, annað er beinlínis fásinna. Þetta á reyndar líka við um rekstur allrar almennrar dvalarheimilisþjónustu. Það blasir við að óskilgreind og eftirlitslaus þjónusta, sem greitt er fyrir af almannafé, er haldlítil trygging fyrir umönnunargæðum og á sér naumast hliðstæðu í neinni tegund verktöku, sbr. upplýsingar úr grein Dagbjartar Þyri. Því miður er hér um að ræða algerlega óviðunandi ástand fyrir alla aðila málsins og verður ekki annað séð en þetta verklag skrifist á viljaskort og sláandi getuleysi heilbrigðisráðuneytisins til að sinna hlutverki sínu með viðunandi hætti.

*Það blasir við að óskilgreind og eftirlitslaus þjónusta, sem greitt er fyrir af almannafé, er haldlítil trygging fyrir umönnunargæðum.*

**Biðlistakerfið – hverjum þjónar það:**

Stjórnmálamenn eiga að taka þeirri áskorun sem sjálfsagðri, að fjalla heildstætt um málefni aldraðra sem og alls heilbrigðiskerfisins með opinni umræðu á kosningavetri og kanna þar hug þjóðarinnar til þess hvort stjórnvöld eru á réttri leið með hina grimmu sjálfsfækkunarstefnu biðlistanna, eða hvort þjóðin vill nýjar áherslur í heilbrigðismálum sínum. Í Bretlandi er biðlistakúltúrinn skammaryrði og nota fjölmiðlar hann sem stöðuga mælingu og aðhald á frammistöðu stjórnvalda þar í landi við að mæta kröfum almennings um bætt ástand og aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Umbylting heilbrigðiskerfisins á Íslandi er sannarlega komin á dagskrá og verður fróðlegt að sjá hvernig þjóðin sjálf heldur á málum sínum í þeirri umbótabaráttu. Þetta á jafnt við um alla aldurshópa og er það einskær sjálfsblekking að halda því fram að biðlistar séu eitthvað sem þjóðin á að una við í þeim mæli sem nú viðgengst. Mér væri nær að kalla þessa biðlista, „dauðalista“ og tel alla meðvitaða um það réttnefni. Þessir listar eru lítið annað en tilboð ríkisins til almennings um að spila við sig „rússneska rúllettu“ með líf og heilsu þeirra þjáðu. Hér er kerfið að þjóna sjálfu sér en ekki velferð þjóðarinnar. Þó hefði ég haldið að þetta tvennt ætti að fara saman. Eðlilegt aðgengi að heilbrigðisþjónustu í nútíma velferðarsamfélagi er grunnkrafa sem á ekki að þurfa að lúta lögmálum rúllettuspils.

Biðlistamenningin mætir ekki slíkri grunnkröfu, hún er þvert á móti andstæðingur hennar. Það verður ekki lengra haldið á þessari óheillabraut, enda eru fónarlömbin orðin allt of mörg. En spurningin er; af hverju þarf ríkið eða kerfið með sínum nafnlausu einstaklingum að vera andstæðingur þjóðarinnar, í stað þess að vera þjónn hennar. Hver er til fyrir hvern? Nýrra skilgreininga og viðmiðana er þörf og hvet ég þingmenn til að taka af alvöru á þessu mikilvæga viðfangsefni í stað endalausra undanbragða.

**„Foreldraflokkurinn“ þarf að bæta úr misheppnuðu uppeldi:**

Undanfarið hafa komið fram hugmyndir um að vinna að sjálfstæðu þverpólitísku framboði á vegum aldraðra. Mig undrar ekki að slík umræða fari fram og er viss um að slíkt framboð fengi gríðarlegt fylgi, því réttmæti slíks framboðs er yfirþyrmandi ljóst. Ég er nokkuð viss um að slíkt skref kallaði fram mun hraðvirkari og heildstæðari aðgerðir í málaflokknum og ég er viss um að aldraðir myndu valda slíkri pólitískri ábyrgð vel, í stað barna þeirra sem lítið vilja aðhafast í málefnum þeirra. Það er undarleg staðreynd að ráðandi kynslóð alþingismanna lætur sem aldraðir eigi beinlínis að betla úr lófa þeirra eða barna sinna þau lágmarks mannréttindi að eiga sér viðeigandi samastað á ævikvöldinu. Okkar kynslóð ætti að skammast sín og biðja aldraða afsökunar á afglöpum sínum og hafa hraðan á við að lagfæra þessa skömm. Ef af yrði þá myndi ég gefa þessum nýja flokki nafnið „Foreldraflokkurinn“ og ætti tilvist hans að bæta úr þeim uppeldis- og tillitsskorti sem virðist hrjá allt of marga innan þings sem utan gagnvart þessum málum. Hér þarf þverpólitíska samstöðu en ekki ómarkvissa og útþynnta flokkapólitík, málefnið er yfir slíkt hafið. Það er nokkuð heillandi hugsýn að sjá fyrir sér þingmenn „Foreldraflokksins“ vanda um fyrir misvel meðvituðum börnum sínum í þingsölum Alþingis og ekki finnst mér veita af í þessu efni.

*Höfundur er stjórnarformaður Öldungs hf. sem rekur hjúkrunarheimilið Sóltún.*

## AF NETINU

### Jón Valur og varnirnar

**Skelmir skrifar á Visir.is.**

Það er heldur óvíst að landið hafi grætt á herverunni eins og JVJ [Jón Valur Jensson] segir. Í fyrsta lagi eyðilagði Breta- og Kanavinna íslenskt vinnusiðferði, vinnusvik urðu eðlilegur hlutur. Í öðru lagi treystu Íslendingar því að „ameríski herinn svo réttsýnn og rogginn rétti þeim eitthvað í gogginn“. Afleiðingin var algert ábyrgðarleysi í efnahagsmálum bæði hjá ríki og einkafyrirtækjum. Í þriðja lagi græddu alls konar illa gefnir kónar á Kananum og fengu Íslendingar þá flugu í höfuðið að menntamenn væru lítils virði því þeir græddu ekkert. Þess vegna hefur það tekið landa vora langan tíma að skilja að menntun er leið til velsældar. Ábyrgðarleysi í menntamálum sem er óbein afleiðing hernámsins hefur verið efnahagslífinu feykidýrkeypt.


Samkeppni um útilistaverk

í tengslum við stöðvarhús Hellisheiðarvirkjunar



**Orkuveita Reykjavíkur auglýsir eftir listamönnum til þess að taka þátt í samkeppni um gerð útilistaverks við stöðvarhús Hellisheiðarvirkjunar.**

**Ákveðið hefur verið að takmarka á engan hátt með hvaða hætti listamennirnir nálgast viðfangsefni sitt. Samkeppnin er opin almenn hugmyndasamkeppni.**

**Veitt verða þrenn verðlaun.**
**1. verðlaun: 1.200.000 kr.**
**2. verðlaun: 600.000 kr.**
**3. verðlaun: 300.0000 kr.**

**Þegar úrslit liggja fyrir í samkeppninni verða tillögurnar almenningi til sýnis í sýningarsal Orkuveitunnar 100° á Bæjarhálsi 1.**

**Samkeppnin verður haldin samkvæmt samkeppnisreglum SÍM.**

Frumdrögum (teikningu eða ljósmynd) skal skilað inn á tveimur A4 blöðum þar sem verkið er sýnt frá tveimur hliðum. Einnig fylgi með stutt greinargerð um hugmyndina að baki verkinu, efnisval og uppbyggingu á A4 blaði. Heimilt er að senda jafnframt inn á CD eða DVD viðbótarupplýsingar ef höfundur/höfundar álíta það nauðsynlegt til skýringar á tillögu/tillögum.

Hugmyndum skal skilað inn undir dulnefni og skulu A4 blöðin merkt með dulnefninu í hægra horni að neðan. Möguleg viðbótargögn á CD eða DVD skulu merkt með sama hætti. Ógegnsætt umslag merkt sama dulnefni fylgi með, en í því sé nafn, kennitala og heimilisfang höfundar eða höfunda. Öllum er heimilt að senda inn tillögur.

Nánari upplýsingar um samkeppnina er að finna á vefsíðu Orkuveitunnar, www.or.is.

Dómnefnd skipuð fulltrúum Orkuveitunnar og Sambands íslenskra myndlistarmanna sér um framkvæmd samkeppninnar. Tilgangur samkeppninnar er að fá fram tillögur sem til þess eru fallnar að útfæra í fullri stærð. Að lokinni samkeppni verður tekin ákvörðun um hvaða verk verður valið til frekari útfærslu og uppsetningar. Stefnt er að því að gerð listaverksins og uppsetningu þess verði lokið árið 2007.

Nánari upplýsingar gefur trúnaðarmaður dómnefndar, Bergþóra Ingólfsdóttir hdl., netfang: bergthora.ingolfsdottir@mandat.is. Tillögur skal merkja: Útilistaverk - Hellisheiðarvirkjun.Trúnaðarmaður dómnefndar tekur á móti tillögum þriðjudaginn, 5. desember 2006 á milli kl. 12:00-16:00 í anddyri höfuðstöðva Orkuveitunnar, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

Orkuveita Reykjavíkur

www.or.is

## AF NETINU

### Hagnýt ættfræði þingmanna á Alþingi Íslendinga

**Pétur Gunnarsson veltir fyrir sér fjölskylduböndum í pólitík.**

Valgerður Bjarnadóttir ætlar að sækjast eftir öruggu þingsæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík. Hún hefur verið áberandi í greinaskrifum og sem álitsgjafi í sjónvarpi undanfarin ár. Valgerður er dóttir Bjarna Benediktssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, og þess vegna systir Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra.

Fái Valgerður framgang í prófkjörinu munu þau systkinin hittast á þingi og sitja þar hvort fyrir sinn flokkinn. Ætli það auki líkur á stjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar að gera Valgerði að þingmanni?

Í stjórnarmeirihlutanum sem nú situr hafa eins og kunnugt er verið bræður, hvor í sínum flokki. Kristinn H. Gunnarsson, framsóknarmaður, og Gunnar I. Birgisson, sjálfstæðismaður, eru hálfbræður. Gunnar hefur nú sagt af sér þingmennsku til þess að einbeita sér að starfi bæjarstjóra í Kópavogi.

**Höfundur skrifar reglulega greinar á vefsíðuna www.petrum.blogspot.com/ og veltir fyrir sér málefnum líðandi stundar.**

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



1. VERÐLAUN
í Þýskalandi
W2241WPS

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

**Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

**Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

**Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR



MIELE ÞVOTTAVÉL
- fjárfesting sem borgar sig

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W2241 1400sn/mín/5 kg. | kr. 164.000 | kr. 114.800 |
| Þvottavél W3241 1400sn/mín/6 kg. | kr. 168.000 | kr. 126.075 |
| Þvottavél W3245 1600sn/mín/6 kg. | kr. 191.300 | kr. 143.475 |
| Þurrkari T233 m rakaskynjara og útblæstri/5 kg. | kr. 112.200 | kr. 78.540 |
| Þurrkari T233C m rakaskynjara og þétti/5 kg. | kr. 131.000 | kr. 91.700 |
| Þurrkari T4163 m rakaskynjara og útblæstri/6 kg. | kr. 119.800 | kr. 107.820 |
| Þurrkari T4263C m rakaskynjara og þétti/6 kg. | kr. 141.200 | kr. 127.080 |

Íslenskt stjórnborð

Miele

vilborga@centrum.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

# Ég horfi aldrei á sjónvarp

**Umræðan**
Íslensk dagskrárgerð

Einu sinni var ég að undirbúa grínskets fyrir gamanþátt á Ríkissjónvarpinu og var að reyna að útskýra hvað mig langaði að gera fyrir starfsmanni sem hafði starfað þarna síðan 1966. Ég reyndi að vísa í þekkt minni úr sjónvarps- og kvikmyndasögunni til að gera honum betur grein fyrir hvað ég væri að meina. Þá hristi hann hausinn, brosti, horfði stoltur á mig og sagði: „Ég horfi aldrei á sjónvarp“.



SIGURJÓN KJARTANSSON

Ég hef ansi oft heyrt þessa setningu: „Ég horfi aldrei á sjónvarp“. Þessu fylgir vanalega svipur sem er blanda af stolti og meðaumkun og segir: „Sjáðu hvað ég er nú sniðugur. Ég er sjálfstæður og óháður og læt ekki mata mig“. Þetta er alltsaman gott og blessað, enda ber ég fulla virðingu fyrir fólki sem lætur ekki mata sig.

Þegar ég horfi svo yfir það sem gert hefur verið í íslensku sjónvarpi þau 40 ár sem það hefur verið við lýði hugsa ég oft um hvað það er útbreitt meðal íslenskra listamanna að þeir horfa aldrei á sjónvarp. Það hefur nefnilega þótt liggja beinast við þegar sjónvarpið vill framleiða leikið íslenskt sjónvarpsefni að leita einmitt til listamanna, oftast rithöfunda sem hafa náð góðum árangri við ritun góðbókmennta. Ég ætla ekki að fullyrða um það en ég hef á tilfinningunni að stundum hafi rithöfundar tekið verkin að sér í bríaríi, milli annarra og merkilegri verka, hent einhverju saman í hálfgerðum pirringi og niðurstaðan hefur oftar en ekki verið hörmung.

Enda hafa rithöfundar þessa lands ekki haft neinar forsendur til að skrifa fyrir sjónvarp. Sú rithöfundastétt sem enn ræður ríkjum hér á landi er að mestu fædd uppúr seinna stríði og fæstir þeirra ólust upp við sjónvarp á sínu heimili. Þegar sjónvarpið kom loksins árið 1966 var það landlægt innan listamannaelítunnar að fordæma sjónvarp eins og hægt var. Íslenskir rithöfundar hafa flestir drukkið í sig það viðhorf með móðurmjólkinni að sjónvarp sé lágmenning.

Þessvegna er það varla nema von að leikið íslenskt sjónvarpsefni hafi verið hörmung í áratugi, þegar ofaná kemur að flestir leikstjórar og leikarar landsins hafa alist upp við það viðhorf að sjónvarp komist ekki í hálfkvisti við listræna kvikmynd, að ég tali nú ekki um leikhús. Meðal íslenskra listamanna hefur virðingin fyrir miðlinum ekki verið uppá marga fiska.

En á seinni árum höfum við horft til Danmerkur og séð að þar er eitthvað að gerast í gerð leikins sjónvarpsefnis. Svakalega gengur Dönum vel að búa til brilljant sjónvarp, segjum við. Afhverju ætli það sé? Spyrja menn og svara um leið, jú, það er útaf því að danska ríkissjónvarpið hefur eytt svo miklum peningum í þarlenda dagskrárgerð, öfugt við þetta níska íslenska RÚV batterí sem aldrei tímir neinu. Með þessu svari halda menn að þeir hafi hitt naglann á höfuðið, en staðreyndin er sú að þetta er aðeins að hluta til rétt. Það er jú alveg rétt að RÚV hefur ekki eytt nógu miklum pening í íslenska dagskrárgerð en ef svo væri, mundi þá kunnáttan vera fyrir hendi? Kunnum við að búa til svona góða þætti eins og framleiddir eru í Danmörku?

Mundu menningarvitar ekki fá sjokk þegar þeir heyra að frumkvöðlar þessarar dönsku sjónvarpsbylgju hafa óhikað sótt þekkingu sína til mekka lágmenningar í heiminum, Bandaríkjanna. Dönsku dramaþættirnir eru unnir með sama verklagi og þekkst hefur í áratugi í Bandaríkjunum og í Danmörku er enginn feiminn við að viðurkenna það.

> Mundu menningarvitar ekki fá sjokk þegar þeir heyra að frumkvöðlar þessarar dönsku sjónvarpsbylgju hafa óhikað sótt þekkingu sína til mekka lágmenningar í heiminum, Bandaríkjanna.

Ég hef mikla trú á því að hér geti í framtíðinni starfað höfundar sem hafa viðurværi sitt eingöngu af því að skrifa leikna sjónvarpsþætti fyrir Íslendinga. En ekki bara Íslendinga, heldur líka útlendinga. Dramaþættir sem gerast á Íslandi og fjalla um líf, ástir og glæpi Íslendinga eiga alveg jafn mikið erindi við fólk í öðrum löndum eins og dramaþættir um líf, ástir og glæpi útlendinga eiga við okkur. Ef við stöndum svipað að framleiðslu íslenskra sjónvarpsþátta og við höfum framleitt allar þessar íslensku bíómyndir sem hafa farið sigurför um evrópu, þá eru leiknir íslenskir sjónvarpsþættir framtíðin.

En ef við ætlum að búa til gott leikið sjónvarpsefni verðum við líka að nálgast miðilinn hrokalaust og afla okkur þekkingar og menntunar í skrifum á slíku efni. Við höfum orðið mjög fært fagfólk sem getur annast alla tæknilegu framleiðsluhliðina en það sem okkur vantar enn er grunnurinn, góð handrit. Gott sjónvarpsefni er ekki hrist fram úr erminni og að handritsskrifum á vel heppnuðum sjónvarpsþáttum kemur yfirleitt hópur fólks sem vinnur nótt og dag að sama marki. Til að búa til gott sjónvarp verðum við að hafa ást á miðlinum. Rétt eins og höfundur bóka elskar bækur, eða bíómyndaleikstjóri elskar bíómyndir. Ef ástin er ekki til staðar verður engin nýsköpun. Því langar mig að spyrja þig rithöfundur góður, sem hefur hug á að skrifa fyrir sjónvarp: Elskar þú sjónvarp, eða ert þú kannski einn af þeim sem stæra sig af því að horfa aldrei á sjónvarp? Ef sú er raunin þá legg ég til að þú snúir þér að einhverju öðru.

*Ræða þessi var flutt í Norræna húsinu, laugardaginn 30. september, á samkomu Bandalags íslenskra listamanna í tilefni 40 ára afmælis Ríkissjónvarpsins. Höfundur hefur skrifað leikið sjónvarpsefni í rúman áratug.*

## AF NETINU

### Með og á móti virkjun

**Egill Helgason undrast opinbera umræðu hér á landi eftir að hafa dvalið erlendis um nokkurt skeið.**

Merkilegt er að koma heim eftir nokkra dvöl í útlöndum og heyra að þjóðin er enn föst í rifrildinu um Kárahnjúkavirkjun – að það magnast fremur en hitt – og verður jafnvel kosningamál í vetur þegar nánast verður búið að taka virkjunina í notkun. Við setningu þingsins í dag talaði Ólafur Ragnar Grímsson um að náttúruvernd gæti klofið þjóðina eins og hermálið áður. Má vera. Maður hefur skynjað að áköfustu náttúruverndar- og virkjanasinnarnir tala ekki sama tungumál. Skilja ekki hvorir aðra – eða vilja það ekki.

**Egill skrifar á Visir.is undir Skoðanir.**



## ALLT HITT

**[NÁM FERÐIR BÍLAR]**

**Hádegisfundur** á vegum Evrópuréttarstofnunar Háskóla Reykjavíkur verður haldinn 10. október kl. 12.00-13.00. Forstöðumaður stofnunarinnar, Peter Cr. Dyberg, flytur erindið „Impact of the EEA on National Tax Rules“. Hægt er að skrá í síma 599 6267 eða á netfangið johanna@ru.us. Þátttökugjald er 1.500 kr. Sjá nánar www.hr.is.

**Útgáfustarfsemi** Útiveru hefur verið flutt úr Hafnarfirði á aðra hæð Suðurlandsbrautar 54. Í nýju húsnæði er betra sýningarrými fyrir blöð og bækur, auk þess sem betri aðstaða er til að taka á móti gestum. Nánar á vefsíðu Útiveru, www.utivera.is.



**Keppnisbíll** Borgars Ólafssonar og Jóns Bjarna Hrólfssonar, sem gekk mjög vel í Íslandsmótinu í ralli í sumar, verður hafður til sýnis í sal Brimborgar í október. Bíllinn sem er af gerðinni Ford Focus færði þeim sigur í sínum flokki, það er tvö þúsund flokknum. Sjá nánar á www.brimborg.is.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 4. október, 277. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.44 | 13.16 | 18.47 |
| Akureyri | 7.31 | 13.01 | 18.29 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Ingibjörg ætlar að skoða stöðu einhentra á vinnumarkaðnum í lokaverkefninu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Atvinnulífið skoðað frá ýmsum hliðum

***Ingibjörg Ólafsdóttir er á síðasta ári í BA-námi í félagsfræði og atvinnulífsfræði í Háskóla Íslands.***

Ingibjörg tekur félagsfræði sem aðalgrein til sextíu eininga og atvinnulífsfræði sem aukagrein til þrjátíu eininga. „Fyrstu önnina mína var ég reyndar í viðskiptafræði og hef fengið svolítið metið af því auk þess sem ég hef tekið nokkur námskeið í stjórnmálafræði svo ég blanda þessu öllu saman til að fá breiðari grunn,“ segir Ingibjörg.

Atvinnulífsfræðin er mjög spennandi fræðigrein að mati Ingibjargar. „„Í atvinnulífsfræðinni hef ég til dæmis verið að skoða vinnumenningu og velta því fyrir mér hvort hún sé sterkari en fjölskyldumenningin og ef svo er, hvernig það komi þá út fyrir okkur. Ég hef líka verið að skoða alþjóðavæðinguna og áhrif hennar, hvort hún þrýsti einhverjum hópum út af vinnumarkaðnum og ef hún gerir það, hvaða hópar eru það þá og hvað verður um þá. Pælingarnar eru endalausar og það fer bara eftir því hvar áhugasviðið liggur hvað maður vill skoða. Það sem mér finnst gera þetta nám sérstaklega spennandi er að maður fær, ef maður vill, svo mörg sjónarhorn á atvinnulífið.“

Ingibjörg er farin að huga að lokaverkefninu sínu og þar sem hún er sjálf einhent ætlar hún að skoða stöðu einhentra á vinnumarkaðnum. „Við erum svona þrjátíu til fjörtíu í allt og það er ekki til nein tölfræði um þennan hóp. Mig langar að skoða hvernig þessi hópur hefur það á vinnumarkaðnum og hvort hann skili sér út í atvinnulífið eða ekki.“

Eftir áramót ætlar Ingibjörg að fara til Bandaríkjanna sem skiptinemi í hálft ár. „Ég er að fara til L.A. og klára námið mitt úti þannig að þegar ég kem heim á ég bara verkefnið eftir. Ég stefni svo á að vera komin með annan fótinn inn á vinnumarkaðinn næsta sumar og vera þá með hinn uppi í háskóla að klára verkefnið mitt og byggja ofan á námið.“

*emilia@frettabladid.is*



Sparaksturskeppnin gengur út á að keyra rúma 140 kílómetra á sem minnstu magni eldsneytis. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Keppt í sparakstri

ALMENNINGUR OG BIFREIÐAUMBOÐ KEPPA JAFNHLIÐA UM MINNSTU ELDSNEYTISNOTKUNINA.

Sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu fer fram laugardaginn 7. október næstkomandi á sjálfsafgreiðslustöð Atlantsolíu við Bíldshöfða 20. Keppnin er bæði ætluð fyrir almenning og bifreiðaumboð. Skráning og allar frekari upplýsingar eru á heimasíðunni atlantsolia.is/sparakstur.aspx eða hjá FÍB, Borgartúni 33. Þátttökugjald er 900 kr. fyrir félagsmenn í FÍB og/eða handhafa dælulykils Atlantsolíu en 1.800 kr. fyrir aðra. Ökumenn skulu hafa með sér aðstoðarmann í bifreiðinni og heimilt er að hafa fleiri en einn farþega með í bifreiðinni.
Eknir verða rúmlega 140 kílómetrar og markmiðið er að komast keppnishringinn á sem minnstu magni eldsneytis. Keppnin fer fram í almennri umferð og af þeim sökum skiptir nokkru að keppnisbílar séu ekki annarri umferð til trafala. Því er mikilvægt að keppendur fylgist með og taki tillit til umferðar og reyni eftir megni að liðka til fyrir framúrakstri. Keppnishringurinn verður ekinn innan hámarkstímamarka. Það þýðir að ef bíll fer hægar en tímamörk segja til um eru gefin refsistig.
Alls er keppt í tólf flokkum, eða sex stærðaflokkum af bensínvélum og jafnmörgum af dísilvélum.




**Virðum** hraðatakmarkanir í hverfum og nálægt skólum þar sem lítil kríli eru á ferð.

Langendorf
malarvagnar
Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki.
STURLAUGUR & CO
Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 551 4680
www.sturlaugur.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

HÆTTIÐ AÐ PRÍLA
RAFSTÝRÐAR YFIRBREIÐSLUR
FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA OG GÁMA
G.T. ÓSKARSSON EHF
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
Sími 554 6000 • www.islandia.is/scania

FRAMÖXLAR Í JEPPA
Japan/U.S.A.
Öxulliðir í flestar gerðir jeppa
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
fjallabilar@fjallabilar.is

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar
Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557



Audi sýnir þennan R8 á sýningunni í París en hann er búinn miðlægum 420 hestafla V-8 mótor.

# Flottir bílar í Frakklandi

***Fjöldinn allur af frumsýningum og uppfærslum til sýnis.***

Í tískuborginni París er vani að frumsýna það sem heimsbyggðin á eftir að girnast. Að minnsta kosti þeir sem hafa einhvern sans fyrir tísku. Það má því segja að borgin sé kjörin staður fyrir bílasýningar, líkum þeirri sem hófst þar um helgina.

Ein athyglisverðasta frumsýningin í París í ár er án efa Audi R8 sportbíllinn. Hann er byggður að hluta til á Lamborghini-grunni og hefur tekið sáralitlum breytingum frá hugmyndaútgáfunni. Í bígerð er að búa bílinn Audi V8 mótor en V10 útgáfa verður líklega í boði innan skamms.

Annar bás sem nýtur töluverðrar athygli hefur meðal annars að geyma tvo uppfærða bíla frá Porsche, annarsvegar splunkunýjan Targa sem er að rúlla í sölu um þessar mundir og hinsvegar GT3 RS sem er í raun kappakstursbíll, dulbúinn sem löglegur götubíll.



C-Métisse hugmyndabíll Citroën er að matri sumra stjarna sýningarinnar.



Fáguð en dýrsleg fegurð ræður ríkjum í hönnun Peugeot 908RC lúxushugmyndabílsins.

Á meðal annarra frumsýninga má nefna uppfærðan BMW X3, nýjan Mini Cooper, framleiðsluútgáfuna af Volvo C30 smábílnum og Volkswagen Scirocco hugmyndabílnum.



187 hestafla dísilmótor er hjarta þessa hugmyndabíls, Chevrolet WTCC Ultra.

Auk þeirra sem hér eru nefndir er fjöldinn allur af spennandi sýningargripum en nánar verður fjallað um sýninguna á þessum síðum í næstu viku.

Sýningin stendur til 15. október og ef einhver er á leiðinni til Frans er rétt að benda á að aðgangur á sýninguna kostar aðeins 12 evrur.

allt tilboð
Alla föstudaga



Buick LaSabre. Eitthvað þessu líkt verður að finna á götum Kína ef að líkum lætur

# Buick-lúxusbifreið á Kínamarkað

***GM ætlar að framleiða lúxusbifreið í Kína.***

Bílaframleiðandinn GM ætlar að framleiða nýja Buick-lúxusbifreið í Kína sem á að fara á markað þar í landi, eftir því sem fram kemur á fréttavef CNN. Þetta er nokkur breyting en áður hefur GM verið með smábíla á markaði í Kína.

GM á í samstarfi við Automotive Industrial Corp. í Shanghai. Saman hafa fyrirtækin verið leiðandi í sölu bíla á markaði í Kína sem stækkar ört þessa dagana. Hins vegar hefur áherslan verið á smærri bíla hingað til.

Þó hefur GM flutt inn nokkra af sínum stærri lúxusbílum frá Bandaríkjunum að undanförnu.

Nýja bifreiðin mun bera nafnið Buick Royaume í Kína en ekki er enn ljóst hvenær hann mun líta dagsins ljós.

*- sgi*



Nóg er til af bílunum og því ástæðulaust að ana út í bílakaup án undirbúnings. NORDIPHOTOS/AFP

## Algeng mistök við bílakaup

TÍU ATRIÐI SEM OF MARGIR FLASKA Á ÞEGAR NÝR EÐA NOTAÐUR BÍLL ER KEYPTUR.

Það er gaman að kaupa nýjan bíl en mörgum hættir til að ganga fullhratt um gleðinnar dyr. Þeir eiga á hættu að borga of mikið eða enda jafnvel með bíl sem þeir eru ekki ánægðir með. Hér eru talin upp algeng kaupendamistök og hvernig ber að forðast þau.

**1. Að falla fyrir einni tegund**
Þegar þú eyðir hálfum eða heilum árslaunum í bíl ættir þú ekki að láta ást þína á einni ákveðinni tegund koma í veg fyrir að þú skoðir aðrar tegundir. Kannski hentar önnur tegund þér jafn vel en fæst á betra verði. Leggstu í heimavinnu og skoðaðu dóma og verð á netinu. Ekki láta orð sölumannsins vera einu upplýsingarnar.

**2. Að sleppa reynsluakstrinum**
Ef þú ert að kaupa nýjan eða nýlegan bíl ættir þú að reynslukeyra hann í að minnsta kosti 20-30 mínútur. Öðruvísi veistu ekki hvort hann hentar þér, hvort hann stenst væntingar þínar og hvort hann skortir eitthvað sem þér finnst mikilvægt. Ekki láta orð annarra og glansmyndir í bæklingi duga.

**3. Að semja út frá ásettu verði**
50.000 króna afsláttur frá ásettu verði þarf ekki að vera kostaboð. Á vefsíðu Bílgreinasambandsins er leiðbeinandi verð fyrir flesta bíla og nema mikið meiri eftirspurn en framboð sé af bílnum áttu að geta komist í námunda við það, jafnvel talsvert neðar.

**4. Að einblína á afborganir**
Ekki láta afborganir vera útgangspunkt sölumannsins til að finna þér bíl. Semdu fyrst um verðið. Eftir það geturðu samið um uppítökuverð gamla bílsins og þá fyrst geturðu farið að ræða fjármögnun. Ef þú býður sölumanninum að gera tilboð í allan pakkann hefur hann of mikið svigrúm til að hækka einn þátt á móti öðrum sem hann lækkar.

**5. Að kaupa afsláttinn**
Ef bílar eru á tilboði, afslætti eða öðrum kostakjörum er yfirleitt ástæða fyrir því. Ekki kaupa bíl bara af því að verðið er gott. Skoðaðu dóma og berðu bílinn saman við aðra svipaða. Kannski finnurðu betri bíl á lægra verði. Alls ekki láta tilboð koma í veg fyrir að þú gerir lægra tilboð. Ef um notaðan bíl er að ræða þurfa bílasalarnir oft að losna við þá sem fyrst.

**6. Að hugsa ekki um fjármögnun**
Þú veist mjög líklega á hvaða verðbili næsti bíll verður og hvað þú hefur á milli handanna í innborgun eða uppítöku. Vertu búinn að kanna fjármögnunarmöguleika og hvaða leið er hagkvæmust fyrir þig. Ef bílasalinn býður ekki þá leið sem þér hugnast er vel hugsandi að sá næsti geri það.

**7. Að vanmeta verðgildi öryggisbúnaðar**
Ekki halda að það sé óþarfi að borga fyrir ABS, stöðugleikakerfi eða auka loftpúða. Banaslys í umferðinni eru staðreynd og sá búnaður sem getur forðað þér frá því er hverrar krónu virði. Kannaðu á netinu hvernig þessi tiltekna árgerð bílsins hefur komið út úr árekstraprófunum og finndu þann bíl sem sér þér og fjölskyldu þinni fyrir nægilegri vernd.

**8. Að kaupa óþarfa aukahluti**
Ef bíllinn er hlaðinn aukabúnaði sem þú hefur ekkert við að gera er líklegt að þú fáir hrárra eintak á betra verði. Ef bíll er keyptur frá útlöndum skaltu ekki kaupa aukalega ryðvörn og þess háttar. Í langflestum tilfellum er bíllinn nægilega vel varinn - og þú getur sjálfur bætt um betur fyrir minni pening.

**9. Að rannsaka ekki raunvirði gamla bílsins**
Yfirleitt færðu meira fyrir gamla bílinn með því að selja hann heldur en að setja hann uppí. Finndu út gangverð bílsins og vertu viðbúinn að geta þurft að lækka þig aðeins frá því ef bílasalinn tekur hann upp í. En alls ekki mikið.

**10. Að láta ekki ástandsskoða notaðan bíl**
Þegar þú kaupir notaðan bíl skiptir ástand eintaksins öllu máli. Meira að segja bestu bílar í heimi geta eyðilagst ef engin er umönnunin. Láttu hlutlaust verkstæði ástandsskoða bílinn til að komast að leyndum göllum, bilunum og sliti. Fáðu skriflega lýsingu og áætlaðan kostnað við að laga það sem er að. Það er notadrjúgt plagg í verðsamningum.






# Nýr Colt fyrir nýbökuð hjón

***Á dögunum fengu hjónin Daði Rúnar Jónsson og Gróa Ólöf Þorgeirsdóttir upphringingu frá Ásu Björg Tryggvadóttir, markaðsfulltrúa Heklu. Hún vildi endilega lána þeim nýjan Mitsubishi Colt í þrjá mánuði, þeim að kostnaðarlausu.***



Daði og Gróa taka við lyklunum frá Ásu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í síðustu viku tók Fréttablaðið viðtal við Daða og Gróu vegna brúðarbíls þeirra, en þau giftu síg síðastliði sumar. Brúðarbíllinn var Mitsubishi Colt sem Daði hafði átt í mörg ár og var við það að gefast upp. Búið var að mála hjörtu á bílinn og koma fyrir kampavínsborði innanborðs og var bíllinn hinn glæsilegasti. Hjónin höfðu lofað gestum fornbíl og að vissu leyti stóðu þau við það en bíllinn er frá árinu 1992.

Þegar starfsfólk Heklu las greinina fannst því aðdáunarvert hversu mikið þetta unga par lagði á sig fyrir bílinn sinn. „Okkur finnst mjög áhugavert hvað fólkinu þykir vænt um bílinn sinn og hvað þau reyna að halda honum skemmtilega við,“ segir Ása. „Nú er að koma nýr Colt á markaðinn og við erum að fara af stað með auglýsingaherferð og fannst því tilvalið að leyfa þeim að prófa nýjan Colt og halda við áhuganum hjá þeim.“



Brúðarbíllinn Krútta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gróa og Daði voru að vonum ánægð með nýja bílinn, sem er víst nokkuð frábrugðinn gamla brúðarbílnum. „Hann er allt öðruvísi og það er mjög gott að keyra hann,“ segir Gróa. „Svo er hann líka furðu rúmgóður miðað við hversu lítill hann er. Við höfum verið að bjóða vinunum í bíltúr og þeir hafa allir minnst á einmitt það hversu gott plássið er. Svo er líka búið að skipta út kampavínsborðinu fyrir útvarp og það er heilmikill munur.“

Örlög Krúttu, en svo nefnist gamli Coltinn, eru ekki ráðin. Hún fær frí í það minnsta næstu þrjá mánuði en hver veit nema að í framhaldinu verði hún sunnudagsbíllinn sem bara er keyrður innanbæjar í þurru. Hún myndi án efa sóma sér ágætlega í miðri fornbílaröðinni sem stundum myndast á fimmtudagskvöldum á Laugaveginum.

*- tg*




**Árstíðin** er runnin upp þegar allra veðra er von. Því er gott að pakka niður húfu, trefli og auka sokkum hvort sem er í langar eða stuttar ferðir.





St. Moritz í Sviss er glæsilegt skíðasvæði í suðurhluta Alpanna.

## Skíðað um jólin

***GB ferðir bjóða gott úrval af skíðaferðum í vetur og glæsilega ferð til Aspen um jólin.***

Þeir sem hafa hug á að komast úr jólastressinu og njóta sín á skíðum á einu besta skíðasvæði veraldar ættu að kynna sér jólaferð GB ferða til Aspen í Colorado. Gist verður í tíu nætur frá 19. til 29. desember á fimm stjörnu hótelinu Aspen Meadows og fá gestir aðgang að heilsulind hótelsins og að sjálfsögðu fylgja skíðapassar með verðinu. Í Aspen er gott snjóbrettasvæði, brekkur sem henta öllum getustigum, sérlega gott færi og auk þess er Aspen ákaflega fjölskyldu- og jólavænn staður.

Takmarkað sætaframboð er í þessa ferð.

Einnig bjóða GB ferðir skíðamönnum ferðir til St. Moritz í Sviss í febrúar og mars. Upplýsingar um báða þessa áfangastaði má finna á gbferdir.is.

*- jóa*

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905



Sóley Jóhannsdóttir danskennari og Bjargey Aðalsteinsdóttir íþróttafræðingur leiðbeina á lífstílssnámskeiðum sem haldin verða á Kanaríeyjum á vegum Sumarferða.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Fræðsla, afslöppun og sólríkar strendur

***Sumarferðir bjóða nú þriðja árið í röð upp á skemmtileg lífsstílsnámskeið undir leiðsögn Bjargeyjar Aðalsteinsdóttur. Þetta árið fara námskeiðin fram í sólinni á Kanaríeyjum.***

Nú fá Íslendingar tækifæri til að flétta saman uppbyggilegum námskeiðum og afslöppun á suðlægum slóðum en Sumarferðir bjóða upp á þrenns konar námskeið á Kanaríeyjum í vetur. „Þessi námskeið hafa notið mikilla vinsælda enda hefur orðið mikil vakning í þjóðfélaginu að hugsa um líkama og sál,“ segir Bjargey Aðalsteinsdóttir íþróttafræðingur, einn af leiðbeinendum námskeiðanna. „Þetta eru alls þrjú námskeið; Nýr og betri lífsstíll sem er haldið 17. til 24. október, Nýr og betri dans sem er haldið 24. til 31. október og síðan Ný og betri kona sem fer fram dagana 15. til 21. febrúar.“

Allar ferðirnar miða að því að blanda saman leik og vinnu. „Nýr og betri lífsstíll er námskeið kennt af mér og Sóley Jóhannsdóttur danskennara og er námskeið fyrir konur á aldrinum 25 til 65 ára,“ segir Bjargey. „Námskeiðið er haldið á eyjunni Lanzarote og er aðalmarkmiðið að hafa fræðandi fyrirlestra, um streitu, hjartað, næringu og annað, í bland við skemmtilega leikfimi. Námskeiðið hentar öllum og er kjörið fyrir þá sem vilja taka nýja og heilbrigðari stefnu í lífinu. Námskeiðið Nýr og betri dans er fyrir pör og hjón sem vilja styrkja sambandið enn frekar. Á námskeiðinu kenna Jói og Thea úr Danssmiðjunni dans, ég kenni jóga og slökun og saman vinna pörin að verkefni til að styrkja sambandið og auka rómantíkina. Pörin eru ekki látin standa upp og tala um sín einkamál heldur eru verkefnin unnin í einrúmi.“



Ætli fólk sér á annað borð að taka þátt í námskeiði þá er ekki úr vegi að gera það með stæl og halda á suðlægar slóðir með glósubók og sólarolíu.

Bjargey segir þriðja námskeiðið, Ný og betri kona, hafa átt hvað mestum vinsældum að gegna. „Þessi námskeið hafa alveg slegið í gegn. Við dveljum á Tenerife í eina viku og tökum Dale Carnegie námskeiðið á þeim tíma. Eftir hádegi er frjáls tími. Konurnar hafa komið heim úr þessari ferð bæði afslappaðar, sjálfsöruggar og auðvitað sólbrúnar,“ segir Bjargey og hlær.

Enn eru laus sæti á námskeiðið Nýr og betri lífsstíll, biðlisti er á paranámskeiðið og bókanir eru hafnar á Dale Carnegie námskeiðið. Þær sem vilja freista gæfunnar geta fylgst með Bjargeyju og Sóleyju í Íslandi í bítið í næstu viku þar sem tvær heppnar konur fá gefins ferð til Kanaríeyja á þetta vinsæla námskeið.

Nánari upplýsingar um námskeiðin má finna á sumarferdir.is.

*johannas@frettabladid.is*



Vikulegt morgunflug
200 sæta tilboð!
**Kúba** í vetur
frá 49.190 kr.*



- Glæsilegir gististaðir
- Havana og/eða Varadero
- 1 eða 2 vikur
- Frábærar kynnisferðir
- Perlur Kúbu, fegurstu staðirnir - ein ferð

Ótrúlegt verð - bókaðu núna!

Verð frá *49.190 kr.
Flugsæti með sköttum, 7. eða 14. janúar

Vikuferð frá 69.990 kr.
Netverð á mann m.v. gistingu í tvíbýli með morgunv. í viku á hótel Arenas Doradas ***+, 18. mars.

Glæsilegir gististaðir í Havana og Varadero í boði

Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

## Göngur í hálendi Spánar

***Fjölbreyttar gönguferðir í fjalllendi á Spáni eru í boði með íslenskri leiðsögn.***

Hjónin Ingibjörg Þórhallsdóttir hjúkrunarfræðingur og Rúnar Karlsson tölvunarfræðingur bjóða upp á leiðsögn í fjallgöngum um fagurt landsvæði fyrir ofan Costa Blanca á Spáni. Þau eru í góðu sambandi við eigendur lítilla fjallahótela og veitingastaða sem þekkt eru fyrir gæði og í litlum þorpum á svæðinu er ýmis þjónusta í boði svo sem pínulítið bankaútibú, matvöruverslun í minni kantinum, barir og veitingahús, án þess þó að fórnað sé þeirri fegurð og friðsæld sem einkennir þorpin.

Hitastigið að hausti og vetri er svipað og á góðum sumardögum á Íslandi, meðalhiti í febrúar er um 14 gráður og í fjallshlíðunum vex fjölbreyttur gróður. Fólk getur sérpantað gönguferðir fyrir hópa en einnig eru þau hjón með ferðir ákveðna daga. Til dæmis eru laus pláss í þriggja skóa ferð dagana 12.-19. október. Þátttakendur þurfa að koma sér sjálfir á staðinn en beint flug til Alicante er á vegum margra ferðaskrifstofa. Þau Ingibjörg og Rúnar hafa tekið þátt í rekstri hótels á þessu svæði síðustu ár en hafa nú snúið sér alfarið að gönguferðunum sem nánari upplýsingar eru um á *www.gongufri.com* og *ganga@gongufri.com*



Sumir stígarnir eru sex hundruð ára gamlar þjóðleiðir frá tímum Mára.



**Námsbókalestur** getur verið deyfandi fyrir frjóan hug. Því er gott að grípa stundum í bækur sem eru lausar við fræðimennsku til að koma ímyndunaraflinu aftur af stað.



Hildur Kristín notar ýmis tækifæri til að kenna börnunum um tölur og form. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Finnum formin í umhverfinu

*Hildur Kristín Helgadóttir leikskólakennari segir auðvelt að lauma stærðfræðikennslu inn í hvunndaginn á leikskólanum.*

„Börn á aldrinum eins til þriggja ára eru miklir stærðfræðisnillingar,“ segir Hildur Kristín, sem starfar á leikskólanum Arnarsmára í Kópavogi. Hún segir fólk alltaf verða svolítið hissa þegar talað sé um stærðfræði í samhengi við svo ung börn en hugtakið sé vítt. „Stærðfræði snýst ekki einungis um tölur heldur margt annað. Bara það að kenna börnum að flokka og raða skóm getur flokkast undir stærðfræði. Ef við erum með þrjú pör af skóm þarf að finna út hverjir eiga saman. Börn byrja mjög fljótt að raða hlutum, eftir litum stærðum eða öðru. Þennan hæfileika er upplagt að virkja.“ Hún segir mikið unnið með form á hennar leikskóla, svo sem hringi og ferhyrninga, og telur það efla tilfinningu barnanna fyrir stærðfræði. „Í vettvangsferðum finnum við svo formin í umhverfinu,“ segir hún og nefnir til dæmis umferðarskiltin í því sambandi. „Auðvitað teljum við svo líka hægt og rólega og gerum flóknari hluti eftir því sem börnin eldast,“ bætir hún við.

Námskrá leikskólanna gerir ráð fyrir stærðfræði sem hluta námsefnis og Hildur Kristín segir markvisst hafa verið byrjað að koma henni inn í dagskrána í Arnarsmára árið 2003. Þar hefur efni verið hengt upp í augnhæð barnanna sem ómeðvitað síast inn, svo sem form, punktar og tölur. Tveir punktar hjá tölustafnum 2 og svo framvegis. Hildur Kristín segir dálítið miðað við punktana sem eru á teningunum enda er þeim eins raðað upp. „Svo fara börnin líka að læra teningaspilin þegar fram vindur,“ bendir hún á. Hún segir þetta starf hafa skilað sýnilegum árangri enda hafi börn úr Arnarsmára fengið þann vitnisburð í grunnskólum að þau séu með góðan stærðfræðigrunn.

„Það sem við höfum lært á þessum þremur árum er að því fyrr sem við byrjum að kenna stærðfræði, því betra,“ segir Hildur Kristín, sem nýlega sat ráðstefnu á vegum Háskólans á Akureyri sem einmitt fjallaði um stærðfræði í leikskóla. Aðalfyrirlesarar þar voru sænskir. „Leikskólastarf á Íslandi og í Svíþjóð er á líkri línu en það sem ég lærði helst af Svíunum er að við Íslendingar eigum til að flýta okkur um of. Við höldum kannski að það sé nóg að gera hvert verkefni með börnunum einu sinni til þrisvar en Svíar eru mun rólegri og dvelja lengur við verkefnin. Lítil börn vilja alltaf fá endurtekningar og læra best á þeim. Þegar þau eru farin að finna sig í verkefnunum og jafnvel farin að kenna næsta barni þá er vinnan að skila sér,“ segir hún og bætir við að lokum. „Börn eru nefnilega oft mjög góðir kennarar sjálf.“ *gun@frettabladid.is.*

# Berlín og Pétursborg í hnotskurn

*Mímir Símenntun býður upp á tvö ný námskeið, um Berlín og Pétursborg.*

Mímir Símenntun er að fara af stað með tvö ný námskeið. Bryndís M. Tómasdóttir kennir námskeiðið um Berlín og Haukur Hauksson deilir úr reynslubanka sínum um Pétursborg.

Bryndís mun fjalla um Berlín frá mörgum sjónarhornum. Farið verður yfir sögu borgarinnar, þá sérstaklega á millistríðsárunum og tímann eftir sameiningu Vestur- og Austur-Berlínar. Einnig verður lögð áhersla á hinu „nýju“ Berlín, fjallað verður um hið fjölskrúðuga menningar- og listalíf, arkitektúr, helstu byggingar og söfn. Einnig verða kynnt helstu sérkenni borgarinnar og merkir staðir.

Námskeiðið um Pétursborg er með svipuðu sniði og mun Haukur fjalla um stórbrotna sögu og menningu borgarinnar, sem er ekki nema rúmlega 300 ára gömul. Borgin var vettvangur þriggja stjórnarbyltinga í byrjun 20. aldar og endurspeglast mikilfengleg saga Rússaveldis í hverri byggingu og hverju síki. Rýnt verður í Raspútín og spurningum um tilveru hans velt upp en einnig verður Pétursborg skoðuð sem ferðamannastaður. Haukur Hauksson hefur sjálfur búið í Rússlandi frá 1990 og er því fróður um menningu og staðhætti þessa lands.

Námskeiðin hefjast 12. og 13. október. Nánari upplýsingar má finna á www.mimir.is. *- jóa*



Bryndís Tómasdóttir og Haukur Hauksson munu fræða áhugasama um Berlín og Pétursborg á námskeiðum hjá Mími Símenntun.


**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**Nýtt!!** 3. vikna hraðnámskeið **13. okt.**
**SUÐURNES** 3 vikna hraðnámskeið **12. október**
3 vikna fyrirtækjanámskeið 12. október (kl. 13-16)
**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.




Hér er einn með sveiflutaktana á hreinu. MYND/DANÍEL RÚNARSSON

# Allt um golf

*Þrír fræðandi fyrirlestrar um golf verða í Íþróttaakademíunni í Reykjanesbæ á næstunni.*

Sveifluferill og grunnhreyfingar nefnist fyrsti fyrirlesturinn af þremur í Íþróttaakademíunni. Hann verður 10. þessa mánaðar og þar fjallar Brynjar Eldon Geirsson um grunnhreyfingar og tækni í golfíþróttinni.

Næsta þriðjudagskvöld á eftir, þann 17. október, verður Guðjón Bergmann með erindi um líkamsþjálfun kylfinga og fer yfir það hvernig best er að bæta liðleika, kraft og þol. „Frá fyrsta teig til lokapútts“ verður á dagskrá 24. október og þar tekur Lárus Ýmir huglægа hliðin á golfspilamennskunni. Hann mun meðal annars fjalla um hvernig hægt er að bæta eigin getu með því að vera ekki að þvælast fyrir sér á vellinum. Allir fyrirlestrarnir eru milli klukkan 20 og 22 og kosta 2.000 krónur.

# Karnival í Grundaskóla

*Grundaskóli á Akranesi fagnar 25 ára afmæli.*

Mikið er um að vera í Grundaskóla á Akranesi alla þessa viku í tilefni 25 ára afmælis skólans sem er á föstudaginn kemur, 6. október. Opið hús hefur verið hjá bekkjunum hverjum fyrir sig en á morgun verður sameiginleg skemmtun fyrir allan skólann frá klukkan níu til tólf, sannkallað karnival. Þar verður margt sér til gamans gert, bæði í skólanum, á skólalóðinni og í Akraneshöllinni. Afmælishátíðinni lýkur síðan með heljarinnar afmælisveislu fyrir starfsfólk og boðsgesti á föstudaginn.



Heimabyggðin nefnist ein valgrein í Grundaskóla og hér er Leó Jóhannesson kennari með 9. og 10. bekk í vettvangsferð niðri í fjöru.




BORGARTÚNI 29 | 105 REYKJAVÍK | ICELAND | WWW.EXIT.IS | TEL. +354 562 2362 | FAX. +354 562 9662

**Það besta** sem manneskja getur gert til að hvetja aðra manneskju áfram er að hlusta á hana. - Roy Moody














Kolfinnu finnst gaman á leikskólanum en hún segir að henni verði samt illt í eyrunum þegar litlu börnin öskra. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Fer stundum í labbitúr með kisuna í kerrunni

***Kolfinna Kolbeinsdóttir er aðeins tveggja ára gömul en þrátt fyrir það veit hún alveg hvað hún vill.***

Á daginn er Kolfinna á leikskólanum Klömbrum. „Ég er alveg sjálf,“ segir hún og bætir því við að Hugi bróðir hennar sem var með henni á leikskólanum sé nefnilega byrjaður í skóla.

Kolfinnu finnst gaman á leikskólanum en hún segir að leikskólakennararnir verði reiðir ef litlu börnin öskri. „Ég er hætt að öskra. Þegar litlu börnin öskra verður mér illt í eyrunum. Það á ekki að öskra. Kennarinn segir að það á að loka munninum inni í Laut þegar Patti er með gítarstund. Ef litlu börnin meiða sig fara þau til Patta. Patti er með gítarstund og við syngjum Gamli Nói er að poppa popp og Sigga litla systir mín.“

Þegar Kolfinna er ekki á leikskólanum finnst henni skemmtilegast að fara í ísbúðina. „Mamma og pabbi og Hugi fara stundum með mig í ísbúðina,“ segir hún.

Uppáhaldsliturinn hennar Kolfinnu er bleikur. „Ég segi mömmu minni að ég vil hafa glugginn minn bleikur og allt herbergið mitt bleikur. Ég er með rauða tungu og pabbi minn tók mynd af mér með rauða tungu,“ segir hún og hlær hjartanlega.

Kolfinna segist eiga fullt af flottum fötum. „Ég á kjól og pils og bleikar buxur. Ég á blómaskó og glimmerskó. Þeir eru rauðir. Til að dansa. Mamma mín var í spariskóm þegar hún var að dansa. Mamma mín keypti líka nýjan kjól.“

Kolfinna á litla kisu heima hjá sér sem er reyndar ekki alvöru kisa. „Ég á eina kisu og einn stóran voffa og einn lítinn voffa og stóri voffinn er hvítur. Kisa heitir bara kisa og hún mjálmar. Hún segir: „Mjá, mjá, mjá“ og hún er stelpukisa. Ég á ekki ofurhundadót. Mamma mín verður að kaupa stelpu ofurhundadót. Mamma mín kaupir alltaf það. Mamma mín kaupir alltaf bleikur stelpu súpermanndót.“

Uppáhaldsmaturinn hennar Kolfinnu er fiskur. „Kanínur borða alltaf ost og gulrætur. Ég borða líka ost og líka ristað brauð. Ég elda stundum fisk handa kisu en hún kann ekki að borða hann því hún er ekki með munn. Voffi er með munn. Hann borðar stundum sjálfur.“

Þegar Kolfinna hættir á leikskólanum ætlar hún að fara í skóla. „Ég ætla að fara í Latabæjarskóla og læra að syngja Latabæjarlagið. Mér finnst Solla stirða skemmtileg og Íþróttaálfurinn kemur og hjálpar litlu kisunni af því að hún datt niður og þá gat Íþróttaálfurinn bjargað henni og hann er með svona skegg.“

Kolfinna segir að ef kisan hennar lendi í vandræðum komi mamma hennar til bjargar. „Ef kisan mín dettur niður kemur mamma mín að ná henni. Ég dreg hana upp til mín. Hún labbar stundum upp til mín. Hún kann ekki að labba. Ég held alltaf á henni. Stundum set ég hana í kerru og hún fer alltaf í labbitúr með mér,“ segir Kolfinna og hlær.

Þegar Kolfinna verður stór ætlar hún að verða söngkona. „Ég óska mér að verða söngkona. Ég óska mér líka að verða stór.“

*emilia@frettabladid.is*



Hermundur og Fredrik sonur hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Mikilvægt að allir séu í einhverjum íþróttum

***Ráðstefna um hreyfinám og hreyfiþroska barna verður haldin í Íþróttaakademíunni 13. og 14. október næstkomandi. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar er Hermundur Sigmundsson, prófessor í sálfræði við Háskólann á Akureyri.***

Hermundur hefur unnið mikið að rannsóknum um nám og færni barna. „Ég hef meðal annars verið að skoða hreyfiþroska og hreyfinám mikið og hvernig það tengist til dæmis lesblindu og öðrum vandamálum,“ segir hann.

Stöðugt fleiri börn greinast með hreyfiþroskavandamál að sögn Hermundar. „Þessir krakkar eru mjög oft lesblindir líka og oft tengist þetta félagslegum og andlegum vandamálum. Mörg þeirra eru í verra líkamlegu ástandi og eru eiginlega aldrei með í neinum íþróttum og eru því með heilsuvandamál sem tengjast þessu eins og offitu og annað.“

Á ráðstefnunni verður fjallað um hvaða þættir hafa áhrif á hreyfiþroska barna og hvað er til ráða ef upp koma hreyfiþroskavandamál. „Við fjöllum um nýjustu kenningar á þessu sviði og hvernig við lærum hreyfingar og hvernig þær þróast. Hvernig hreyfiþroskavandamál barna tengjast öðrum þroskavandamálum og hvað er til ráða. Við skoðum hvað við erum að gera í íþróttakennslunni og hvað við getum gert í leikskólunum og skólunum. Við verðum að vera örugg um að allir séu að fá þá hreyfingu sem þeir þurfa og skólinn er afar mikilvægur í fyrirbyggjandi aðgerðum. Meðal fyrirlesara verður Erlingur Jóhannsson prófessor við Kennaraháskólann en hann mun tala um rannsóknir sem gerðar hafa verið á hreyfingu og offitu barna á Íslandi.“



Börn að leik. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ráðstefnan er öllum opin en skráning fer fram í Íþróttaakademíunni. *emilia@frettabladid.is*

# Vörn fyrir viðkvæm eyru

***Börn hafa viðkvæmari heyrn en fullorðnir og mikilvægt er að hlífa eyrum þeirra fyrir miklum hávaða.***

Í Dynjanda og Baby Sam verslunum fást Peltor Kid heyrnarhlífar fyrir börn. Hlífarnar geta komið sér vel þegar farið er með börn á tónleika, þegar verið er að smíða eða þegar þau eru nálægt háværum vinnuvélum.





Mikilvægt er að foreldrar geri sér grein fyrir því að eyru barna eru viðkvæmari en fullorðinna og láti þau alltaf vera með heyrnarhlífarnar þegar þau eru í miklum hávaða því engin leið er að bæta skaðann sem getur orðið ef litlu eyrun eru óvarin. *- eö*

Peltor Kid heyrnarhlífarnar fást bæði bleikar og grænar.

STÚLKUR & STÆLGÆJAR
BARNAFATAVERSLUN
Full búð af nýjum vörum
útigallarnir frá metoo komnir
munið afsláttinn til 10. október
Sjón er sögu ríkari
STÚLKUR & STÆLGÆJAR - HVERAFOLD 1-3
112 REYKJAVÍK - S: 566-5010

KULDAGALLARNIR KOMNIR



BabySam®
Skeifunni 8 - s. 568 2200 - Smáralind - s. 534 2200
www.babysam.is

Skólaúlpurnar eru komnar!



DU PAREIL ...au même
Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Barnahúsgögn sem stækka
Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.



3ja ára
6 ára
9 ára
12 ára
HÚSGAGNAHEIMILIÐ
Sérverslun með barnahúsgögn og fylgihluti
Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is
www.design.is @ 2006

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 4. október 2006 – 38. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



**Icelandair**
Aftur í almannaeign


8



10-11

**Stjórnendaskóli HR**
7 venjur til árangurs


19




**FORSVARSMENN SPRON** Sparisjóðurinn lauk við átta milljarða króna fjármögnun sem var vel tekið af fjárfestum.

## SPRON lýkur við fjármögnun

SPRON hefur lokið við fjármögnun upp á 90 milljónir evra, sem samsvara átta milljörðum króna, en sökum mikllar eftirspurnar fjárfesta var ákveðið að sækja meira fé út á markaðinn.

„Við erum mjög sáttir við þann áhuga sem okkur var sýndur og þau kjör sem okkur bjóðast,“ segir Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON. Guðmundur segir að kjörin séu þó heldur hærri þegar sparisjóðurinn tók sambankalán á síðasta ári.

Lántakan styðji við vöxt, sem hefur verið mikill hjá SPRON á þessu ári. „Við höfum alltaf viljað hafa sterka sjóðsstöðu og þetta er mikilvægur liður í því.“

- eþa

## Ker gekk frá samningaborði

Ker, sem er að stærstum hluta í eigu Ólafs Ólafssonar í Samskipum, tilkynnti í gærmorgun að félagið hefði slitið viðræðum við FL Group um kaup á Icelandair Group.

Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Kers, segir að mönnum hafi þótt aðferðafræðin við söluna ásamt verðlagningu Icelandair ekki vera ásættanleg en KB banki ræddi við forsvarsmenn FL fyrir hönd Kers. „Við ákváðum því að slíta viðræðunum og snúum okkur að næstu verkefnum með bros á vör.“

Talið er líklegt að Ker hafi ekki verið tilbúið að borga þá 43 milljarða króna fyrir heildarvirði Icelandair sem nú er horft til við skráningu félagsins í Kauphöll.

- eþa

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Fjármagnar sig** | KB banki hefur gefið út skuldabréf fyrir 210 milljarða króna. Bankinn hefur því lokið endurfjármögnun allra langtímalána sem eru á gjalddaga á næsta ári.

**Hækkar hér** | Meðal niðurstaðna nýrrar samnorrænnar skýrslu eftirlitsstofnana á fjarskiptamarkaði er að GSM-þjónusta hækkar í verði á Íslandi meðan hún lækkar á hinum Norðurlöndunum.

**Úr FlyMe** | Fons eignarhaldsfélag, sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, hefur selt rúman tuttugu prósenta hlut sinn í sænska lággjaldaflugfélaginu FlyMe.

**Hallinn minnkar** | Vöruskiptahallinn í ágúst var 3,2 milljörðum króna lægri en í ágúst árið 2005. Fluttar voru út vörur fyrir 16,6 milljarða og inn fyrir 28,2 milljarða króna.



**Vilja Icelandair** | Flugrisinn SAS hefur sýnt áhuga á að kanna kaup á Icelandair. Forsvarsmenn SAS hafa sett sig í samband við FL Group og lýst áhuga á að skoða kaup á félaginu.

**Stofna bandalag** | Eimskip hefur keypt meirihluta í finnska skipafélaginu Containerships. Félögin taka höndum saman um að mynda eitt stærsta flutningabandalag Evrópu í styttri siglingum.

**Allt upp** | Miklar hækkanir einkenndu þriðja ársfjórðung á innlendum hlutabréfamarkaði. Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um fimmtán prósent á tímabilinu, eða um 830 stig.

**Undir einn** | Öll starfsemi Samskipa hefur sameinast undir einu nafni og nýju merki félagsins til að styrkja enn frekar ímynd Samskipa á alþjóðlegum flutningamarkaði.

# Icelandair Group skráð í Kauphöll fyrir árslok

## FL Group leysir út 26 milljarða í söluhagnað. Almenningi og fagfjárfestum boðin bréf til kaups. Forstjóri FL segir verðið ásættanlegt en gefur ekki upp efnisatriði viðræðna við Ker.

Eggert Þór Aðalsteinsson

FL Group stefnir að því að skrá Icelandair Group í Kauphöll Íslands fyrir árslok. Heildarvirði Icelandair er 43 milljarðar króna og áætla stjórnendur FL að söluhagnaður félagsins verði 26 milljarðar króna.

FL og Glitnir hafa gert með sér samkomulag með þeim hætti að Glitnir sölutryggir um 51 prósent hlutafjár í kjölfar áreiðanleikakönnunar sem lýkur um miðjan október. Þá hverfur Icelandair úr samstæðu FL. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins mun Glitnir vera með fjárfestahópa til taks en þetta mun vera eitt stærsta fyrirtækjaverkefni sem bankinn hefur ráðist í.

Markmiðið með skráningunni er það að fá breiðan hóp fjárfesta til liðs við Icelandair með sölu hlutafjár til þeirra, þannig að því komi fagfjárfestar, almenningur og ekki síst starfsmenn og stjórnendur. Gangi áform eftir um sölu hlutabréfanna verður hámarkshlutur FL 49 prósent í Icelandair en að sögn Hannesar Smárasonar, forstjóra FL, kemur til greina að hluturinn minnki umtalsvert eða jafnvel hverfi.

Hannes segir að það sé æskilegt að þetta mikilvæga samgöngutæki þjóðarinnar verði í eigu landsmanna og þetta er niðurstaðan eftir viðræður við fjárfesta að undanförnu. Hún er jafnframt í anda þeirrar yfirlýsingar frá því í febrúar um að koma Icelandair í eigu almennings. „Það er svo ekkert eitt sem hægt er að tiltaka í þeim efnum annað en það að við vorum að horfa til þess að hámarka okkar arðsemi en starfsmenn eru okkar hlutverk. Að sama skapi að búa til umhverfi fyrir félagið þannig að það geti vaxið og dafnað.“

Forstjórinn vill ekki tjá sig um hvers vegna hefði slitnað upp úr viðræðum FL við KB banka fyrir hönd Kers. Félagið greini ekki opinberlega frá efnisatriði einstakra viðræðna, til dæmis verðhugmyndum. Hann telur að verðlagning og aðferðafræði með fyrirhugaðri skráningu séu ásættanleg fyrir núverandi hluthafa og fjárfesta.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, segir að bankinn sé að taka að sér spennandi verkefni. „Við erum mjög sannfærð um að það er mikill áhugi fjárfesta og við höfum fundið það á félaginu. Það hefur ekki síst komið fram í umfjöllun í fjölmiðlum að undanförnu.“

# Fjárfestar erlendis eiga helming íslenskra ríkisskuldabréfa

## Hluti af alþjóðavæðingu fjármálamarkaðarins, segir forstjóri Lánasýslunnar.

Fjárfestar sem búsettir eru erlendis áttu íslensk ríkisskuldabréf fyrir 51 milljarð íslenskra króna að markaðsvirði í lok júlí. Þetta nemur helmingi íslenskra ríkisskuldabréfa á móti eign innlendra aðila. Þetta er talsvert aukning á milli ára í svipuðum tíma í fyrra áttu fjárfestar með búsetu erlendis 27 prósent ríkisskuldabréfa að verðmæti 24 milljarða íslenskra króna.

Lánasýsla ríkisins og samstarfsaðilar hennar höfu kynningarátak íslenskra ríkisskuldabréfa árið 2001 með vefsíðu með það fyrir augum að kynna ríkisskuldabréfin á erlendum vettvangi. Eign erlendra fjárfesta þá nam innan við 5 prósentum og þykir ljóst að aukningin á þessu fimm ára tímabili er geysimikil.

Þórður Jónasson, forstjóri Lánasýslu ríkisins, segir aukna eign fjárfesta með búsetu erlendis á íslenskum ríkisskuldabréfum hluta af alþjóðavæðingu íslenska fjármálamarkaðarins. Þá hafi bankar og fjármálastofnanir einnig lagt sitt á vogarskálarnar með því að að birta greiningarefni á ensku um svipað leyti.

„Vefsíða Lánasýslunnar gerði alla þessa góðu vinnu sýnilegri með því að safna öllu efninu saman á einn stað,“ segir Þórður og bendir á að fyrir árið 2001 hafi erlendir fjárfestar þekkt lítið til markaðarins hér á landi og hvorki þekkt vefsíður Seðlabankans né Hagstofunnar, svo fátt eitt sé nefnt.

Ekki liggur fyrir í hvaða löndum fjárfestarnir eru. Lánasýslan vinnur nú að því að greina það og er búist við að hægt verði að flokka fjárfesta eftir búsetu um næstu áramót.

- jab




**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | -1% | 34% |
| Alfesca | 1% | 25% |
| Atlantic Petroleum | 3% | 38% |
| Atorka Group | 2% | 1% |
| Avion Group | 5% | -33% |
| Bakkavör | -2% | 13% |
| Dagsbrún | 13% | -16% |
| FL Group | 0% | 19% |
| Glitnir | 0% | 17% |
| KB banki | -2% | 12% |
| Landsbankinn | 3% | 6% |
| Marel | -3% | 17% |
| Mosaic Fashions | -1% | -6% |
| Straumur | 1% | 9% |
| Össur | 0% | 9% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Yfirtöku TM á NEMI lokið

## Óskar Magnússon nýr stjórnarformaður NEMI.

TM hefur lokið við yfirtöku á norska tryggingafélaginu NEMI. Á hluthafafundi var Óskar Magnússon kjörinn stjórnarformaður en auk þess tók Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar TM, sæti í stjórn auk Anne Gro Sundby, Erling Christiansen og Bjørn Mæhlum. Ivar S. Williksen hefur verið ráðinn forstjóri.

Óskar segir að í raun og veru eigi bara þrír að sitja í stjórn en meðan beðið sé samþykkis norska fjármálaeftirlitsins hafi verið gripið til þeirra sem voru næstir. Síðar verði fækkað aftur.

Samstarf er þegar hafið með TM og Nemi og vísar þar meðal annars til þriggja ára samnings við norska tryggingafyrirtækið Møretrygd um vátryggingasamstarf. „Nemi keyrir á fullri ferð áfram og við komum inn í eitthvað með þeim eins og kostur er.“

Innan skamms verður hluthöfum í TM boðið að kaupa nýtt hlutafé sem nýtt verður vegna kaupanna á Nemi og sölutryggir Glitnir útboðið. Á dögunum lækkaði S&P lánshæfiseinkunn NEMI en búist er við hækkun aftur eftir útboðið. - eþa

# Stöð 2 verði efld

Efling ljósvakamiðla 365 er meðal þess sem stjórnendur Dagsbrúnar horfa til nú þegar unnið er að uppskiptingu félagsins í tvo hluta, 365 hf. og Teymis hf. Er þar aðallega horft til Stöðvar 2 þar sem stjórnendur félagsins sjá aukna vaxtarmöguleika en alls mun einn þriðji hluti eigna Dagsbrúnar falla í fjölmiðlahlutann.

Að öðru leyti mun ekki vera á dagskránni að fara út fyrir þá kjarnastarfsemi sem nú er fyrir hendi heldur huga að þeim fjölmiðlum sem 365 starfrækir.

Enn er ekki komið á hreint hver verður stjórnarformaður 365 en víst þykir að Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, taki við stjórnarformennsku í Teymi, fjarskiptahlutanum. Talið er líklegt að þar gæti innanbúðarmaður hreppt hnossið og hefur jafnvel verið rætt um að Jón Ásgeir Jóhannesson taki sjálfur sæti í stjórn 365. - eþa



**HEMMI GUNN** Aðaltromp Stöðvar 2, sem mun verða aðaltromp 365 samkvæmt heimildum.

# Tæp tvöföldun á veltu

Heildarvelta Kauphallar Íslands það sem af er ári nam 3.082 milljörðum króna. Lítið vantar upp á að þetta sé tvöfalt meiri velta en á sama tíma í fyrra því heildarvelta á fyrstu níu mánuðum síðasta árs nam 1.630 milljörðum króna og nemur munurinn 89 prósentum. Þá jók skráning Exista í Kauphöllina í september heildarvirði skráðra félaga um tíu prósent.

Þrír stærstu viðskiptabankarnir eru á lista yfir þau fimm veltumestu hlutabréf í Kauphöllinni á tímabilinu en þar er einnig að finna bréf í Straumi-Burðarási og FL Group. Heildarvelta með bréf í félögunum fimm nam rúmum 1.169 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins.

Þá voru nokkur met slegin í Kauphöllinni á tímabilinu. Veltuaukning á hlutabréfamarkaði nam 82 prósentum en 95,7 prósentum á skuldabréfamarkaði á fyrstu níu mánuðum ársins.

Velta með skuldabréf og víxla nam tæpum 229 milljörðum króna í september en það er mesta velta á skuldabréfamarkaði í einum mánuði frá upphafi.

Auk þessa nam velta með skuldabréf og víxla 28,7 milljörðum króna 19. september síðastliðinn og er það metvelta á skuldabréfa- og peningamarkaði á einum degi frá upphafi mælinga. - jab



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Heildarvelta Kauphallarinnar á fyrstu níu mánuðum ársins nam 3.082 milljörðum króna en það er 89 prósentum meiri velta en í fyrra. MARKAÐURINN/GVA

**FIMM VELTUMESTU HLUTABRÉFIN Á ÁRINU***

| Fyrirtæki | Viðskipti (í milljörðum kr.) |
|---|---|
| KB banki | 318,1 |
| Glitnir | 318,0 |
| Landsbanki | 246,1 |
| Straumur-Burðarás | 173,3 |
| FL Group | 114,0 |

** Heimild: Kauphöll Íslands*

# Stofna félag um fjárfestingar

Glitnir hefur stofnað fjárfestingarfélag í Noregi á sviði fasteigna ásamt Saxbygg og öðrum smærri fjárfestum frá Íslandi. Tilgangur félagsins er að fjárfesta í fasteignum í Noregi og á Norðurlöndunum. Union Group, sem Glitnir á 50,1 prósents hlut í, mun sjá um rekstur félagsins. Eigið fé hins nýja félags er ríflega fimm milljarðar íslenskra króna og fjárfestingargeta milli tuttugu og þrjátíu milljarða.

„Stofnun félagsins er liður í að nýta þá sérþekkingu sem er að finna innan Glitnis og dótturfyrirtækja bankans í Noregi á sviði fasteignaviðskipta,“ er haft eftir Alexander K. Guðmundssyni, framkvæmdastjóra hjá Glitni í Noregi, í fréttatilkynningu.

Félagið er tekið til starfa og er þegar unnið að fyrstu fjárfestingum þess í Noregi. - hhs

# Krónan sögð til trafala

## Á morgunfundi Viðskiptaráðs var þeirri spurningu velt upp hvort krónan væri á útleið bakdyramegin og evra að koma í staðinn. Rædd var virkni peningamálastefnu Seðlabankans.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

„Hér eru aðstæður almennt góðar en örmyntin helst til trafala. Ég tel að atvinnulífið muni stíga enn frekari skref út úr krónuni og við það veikist miðlunarkerfi Seðlabankans enn frekar,“ segir Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels. Hann var með framsögu á líflegum fundi Viðskiptaráðs í gærmorgun um stöðu krónunnar. Yfirskrift fundarins var „Er krónan að fara út bakdyramegin?“ og hann sótti á annað hundrað manns.

„Spurningunni um hvort krónan sé að laumast út bakdyramegin er í mínum augum sjálfsvarað,“ segir Árni Oddur og telur forsendu fyrir því að núverandi ástand gangi sé að miðlun peningastefnu Seðlabankans gangi eftir en svo geti tæpast talist nema í gegn um gengi krónunnar, en ekki í gegn um vexti. „Hátt gengi krónunnar þrengir svo að samkeppnisgreinum og skapar væntingar um að gengið lækki og hvetur almenning til að flýta neyslu sinni.“

Hann segir að innan Actavis, Össurar og Marels hafi farið fram alvarleg umræða um skráningu hlutabréfa í evrum og segir mikilvægt að fyrirtækin sameinist um eina mynt komi til þess að þau leggi af krónuna, til þess að viðskiptakostðaur verði ekki of mikill. Hann segir krónuna sífellt minni þátt í rekstri Marels, í fyrra hafi 25 prósent kostnaðar félagsins verið í krónum, á næsta ári verði það 12 prósent og sjö prósent árið 2009. „Við horfum ekki lengur á krónuna sem hagstæð í okkar rekstri,“ segir hann og kveður eina stóra snertiflötinn við krónuna sem eftir standi þá vera viðskipti með bréf félagsins í Kauphöllinni. Árni bendir á að krónan skapi vandamál fyrir bankana því flökt á gengi hafi áhrif á eiginfjárhlutfall þeirra, sem ekki megi fara undir ákveðin mörk. Hann telur þannig hag bankanna betur komið með því að skrá sig í annarri mynt, enda séu tveir þriðju hlutar bæði útlána og tekna þeirra í erlendri mynt.

Auk Árna Odds flutti Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur í Seðlabankanum, erindi um áhrif af útgáfu svokallaðra jöklabréfa. Hann segir útlit fyrir hátt vaxtastig á næsta ári þegar megnið af bréfunum er á gjalddaga og haldist sæmilegur stöðugleiki, verði þá ekki teljandi áhrif á gengi krónunnar. Hann telur krónuna alls ekki á útleið, það sýni áhuga fjárfesta á henni.



**Á FUNDI VIÐSKIPTARÁÐS** Þar sagði Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, meðal annars að stjórn peningamála væri erfiðari í minni hagkerfum og gengisáhrif væguð þyngra. Gengissveiflur sagði hann óhjákvæmilegan fylgifist peningamálastefnunnar. MARKAÐURINN/GVA

Fundarstjóri var Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningadeildar Landsbankans, en í pallborðsumræðum tóku þátt Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, Illugi Gunnarsson hagfræðingur og Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Ólafur segir mikilvægt að í umræðu um gjaldmiðilinn sé breytt staða landsins á sviði utanríkismála tekin inn í myndina. „Spurningin um stöðu okkar, til dæmis gagnvart Evrópu, hlýtur að vera miklu ofar á dagskrá en hún var áður en til þess koma að samband okkar við Bandaríkin tók örlítið að flosna upp,“ bendir hann á.

Arnór Sighvatsson hjá Seðlabankanum segist ekki telja upptöku evru munu gerast nema fyrir tilstilli stjórnvalda þótt hægt væri að greiða henni þungt högg ef á vinnumarkaði yrði ákveðið að semja um kaup og kjör í evrum. „En það yrði varla nokkurn tímann samkomulag um slíkt tilræði við krónuna.“ Hann segir stórnvöld þurfa að læra af hagsveiflunni nú og passa að ráðast ekki í margar stórframkvæmdir í hverja ofan í aðra.

Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista og formaður Viðskiptaráðs, setti fundinn, en með honum er fylgt eftir skýrslunni „Krónan og atvinnulífið“ sem Viðskiptaráð gaf út í sumar. Hann segir ráðið áfram munu leiða umræðu krónuna, enda skipti hún miklu máli fyrir rekstur fyrirtækja í landinu.




LOEWE.

# Benzinn í sjónvörpunum.

Í nýjustu línunni frá LOEWE ná saman sjónvarpstækni framtíðarinnar og áratuga reynsla LOEWE af gæðum og vandvirkni. Þau eru framleidd í Þýskalandi eftir ströngustu gæðakröfum. Sígild hönnun, nýjasta tækni og þekktur áreiðanleiki LOEWE tækjanna tryggja þér bestu myndgæði og áralanga endingu.



LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands.



### LOEWE Concept

Concept línan tekur brot af því besta úr Xelos og býður hin einstöku LOEWE gæði á áður óþekktu verði.

Fáanleg silfurgrá eða steinsvört með fallegri háglans áferð.

HD-Ready tækni með stæfrænni HDMI tengingu og innbyggðum DVB-T/C stafrænum sjónvarpsmóttakara.

LOEWE Assist+ gerir tækið einfalt og þægilegt í notkun.

Sound+ hljóðkerfi með CRX surround hljómi.

**LOEWE Concept 32" SE**
**Tilboðsverð: 199.900.-**
Listaverð: 239.900.-

### LOEWE Xelos

Vandaður frágangur og falleg hönnun – fáanlegt platínugrátt eða steinsvart. HD-Ready, tilbúið fyrir næstu kynslóð sjónvarpstækninnar.

Image+ tækni eykur skerpu, mýkir hreyfingar og gefur bestu myndgæði sem völ er á. HDMI tenging og innbyggður DVB-T/C stafrænn sjónvarpsmóttakari. Loewe Assist+ gerir tækið einfaldara og þægilegra í notkun. Kraftmikið Sound+ hljóðkerfi gefur frábær hljómgæði.

**LOEWE Xelos 32" SE**
**Tilboðsverð: 259.900.-**
Listaverð: 359.800.-

FYLGIR MEÐ



**Loewe Centros 1202**
Hágæða DVD upptökutæki – verðlaunað fyrir fallega hönnun, viðmót og notagildi. Tekur upp á og les allar gerðir DVD diska og tónlistardiska, styður öll kerfi, DivX, MP3, JPEG o.m.fl. Að auki innbyggður 9-í-1 minniskortalesari fyrir ljósmyndir og tónlist. Frábær viðbót við LOEWE sjónvarpstækið – á sömu fjarstýringu.

LOEWE sjónvörp eru margverðlaunuð fyrir afburða gæði og hönnun.

LOEWE leggur ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun.



### LOEWE Individual

Individual línan frá LOEWE tekur alla tæknilega kosti Xelos tækjanna og sameinar þá einstakri hönnun og nýrri hugsun. LOEWE Individual er hannað til að falla að þínum aðstæðum, þínum vilja og þínum lífsstíl.

Fallegur háglans álrammi og glerhlíf yfir skjá. Fáanlegt í mörgum litasamsetningum, með útskiptanlegum hliðarrömmum. Fjölbreyttir upphengimöguleikar, s.s. gólfstandar, loftfesting, súlufesting og veggfesting.

Einnig til í mjög takmörkuðu upplagi með ekta Swarovski-kristölum í hliðum, innbyggðum hörðum disk til upptöku og rafdrifnum snúningsfæti.

**LOEWE Individual 32" SE**
**Tilboðsverð: 314.900.-**
Listaverð: 349.900.-

reddot design award
winner 2006

EISA Awards – Virtustu fagverðlaun Evrópu.

LOEWE sjónvörp eru afar glæsileg, hvernig sem á þau er litið.

ORMSSON

| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | AKUREYRI | KEFLAVÍK |
|---|---|---|---|
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 421 1535 |

KVIKA

# Adolf Lundin allur

Adolf Lundin, einn kunnasti athafnamaður Svíþjóðar, lést um helgina á 74. aldursári. Banamein hans var lungnabólga. Hann byrjaði með tvær hendur tómar en lætur eftir sig viðskiptaveldi sem metið er á 800 milljarða króna.

Adolf hóf störf hjá Royal Dutch Shell eftir verkfræðinám en síðar stofnaði hann fyrirtæki sem hófu að leita að olíu, gasi og jarðmálmum. Talið er að auður hans hafi tífaldast á síðasta áratug vegna mikilla hækkana á olíuverði.

Meðal helstu eigna Lundin-fjölskyldunnar er stór hlutur í olíuleitarfélaginu Tanganyika þar sem Straumur-Burðarás er einnig meðal stærstu hluthafa. - eþa



**ADOLF LUNDIN LÁTINN** Olía og jarðmálmar lögðu hornstein að viðskiptaveldi Lundin-fjölskyldunnar.

# Hallinn dregst hratt saman

Efnahagsmál Viðskiptahallinn mun fara í 18,7 prósent í ár og dragast svo hratt saman á næsta ári. Þá mun hann mælast 11 prósent af landsframleiðslu en fjögur prósent árið 2008. Lækkun á gengi krónunnar á þessu ári mun hjálpa til við þessa þróun. Þetta er meðal þess sem kom fram í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Merki eru um að tekið sé að draga úr umsvifum á fasteignamarkaði og í vexti einkaneyslu. Því er gert ráð fyrir að hægi á hagvexti og hann verði um 4,2 prósent í lok árs. Á næsta ári er spáð samdrætti í fjárfestingu en minni samdrætti í einkaneyslu. Hagvöxtur á næsta ári mun mælast eitt prósent en 2,6 prósent árið 2008.



**ÞORSTEINN ÞORGEIRSSON** Skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu kynnti nýja þjóðhagsspá í gær.

Gert er ráð fyrir að verðbólgan nú í ár verði 7,3 prósent í lok árs. Mun hún svo svo síga hratt á næsta ári og mælast 4,5 prósent og svo 2,5 prósent árið 2008.

Í langtímaspá til ársins 2012 er gert ráð fyrir að hagkerfið leiti jafnvægis og hagvöxtur í lok tímabilsins nemi um þremur prósentum, verðbólga rúmum tveimur prósentum og viðskiptahalli um tveimur prósentum af landsframleiðslu. Í spánni er ekki gert ráð fyrir áframhaldandi stóriðjuframkvæmdum heldur einungis tekið tillit til þess sem búið er að taka ákvörðun um. Aðrir óvissuþættir í þjóðhagsspánni varða gengi krónunnar og aðstæður í alþjóðlegu efnahagslífi. - hhs

# Hagkerfið í Færeyjum vex



**FRÁ ÞÓRSHÖFN**

Danski Seðlabankinn býst áfram við áframhaldandi framþróun í færeyska hagkerfinu. „Eftir nokkur samdráttarár sýnir færeyska hagkerfið framfarir. Þetta sést sérstaklega á hækkandi launum og umbótum á vinnumarkaði.“

Hagvöxtur er drifinn áfram af háu fiskverði og vaxandi fjárfestingu í fasteignum.

Þrátt fyrir aukinn innflutning skipa og hækkandi olíuverð var viðskiptajöfnuður jákvæður á síðasta ári. Á síðasta ári nam halli á fjárlögum tveimur prósentum af landsframleiðslu en spár Danska Seðlabankans gera ráð fyrir því að ríkisfjármálin verði í jafnvægi árið 2006. - eþa

# Samdráttur hjá 3i Group

Breski fjárfestingasjóðurinn 3i, sem sérhæfir sig í yfirtökum á skráðum félögum, greindi frá því að fjárfestingatekjur hans hefðu fallið um þriðjung frá því í apríl til loka ágúst miðað við sama tímabil í fyrra.

Sjóðurinn seldi hollenska drykkjaframleiðandann Refresco til FL Group, Vífilfells og stjórnenda fyrr á árinu fyrir fjörutíu milljarða króna.

Hlutabréf í 3i hafa hækkað um tæp tíu prósent á árinu og er félagið metið á um 600 milljarða króna. Fjárfestingasjóðir sem 3i nýta eigin sjóði og lán til að fjármagna yfirtökur í því augnamiði að bæta rekstur hinna yfirteknu félaga. Venjulega líta sjóðir á verkefni sem þessi til fimm ára. - eþa

# Lendingin verður mismjúk

## Íbúar á höfuðborgarsvæðinu munu finna mest fyrir áhrifum samdráttar í hagkerfinu. Í nýrri efnahagsspá KB banka er gert ráð fyrir 0,2 prósenta samdrætti í hagvexti á næsta ári.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Lending hagkerfisins eftir hagvaxtarskeið síðustu þriggja ára verður nokkuð mjúk. Íbúar höfuðborgarsvæðisins munu þó finna meira fyrir áhrifum samdráttar í landsframleiðslunni en aðrir landsbúar sökum þess að þjónustugeirinn mun finna töluvert fyrir minni neyslu. Því má búast við því að framboð á störfum á höfuðborgarsvæðinu minnki töluvert. Þetta er meðal þess sem fram kom á morgunverðarfundi Greiningardeildar KB banka í gærmorgun þar sem hagspá og sýn deildarinnar á þróun efnahagsmála á næstu misserum voru kynntar.

Í spánni er gert ráð fyrir að þjóðarútgjöld muni dragast verulega saman á næstu tveimur árum. 0,2 prósenta samdráttur verði á landsframleiðslu á næsta ári en hagvöxtur upp á 3,1 prósent árið 2008. Í máli Ásgeirs Jónssonar, forstöðumanns Greiningardeildar KB banka, kom fram að það sýni sveigjanleika íslenska hagkerfisins, sem hefur vaxið um tuttugu prósent á síðustu þremur árum, að áhrifin verði ekki meiri eftir svo mikinn vöxt.

Greiningardeildin spáir því að verðbólga muni verða í kringum átta prósent í ár og ganga svo hratt niður á næsta ári. Lækkandi olíuverð, kólnun á fasteignamarkaði og samdráttur í þjóðarútgjöldum munu stuðla að þessu, auk þess sem innflutningur á erlendu vinnuafli heldur launaskriði í skefjum.

Viðskiptahallinn, sem spáð er að verði um átján prósent af landsframleiðslunni í ár, mun minnka hratt og mælast 8,5 prósent á næsta ári og í kringum þrjú prósent árið 2008.

Mesti óvissuþátturinn í spánni er þróun gengis íslensku krónunnar. Er gert ráð fyrir að hún muni haldast nokkuð sterk næstu mánuði en allar líkur séu á að hún muni taka dýfu innan tólf mánaða. Dýpt hagsveiflunnar muni að verulegu leyti ráðast af gengisþróun krónunnar sem hefur úrslitaáhrif á væntingar, verðbólgu og vaxtaaðhald.



**RÝNT Í EFNAHAGSHORFURNAR** Greiningardeild KB banka kynnti í gær sýn sína á þróun efnahagsmála á næstu misserum.

# Halda aftur af verðbólgu

Hlutfall útlendinga af heildarvinnuafli er nú 5,5 prósent og hefur það nær þrefaldast frá árinu 1998. Á morgunverðarfundi KB banka í gær, þar sem sýn bankans á þróun efnahagsmála á næstu misserum var kynnt, kom fram að innflutningur fólks hafi orðið til þess að breyta gríðarlegri aukningu í heildareftirspurn í hagkerfinu í hagvöxt sem líklega hefði ella sprungið út mun fyrr með verðbólgu. Þeir stuðli þar að auki að því að verðbólga muni ganga hratt niður á árinu 2007.

Í spá KB banka kemur fram að hætta er nú á að atvinnuleysi aukist töluvert á næstu tveimur árum. Ýmislegt hafi breyst frá síðustu niðursveiflu. Ísland sé nú til að mynda hluti af samevrópskum vinnumarkaði og margir erlendir starfsmenn hafi verið hér nógu lengi til að öðlast ýmis félagsleg réttindi. Stöðvun á aðflutningi eða jafnvel fráflutningur fólks muni nú hugsanlega ekki duga til þess að halda aftur af atvinnuleysi líkt og þá. - hhs

# Laxaverðið lækkar

Verð á eldislaxi hefur lækkað talsvert á Evrópumarkaði frá því í sumar. Síðustu vikurnar hefur verðið lækkað um 26-27 prósent.

Fiskifréttir hafa eftir norsku vefsíðunni Kynt.no að verð á eldislaxi hafi í síðustu viku verið að jafnaði 27,43 norskar krónur á kíló eða um 293,50 íslenskar krónur. Það er 25,5 króna lækkun á milli vikna.

Verð á eldislaxinum fór hæst í 44,50 krónur á kíló að meðaltali um hvítasunnuna síðustu en síðan þá hefur verðið lækkað um 38 prósent. - jab

Himinn og haf – SÍA

Sparnaður eftir þínum nótum

Hefðbundna safnið –**19,14% ávöxtun**




spron VERÐBRÉF

Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 01.01. 2006 til 01.10. 2006.

# Til móts við framtíðina



Hátæknivætt álver Alcoa Fjarðaáls verður spennandi og öruggur starfsvettvangur fyrir iðnaðarmenn og iðnnema. Hjá Alcoa Fjarðaáli verða um 120 iðnaðarmenn, tæknifræðingar og verkfræðingar auk fjölmargra tæknimenntaðra starfsmanna á vegum verktaka.

Nýsmíðar og viðhaldsverkefni verða unnin í teymum samkvæmt stöðluðum verkferlum og ýtrustu öryggiskröfum. Verkefnin verða fjölbreytt og mikið lagt upp úr símenntun og starfsþróun.

Altækt, fyrirbyggjandi viðhald á að tryggja áreiðanleika framleiðslunnar og hámarka verðmætasköpun. Faglegur metnaður og stöðug iðnþróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina.

Á vinnusvæðinu verður meðal annars afkastamesta rafveita á landinu, 336 tölvustýrð rafgreiningarker, háþróaður lofthreinsibúnaður, fullkomin álvírasteypa, atvinnuslökkvilið og 250 farartæki af öllum stærðum og gerðum.



Kerskálakrani

Okkur vantar fleiri vaskar konur og karla í hópinn. Launakjörin eru góð, vinnan stöðug og verkefnin fjölbreytt. Allir fá tækifæri til að læra og vaxa í starfi. Iðnaðarmenn vinna ýmist á vöktum eða í dagvinnu. Upplýsingar um launakjör og vinnufyrirkomulag er að finna á alcoa.is, undir liðnum starfsmannamál.

Við getum einnig boðið nokkrum nemum í rafvirkjun og vélvirkjun að ljúka réttindanámi með vinnu í álverinu. Námið verður sniðið að þörfum hvers og eins en miðað er við að umsækjendur hafi lokið hluta af námi og unnið í faginu.

capacent RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störfin á (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á og hjá og ) hjá Capacent í síma 540 1000.



www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - ALC 34273 09/2006

# Skýrt dæmi um árangur!

The Banker
TECHNOLOGY AWARDS 2006
WINNER
CORE BANKING SYSTEMS PROJECT
RETAIL BANKING

The Banker, breskt fagtímarit um bankastarfsemi, hefur veitt KB banka viðurkenningu fyrir „árangursríkasta verkefnið innan kjarnabankastarfsemi árið 2006" – vegna uppbyggingar á upplýsingakerfum byggðum á **SAP-bankalausnum frá AppliCon.**

„Metnaður KB banka er að bjóða viðskiptavinum sínum, hvar sem bankinn starfar, bestu mögulegu þjónustu. Sú þjónusta sem við veitum þarf að vera samræmd í öllum löndum hvort sem það er á Norðurlöndum eða öðrum mörkuðum.“

***Sigurður Einarsson***
stjórnarformaður Kaupþings banka

# Samstarfsaðili í útrás








## Aukið forskot með AppliCon

AppliCon býður fjölmargar lausnir á grunni viðskiptalausna frá SAP og hugbúnaðarlausna frá Microsoft, sem markaðssettar eru undir nafninu AppliCon X-press. Þar á meðal lausnir fyrir banka og fjármálastarfsemi, sjávarútveg, sveitarfélög, mannauðslausnir, stjórnun viðskiptatengsla, viðskiptagreindar og upplýsingagáttir.

Hugbúnaðarsvið Nýherja hóf SAP-ráðgjöf og þjónustu 1997 og varð þá umboðsaðili SAP á Íslandi. Í október 2005 keypti Nýherji AppliCon A/S sem er leiðandi í SAP-þjónustu á danska markaðnum. Samhliða kaupunum var stofnað félag um starfsemi hugbúnaðarsviðsins undir nafninu AppliCon ehf. Félögin eru í eigu AppliCon Holding ehf. sem er dótturfélag Nýherja. Einnig hefur AppliCon Ltd. í Bretlandi verið stofnað og unnið er að stofnun AppliCon í Svíþjóð. Starfsmenn AppliCon-fyrirtækjanna eru nú um 140 talsins.

SAP og Microsoft hafa umbylt hugbúnaðar- og ráðgjafarmarkaðnum á undanförnum árum og skapað sér mikla sérstöðu. Fyrirtækin hafa sett sér það markmið að veita sameiginlegum viðskiptavinum sínum mikinn ávinning.

Með okkar íslensku og hagnýtu AppliCon-hugmyndafræði, framsæknum viðskiptalausnum SAP og nýjum „people ready“ hugbúnaðarlausnum Microsoft, getum við veitt viðskiptavinum okkar bestu mögulegu lausnir og ráðgjöf. Útfærslur AppliCon á sviði upplýsingatækni eru sérsniðnar að rekstri fyrirtækja í mismunandi atvinnugreinum og styðja þau í að ná krefjandi markmiðum þeirra.

### Frá áskorun til árangurs

BUSINESS™ SAP PARTNER

Microsoft® GOLD CERTIFIED Partner

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2006

Það liggja gríðarleg tækifæri fyrir fjármálastofnanir í að nota staðlaðan hugbúnað fyrir kjarnastarfssemi sína – hann styður við útrás á ný markaðssvæði og gefur möguleika á mun örari vöruþróun. Á Norðurlöndum hefur AppliCon verið leiðandi í innleiðingu SAP fyrir fjármálastofnanir og hefur byggt upp mikla þekkingu á lausnum, innleiðingaraðferðum og notkun í fjármálafyrirtækjum.

Innleiðingin er ekki aðeins hugbúnaðarverkefni, því einnig er tekið á innleiðingu ferla sem hugbúnaðurinn styður við. Þannig fylgja með bestu faglegar venjur úr hugbúnaðariðnaðinum. Staðlaði hugbúnaðurinn verður grunnur þar sem hægt er að vinna hratt að nýjum afurðum, tíminn nýtist fyrst og fremst til að vinna að viðskiptalegum forsendum og lítill tími fer í kerfislæg verkefni.

Umfram allt snýst innleiðingin um að skapa forskot á samkeppnisaðila með afhendingu hugbúnaðar sem skilar aukinni þjónustu og virði til viðskiptavina. Eitt af lykilatriðunum í því verkefni er samvinna og því leggur AppliCon mikið upp úr því að líta á viðskiptavini sína sem samstarfsaðila.

***Sverrir Jan Norðfjörð***
SAP-ráðgjafi
og hópstjóri bankalausna



# og vexti







## Hvert stefnum við?

„Í könnun VR var AppliCon valið fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2006 og við erum stolt af þeirri viðurkenningu. Hún er ekki síst að þakka hæfu starfsfólki okkar sem skapað hefur frjósamt vinnuumhverfi og almenna samkeppnishæfni fyrirtækisins.

Hlutverk okkar er þó fyrst og fremst að auka samkeppnishæfni og forskot viðskiptavina okkar óháð því hvort þeir starfa á Íslandi eða erlendis. Við lítum nú á Ísland og Danmörku sem okkar heimamarkað og höfum þegar tekið fyrstu skrefin í átt að uppbyggingu í Bretlandi og Svíþjóð.

Með yfirgripsmikilli þekkingu, framsýni og skynsemi ráðgjafa okkar, stefnum við að því að vera í fremstu víglínu í þekkingu á SAP- og Microsoft-lausnum. Markmið okkar er að verða öflugasta sjálfstæða SAP-ráðgjafarfyrirtækið í Norður-Evrópu og veita framúrskarandi þjónustu. Verið velkomin til samstarfs.“

***Kristján Jóhannsson***
framkvæmdastjóri



Himinn og haf / SÍA

AppliCon

AppliCon ehf. • Borgartúni 37 • 105 Reykjavik • Sími 563 61 00 • Fax 563 61 61 • www.applicon.is

# Icelandair aftur í almenningseigu

Samkomulag um verðbréfaviðskipti fyrir þremur árum mörkuðu ekki einungis endalok Kolkrabbans heldur einnig upphaf gríðarlegrar verðmætaaukningar fyrir hluthafa Flugleiða. Félagið hefur farið úr því að vera flugfélag og ferðaþjónustufyrirtæki yfir í alhliða fjárfestingarfélag. *Eggert Þór Aðalsteinsson* lítur yfir farinn veg.

Snemma í febrúar ákvað stjórn FL Group að óska eftir skráningu Icelandair Group í Kauphöll Íslands og skyldi stefnt að því að skrá félagið á öðrum fjórðungi þessa árs. „Stjórn FL Group vill koma Icelandair Group í dreifða eignaraðild og gefa almenningi og fagfjárfestum þannig kost á að eignast beint hlut í félögum tengdum flugrekstri,“ sagði í tilkynningu til Kauphallar. Jafnframt ætlaði FL Group að halda utan um kjölfestuhlut í félaginu að lokinni skráningu.

Fallið var frá þessum áformum þegar aðstæður á fjármálamörkuðum versnuðu til muna á vordögum en þráðurinn tekinn upp að nýju nú í haust, með viðræðum við fjárfesta sem myndu kaupa allt félagið. Þær viðræður strönduðu þannig að lendingin var sú að skrá Icelandair Group í Kauphöll fyrir árslok í samvinnu við Glitni banka sem mun sölutryggja rúman helming hlutafjár.



**HANNES SMÁRASON, FORSTJÓRI FL GROUP, OG JÓN KARL ÓLAFSSON, FORSTJÓRI ICELANDAIR GROUP** Á þremur árum hefur markaðsverðmæti FL Group, áður Flugleiða, ellefufaldast. Félagið er nú orðið fjárfestingarfélag sem hefur hagnast verulega á uppgangi hlutabréfamarkaða en einnig hefur rekstur Icelandair batnað.

### SNÚA SÉR AÐ ÖÐRUM VERKEFNUM

En hvað er það sem veldur því að FL Group vill selja Icelandair sem hefur verið nefnt fjöregg þjóðarinnar? „Það má segja að þróun FL Group hafi verið í þá átt að gera félagið að fjárfestingarfélagi. Áhugi stjórnenda liggur í fjárfestingarverkefnum. Töluvert fjármagn er bundið í Icelandair og nú virðist sem félagið sé í öruggum og góðum rekstri,“ segir Grétar Már Axelsson, sérfræðingur hjá Glitni banka. Svo virðist sem áhugi stjórnenda FL Group standi til að hámarka söluhagnaðað af Icelandair og koma því félagi í hendur rekstrarmanna sem geta gert enn betri hluti með flugreksturinn og ferðaþjónustuna. Grétar bendir á að FL Group muni innleysa verulega fjármuni við söluna sem mun gefa félaginu enn meiri slagkraft til að vinna að fjárfestingarverkefnum sem hafa meiri vaxtarmöguleika en Icelandair Group.

Heildarvirði Icelandair við upphaf skráningarferils er metið á 43 milljarða króna. Þetta þýðir að kaupendur eru að greiða fyrir áttfaldan árlegan rekstrarhagnað fyrir afskriftir (EBITDA) miðað við áætlanir Icelandair fyrir þetta ár. Í tilkynningu frá FL Group segir að áætlaður söluhagnaður nemi 26 milljörðum króna miðað við heildarvirði hlutafjár.

Em salan á Icelandair verður ekki skoðuð án þess að rifja upp sögu Flugleiða og FL Group á liðnum árum.

### BREYTINGAR Á EIGNARHALDI

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar hjá FL og forvera þess Flugleiðum frá því að Landsbankinn, Íslandsbanki, Straumur, Samson Global Holdings, Sjóvá, Burðarás og Otec Investment áttu með sér viðskipti sem gjörbreyttu landslaginu í íslensku viðskiptalífi fyrir þremur árum. Þessi gríðarlegu viðskipti, sem kölluðust því hógværa nafni „Samkomulag um verðbréfaviðskipti“, voru í níu liðum og mörkuðu endalok Kolkrabbans.

Í þessum viðskiptum keypti Straumur meðal annars um 32 prósenta eignarhlut Eimskipafélagsins í Flugleiðum og fjórum mánuðum síðar voru bréfin komin í hendur Oddaflugs, sem var þá í eigu Fjárfestingarfélagsins Prímusar og Straumborgar. Prímus var í eigu Hannesar Smárasonar, núverandi forstjóra FL Group, en Straumborg félag Jóns Helga Guðmundssonar í BYKO.

Oddaflug keypti einnig bréf í Flugleiðum af Sjóvá-Almennum og Íslandsbanka og var því komið með rúm 38 prósent hlutafjár. Í tilkynningu til Kauphallar sögðust kaupendur líta á þátttöku sína í rekstri Flugleiða sem langtímafjárfestingu. „Kaupin á umræddum hlut nú eru liður í því að koma festu á eignarhald Flugleiða og í framhaldinu verður aðkoma annarra fjárfesta skoðuð.“ Jón Helgi staldraði hins vegar ekki lengi við í herbúðum Flugleiða því hann og Hannes slitu samstarfi sínu haustið 2004 af viðskiptalegum og persónulegum ástæðum eins og það var orðað. Hannes keypti þá helmingshlut Jóns Helga í Oddaflugi á genginu 9,6 en talið er að sá síðarnefndi hafi hagnast um einn milljarð.

### GRUNNURINN LAGÐUR

Stuttu eftir að Jón Helgi yfirgaf Flugleiðir urðu verulegar breytingar á stefnu félagsins í átt til útrásar og fjárfestinga í þeim greinum þar sem sérþekking félagsins lá. Hlutafé Flugleiða var aukið og félagið hóf að kaupa í breska lággjaldaflugfélaginu easyJet haustið 2004, fyrst um 8,5 prósent en hluturinn stækkaði jafnt og þétt langt fram á næsta ár. Kaupin þóttu alldjörf, enda hafði markaðsverðmæti easyJet fallið um 70 prósent á tveimur árum. En íslensku fjárfestarnir veðjuðu á réttan hest og gengi easyJet tók að hækka hratt og fór upp um 120 prósent á einu ári. Hækkunin var meðal annars skýrð með því að fjárfestar töldu að Íslendingarnir myndu reyna að taka félagið yfir. Ekkert varð af því en FL seldi sautján prósenta hlut í easyJet fyrr á þessu á þessu ári fyrir 29 milljarða króna og nam söluhagnaður af fjárfestingunni þrettán milljörðum króna.

Í ljósi þeirrar breytinga sem urðu á stefnu félagsins í átt til fjárfestinga var sú ákvörðun tekin á aðalfundi Flugleiða árið 2005 að breyta nafni félagsins í FL Group sem nú hefði þann tilgang að „ ... ávaxta fé sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með rekstri í félaginu og fjárfestingum í dóttur- og hlutdeildarfélögum sem einkum starfa á vettvangi flugrekstrar, ferðaþjónustu og flutningastarfsemi.“

Jafnframt sýndi ársuppgjör félagsins verulegan viðsnúning á milli áranna 2003 og 2004 en reksturinn byggðist þá að miklu leyti á flugrekstri og ferðaþjónustu og kaupum og leigu á flugvélum. Hagnaður ársins 2004 var 3,4 milljarðar sem var þrefalt hærri upphæð en árið 2003. Þar má segja að aðgerðir sem ráðist var í haustið 2001, undir forystu Sigurðar Helgasonar forstjóra, þegar flugfélög um allan heim mættu nýrri heimsmynd, hafi verið farnar að skila sér með ágætum árangri og aukið þar með verðmæti Icelandair. Aðrir stjórnendur Icelandair, eins og Jón Karl Ólafsson, hafa svo haldið áfram á sömu braut og stækkað Icelandair og bætt arðsemi rekstursins þrátt fyrir að markaðsaðstæður í flugrekstri hafi síður en svo verið auðveldar á undanförnum árum.

### SÖGULEGT ÁR

Gengi hlutabréfa í Flugleiðum hækkaði um meira en helming árið 2004 og meira en tvöfaldaðist árið 2005 þrátt fyrir að árið hefði reynst hinu „nýja“ félagi þrautin þyngri. Sögusagnir um átök óeðlilegar millifærslur, afsögn þriggja stjórnarmanna um mitt ár og umdeild kaup FL á norræna lággjaldaflugfélaginu vöktu og vonum mikla athygli í samfélaginu og átti stjórnarformaðurinn Hannes Smárason undir högg að sækja. Næststærsti hluthafinn Saxbygg seldi 27 prósenta eignarhlut sinn um mitt ár, eftir að Baugur, Katla Investments og Oddaflug gerðu honum tilboð sem var nokkuð yfir þáverandi markaðsgengi.

Innkoma Baugs var til marks um frekari sókn FL í fjárfestingastarfsemi. Hlutafé félagsins var aukið um 44 milljarða króna í nóvember 2005, þar af keyptu stærstu hluthafarnir fyrir 28 milljarða. Hluthöfum bauðst að greiða fyrir nýju bréfin með hlutabréfum í öðrum félögum. Jókst markaðsverðmæti FL úr 35 milljörðum í 80 eftir útboðið.

Fjárfestingar miðuðust ekki einungis við stöðutökur í markaðsverðbréfum heldur einnig á sviði flugvélaviðskipta en félagið hafði aðkomu að kaupum og sölu á flugvélum fyrir rúma sextíu milljarða króna í fyrra.

Á þessu ári hefur verðmæti FL vaxið enn frekar eftir að félagið keypti fjórðungshlut í Straumi-Burðarási af Kristni Björnssyni og Magnúsi Kristinssyni og greiddi fyrir hlutinn með nýjum bréfum í FL. Markaðsverðmæti félagsins stendur nú í rúmum 180 milljörðum króna og hefur verið aukist um 164 milljarða króna eftir að Hannes Smárason kom fyrst inn í hluthafahóp Flugleiða og gengið hækkað úr sjö krónum á hlut í 23. Sá sem keypti í Flugleiðum á sama tíma og Oddaflug keypti hlut Straums hefur því fengið 228 prósenta nafnávöxtun á bréf sín.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐURINN

Markmið Peningamarkaðssjóðsins er að skila jafnri ávöxtun með fjárfestingum í skammtímaverðbréfum. Aðallega er fjárfest í innlánum, skuldabréfum og víxlum skráðum í Kauphöll Íslands. Meðaltími sjóðsins er mjög stuttur, innan við ár og því er ekki að vænta mikilla sveiflna á gengi sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn skilaði 14,0% nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. september–2. október 2006. Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **575 4400** eða kíktu á vefsíðuna okkar **www.vsp.is**.

**Engin kaup- eða söluþóknun**

14,0% ávöxtun

Fíton/SÍA

Peningamarkaðssjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. er vörsluaðili sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu og útdrætti útboðslýsingar sem hægt er að nálgast á **www.vsp.is**

SPARISJÓÐURINN




Langt eftirbragð og fullkomið jafnvægi

GOOD TO THE LAST DROP!
Maxwell House

Gott til síðasta dropa

**MICHAEL E. PORTER** Auk þess að halda fyrirlestur eldsnemma á mánudagsmorguninn mætti prófessor Porter í Háskólabíó klukkan tvö, eftir að hafa fengið heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann, og hélt fyrirlestur fyrir um þúsund manns um stefnumótun.
MARKAÐURINN/PJETUR





**SIGURJÓN ÁRNASON OG HANNES SMÁRASON** Bankastjórinn og forstjórinn bera saman bækur sínar fyrir fundinn með Porter á mánudagsmorguninn, en þeir voru báðir í pallborði eftir fyrirlestur hans.
MARKAÐURINN/GVA

# Hér er of mikið af *bygging*

Prófessor *Michael E. Porter* segir misrétti grafa undan framleiðni í samfélögum. Menntakerfi og heilbrigðisþ
um sem ætli að standa sig í samkeppni þjóða. *Óli Kristján Ármannsson* sat fyrirlestur Porters á mánudaginn
annars að kostnaðurinn við að halda úti krónunni væri meiri en næmi ávinningnum. Hann segir samstarf s
til að þjóðin standi sig í samkeppni og komi sér saman um stefnu.

**„Hér er efnahagsumhverfið að nokkru leyti erfitt, landfræðileg einangrun er dæmi um slíkan þátt ... þegar enginn er nágranninn gerir það viðskiptum erfiðara fyrir.“**

„Umræðunni um leiðir til að auka samkeppnishæfni þjóðar lýkur aldrei,“ segir prófessor Michael E. Porter, en hann er með öðrum störfum forseti World Economic Forum, sem gefur út Global Competitiveness Report, einhverja virtustu skýrslu heims um samkeppnishæfni þjóða. Porter sótti landið heim síðasta mánudag og hélt hér tvo fyrirlestra, annan um samkeppnishæfni þjóðarinnar, sem hann skoðaði sérstaklega fyrir þessa heimsókn, og svo fyrirlestur um stefnumótun. Sama dag var Porter einnig gerður að heiðursdoktor við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Deildin undirbýr jafnframt, í samstarfi við Harvard-háskóla, kennslu í rekstrarhagfræði með sérstakri áherslu á samkeppnishæfni. Námskeiðið, námsefnið og aðferðir eru þróuð af Porter og stofnun Harvard um stefnumótun og samkeppnishæfni.

**AÐSTÆÐUR ERU SÍBREYTILEGAR**

Húsfyllir var í stóra sal Hótels Nordica þar sem Michael Porter kynnti niðurstöður sínar varðandi samkeppnishæfni Íslands og mátti þar sjá breiðan hóp fólks úr viðskipta- og atvinnulífi auk stjórnmálamanna. Að loknu erindi Porters tóku við pallborðsumræður þar sem Baldur Pétursson frá European Bank í Lundúnum, Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbanka Íslands, Hannes Smárason, forstjóri FL Group, Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, og dr. Gylfi Magnússon, forseti Viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans, spurðu fræðimanninn einnar spurningar hvert.

Michael E. Porter segist himinlifandi að hafa loksins fengið tækifæri til að heimsækja landið, enda teldust ekki til heimsókna einstaka millilendingar þar sem hann hefði ekki einu sinni farið úr vélinni. „Og það þrátt fyrir að ég hafi lengi verið forvitinn um land og þjóð og dóttir mín hugfangin af smáhestunum og tungumálinu.“ Með erindi sínu á Nordica segist hann vilja skapa grundvöll fyrir frekari umræðu, um bæði hvar landið

## *Mannvinur sem ráðlagði Reagan*

Prófessor Michael E. Porter nýtur óhemjuvirðingar, bæði fyrir sýn sína og fræðimennsku, en árið 2001 komu Harvard Business School og Harvard-háskólinn á fót stofnun stefnumótunar og samkeppnishæfni (eða Institute for Strategy and Competitiveness) til að efla starf hans. Hann er höfundur 17 bóka og yfir 125 greina og er helsti sérfræðingur heimsins á sínu sviði.

Porter er sagður boða hagnýt fræði sem ganga upp í raun, auk þess að vera samfélagslega þenkjandi. Porter lítur svo á að fyrirtækin beri samfélagslega ábyrgð og telur að markaðssamfélagið og velferðarsjónarmið séu ekki gagnkvæmt útilokandi. Þvert á móti eigi þau að geta unnið saman að því að búa til skapandi og betra samfélag. Á þessu sviði er hann brautryðjandi og er um leið virkur á margvíslegum öðrum sviðum. Porter er stuðningsmaður lista og menningar, hann á 40 manna fyrirtæki sem einbeitir sér að uppbyggingarstarfi í fátækustu hlutum borga Bandaríkjanna þar sem glæpir eru miklir og félagslegar aðstæður fólks bágar. Um leið er hann harður markaðs- og samkeppnishyggjumaður og starfaði meðal annars sem efnahagsráðgjafi Ronalds Reagan, í tíð hans sem forseti Bandaríkjanna.

Þá hefur Porter orð á sér fyrir að vera samkvæmur sjálfum sér í allri nálgun á fræðin og framkvæmd þeirra. Eins og aðrir fræðimenn hefur hann fengið á sig gagnrýni, þar á meðal á þá leið að hann leggi ofuráherslu á greiningu, en í þeim viðhorfum hans spilar ef til vill ekki síst inn í bakgrunnur hans og menntun í geimtækni og vélaverkfræði. Porter telur að greiningarvinnan þurfi að koma til ætli menn sér að ná þeim markmiðum sem þeir hafa sett sér. Nokkuð mikið bar á þessari gagnrýni á miklum uppgangstímum í upplýsingatækni á síðasta áratug og töldu margir að ekki væri neinn tími fyrir alla þessa greiningarvinnu, hlutirnir breyttust of hratt til að hún kæmi að gagni. Minna bar svo á þessari gagnrýni eftir að netbólan sprakk, eins og Porter hafði reyndar spáð, og fræði hans komust aftur í tísku.



**VIÐ UPPHAF FUNDAR** Geir Haarde forsætisráherra var meðal fjölda gesta sem hlýddu á Michael Porter á mánudagsmorguninn. Hér heilsast þeir, en lengst til vinstri glittir í Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og hægra megin er Hákon Gunnarsson frá Capacent.
MARKAÐURINN/GVA




# garkrönum

jónusta þurfa að vera í lagi í íkj-
 þar sem fræðimaðurinn sagði meðal
stjórnmála, fræða og atvinnulífs þurfa

sé statt og á hvaða leið það kunni að vera, en sú umræða muni halda áfram um ókomna tíð. „Aðstæður eru síbreytilegar. Þegar laun hækka, svo dæmi sé tekið, þarf að bregðast við með breytingum sem staðið geta undir þeim.“ Jafnframt kveðst Porter hlakka til að fylgjast með þeirri umræðu og taka þátt í henni í gegnum starf stofnunar hans við Harvard-háskóla.

„Fyrst langar mig að nefna að saga Íslands er alveg stórmerkileg, dæmi um ótrúlega velgengni og einstæðan árangur síðustu 10 til 15 árin, og þjóðin ætti að vera stolt af því sem náðst hefur. Hér er efnahagsumhverfið að nokkru leyti erfitt, landfræðileg einangrun er dæmi um slíkan þátt.“ Porter segir þjóðir eiga auðvelt með að stunda viðskipti þegar nágranninn sé á næsta leiti. „En þegar enginn er nágranninn gerir það viðskiptum erfiðara fyrir.“ Hann segir náttúrulegar auðlindir þjóðar geta verið til blessunar um leið og þær kunni að vera til trafala. Þjóðirnar fái auðæfin í arf og sá arfur geti þvælst fyrir þegar kemur að verðmætasköpun. „Þeir sem erft hafa auðlindir telja sig ríka og taka þá gjarnan ekki nauðsynleg skref í þá átt að búa til þær stofnanir, menningu og þann jarðveg sem þarf til að búa til meiri verðmæti. Er þá eftir umræðan um hvernig nota skuli auðlindirnar á arðbæran hátt þannig að ýti undir framleiðni.”

### EIN STARFSEMI GETUR AF SÉR AÐRA

Þá segir Porter mannfæðina hér hindrun í sjálfu sér, enda komi enginn hingað í leit að viðskiptum vegna fólksfjölda, líkt og raunin sé með Kína. „Og Kína er í raun fremur ömurlegur staður til að eiga í viðskiptum, spilling er mikil og þar fram eftir götunum. Samt dregur landið að sér fjárfesta vegna stærðar markaðarins.” Hér þarf því að búa til aðstæður sem laða að sér viðskipti, segir Porter og kveður smæðina í raun fremur vera til framdráttar en hitt í alþjóðahagkerfinu. „Áður fyrr höfðu stærri ríki yfirhöndina, en í æ ríkari mæli sjáum við hvernig þau smærri hafa náð forskoti,“ segir hann og bendir á hvernig stærri ríki skiptist niður í smærri svæði sem hvert hafi sína sérstöðu. Þannig hafi í Bandaríkjunum myndast þekkingarþyrpingar sem tengist ákveðnum iðnaði og mikill munur sé á milli svæða þrátt fyrir að á milli ríkja séu engar hömlur settar á flæði fólks eða þeirrar atvinnustarfsemi sem byggja megi upp.

Til þess að þyrping atvinnustarfsemi nái að byggjast upp segir Porter fjölmarga þætti samfélagsins þurfa að vera í lagi; í þessum efnum styðji hvað annað. Þannig skipti menntakerfi miklu máli, því geti atvinnugrein gengið að sérhæfðu og fagmenntuðu starfsfólki á ákveðnu svæði og fyrirtækin þurfi ekki sjálf að sjá um að mennta fólk til starfa hvert í sínu lagi, þá laði það að. Í þyrpingu getur þannig vaxið upp ólík en tengd atvinnustarfsemi og hefur Porter í rannsóknum sínu fundið út hvaða iðnaður er líklegastur til að vaxa upp á sama svæði. Þannig séu til dæmis fiskveiðar og landbúnaður líkleg til að geta af sér iðnað í matvælavinnslu. Ferðamennska, skemmtanaiðnaður og fólksflutningar tengist og þar fram eftir götunum.

Grundvöllur farsældar þjóða liggur að sögn Porters í nokkrum grundvallaratriðum. „Til að eiga viðskipti þarf maður að vera í stöðu til að framleiða. Framleiðnin ein skapar verðmæti.“ Hann segir þjóðir ekki lengur sjálfum sér nægar. „Tæknin er orðin slík að það ræður enginn við það. Það er ekki hægt að vera góður í öllu, heldur finnur hver sér sinn stað og einbeitir sér að uppbyggingu á ákveðnum sviðum verðmætasköpunarinnar.“ Porter segir lönd eða svæði keppa í því að bjóða atvinnugreinum besta starfsumhverfið. „Þið viljið verða segull sem dregur til sín erlend fyrirtæki,“ segir hann og áréttar að engu máli skipti hver eigi fyrirtækin heldur sé aðalmálið hvað fyrirtækin geri fyrir svæðið sem þau starfi á. Eftirsóknarverðast sé að vera með blöndu innlendra og erlendra fyrirtækja, enda komi þar með inn í landið þekking og nýjar hugmyndir sem geri starfsumhverfið frjórra.

Hér segir hann að við verðum að leggja áherslu á að byggja upp umhverfi þar sem fái þrifist iðnaður sem við getum sótt fram í og þar sem við getum byggt á þeim atvinnugreinum sem hér eru fyrir, svo sem landbúnaði, fiskveiðum og orkugeiranum. Í slíku umhverfi verði framþróun og nýsköpun, að því gefnu að grunnþættir á borð við menntakerfi, heilbrigðiskerfi og fleira slíkt séu í lagi. „Misrétti gagnvart konum vinnur til dæmis á móti framleiðni, því þá fara um leið mikilvægir starfskraftar forgörðum. Eins þarf að huga að heilbrigði fólks og hamingju, því þeir skila mestu sem líður vel.“ Þá segir hann gaman að sjá að hér skuli líftækniiðnaður vera að skjóta rótum, en hann hafi ekki enn komið í land sem segist ekki leggja áherslu á að búa í haginn fyrir þann iðnað. „Allir vilja byggja upp líftækniþyrpingar, en á því sviði sækir Ísland á.“

### KRÓNAN OF KOSTNAÐARSÖM

Þá segir Porter grundvallarmistök að leggja ofuráherslu á hag útflutningsfyrirtækja og gefa heimamarkaði lítinn gaum. Sem dæmi nefnir hann Japan sem gekk vel að flytja út, en heima fyrir jókst sífellt kostnaður fyrirtækjanna þar til enginn vildi fjárfesta þar. „Fyrirtæki verða að geta starfað í landinu,“ segir hann og telur umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga hversu landið sé dýrt. Hann vill draga úr kostnaði við viðskipti. „Íslendingar standa vel á mörgum sviðum, en þurfa að gæta að fjárfestingu innanlands sem ekki stuðlar beint að aukinni framleiðni. Hérna er allt of mikið af byggingarkrönum,“ segir hann og telur launakostnað og dýrtíð kunna að vera hér meiri en góðu hófi gegni.

Michael Porter horfir líka til krónunnar, sem hann telur orsaka óstöðugleika smæðar hennar vegna og því fylgi henni kostnaður sem falli á fyrirtækin. „Gjaldmiðlar endurspegla samkeppnishæfni þjóða, en á Íslandi spila inn í fleiri þættir sem ýta undir óstöðugleika vegna smæðar gjaldmiðilsins.“ Hann segir niðurstöðu sína að meiri kostnaður fylgi krónunni en ávinningur af sveigjanleikanum sem hún færi okkur. Hagkerfið hér sé enda svo sveigjanlegt að raunveruleg spurning sé hvort krónunnar sé þörf og hvetur hann til áframhaldandi umræðu um málið.

Porter segir öllu skipta að búa til tækifærin sem farsæld fái sprottið úr. „En fyrirtækin eru ein fær um að skapa verðmæti og auðlegð. Ekkert land fær notið velgengni án fyrirtækja sem gengur vel. Stjórnmálaleiðtogum hér og hvar um heiminn dettur stundum í hug að fyrirtækin séu vond,“ segir hann hneykslaður og spyr hvernig í ósköpunum menn ætli að byggja upp öflug hagkerfi án þess að hlúa að fyrirtækjum sem skili hagnaði. „Um það snýst þetta allt saman,“ segir hann, en áréttar um leið að fyrirtækin þurfi sem best starfsumhverfi. Þá segir hann ljóst að hér þurfi að ýta undir erlenda fjárfestingu, en telur um það séu hlutir farnir að þróast í rétta átt. Bæði komi þar til nýleg fjárfesting í stóriðju auk þess sem samruni Kauphallar Íslands við OMX-kauphallirnar vegi þungt.

„Þrautin við samkeppnishæfni þjóða er að allt skiptir máli, skólar, vegagerð, lagaumgjörð og hvað eina. Það sem gildir er að vera vakandi og bregðast við breytingum. Hér skiptir raunhæft mat á aðstæðum þjóðarinnar höfuðmáli og þetta er efni í eilífðarvangaveltur sem stöðugt breytast með aðstæðum,“ segir hann og kveðst vonast til að hafa komið með hjálplegt innlegg í þá umræðu.



**Í STÓRA SALNUM Á NORDICA** Michael Porter leggur áherslu á mál sitt í pontu en við pallborðið sitja (frá vinstri) Bjarni Snæbjörn Jónsson, framkvæmdastjóri Capacent í Danmörku, sem var ráðstefnusjóri, Baldur Pétursson frá European Bank, Sigurjón Þ. Árnason Landsbankanum, Gylfi Magnússon frá Háskóla Íslands, Hannes Smárason FL Group og Þórdís Sigurðardóttir frá Dagsbrún. MARKAÐURINN/GVA




**HÁKON GUNNARSSON** Hákon, sem er meðeigandi í Capacent (áður IMG ráðgjöf), hefur lengi átt sér þann draum að fá Michael E. Porter hingað til lands. Hann náði fundi við Porter fyrir ári síðan og þá tók boltinn að rúlla. MARKAÐURINN/ANTON BRINK

# Maðurinn á bak við komu Porters

**Aðdraganda heimsóknar Porters má með góðum vilja telja í áratugum. Undir lokin réðu tilviljanir og reyfarakennd atburðarás þar sem meðal annars forsetinn kemur við sögu.**

Nákvæmlega ári áður en prófessor Michael E. Porter kom hingað til að flytja fyrirlestra og taka við heiðursdoktorsnafnbót, 2. október árið 2005, var Hákon Gunnarsson, meðeigandi hjá Capacent, búinn að verða sér úti um fimm mínútna fund með Porter eftir fyrirlestur í Kaupmannahöfn.

Þar var ísinn brotinn og við tók undirbúningur að heimsókn mannsins sem af mörgum er talinn fremsti hugsuður heims á sviði stefnumótunar og stjórnunar. Í þeim hópi er Hákon og hann hlær því við þegar hann er spurður að því hve langur aðdragandinn að heimsókn Porters hingað til lands hafi verið og rekur hann í raun aftur til námsára sinna í háskóla.

„Fyrir rúmum 20 árum var ég nemi í viðskiptafræði í Háskóla Íslands og sat kúrsinn Stefnumótun fyrirtækja. Kennari minn var Árni Vilhjálmsson og hann kynnti fyrir okkur bókina Competitive Strategy sem honum fannst tímamótaverk og tíminn hefur leitt í ljós að var hárrétt. Á þessum tíma hélt ég reyndar að þessi Porter væri gamall karl, en hann er fæddur árið 1947 og hefur þá verið undir fertugu,“ segir Hákon. Þegar hann var að ljúka námi árið 1986 kom svo út bókin Competitive Advantage, annar hornstein í stefnumótunarfræðum Porters. „Þar kynnir hann til sögunnar þessa frægu virðiskeðju, eða value chain, þar sem fyrirtæki eru greind niður í smæstu eindir bæði lárétt og lóðrétt. Ég hreifst mjög af þessum módelum og hef alltaf notað þau í vinnu síðan. Hann er sá fræðimaður sem ég hef mest litið til í störfum mínum.” Ferlið sem svo leiddi að heimsókn Porters nú segir Hákon að mörgu leyti hafa verið reyfarakennt og tilviljanir á endanum ráðið för, enda hafi margir reynt árum saman að fá Porter hingað til lands en án árangurs.

„Ég var á leiðinni heim frá Grikklandi úr sumarfríi í fyrra þegar ég sá auglýsta ráðstefnu í Kaupmannahöfn þar sem hann var einn af 10 fyrirlesurum, innan um fólk á borð við Clinton, Jack Welsh og Anneta Roddik og fleiri.” Hákon gengur í að sannfæra yfirmenn sína um að hann þurfi að fara á þessa ráðstefnu og sendir um leið tölvupósta út um víðan völl, þar á meðal á ráðstefnuhaldarana og fleiri, um hvort ekki sé hægt að komast í samband við skrifstofu Porters. Eftir nokkuð mikla vinnu tekst honum svo að kría út fimm mínútna fund með Porter eftir fyrirlestur hans og hafði þá notið liðsinnis bæði ráðuneyta og Háskólans við að koma honum á. „Ég fór að hitta hann eftir fyrirlesturinn, sem ég hreifst mjög af, og var með að vopni bréf frá Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta lýðveldisins, og það held ég að hafi gert útslagið. Þetta var 2. október í fyrra.“ Mínúturnar fimm urðu tuttugu og þótti Porter nokkuð til þessa áhuga héðan af klakanum koma. „Hann spurði mikið um land og þjóð. Hér hafði hann millilent en aldrei farið úr vélinni og ætlaði varla að trúa því að hér hefðu menn heyrt á hann minnst. Svo horfði hann bara á bréfið frá Ólafi Ragnari og mig til skiptis og þótti mikið til koma.“

Hákon segir að eftir fundinn hafi tekið við undirbúningur að heimsókninni sem þar sem hann og hægri hönd Porters við Institute of Strategy and Competetiveness við Harvard-háskóla hafi fundið samstarfsaðila sem reynst hafi vel. Í kjölfarið hafi jafnframt orðið til hugmyndin að heiðursdoktorsnafnbót Porters og samstarf kviknað á milli háskólanna.

„Ég er afskaplega hrifinn af kenningum Porters og honum sjálfum eftir viðkynnin og er mjög stoltur fyrir hönd Capacent að við skulum hafa náð þessu máli í höfn,“ segir Hákon Gunnarsson.

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Mikilvægt að halda áfram umræðu um evru og krónu:

# *Forsenda upplýstrar ákvörðunar um ESB*

**Hafliði Helgason**

Viðskiptaráð Íslands hefur tekið forystu í umræðu um framtíð gjaldmiðils þjóðarinnar. Skýrsla Viðskptaráðs, Hvert stefnir krónan?, var mikilvægur upphafspunktur umræðu sem þarf að fara fram á næstu misserum. Í gær stóð ráðið svo fyrir fundi þar sem umræðuefnið var hvort evran væri að læða sér inn bakdyramegin í hagkerfið.

Eins og búast má við sýndist sitt hverjum um þá hættu. Það er hins vegar ljóst að evran mun verða ríkari þáttur í hagkerfinu á komandi árum. Þannig hafa fyrirtæki á markaði fullan hug á að skrá hlutafé sitt í evrum. Ástæðan er einföld, eins og fram kom í máli Árna Odds Þórðarsonar, stjórnarformanns Marel. Erlendir fjárfestar sem kaupa hlut í fyrirtækjum eru alla jafna engir sérfræðingar eða áhugamenn um gjaldmiðlaviðskipti. Í þeirra huga er krónan ekkert nema fyrirstaða og áhættuauki við mat á því hvort skynsamlegt sé að kaupa hlut í íslenskum fyrirtækjum.

Upptaka verðbólgumarkmiðs og fljótandi gengis var rétt ákvörðun á sínum tíma. Fastgengisstefna við núverandi kringumstæður hefði skapað okkur gríðarlega erfiðleika. Sama mætti segja ef evran væri gjaldmiðill nú. Ástæðan er einfaldlega gríðarleg erlend fjárfesting í stóriðju og vanhugsaðar ákvarðanir stjórnvalda um Íbúðalánasjóð og skattalækkanir. Allt hefur því lagst á eitt við að gera róður Seðlabankans sem erfiðastan.

Kostir krónunnar eru tvímælalaust dreifing sársauka mistaka og þenslu á fleiri þegna landsins. Það er um leið galli sem leiðir af sér mikinn kostnaðarauka fyrir fyrirtæki landsins. Innbyggð sveiflujöfnun í fljótandi gengi leiðir líka til kæruleysislegrar hagstjórnar, sem er annað vandamál sem gera má ráð fyrir að drægi úr ef agi evrunnar kæmi inn í hagkerfið.

**Fyrirtæki reyna að létta af sér kostnaðarauka. Það liggur í eðli þeirra. Því má búast við tilhneigingu víða til að auka hlut evru í viðskiptum fyrirtækja. Hættan af því er að myntin verði á endanum leikmynt erlendra fjárfesta þar sem fáttækari hluti almennings og fyrirtækja er leiksoppur.**

Fyrirtæki reyna að létta af sér kostnaðarauka. Það liggur í eðli þeirra. Því má búast við tilhneigingu víða til að auka hlut evru í viðskiptum fyrirtækja. Hættan af því er að myntin verði á endanum leikmynt erlendra fjárfesta þar sem fátækari hluti almennings og fyrirtækja er leiksoppur.

Það er því full ástæða til að taka umræðu um evruna af fullri alvöru. Sú umræða þarf að fara fram af fullum þunga án þess að grýla Evrópusambandsins sé þar í forgrunni. Flestum er ljóst að evra verður ekki tekin upp án inngöngu. Innganga er hins vegar sér umræða. Fyrst þurfum við að gera okkur fulla grein fyrir því hverju við munum fórna til framtíðar með því að halda í núverandi kerfi. Niðurstaða slíkrar umræðu er forsenda upplýstrar ákvörðunar um hver verði okkar næstu skref. Pólitískur verkkvíði hefur of lengi haldið aftur af slíkri umræðu, umræðu sem er okkur lífsnauðsynleg til að meta hagsmuni okkar til lengri framtíðar.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is




# Íbúðalán

Þegar KB banki tilkynnti í ágúst 2004 að bankinn ætlaði að taka að fullum krafti þátt í slagnum um íbúðalán, óraði sennilega engan fyrir hvaða áhrif þessi aðgerð hefði. Það má líkja þessum aðgerðum KB banka manna sem byltingarkenndum, þær brutu blað í íslenskri fjármálasögu. Nánast í fyrsta skipti áttu einstaklingar kost á því í gegnum bankakerfið að fá langtíma lán á fasteignir og á góðum vöxtum. Það skipti ekki máli hvort einhver fasteignaviðskipti voru þar á bak við eður ei.

Þessi ákvörðun KB banka stillti öllum sparisjóðum og bönkum upp við vegg, það urðu allir að bjóða svipuð kjör og þeir. Íbúðalánasjóður og nokkrir lífeyrissjóðir blönduðu sér líka í slaginn.

Afleiðingar af þesssu gjörbreytta umhverfi voru margvíslegar:

1. Vextir lækkuðu
2. Lánstími lengdist
3. Greiðslubyrði minnkað töluvert
4. Fasteignaverð hækkaði
5. Íbúðalánasjóður missti umtalsverða markaðshlutdeild
6. Ráðstöfunarfé einstaklinga óx umtalsvert
7. Aukin verðbólga gerði vart við sig
8. Bankar og sparisjóðir þrýstu mjög á að hlutverki Íbúðalánasjóðs yrði breytt

Það sem breyttist einnig var að lánshlutföll hækkuðu fyrst í

ORÐ Í BELG



**Jafet S. Ólafsson**
Framkvæmdastjóri VBS fjárfestingarbanka hf.

80%, síðan 90% og einhver bauð 100%. Síðan gekk þetta allt til baka niður í 80%. Það er ekki gott mál þegar verðið að hringla með reglur um lánshlutföll.

Íbúðalánasjóður hélt sínum reglum nánast óbreyttum, hækkaði aðeins hámarkslán. Vextir fóru niður og síðan upp og hafa verið nokkuð stöðugir síðustu mánuði.

Stýrihópur félagsmálaráðuneytisins hefur nú skilað tillögum um hlutverk Íbúðalánasjóðs. Fátt í skýrslunni kemur á óvart, enda nefndin pólitískt skipuð og það eru ekki margir mánuðir í kosningar. Ég held að það séu örfáir pólíkusar sem gætu hugað sér miklar breytingar á hlutverki Íbúðalánasjóðs.

Ég hef oft varað við því að of geyst væri farið í breytingar á Íbúðalánasjóði.

Á meðan bankar og sparisjóðir geta ekki svarað spurningunni hvort einstaklingurinn á Hvammstanga og í Reykjavík fær sömu lánafyrirgreiðslu er ekki við því að búast að neinn þingmaður utan Reykjavíkurkjördæmanna ljái máls á róttækum breytingum.

Sumt í tillögum stýrihópsins horfir til bóta fyrir skipan þessara mála á næstu árum og við eigum að leyfa þessu að þróast á nokkrum árum.

Fyrir bankakerfið er afar mikilvægt að hafa gott hlutfall fasteignalána í sínum efnahagsreikningi, það eykur útlánagetu þeirra og þeir fá betra mat hjá erlendum greiningarfyrirtækjum. Þetta urðu menn áþreifanlega varir við í því skýrsluflóði sem skall á íslenska fjármálakerfinu í vetur og vor.

Það er mjög merkilegt að undanfarna mánuði hefur Íbúðalánasjóður verið að auka sína markaðshlutdeild í íbúðalánum á nýjan leik. Hvað er að gerast?

Hafa bankar og sparisjóðir sett of stífar reglur fyrir sínum íbúðalánum?

Fyrir neytandann er best að mikil samkeppni ríki á íbúðalánamarkaðnum. Þegar horft er til baka kynni einhver að segja hvernig gat það verið að kerfið hjá okkur varðandi íbúðalán var með þessum hætti öll þessi ár.

Svarið liggur í miðstýringu á öllu íslensku fjármálakerfinu, það eru ekki mörg ár síðan einkavæðing banka átti sér stað og frjálsir fjármagnsflutningar milli landa voru leyfðir.

Breytingarnar á Íbúðalánasjóði eru gott skref í rétta átt en fullljóst er að enn frekari breytingar verða á sjóðnum á næstu árum. En við skulum fara hægt í þær.

**Á meðan bankar og sparisjóðir geta ekki svarað spurningunni hvort einstaklingurinn á Hvammstanga og í Reykjavík fær sömu lánafyrirgreiðslu er ekki við því að búast að neinn þingmaður utan Reykjavíkurkjördæmanna ljái máls á róttækum breytingum.**



UM VÍÐA VERÖLD

## Nútímastarfsmenn

Í nýlegri bók David Bolchover, *The Living Dead - The Shocking Truth About Office Life*, talar höfundur á gagnrýninn hátt um nútíma starfsmenn. Hann telur að of mikil og ýkt umræða sé um úrvinda starfsmenn í umhverfi sem einkennist af miklum hraða, yfirvinnu og álagi þar sem reynt er að samræma vinnu og einkalíf án árangurs.

Höfundur telur að í raun og veru sé þessu öfugt farið á vinnumarkaði og vitnar í fjölda kannana sem sýna að í raun og veru séu margir starfsmenn önnum kafnir við að senda tölvupóst til vina og kunningja og þeim hundleiðist í vinnunni. Þeir vafri um á netsíðum ótengdum starfi þeirra og margir mæti reglulega með timburmenn í vinnu, séu óvinnufærir og sói dýrmætum tíma með því að leggja sig ekki fram.

Hann telur að vinnumarkaðurinn sé fullur af lifandi dauðum starfsmönnum, eða The Living Dead eins og hann kallar þá, sem koma að skrifborði sínu á sama tíma alla daga og fara þaðan á sama tíma en gera ekkert þess á milli.

Eina af ástæðum fyrir þessu ástandi telur Bolchover vera lélega millistjórnendur. Hann segir að skrifstofustörf séu oft einhæf og leiðinleg og þess vegna sé hlutverk millistjórnanda mikilvægt.

Ef stjórnendur væru hæfir og hafa yfirsýn yfir hlutverk starfsmanna ættu þeir að að geta hvatt þá áfram. Undir þetta er tekið í tímaritinu Personnel Today. Þar er talað um að algeng mistök séu að velja millistjórnendur úr hópi duglegra starfsmanna sem hafi ekki endilega sýnt fram á hæfileika í mannlegum samskiptum eða stjórnun. Þeir hafi ef til vill verið valdir vegna þess að þeir sýndu góðan árangur til dæmis við sölu, en eiga síðan erfitt með að stjórna fólki sem þeir eru vanir að vinna með á jafningjagrundvelli. Betra sé að velja starfsmenn úr öðrum deildum fyrirtækisins sem yfirmenn. Ekki sé slæmt að velja millistjórnendur úr hópi starfsmanna en nauðsynlegt sé að velja þá af kostgæfni, þjálfa þá vel og hafa stjórnunarhæfileika þeirra til viðmiðunar við ráðningu.



**Sif Sigfúsdóttir**
**MA í mannauðsstjórnun**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Að ganga um stiga

Í starfsemi fyrirtækja kemur margoft upp að starfsmenn þurfa að ganga um lausa stiga við vinnu sína. Mikilvægt er að þeir stigar sem fyrirtæki kaupa inn til notkunar á vinnustaðnum séu öruggir og rétt sé um þá gengið. Fjölmörg dómsmál hafa sprottið af vinnuslysum sem verða vegna þess að menn detta í eða úr stigum eða stigi er þannig búinn að hann gefur sig þegar upp í hann er stigið. Passa þarf að allir stigar séu heilir og þrep þeirra örugg. Einnig þarf að huga að undirlagi þar sem stigi er reistur, en reynt hefur á það í nokkrum málum að gólf hefur verið talið of hált. Einnig þarf að huga að því að rétt getur verið að setja stamt undirlag undir fætur stiga sem reisa á upp, til að koma í veg fyrir að þeir renni á gólfi.

Það er ekki bara stiginn sjálfur og búnaður hans sem skiptir máli heldur einnig hvernig hann er reistur. Í síðustu viku dæmdi Hæstiréttur í máli ungs manns sem starfaði við að þrífa flugvélar. Við vinnuna var notaður þjónustustigi sem var festur við landgangsrana flugvélar af stærstu gerð. Leiddi það til þess að umræddur þjónustustigi var þannig reistur að hann var talinn hafa verið óvenju brattur. Dómkvaddur matsmaður taldi framstig hans grunnt og að þrep stigans hafi hallað fram um þrjár gráður. Veðurskilyrði voru þannig þegar slysið varð að það var blautt og gekk á með slydduéljum. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að staða stigans við þær aðstæður sem voru fyrir hendi hefði verið aðalorsök slyssins og dæmdi vinnuveitanda hins slasaða bótaábyrgan. Þrátt fyrir að vinnuveitandi hafi verið talinn ábyrgur vegna þessa slyss þurfti einnig að taka afstöðu til kröfu vinnuveitandans í þessu máli um að hinn slasaði bæri einnig ábyrgð á slysinu þar sem hann hefði sýnt gáleysi við störf sín. Um var að ræða ungan mann sem hóf störf þremur mánuðum fyrir slysið. Hann var að vinna einfalt verk og gekk niður stigann þannig að hann sneri fram auk þess sem hann var með byrði í höndunum. Taldi Hæstiréttur að þar sem stiginn var brattur og framstig í honum stutt að hinn slasaði hefði ekki gætt nægilegrar varkárni og það hafi einnig orsakað slysið. Var ungi maðurinn látinn bera þriðjung tjóns síns sjálfur.

Eigin sök tjónþola kemur iðulega til skoðunar í dómsmálum og forsendur dómstóla í einhverjum málum hafa verið á þá leið að sú hætta sem fylgir því að ganga um stiga sé augljós öllum sem um þá ganga og stundum þurfa starfsmenn að bera allt sitt tjón sjálfir. Það er því ljóst að starfsmennirnir sjálfir verða að gæta að sér, ganga ekki með byrðar í stigum eða of hratt upp og niður. Einnig verða þeir augljóslega að tryggja sér næga hand- og fótfestu.

ÖRUGG FYRIRTÆKI
Átak Markaðarins og Sjóvá

Hugum að þessum málum og komum í veg fyrir slysin. Stuðlum að góðu vinnuumhverfi og öruggum vinnustað!

**Þóra Hallgrímsdóttir**
**framkvæmdastjóri Tjónasviðs Sjóvár**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

## Fé er fé er fé

Þótt ótrúlegt megi virðast bærist í mér viðkvæm taug sem fær útrás í aðdáun minni á hinum fögru listum. Ég ætla mér þegar upp er staðið að hreiðra um mig í góðum hægindastól og njóta fagurra lista. Gott ef maður gerir bara ekki eins og Gertrude Stein, sem opnaði heimili sitt fyrir öllum helstu listamönnum Parísar fyrir rúmri öld.

Rós er rós er rós er frægasta setning kerlingarinnar, en þar sem atgervi mitt beinist nú að öðru segi ég auðviða fé er fé er fé og mér er næstum alveg sama hvaðan það kemur.

Mér finnst stundum eins og það þyki eitthvað lítið fínt að vera tækifærissinni. Á markaði er það mikil dyggð. Við tækifærissinnarnir erum hið raunverulega hreyfiafl markaðarins. Þess vegna tek ég ofan fyrir Hannesi Smárasyni sem lokar engum leiðum og stefnir nú í að ná að innleysa annan stóra hagnað ársins fyrir FL Group. Ef af skráningu verður bókfærir FL Group 26 milljarða í hagnað og þaðan verða að minnsta kosti 13 milljarðar tekinir í hús. Fyrir er í húsi hluturinn í EasyJet sem er annað eins á bankabók FL Group. Þessi hagnaður hefur náðst vegna þess að þeir hjá FL Group eru tækifærissinnar, eins og ég.

Við eigum líka sameiginlegt að hafa náð umtalsverðum árangri í tækifærismennskunni. Það eru nefnilega til margar gerðir fjárfesta. Sumir kaupa og eiga, aðrir kaupa og selja. Ég ætla ekkert að vera að fabúlera um að annar hópurinn sé betri en hinn. Innan beggja hópa eru menn misgóðir í því sem þeir eru að gera.

Ólafur Ólafsson sem vildi kaupa Icelandair hefði líklega ætlað að eiga félagið lengi. Hann hefur gaman af því að reka félög. Mér finnst hann hafa gert það ágætlega. Ég hefði aldrei nennt að halda Samskipum á floti öll þess ár, né hefði ég nennt að taka SÍF í fangið og bjarga því frá gjaldþroti. Ég er bara ekki sú týpan. Ég hefði hins vegar alveg verið til í að kaupa með honum Búnaðarbankann, sérstaklega þegar á eftir fylgdi sú snilld að láta Kaupþingsliðið fá bankann. Ég reyndar var með Óla í kaupunum án þess að hann vissi nokkuð um það, enda keypti maður eins og vitleysingur í bönkunum í aðdraganda einkavæðingarinnar. Það gat bara ekki klikkað að vera með.

Svona er þetta nú bara, það skiptir ekki máli hvaða leið maður velur. Michael Porter segir að maður eigi ekki að vera bestur, heldur einstakur. Ég get hins vegar lítið að því gert að vera bæði einstakur og bestur. Það er ekkert slæm blanda.

**Spákaupmaðurinn á horninu**





# INNKAUPAKORT VISA




- **Innkaupakort VISA** er ókeypis kreditkort.
- Ekkert stofngjald, árgjald eða seðilgjald.
- Kortið er ætlað í rekstrarinnkaup og kemur í stað beiðna- og reikningsviðskipta.
- Lengri greiðslufrestur.

Úttektartímabil **Innkaupakorts** er almanaksmánuður og gjalddagi reiknings 25. næsta mánaðar.

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á www.visa.is og hjá öllum bönkum og sparisjóðum.
Nánari upplýsingar í síma 525-2280

**Nýr dagur – ný tækifæri** VISA

# Nissan flytur framleiðslu til Japans

Japanski bílaframleiðandinn Nissan Motors ætlar að flytja framleiðslu á einni gerð fjölskyldubíla frá Bandaríkjunum til Japans. Ákvörðunin er sögð í hagræðingarskyni, auk þess sem fyrirtækið vill rýma fyrir framleiðslu á nýrri gerð bíla frá Nissan í Bandaríkjunum.



**ÚR VERKSMIÐJU NISSAN** Japanski bílaframleiðandinn Nissan Motors hefur flutt framleiðslu á einni gerð bíla frá Bandaríkjunum til Japans.

Fleiri japanski bílaframleiðendur hafa aukið bílaframleiðslu sína umtalsvert í heimalandinu, meðal annars til að prófa nýja tækni í bílum heima fyrir.

Þá hafa fyrirtækin Suzuki Motors og Honda sömuleiðis ákveðið að reisa nýjar verksmiðjur í Japan. Þetta verða fyrstu nýju verksmiðjur fyrirtækjanna í rúm 30 ár. - jab

# Banna veðmál utan Bandaríkjanna

Gengi hlutabréfa í breskum veðmálavefjum hrundi í byrjun vikunnar eftir að bandaríska þingið samþykkti lög sem banna Bandaríkjamönnum að leggja fjármuni undir hjá erlendum veðmálavefjum. Aðgerðin er hluti af aðför stjórnvalda vestra gegn starfsemi sem þessari en tryggir jafnframt rekstrargrundvöll bandarískra vefja í þessum geira.

Gengi hlutabréfa í netfyrirtækinu Partygaming lækkaði um tæp 60 prósent á mánudag en í netfyrirtækinu 888 Holdings um rúm 45 prósent. Bæði fyrirtækin eru skráð í Kauphöll Lundúna í Bretlandi en eru með póstfang á Gíbraltar.

Forsvarsmenn beggja fyrirtækja segja að frumvarpið muni skaða fyrirtækin en þau muni engu að síður hætta að taka við veðmálum frá Bandaríkjunum.

Veðmálavefir í Bretlandi hafa sætt harðri aðför frá hendi bandarískra stjórnvalda það sem af er ári og hefur gengi þeirra sömuleiðis lækkað mikið, sérstaklega eftir að forstjóri og stjórnarformaður tveggja slíkra fyrirtækja voru handteknir í Bandaríkjunum fyrir nokkru. - jab



**VIÐ TÖLVUNA** Bandaríska þingið hefur samþykkt lög sem banna netverjum að leggja fé undir hjá veðmálavefjum í Bretlandi. MARKAÐURINN/AP

# Microsoft ætlar gegn YouTube

Bandaríski hugbúnaðarrisinn Microsoft ætlar að setja á laggirnar þjónustu við myndskrárhluta MSN Video, sem gerir netverjum kleift að setja myndskrár af öllum toga á netið. Með þessu er fyrirtækið að demba sér í samkeppni við vefsetrið YouTube, Google og MySpace.

Fyrstu prófanir á vefsetrinu, sem heitir Soapbox, hófust á þriðjudag í síðustu viku en fyrirhugað er að þjónustan verði virk eftir hálft ár.

Rob Bennett, forstöðumaður MSN-vefseturs Microsoft, segir að þótt YouTube hafi náð umtalsverðu forskoti á þessu sviði sé myndskráavæðingin á netinu tiltölulega ungt fyrirbæri og megi segja að netverjar séu enn að stíga sín fyrstu spor af mörgum.

Eftir nokkru er að slægjast. YouTube gnæfir yfir aðra keppinauta í baráttunni en 34 milljónir fóru á vefsetur fyrirtækisins í ágústmánuði. Þá fara 17,9 milljónir manna á vefsetur MySpace að staðaldri í hverjum mánuði en 13,5 milljónir á vef Google Video. Microsoft rekur lestina með 12 milljónir heimsókna.




**YOUTUBE** Microsoft ætlar að stækka skerf sinn í myndskráasamkeppninni á netinu. Þar gnæfir vefsetrið YouTube yfir aðra keppinauta.

Að mati markaðsfræðinga dembir Microsoft sér nokkuð seint í keppnina og óvíst er hvernig þjónustunni muni reifa af. - jab

# Japanar lönduðu ekki olíusamningi

## Japanar horfa til þess að vinna hráolíu í Íran.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Samningar náðust ekki um síðustu helgi á milli japanska ríkisolíufyrirtækisins Inpex og stjórnvalda í Íran um olíuvinnslu á Azadegan-svæðinu í suðvesturhluta Írans. Samninganefnd Japana er bjartsýn á að viðræður muni halda áfram að nýju enda um risasamning að ræða.



**OLÍUVINNSLUSTÖÐ Í ÍRAN** Japanar horfa til þess að vinna olíu á einu stærsta olíuvinnslusvæði í heimi.

Helsta þrætueplið er sú fjárhæð sem þarf að setja í verkefnið en samninganefnd Japana vill sömuleiðis sjá að hagstæð lending verði í viðræðum stjórnvalda í Íran og ráðamanna á Vesturlöndum varðandi kjarnorkuáætlun Írana.

Azadegan-svæðið er eitt af stærstu olíuvinnslusvæðum í heimi en talið er að hægt verði að ná allt að 26 milljörðum tunna af hráolíu úr borholum á því.

Samkvæmt samkomulagi stjórnvalda í Japan og ríkisolíufélags Írana frá því í febrúar árið 2004 áttu Japanar að hefja olíuvinnslu á Azadegan-svæðinu í síðasta lagi á laugardag, ella rynni samningurinn út. Samningurinn er metinn á um tvo milljarða Bandaríkjadali, um 140 milljarða íslenskra króna, og höfðu Japanar í hyggju að fá Kínverja og Rússa til samstarfs um olíuvinnslu á svæðinu. Þegar starfsemi hófst hins vegar ekki á svæðinu á laugardag eins og mælt var um runnu samningar út í sandinn. Óvíst er hins vegar hvenær viðræður hefjast að nýju.


LÆGRI KOSTNAÐUR
FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

**GLITNIR KYNNIR FYRIRTÆKJAVILD**

Fyrirtækjavild samanstendur af bankaþjónustu Glitnis, fjármögnunarþjónustu hjá Glitni Fjármögnun og vátryggingaþjónustu hjá Sjóvá.

Fyrirtækjavild eykur fríðindi þeirra fyrirtækja sem nýta sér heildarþjónustu bankans. Þjónustan skiptist í þrjú stig eftir umfangi viðskipta – **Vild**, **Gullvild** og **Platínumvild**.

- **Betri kjör**
- **Betri þjónusta**
- **Aukin fríðindi**
- **Afsláttarkjör**
- **Heildaryfirsýn yfir fjármálin í Fyrirtækjabankanum**
- **Aukin þægindi með bankaviðskipti og vátryggingar á sama stað**

Kynntu þér kosti Fyrirtækjavildar hjá fyrirtækjafulltrúum okkar í síma 440 4000 eða á glitnir.is.

**FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI**

FYRIRTÆKJAVILD



**GEIMSKUTLAN KYNNT** Richard Branson og félagar hans hjá Virgin Galactic sýna hvernig skutlan sem fara á með farþega út í geim á vegum ferðaskrifstofunnar mun líta út. MARKAÐURINN/AFP

# Geimskutlan sýnd

## Virgin Galactic ætlar að bjóða almenningi ferðir út í geim á viðráðanlegu verði eftir þrjú ár.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Breski auðkýfingurinn og orkuboltinn Richard Branson svipti í síðustu viku í New York hulunni af líkani geimskutlu, sem notuð verður til að bjóða farþegum far út í geim á vegum ferðaskrifstofunnar Virgin Galactic.

Geimskipið rúmar sex farþega auk tveggja flugstjóra. Í flota fyrirtækisins verða fimm geimskutlur auk tveggja móðurskipa, sem eiga að koma geimskutlunum fyrstu kílómetrana í loftið. Þá er fyrirhugað að reisa svokallaða geimhöfn í Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum, sem verður miðstöð ferðaskrifstofunnar.

Vonir standa til að almenningur geti nýti sér ferðir af þessum toga í einhverjum mæli. Ferðin kostar um 100.000 pund eða jafnvirði rúmra 13,3 milljóna íslenskra króna, sem er talsvert ódýrara en 10 daga túr til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar með rússneska geimfarinu Soyuz en ferðin þangað kostar um 1,4 milljarða króna.

Geimskutlan er byggð á bandarísku geimflauginni SpaceShipOne, sem bandaríski auðkýfingurinn Paul Allen, annar stofnenda hugbúnaðarrisans Microsoft, lagði fjármagn til að smíða og fór þrívegis út í geim árið 2004. Um var að ræða fyrstu geimflaugina sem skotið var út í geim á vegum einkaaðila.

Að sögn Bransons hefur fjöldi manns þegar skráð sig fyrir miðum í geimflugið og er fyrirhugað að fara fyrstu ferðirnar eftir þrjú ár.

# Styttist í sveigjanlega tölvuskjái

Hópur verkfræðinga við Cambridge-háskóla í Bretlandi hefur búið til sveigjanlegar og þunnar plötur úr málmblöndu. Vonir eru bundnar við að hægt verði að búa til örþunnan tölvuskjá úr sveigjanlegu efni úr málmblöndunni, sem hægt verður að rúlla upp líkt og blaði.



**DAGBLÖÐ** Líkur hafa aukist til muna á því að sveigjanlegir tölvuskjáir sem hægt verði að rúlla upp líkt og dagblaði líti dagsins ljós. MARKAÐURINN/PJETUR

Þetta eykur líkurnar á því til muna að hægt verði að framleiða tölvuskjái sem hægt verði að brjóta saman, stinga í jakkavasa og lesa til dæmis í strætisvagni á leið í vinnuna.

Vísindamennirnir segja sömuleiðis að með sama efni verði hægt að búa til endurnýtanlegar pakkningar, lyklaborð fyrir tölvur sem hægt verði að rúlla upp og brjóta saman. Þá er horft til þess að málmblönduna megi nota til að búa til neyðarskýli, sem hægt sé að reisa við erfiðar aðstæður.

Dr. Keith Seffen, yfirmaður verkefnisins, líkir plötunni við reglustiku. Þegar hún er beygð mikið myndast mikið álag á einstaka hluta hennar með þeim afleiðingum að hún brotnar. Málmblandan er hins vegar þeim eiginleikum gædd að álag málmplötunnar hennar breytist og því er hægt að beygja hana mikið og jafnvel brjóta saman.

Ekkert hefur verið gefið upp um það hversu langt sé í að upprúllanlegur tölvuskjár líti dagsins ljós. - jab

# Hulunni svipt af andlitinu á Mars

Sérfræðingar Evrópsku geimvísindastofnunarinnar (ESA) hafa svipt hulunni af bungunni leyndardómsfullu á Mars. Um er að ræða hæð eða lítið fjall á yfirborði plánetunnar.



**HÆÐIN Á MARS** Margir telja að hæðin á Mars sé andlitsmynd Elvis Presley, sem Marsbúar hafi mótað til að sýna fram á að þar sé vitsmunalíf að finna. MARKAÐURINN/AP

Bunga þessi hefur verið uppspretta ýmissa vangavelt.a síðan hún kom fyrst fram á myndum sem geimfarið Viking 1 tók árið 1976. Meðal annars hefur verið talið að andlit sjáist á myndinni, jafnvel af bandaríska rokkkónginum Elvis Presley, sem Marsbúar hafi mótað til að sýna fram á að vitsmunalíf sé að finna á plánetunni.

Jafnvel NASA tókst ekki að slá á vangaveltur af þessum toga þrátt fyrir góðar og skýrar myndir af yfirborði Mars árið 1998 og 2001 sem sýndu að andlit Presleys væri fjall eða hæð.

Það var geimfarið Mars Express sem náði nýjustu myndunum af plánetunni rauðu fyrir skömmu en um er að ræða skýrari myndir en nokkru sinni hafa náðst af yfirborðinu.

Í tilkynningu frá ESA segir að andlitið sé helber hugarburður enda hafi myndirnar sýnt skýrt og greinilega að yfirborð Mars er fremur hæðótt og um fjall sé að ræða líkt því sem finnist á jarðkringlunni. - jab



# Tilboð í bandaríska spilavítakeðju

Tveir bandarískir fjárfestingarsjóðir, Apollo Management og Texas Pacific Group, hafa gert yfirtökutilboð í bandarísku hótel- og spilavítakeðjuna Harrah‘s Entertainment. Tilboðið hljóðar upp á 15,1 milljarð Bandaríkjadala, jafnvirði 1.000 milljarða íslenskra króna. Ef boðið gengur eftir munu þetta verða fjórðu stærstu fyrirtækjakaup sem gerð hafa verið í Bandaríkjunum.

Harrah‘s Entertainment er stærsta spilavítakeðja í heimi en á meðal eigna þess er hótelið Caesar‘s Palace í Las Vegas og sex önnur spilavíti í Las Vegas og Atlantic City.

Greiningaraðilar segja fyrirtækið vel rekið og hafa einungis vaxtarmöguleika utan Bandaríkjanna. - jab




**SAMSTÆÐA HARRAH'S ENTERTAINMENT** Gangi tilboð í spilavítakeðjuna eftir verða það fjórðu stærstu fyrirtækjakaup í Bandaríkjunum. MARKAÐURINN/AP

Betri leið til að vinna á tímaskorti
"Hópurinn mjög ánægður með námskeiðið og allir sáu greinilegar framfarir á lestrarhraða. ...mun nýtast okkur vel í starfi."
Hópur frá Upplýsingatæknisviði Landsbankans.
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.
Meiri tími - Aukið forskot – Sterkari sérstaða
Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:
Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.
NÝTT!! NÝTT!! Fyrirtækjanámskeið
3 vikna fyrirtækjanámskeið 12. okt.
Dagnámskeið frá kl. 13-16 í samstarfi við Námsflokka Hafnafjarðar
Náðu árangri með okkur í haust og skráðu þig á hraðlestrarnámskeið Hraðlestrarskólans.
Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400
Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið
HRAÐLESTRARSKÓLINN
VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




Allt um allt sem skiptir máli í Reykjavík
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR




HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000, www.hekla.is, hekla@hekla.is

# Síldarvinnslan í breytingum

Síldarvinnslan hf. og Garðar Guðmundsson hf., sem gerir út ms Gudmund Ólaf ÓF, verða sameinuð á næstunni í kjölfar þess að Síldarvinnslan keypti um 20 prósenta hlut í félaginu. Fyrir átti Síldarvinnslan um 80 prósenta hlut í félaginu.

Síldarvinnslan stendur nú í verulegum breytingum á skipastól sínum, kvóta og nokkrum öðrum þáttum starfseminnar og eru kaupin liður í því. Til að mynda hefur Súlan EA frá Akureyri verið keypt með aflaheimildum og verður skipið afhent Síldarvinnslunni eftir næstu loðnuvertíð.

Síldarvinnslan hefur um 26 þúsund þorskígildistonn til ráðstöfunar, aðallega í uppsjávartegundum. Í vor lauk byggingu nýrrar frystigeymslu í Neskaupstað og getur Síldarvinnslan nú geymt yfir 20 þúsund tonn af frystum afurðum. Sala á mjöli og lýsi hefur nú verið flutt frá Reykjavík til Neskaupstaðar. Þar að auki hefur öll starfsemi SR-Mjöls varðandi sölu, fjármál og gæðaeftirlit verið flutt frá Reykjavík til Neskaupstaðar og Seyðisfjarðar. - hhs


SÍLDARVINNSLAN Í NESKAUPSTAÐ

# Rafhlöður innkallaðar

Lenovo og IBM hafa ákveðið að innkalla tilteknar rafhlöður framleiddar af Sony Corporation sem seldar voru með ThinkPad-fartölvum á tímabilinu febrúar 2005 til september 2006. Þetta er gert þar sem einstaka rafhlöður geta í undantekningartilvikum ofhitnað. Þó er einungis vitað um eitt tilfelli þar sem rafhlaða í ThinkPad-fartölvu hefur bilað af rúmlega 500.000 sem eru í notkun. Verður þessum rafhlöðum skipt út viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Sony, framleiðandi rafhlaðnanna, hefur gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sams konar vandamál geti framvegis komið upp í rafhlöðum frá fyrirtækinu. Nýherji hf., umboðsaðili ThinkPad á Íslandi, mun hjálpa viðskiptavinum að athuga hvort skipta þurfi út rafhlöðunni. Sömuleiðis mun Nýherji leiðbeina og aðstoða viðskiptavini við rafhlöðuskiptin í þeim tilfellum sem þeirra er þörf. Gengið hefur verið úr skugga um að engar fartölvur með umræddum rafhlöðum séu til sölu hjá fyrirtækinu í dag. - hhs


**FARTÖLVA** Lenovo og IBM hafa ákveðið að kalla inn tilteknar rafhlöður framleiddar af Sony Corporation, þar sem þær geta í undantekningartilvikum ofhitnað.

## FÓLK Á FERLI



**ÓLAFUR ÞÓR** Jóhannesson, löggiltur endurskoðandi, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri fjármálasviðs fjarskipta- og upplýsingatæknifélagsins Teymis hf. sem ráðgert er að verði stofnað í kjölfar skiptingar Dagsbrúnar hf. í tvö félög. Hann mun meðal annars hafa yfirumsjón með fjármálum fyrir samstæðu Teymis, sinna samskiptum við lánastofnanir, greiningardeildir bankanna og fjárfesta, auk þess að bera ábyrgð á áhættustýringu, reikningsskilum og áætlanagerð. Eins mun Ólafur Þór sitja í stjórnum dótturfélaga Teymis. Fyrst um sinn starfar hann hjá Og fjarskiptum ehf. Ólafur er viðskiptafræðingur (cand. oecon) af reikningshalds- og endurskoðunarsviði Háskóla Íslands frá árinu 1996. Hann fékk löggildingu til endurskoðunarstarfa á árinu 2000 og hefur starfað hjá Pricewaterhouse Coopers hf. (PwC) frá ársbyrjun 1996. Hann hefur verið meðeigandi að PwC frá árinu 2003. Þá hefur hann verið aðjúnkt við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2000 og kennt við BS, MS og MBA nám deildarinnar. Ólafur er kvæntur Aldísi Arnardóttur og eiga þau þrjú börn.

**SIGRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR** hefur hafið störf á Evrópuskrifstofu Samtaka atvinnulífsins í Brussel. Sigrún er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur jafnframt numið Evrópufræði við Europa-Kolleg í Hamborg. Áður hefur Sigrún meðal annars starfað hjá Eftirlitsstofnun EFTA, Héraðsdómi Reykjavíkur og Vinnueftirliti ríkisins. Hún tekur við af Evu Margréti Ævarsdóttur sem lætur innan skamms af störfum á Evrópuskrifstofunni og hefur lögmannsstörf á Lex lögmannsstofu. Evrópuskrifstofa SA í Brussel var opnuð 1. september 1993. Aðsetur skrifstofunnar er í húsnæði UNICE, Evrópusamtaka atvinnulífsins. Hlutverk Evrópuskrifstofu atvinnulífsins er fyrst og fremst erindrekstur gagnvart UNICE og hinum ýmsu stofnunum í Evrópusamstarfi. Enn fremur sinnir skrifstofan upplýsingaöflun um Evrópumál fyrir SA sem og fleiri samtök og fyrirtæki á Íslandi.




B+V Simplex
Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta
Á góðum járnum
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Hyundai hefur gæðin

Hefur gæðin

Hyundai er í 3. sæti í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus. Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.








Frá kr. 3.020.000
SANTA FE
Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika.



Frá kr. 2.590.000
TUCSON
- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Verðlaunabíll í sínum flokki

HYUNDAI hefur gæðin
B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is
Með bílinn handa þér

# 7 venjur

**Níu af hverjum tíu fyrirtækjum á Fortune 100 listanum nýta sér hugmyndafræði bókarinnar „7 Habits of Highly Effective People". Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík hefur fengið einkaleyfi á þjálfun sem byggð er á bókinni í samstarfi við FranklinCovey NordicApproach.**

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Háskólinn í Reykjavík hefur gengið til samstarfs við fyrirtækið FranklinCovey NordicApproach og fengið einkaleyfi á að bjóða þjálfun byggða á bókinni „Sjö venjur til árangurs". Þjálfunin er ætluð einstaklingum, liðsheildum eða fyrirtækjum sem vilja „efla færni í að takast á við verkefni, auka frumkvæði, vinna að persónulegri stefnumótun eða hvað annað til að auka árangur sinn". Hún byggir á hugmyndafræði Stephens Covey sem gaf út bókina "7 Habits of Highly Effective People" árið 1989. Hefur hún síðan verið gefin út í meira en sautján milljónum eintaka á 38 tungumálum og er af mörgum talin meðal áhrifamestu stjórnunarbóka samtímans.

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Kristín Símonardóttir

áður Þorfinnsgötu 8, Reykjavík,

sem lést á Hrafnistu, Reykjavík, miðvikudaginn 27. september verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 5. október kl. 15.00.

**Ingibjörg Júlíusdóttir og Jón Kr. Hansen**
**Halldór Kr. Júlíusson og Ólína Guðmundsdóttir**
**Lára V. Júlíusdóttir og Þorsteinn Haraldsson**
**Sigurður Júlíusson og Anna Eyjólfsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Móðir okkar,*

## Hanna Jónsdóttir

í Stekkjardal

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 30. september. Hún verður jarðsungin frá Blönduóskirkju laugardaginn 7. október klukkan 13.00. Jarðsett verður á Svínavatni.

**Synir hinnar látnu.**



*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Jóhanna Þóra Jónsdóttir

sem andaðist 26. september síðastliðinn verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 6. október kl. 11.00.

**Birgir Helgason** — **Fanney Ármannsdóttir**
**Konráð Jón Birgisson**
**Jóhanna Kristín Birgisdóttir** — **Brynjólfur Haraldsson**
**Guðbjörg Margrét Birgisdóttir** — **Steinþór Wendel Birgisson**
**Ásdís Inga Birgisdóttir** — **Carl Wilhelm Lindquist**
**og langömmubörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Kristinn Ólafsson

trésmiður, frá Reynisvatni, Silfurteigi 5,

lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt föstudagsins 22. september. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju í dag kl. 13.00.

**Fanný Guðbjörg Guðmannsdóttir**
**Sólveig Fanný Magnúsdóttir** — **Hallgrímur H. Gröndal**
**Valdís Magnúsdóttir** — **Unnsteinn Hermannsson**
**Halldóra Elín Magnúsdóttir** — **Guðmundur A. Sæmundsson**
**Sigurður Sveinn Másson** — **Vaida Másson**
**Jón Guðmann Jónsson**
**Barnabörn og langafabörn.**

**Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Krabbameinslækningadeild Landspítalans 11E, s: 543-1159.**


LEGSTEINAR
Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.
Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.
S.HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is







*Elskuleg dóttir mín, móðir, tengdamóðir, amma, sambýliskona og systir,*

## Ragnheiður Björnsdóttir

Kleppsvegi 126, 104 Reykjavík,

lést af slysförum 1. október síðastliðinn. Útför hennar fer fram í Langholtskirkju mánudaginn 9. október kl.13.

**Vigdís Bjarnadóttir**
**Bjarki Jónsson** — **Ásdís Sturlaugsdóttir**
**Aron Snær Bjarkason**
**Hildur Bjarkadóttir**
**Valdimar Long**
**Margrét Ingvadóttir** — **Kristinn Guðmundsson**
**Þorgeir Ingvason** — **Guðrún Þorgeirsdóttir**



*Maðurinn minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

## Doktor Jakob Sigurðsson

Hraunteigi 28, Reykjavík,

sem lést þann 27. september verður jarðsettur föstudaginn 6. október kl. 15.00 frá Hallgrímskirkju. Þeim sem vilja minnast hans er bent á félag Krabbameinssjúkra barna.

**Katrín Sívertssen**
**Hildur Jakobsdóttir Deakin** — **Bill Deakin**
**Björg Jakobsdóttir**
**Jón Örn Jakobsson** — **Erna Eiríksdóttir**



*Faðir okkar, tengdafaðir og fyrrverandi eiginmaður minn,*

## Halldór Grímsson

efnafræðingur,

sem andaðist þann 21. september síðastliðinn verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 6. október kl. 15.00.

**Hörður Halldórsson** — **Þórgunnur Skúladóttir**
**Gunnlaugur Halldórsson**
**Bryndís Halldórsdóttir** — **Hany Hadaya**
**Jónína M. Pétursdóttir**



*Ástkær faðir okkar, unnusti, sonur, bróðir og mágur,*

## Bragi Rúnar Hilmarsson

Hlíðarvegi 74, Njarðvík,

lést miðvikudaginn 27. september. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 6. október kl. 14.00.

**Andrea Lísa Bragadóttir**
**Elísabet Kristín Bragadóttir**
**Kristbjörg Lind Bragadóttir**
**Brynja Ýr Bragadóttir**
**Thelma Sif Björnsdóttir**
**Ólöf Sigfúsdóttir**
**Hilmar Arason**
**Brynja Hilmarsdóttir**
**Anthony D'Onofrio**
**Karen Hilmarsdóttir** — **Einar Árnason**
**og aðrir vandamenn.**



*Ástkær dóttir okkar og systir,*

## Kristín Eiðsdóttir

Seljabraut 18, Reykjavík,

lést á Childrens hospital í Boston miðvikudaginn 27. september. Útför hennar fer fram í Seljakirkju, föstudaginn 6. október kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

**Eiður Sveinsson Rut Gunnþórsdóttir**
**Sveinn Rafn Eiðsson Steinunn Guðmundsdóttir**
**Sandra Eiðsdóttir Hilmar Þór Valsson og börn**

**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR**
**ER 41 ÁRS**



*„Það er heilbrigður metnaður innan stjórnmálanna að vilja hafa áhrif á samfélagið og ráðherradómur er eitt af þeim áhrifatækjum sem við búum yfir."*

***Svo mælti menntamálaráðherra í viðtali við Fréttablaðið í ársbyrjun 2004.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

MELASKÓLI: FAGNAR 60 ÁRA AFMÆLI SÍNU

# Mikið um dýrðir



Melaskóli í Vesturbæ Reykjavíkur er einhver þekktasta bygging bæjarins. Húsið er glæsilegt enda verndað frá árinu 1996. Skólinn sjálfur fagnar sextíu ára afmæli á morgun og verður mikið um dýrðir af því tilefni. „Fyrsti skóladagurinn í Melaskóla var 5. október árið 1946 og þess vegna höldum við okkur stíft við fimmtudaginn," segir Ragna Ólafsdóttir, skólastjóri Melaskóla. Mikill undirbúningur hefur verið meðal nemenda skólans, allt frá skólabyrjun en hann hefur verið nátengdur hefðbundnu skólastarfi. Nemendur skólans ætla meðal annars að frumflytja nýjan afmælissöng sem Gunnar Gunnarsson organisti samdi við nýtt ljóð séra Ólafs Jóhannssonar en presturinn er fyrrverandi nemandi skólans. Auk þess hafa nemendur æft að mynda töluna sextíu saman og var lokaæfingin haldin á föstudaginn. „Við ætlum síðan að láta slag standa á morgun klukkan 12 á skólalóðinni," segir Ragna.

Nemendur skólans eru nú rétt um sex hundruð en Melaskóli hefur verið barnaskóli frá upphafi og því er eingöngu kennt frá fyrsta og upp í sjöunda bekk en fjölmennastur var skólinn á árunum 1950 til 1960. Voru þá í kringum sextán hundruð nemendur að meðaltali við leik og störf innan veggja skólans á ári hverju. Skólinn tók í gagnið glæsilega viðbyggingu árið 2000 sem gjarnan er nefnd Nýi skólinn. „Við höfum annars lagt mikið kapp á að varðveita gamla skólann sem mest," segir Ragna.

Glæsileg afmælisveisla fyrir gesti og gangandi hefst síðan klukkan þrjú á lóð skólans og geta þá gamlir nemendur rifjað upp gömul og góð kynni af veru sinni í skólanum. Að sögn Rögnu verður þó engin ein stór afmæliskaka í boði. „Enda þyrfti væntanlega allan Laugaveginn undir hana," segir hún og hlær.

freyrgigja@frettabladid.is

## 70 ára afmæli



**Hallgrímur V. Árnason**
húsasmíðameistari á Akranesi verður sjötugur laugardaginn 7. október nk. Þann dag býður hann af því tilefni ættingjum og vinum til veislu kl. 16 í Frímúrarahúsinu, Stillholti 14, Akranesi.
Blóm og gjafir eru afþökkuð en afmælisgestum er bent á minningarsjóð um Geirlaug Árnason. Tekið verður á móti framlögum í veislunni.

## 60 ára afmæli



Hinn 5. október nk. verður sextugur
**Hlynur Smári Þórðarson**
húsa og húsgagnasmiður, Laufrima 89, R. Hann verður að heiman á afmælisdaginn en mun dvelja í sumarbústað nr. 23 að Svignaskarði í Borgarfirði og mun hafa opið hús á föstudeginum 6. október, milli kl. 17-21 og verður boðið upp á léttar veitingar þeim sem vilja líta við og samfagna honum á þessum tímamótum.

**ÞETTA GERÐIST:** 4. OKTÓBER 1957

# *Spútník fer á loft*

Sovétmenn skutu Bandaríkjamönnum ref fyrir rass og gervitunglinu Spútník út í geim á þessum degi fyrir 49 árum. Bandaríkjamenn áttu bágt með að trúa að Sovétmönnum hefði tekist að skjóta gervitungli út í geim á undan sér og óttuðust auk þess að með þessu hefðu Sovétmenn náð forystu í vígbúnaðarkapphlaupinu. Með geimskotinu náðu Sovétmenn einnig pólitísku forskoti í að treysta tengsl sín við þróunarlönd í Afríku og Asíu.

Dwight Eisenhower átti í vök að verjast heima fyrir þar sem andstæðingar hans í Demókrataflokknum tóku hann á beinið fyrir að dragast aftur úr kommúnistum í tæknivæðingunni. Eisenhower brást við með því að hraða geimáætlun Bandaríkjanna og hinn 31. janúar árið 1958 var gervitunglinu Explorer I skotið á loft. Þar með var geimferðakapphlaup stórveldanna hafið og stóð til ársins 1975.

Sovétmenn skákuðu Bandaríkjamönnum aftur á nýjan leik árið 1961 þegar Júrí Gagarín varð fyrsti maðurinn til að fara út í geim en Bandaríkjamenn svöruðu fyrir sig árið 1969 með því að lenda fyrstir á tunglinu.



## MERKISATBURÐIR

**1908** Þórhallur Bjarnarson vígður biskup á Íslandi. Hann gegndi embættinu til dauðadags 1916.

**1925** Lesbók Morgunblaðsins kemur út í fyrsta sinn. Blaðið hafði þá verið gefið út í tólf ár.

**1931** Fyrsta myndasagan um leynilögreglumanninn Dick Tracy er gefin út.

**1940** Adolf Hitler og Benito Mussolini funda í Ölpunum. Hitler biður um stuðning Ítala í baráttunni við Breta.

**1984** BSRB boðar til víðfrægs verkfalls.

**1990** Þýska þingið kemur saman í fyrsta sinn eftir sameiningu Austurs- og Vesturs-Þýskalands.

**1994** Nelson Mandela heimsækir Bill Clinton Bandaríkjaforseta í Hvíta húsið.



**SHIVA Á FLOT** Breskir hindúar ýta líkneski af gyðjunni Shiva út á fljótið Thames. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# á morgun

**RAGNA OG SKÓLINN** Melaskóli fagnar sextíu ára afmæli á fimmtudaginn með pomp og prakt. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR



## AFMÆLI



**Heiðar Ástvaldsson** dönskennari er 70 ára.



**Jóhanna Sigurðardóttir** alþingiskona er 64 ára.



**Kjartan Gunnarsson,** fráfarandi framkv.stj. Sjálfstæðisflokksins, er 55 ára.

**Atli Rúnar Halldórsson** almannatengill er 53 ára.

**Ólöf Rún Skúladóttir** fréttakona er 45 ára.



**Róbert Wessman,** forstjóri Actavis, er 37 ára.






# STUÐ MILLI STRÍÐA: Leitað á ný mið

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** SÆKIR UM VINNU



Ég er búinn að vinna of lengi við fjölmiðla og er farinn að leita fyrir mér annars staðar. Staðan er hins vegar frekar þröng fyrir mann sem kann ekkert annað en að skrifa.

Eðlilegasta útgönguleiðin er vitaskuld að reyna fyrir sér sem almannatengill en hún er lokuð mér þar sem ég hef skömm á fólki sem snýr baki við blaðamennsku til þess að slá ryki í augu fyrrum kollega sinna. Þetta er ekki ósvipað því að snúa bakinu við kvenréttindabaráttu til þess að gerast melludólgur og vart til eftirbreytni.

Maður gæti hins vegar skellt sér í prófkjör og komið sér á þing. Eftir því sem ég kemst næst eru engar menntunar- eða hæfniskröfur gerðar til alþingismanna en það hentar mér ákaflega vel. Verst bara að ég hef ekki skapið í þetta og veit fyrir víst að ég myndi fyrr eða síðar grípa til ofbeldis þegar ég yrði rökþrota í þrætum. Og þá yrði ég fjölmiðlamatur og það er sko ekki fýsilegt að verða aðalréttur á þeim bænum.

Það leystist snarlega úr þessari flækju minni um helgina þegar ég sá auglýst starf sem mig langar til að spreyta mig á. Topshop vantar verslunarstjóra og ég ætla að sækja um. Ég uppfylli flestar hæfniskröfur þó ég sé að vísu ekki á heimavelli þarna en það gerir þetta bara meira spennandi og krefjandi. Farið er fram á reynslu af verslunarrekstri og það vill svo skemmtilega til að ég vann á bensínstöð árum saman og veit allt um daglegan rekstur verslana. Þá er þess krafist að maður sé nákvæmur og skipulagður í vinnubrögðum, hafi frumkvæði og metnað, kunni ensku og sé hæfur í mannlegum samskiptum. Gæti verið lýsing á blaðamanni. Það eina sem klikkar er „brennandi áhugi á tísku" en samkvæmt Oscari Wilde er hún fyrirbæri sem er svo ömurlegt að það þarf að breyta henni á hálfs árs fresti. Það er verkefni sem ég er til í að taka að mér og mun brátt kynna nýja vetrarlínu: bláar gallabuxur, svartar skyrtur, enn svartari leðurjakka og kúrekastígvél.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Láttu sjá þig á Citroën C4 Saloon. Flott útlit, öryggi og þægindi er munaður. C4 Saloon dúxaði örugglega á prófi árekstraröryggisstofnunarinnar EuroNCAP. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

# Vertu í flottu formi. Veldu C4

Veldu aðeins það besta. Citroën C4 er öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4. Fáðu að reynsluaka C4 og þú kynnist eiginleikum sem ekki er að finna hjá öðrum. Sjáðu Citroën C4. Þú sérð að mikið af því góða er best.

Komdu í nýjan sýningarsal Citroën, Brimborg Bíldshöfða 8. Taktu uppskerutilboði Citroën.

### Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.



Uppskerutilboð

## 1.869.000 kr.

**Citroën C4 SALOON SX 1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö***
Bílasamningur 22.928 kr. Rekstrarleiga 34.900 kr.

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:**

- ESP stöðugleikastýring
- ASR spólvörn
- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 öryggispúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 hátalarar
- Akstursölva
- Útihitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:**

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- Bakkskynjari
- Minibar/kælir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstyrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

**Komdu núna. Uppskerutilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**

UPPSKERU-TILBOÐ

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Skoðaðu Citroën á uppskerutilboði í nýjum sýningarsal

**Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.**






**Citroën C3 SX 1,4i 5 dyra 5 gíra 75 hö***
Uppskerutilboð 1.599.000 kr.
Bílasamningur 19.730 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr.
Verð án tilboðs 1.629.000 kr.



**Citroën C4 SALOON SX Comfort 1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö***
Uppskerutilboð 1.959.000 kr.
Bílasamningur 23.797 kr.
Rekstrarleiga 36.800 kr.
Verð án tilboðs 2.039.000 kr.



**Citroën C5 X 1,8i 5 dyra 5 gíra 117 hö***
Uppskerutilboð 2.149.000 kr.
Bílasamningur 26.294 kr.
Rekstrarleiga 42.168 kr.
Verð tilboðs 2.219.000 kr.



Uppskeruhátíð í Brimborg




Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til vinstri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. Aukabúnaður á mynd af C4 eru álfelgur og samlitun. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**!** **Kl. 20.00**
*Söngsveitin Fílharmonía heldur tónleika í Langholtskirkju og flytur Carmina Burana eftir Carl Orff. Einsöngvarar eru Hallveig Rúnarsdóttir, Bergþór Pálsson og Einar Clausen. Píanistar eru Guðríður St. Sigurðardóttir og Kristinn Örn Kristinsson. Auk þess leikur í verkinu sex manna slagverkssveit skipuð slagverksleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Sköpunarkraftur fyrr og nú*

Tónlistarmaðurinn Benedikt Hermann Hermannsson, Benni Hemm Hemm, hefur samið nýja tónlist við stórvirki sænska leikstjórans Victor Sjöström, Berg-Ejvind och hans hustru, sem hann byggir á leikriti Jóhanns Sigurjónssonar um útlegumanninn Fjalla-Eyvind. Hljómsveit Benna Hemm Hemm mun flytja tónlistina á tvennum tónleikum í Tjarnarbíói í kvöld og annað kvöld.

Victor Sjöström er einn virtasti leikstjóri Svía frá upphafi en myndina gerði hann árið 1918. Sögusvið hennar er á Íslandi og segir þar af sambandi Höllu og Eyvindar þegar hann kemur til vinnu á bænum þar sem Halla býr og þau fella hugi saman. Heimilisfólkið ber kennsl á Eyvind því hann er þekktur þjófur og þá flýja skötuhjúin til fjalla.



**SENA ÚR SÖGUNNI UM FJALLA-EYVIND** Ný kvikmyndatónlist við sænsk-íslenska klassík.

Leikrit Jóhanns naut mikillar hylli bæði hér á landi og í Skandinavíu.

Benni Hemm Hemm var valinn „bjartasta vonin“ á Íslensku tónlistarverðlaunum í fyrra. Fyrsta plata sveitarinnar var einnig útnefnd besta plata ársins í flokknum ýmis tónlist. Þess fyrir utan var hún ofarlega á árslistum flestra tónlistargagnrýnenda í lok síðasta árs, var vinsæl í útvarpi og seldist vel. Platan kom út í Japan snemma á þessu ári, og er nýkomin út í Evrópu og Bandaríkjunum. Von er á annarri plötu Benna Hemm Hemm hér á landi fyrir lok ársins.

Tónleikarnir fara fram í Tjarnarbíói og hefjast kl. 20.30. Miðasala fer fram á www.midi.is, www.filmfest.is og á Thorvaldsen Bar.



**> Dustaðu rykið af...**

plötu **Mjallar Hólm** frá 1971 sem inniheldur slagarana **„Jón er kominn heim“** og **„Ástarþrá“**. Platan kom út hjá **SG útgáfunni** árið 1971 en þess má geta að Mjöll verður ein þeirra sem fagna **50 ára afmæli** rokksins með tónleikum í Salnum í næstu viku.



**AF SÝNINGU NÝLISTASAFNSINS, GÆÐINGARNIR, Í SUMAR** Rætt um safneign Nýlistasafnsins á málþingi í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

## Framtíð Nýlistasafnsins

Málþing um safneign Nýlistasafnsins verður haldið í salarkynnum safnsins við Laugaveg í kvöld kl. 20. Nokkrir velunnarar safnsins verða í pallborði, þar á meðal Hannes Lárusson, Guðmundur Oddur, Gerla og Ólöf K. Sigurðardóttir.

Á málþinginu verður fjallað um framtíð safneignar Nýlistasafnsins, geymslu, forvörslu og hvort að eigi að halda áfram söfnun verka. Einnig verður fjallað um hvort skilja eigi á milli sýningarhalds Nýlistasafnsins og safneignarinnar og hver framtíð safnsins yrði í því ljósi. Reynt verður einnig að varpa ljósi á söfnun listaverka samtímans, hvert hlutverk Nýlistasafnsins sé í því samhengi og hvernig önnur söfn standa sig í því hlutverki.

### DAGSKRÁ ALÞJÓÐLEGU KVIKMYNDAHÁTÍÐARINNAR

**Í DAG**

**Tjarnarbíó**
14:00 Grbavica
16:00 Austur af Búkarest
18:00 Ferskt loft
20:30 Fjalla-Eyvindur/Benni Hemm Hemm
22:15 Uppstoppun

**Háskólabíó**
18:00 Ljós í húminu
18:00 Sápa
18:00 Vort daglegt brauð
20:00 Framhaldslífið ljúfa
20:00 Ekkert
20:00 Sindurefni
20:10 Fjórar mínútur
22:00 Tjón
22:20 Exotica
22:25 Krákur
22:30 Rússneska örkin

**Iðnó**
14:00 Af engum
16:00 Sakleysi
18:00 Vertu eðlilegur
20:00 Kettirnir hans Mirikitani
22:00 Dæmdur heim

# Að spyrja réttu spurninganna

**Leikstjórinn Atom Egoyan er sérstakur gestur Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík og handhafi verðlauna þeirra fyrir framúrskarandi listræna kvikmyndasýn. Egoyan ræddi við Kristrúnu Heiðu Hauksdóttur um pólitíkina, stafrænu byltinguna og samband sitt við leikhúsið.**

Egoyan er viðkunnanlegur maður sem liggur mikið á hjarta, hann er sögumaður af guðs náð en tök hans á kvikmyndaforminu hafa hrifið áhorfendur víða um heim. Þekktustu myndir hans hingað til eru The Sweet Hereafter frá 1997 og Exotica frá 1994 sem báðar eru til sýninga á hátíðinni nú. Enn fremur er hann þekktur fyrir hina umdeildu mynd Ararat en viðfangsefni hennar er þjóðarmorð Tyrkja á Armenum í upphafi síðustu aldar sem Tyrkir hafa aldrei viðurkennt.

**Rætur í leikhúsinu**

Egoyan er fæddur í Kaíró en foreldrar hans voru armenskir flóttamenn sem síðar fluttu til Kanada. Samfara háskólanámi sínu í Toronto lagði Egoyan stund á alþjóðasamskipti og klassískan gítarleik og komst ungur í kynni við leikhúsið. „Um það leyti sem ég útskrifaðist úr framhaldsskóla hafði ég skrifað tólf leikrit og hélt raunar að ég yrði leikskáld. Ég hrífst ennþá af leikhúsinu, absúrdleikhúsið er í sérstöku uppáhaldi hjá mér,“ segir hann og nefnir Pinter, Adamov og Ionesco í því tilliti að ógleymdum Beckett en Egoyan gerði kvikmyndaaðlögun byggða á leikverki hans, Síðasta segulbandi Krapps, sem hann mun mögulega sýna íslensku kvikmyndaáhugafólki. Enn fremur er Egoyan á leið til Lundúna þar sem hann mun halda erindi um Beckett í Tate-listasafninu í lok vikunnar. Síðar heldur hann til Frankfurt þar sem hann tekur við verðlaunum á bókamessunni þar í borg fyrir nýlega kvikmyndaaðlögun sína á samnefndri skáldsögu Rubert Holmes, Where the Truth Lies.

Auk þess að starfa við kvikmyndir hefur Egoyan einnig unnið verk fyrir sjónvarp, komið að óperuuppsetningum og unnið innsetningar fyrir gallerí.

**Tvístraðar langanir**

Egoyan vísar til örvæntingar og geggjunar í viðfangsefnum absúrdleikhússins sem heillar hann mest, en í myndum leikstjórans má á vissan hátt sjá votta fyrir slíku. Þegar verk hans ber á góma verður sumum tíðrætt um afneitun, sambandsleysi og firringu. Flóknar fjölskylduaðstæður, hlutur minninganna og tvístraðar langanir mannsins gegna lykilhlutverki þegar Egoyan varpar mannlífsstúdíum sínum á hvíta tjaldið eða á sjónvarpsskjáinn. Hann skrifar öll sín handrit sjálfur og hikar ekki við að varpa upp erfiðum spurningum.



**RÆÐIR VIÐ GESTI ALÞJÓÐLEGU KVIKMYNDAHÁTÍÐARINNAR Í REYKJAVÍK** Leikstjórinn Atom Egoyan hikar ekki við að spyrja erfiðra og pólitískra spurninga.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Deilurnar sem spruttu upp í kringum Ararat leiddu til þess að hann tók pólitískari afstöðu en ella og hann segir að það muni mögulega endurtaka sig með nýjustu mynd hans, Citadel. „Ég var efins þegar ég gerði Ararat, myndin átti að vekja umræðu en vakti gífurlega hörð viðbrögð. Ég varð að verja pólitíska afstöðu armenska samfélagsins og tala um þessi mál því ég er ekki hlutlaus í minni skoðun.“ Egoyan kveðst hafa mikinn áhuga á alþjóðapólitík og hann er virkur í baráttustarfi mannréttindasamtaka í heimalandi sínu. „Mér finnst hlutverk listarinnar vera að spyrja réttu spurninganna en ekki endilega svara þeim. Ég efast sjálfur um listamenn sem reyna að hafa áhrif á túlkun áhorfenda sinna en stundum er það nauðsynlegt,“ segir hann.

Egoyan áréttar þó að mikilvægt sé að fólk sé meðvitað um að listin og þá sér í lagi kvikmyndir séu túlkun. „Myndir geta verið tælandi og þær gefa fyrirheit um að það sem við sjáum sé satt og rétt,“ segir hann og bætir við að þess vegna sé orðfæri og myndmáli beitt til að framandgera aðstæður og árétta huglægnina sem býr að baki hverri túlkun. „En ef þú ert meðvitaður um hlutverk þitt og ábyrgð sem áhorfandi upplifir þú listina á annan hátt,“ úskýrir Egoyan.

**Persónuleg mynd**

Nýjasta verk Egoyans, heimildamyndin Citadel, er af allt öðrum toga og á sér óvenjulegan aðdraganda. „Citadel er undarleg mynd,“ viðurkennir Egoyan, „hún var tekin upp í fjölskylduferð til Beirút fyrir tveimur árum. Ákveðnir ófyrirsjáanlegir en merkilegir atburðir áttu sér stað í þeirri ferð og þegar við komum heim setti ég myndirnar inn á tölvuna og fór að leika mér með þær. Myndin varð síðan að bréfi til sonar okkar því hann mun aldrei muna þessa ferð eins og við, hann er bara tíu ára, en þessi ferð breytti lífi foreldra hans. Myndin er ekki endilega sönn í þeim skilningi, hún hefur eiginleika heimagerðs fjölskyldumyndbands en hefur dramatíska byggingu,“ útskýrir hann.

Vegna ástandsins í Beirút er Egoyan mjög meðvitaður um hvar hann sýnir myndina. „Ég held að myndin veki mjög sterk viðbrögð við pólitísku ástandi í landinu, hún er um fjölskyldusambönd en þetta er líka mynd um landið og borgina og þess vegna hef ég ekki dreift henni markvisst.“ Egoyan áréttar að það hafi verið mjög áhugavert að vinna að myndinni ekki aðeins vegna þess að hún sé mjög persónuleg heldur vegna þess að hún er gerð fyrir mjög lítið fé. „Á sama tíma var ég að klára Where the Truth lies sem er dýrasta mynd mín hingað til. Svo er bara spurning hvert ég sný mér næst – ég er alls ekki viss um hvar ég ætla að staðsetja mig,“ segir hann að lokum.

Egoyan mun flytja erindi og svara spurningum kvikmyndaáhugafólks í hátíðarsal Háskóla Íslands kl. 15 í dag auk þess sem hann sýnir myndbrot úr nýjustu verkum sínum.



**ÚR MYNDINNI WHERE THE TRUTH LIES**

### *Af afrekslista Egoyans*

Where the Truth Lies (2005)
Ararat (2002)
Krapp's Last Tape (2001)
Felicia's Journey (1999)
The Sweet Hereafter (1997)
Exotica (1994)
Calendar (1993)
Gross Misconduct (1993)
The Adjuster (1991)
Speaking Parts (1989)
Family Viewing (1987)
Next of Kin (1984)

# Tregablandin lífsgleði

**Tónlistarkonan Fabúla, sem heitir réttu nafni Margrét Kristín Sigurðardóttir, hefur gefið út sína þriðju plötu, Dusk.**



**FABÚLA** Þriðja plata Fabúlu, Dusk, er komin út. Einkennist hún að tregablandinni lífsgleði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Margrét Kristín segir að nýja platan einkennist af tregablandinni leikgleði þar sem takist á miklar andstæður. „Ég er svolítið upptekin af þessum andstæðum í lífinu, eins og þránni okkar eftir ástríðu, ólgu og breytingum samhliða þörfinni fyrir ró og jafnvægi,“ segir Margrét Kristín, sem síðast gaf út plötuna Kossafar á ilinni fyrir fimm árum.

Hvað varðar nafnið Dusk segir Margrét að hugmyndin að því hafi spunnist út frá myndinni á umslagi plötunnar. Nafnið eigi líka vel við þar sem ljós og skuggar skiptist á í lífinu, auk þess sem rökkrið sé sá tími dagsins sem er í mestu uppáhaldi hjá henni.

Dusk er samstarfsverkefni þeirra Margrétar, Birkis Rafns Gíslasonar gítarleikara og Jökuls Jörgenssen bassaleikara. Einnig koma þau Sigtryggur Baldursson, Júlía Mogensen, Sarah Fogg, Dan Cassidy, Finnbogi Óskarsson, KK og Axel Árnason fram á plötunni.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég er að semja með öðrum og það var auðveldara en ég hélt og gerðist bara að sjálfu sér,“ segir Margrét, sem áður leit á tónlistarsköpun sína sem mjög persónulegt ferli. „Ég upplifði fyrir tveimur árum að þetta væri hægt, þ.e. að semja með öðrum. Ég upplifði það sem skemmtilega reynslu og eitthvað nýtt sem væri gaman að prófa.“ Fór Margrét ásamt nokkrum úr samstarfshópnum í sumarbústaðarferð á Flúðir þar sem allir grunnarnir voru teknir upp. Fyrir vikið fékk platan á sig meira lifandi yfirbragð en ella.

Margrét ætlar að reyna að spila sem mest á næstunni til að fylgja plötunni eftir. Mun hún meðal annars halda tónleika á Café Rosenberg þann 26. október. Útgáfutónleikar eru síðan fyrirhugaðir í Tjarnarbíói þann 24. nóvember.

freyr@frettabladid.is



**HALLGRÍMUR HELGASON** Danskur gagnrýnandi segir Höfund Íslands ríflega hundrað sinnum betri en 101 Reykjavík.

# Lof og prís í Danmörku

Einn bókmenntagagnrýnenda danska dagblaðsins Politiken lofsöng rithöfundinn Hallgrím Helgason í grein sem birtist síðastliðinn laugardag. Gagnrýnandinn May Schack segir um skáldsöguna Höfund Íslands að í skrifum Hallgríms búi gríðarlegur lífskraftur. Enn fremur segir hún Hallgrím ná að fanga aðalpersónu verksins með kaldhæðni sem hittir beint í mark. Skáldsagan kom fyrst út hérlendis árið 2001 og hlaut Hallgrímur Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir hana.

May veltir þó fyrir sér hvaða viðtökur þessi lýsing á þjóðskáldinu Laxness hafi fengið hér á landi og virðist óttast að hún hafi ekki fallið í góðan jarðveg. Aðalpersónu skáldsögunnar og Nóbelsskáldinu svipar mjög saman og virðist skáldið á köflum vera statt í eigin höfundarverki.

Í Danaveldi er Hallgrímur helst þekktur fyrir skáldsöguna 101 Reykjavík en May segir í gagnrýni sinni Höfund Íslands vera 101 sinni betri.

- sun










Brottnámið úr kvennabúrinu
W. A. Mozart
ATH! Aðeins 10 sýningar!
BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20 - 5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
7.sýn. fös.20. okt. kl. 20 - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - 9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20
10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING - Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl.19.15
HÁDEGISTÓNLEIKAR - LJÓÐ; ROBERT SCHUMANN
Þriðjudaginn 10. október kl. 12.15
Finnur Bjarnason, tenór, og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

SÝNT ER ÚT OKTÓBER
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ og KVENFÉLAGIÐ GARPUR kynna:
GUNNLAÐAR SAGA
eftir Svövu Jakobsdóttur
í leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur
7. sýning fimmtudaginn 5. okt. UPPSELT
8. sýning föstudaginn 6. okt.
9. sýning laugardaginn 14. okt.
10. sýning sunnudaginn 15. okt MÁLÞING
Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Sýning hefst kl: 20:00
Miðasala í síma 555-2222 | www.hhh.is | www.midi.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið fyrir alla!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00
ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Lau. 7/10, fös. 13/10, lau. 14/10, fös. 20/10. Allra síðustu sýningar!
FAGNAÐUR eftir Harold Pinter.
Sun. 8/10 kl. 21:00, sun. 15/10 kl. 21:00. Allra síðustu sýningar!
SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ PINTER
Fyrirlestur um verk Nóbelsskáldsins fyrir sýningu í Leikhúskjallaranum kl. 20:00, leikhúsgestum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á kvöldverð í anda leiksýningarinnar kl. 19:00, upplýsingar og pantanir í miðasölu s: 551 1200
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 6/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 7/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 8/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.
LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00
SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Frumsýning lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10, lau. 14/10, sun. 15/10.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 5/10 uppselt, lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10 kl. 17:00 uppselt, mið. 11/10 uppselt, fim. 12/10 uppselt, fös. 13/10 uppselt, lau. 14/10 örfá sæti laus, sun. 15/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, fim. 19/10 uppselt, fös. 20/10 uppselt, lau. 21/10 uppselt, sun. 22/10 kl. 17:00 örfá sæti laus.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00
SUMARDAGUR eftir Jon Fosse.
Sun. 8/10 kl. 17:00, sun. 15/10 kl. 17:00.
Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október
PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker
Frumsýning í Fjölbrautaskóla Suðurlands þri. 10/10 kl .13:00, forsýning kl. 10:00. Sýning í Menntaskólanum á Laugarvatni mið. 11/10 kl. 20:00.
Miðasala í síma 551 1200 og á netinu: www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 8:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.

„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 8/10 kl. 14 Sun 15/10 kl. 14
Sun 22/10 kl. 14 Sun 29/10 kl. 14
VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 6/10 kl. 20 UPPS. Fös 13/10 kl. 20
Sun 15/10 kl. 20 Fös 20/10 kl. 20
FOOTLOOSE
Lau 7/10 kl. 20 UPPS. Sun 8/10 kl. 20
Fim 12/10 kl Lau 14/10 kl. 20
HVÍT KANÍNA
Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópinn.
Fim 5/10 kl. 20 Fös 6/10 kl. 20
Lau 7/10 kl. 20 Sun 8/10 kl. 20
BANNAÐ INNAN 16 ÁRA.
Engum hleypt inn án skilríkja.
MEIN KAMPF
Lau 7/10 kl. 20 Sun 8/10 kl. 20
Lau 14/10 kl. 20 Lau 21/10 kl. 20
Fös 27/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20
LEIKHÚSSPJALL
Leikhúsumræður á Borgarbókasafninu í Kringlunni. Rætt veður um leikverkið Mein Kampf.
Fim 12/10 kl. 20 Allir velkomnir.
AMADEUS
Lau 21/10 kl. 20 frums. UPPS. Bleik kort.
Fim 26/10 kl. 20 2.sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning
VIÐ ERUM KOMIN-Íd
Októbersýning Íd, 2 ný verk:
Við erum komin e. Ólöfu Ingólfsdóttur og Hver um sig e. Vaðal.
Fim 12/10 kl. 20 fumsýning UPPS.
Fös 13/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
Fim 19/10 kl. 20 Fös 20/10 kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



HÖRÐUR TORFASON SÖNGVASKÁLD Fer um Norður- og Austurland í síðari hluta tónleikaferðar sinnar. MYND/ SIGFÚS MÁR PÉTURSSON

# Í síðustu hringferðinni

Þáttaskil eru í lífi söngvaskáldsins Harðar Torfasonar, sem nú leggur upp í sína síðustu hringferð um landið. „Ég hóf að ferðast um landið sem söngvaskáld árið 1970 og smám saman þróaðist starf mitt út í að ég fór allan hringinn nánast á hverju ári og stundum tvisvar. Það er varla til það þorp eða bær á landinu sem ég hef ekki heimsótt með tónleika og flest þeirra oftar en einu sinni. Þetta er því orðið drjúgt ævistarf. Þetta þýðir ekki að ég sé hættur að ferðast um landið með tónleika heldur aðeins að ég fer aldrei aftur heila hringferð líkt og ég hefur gert í áratugi. Ég mun eftir sem áður halda áfram að heimsækja ýmsa byggðarkjarna og staði með tónleika mína,“ segir Hörður.

Annar hluti tónleikaferðarinnar hófst á Sauðárkróki í gær en lýkur á Ráðhúskaffi í Þorlákshöfn hinn 26. október. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðunni www.hordurtorfa.com

## TÓNLEIKARÚNTUR HARÐAR TORFA

**Þriðjudagur 3. okt. - kl. 20.30**
Kaffi Krókur, Sauðárkrókur

**Miðvikudagur 4. okt. - kl. 20.30**
Bíókaffi, Siglufjörður

**Fimmtudagur 5. okt. - kl. 20.30**
Græni Hatturinn, Akureyri

**Föstudagur 6. okt. - kl. 20.30**
Kiðagil, Bárðardalur

**Laugardagur 7. okt. - kl. 20.30**
Gamli Baukur, Húsavík

**Sunnudagur 8. okt. - kl. 20.30**
Grunnskólinn, Kópasker

**Mánudagur 9. okt. - kl. 20.30**
Hótel Norðurljós, Raufarhöfn

**Þriðjudagur 10. okt. - kl. 20.30**
Kaupvangur, Vopnafjörður

**Fimmtudagur 12. okt. - kl. 20.30**
Iðavellir kl. 20.30, Egilsstaðir

**Föstudagur 13. okt. - kl. 20.30**
Hótel Aldan, Seyðisfjörður

**Sunnudagur 15. okt. - kl. 20.30**
Valhöll, Eskifjörður

**Mánudagur 16. okt. - kl. 20.30**
Brekkan, Stöðvarfjörður

**Þriðjudagur 17. okt. - kl. 20.30**
Hótel Framtíð, Djúpivogur

**Miðvikudagur 18. okt. - kl. 20.30**
Nýheimar, Hornafjörður

**Fimmtudagur 19. okt. - kl. 20.30**
Systrakaffi, Kirkjubæjarklaustur

**Fimmtudagur 26. okt. – kl. 20.30**
Ráðhúskaffi, Þorlákshöfn

# Notalegt danskt löður

**[KVIKMYNDIR]**

UMFJÖLLUN

Charlotte er rúmlega þrítug. Hún á snyrtistofu og býr með lækninum Kristian og virðist hafa allt til alls. En samt vantar eitthvað og hún er ekki að fá það sem hún þráir út úr lífinu. Hún segir því skilið við læknin og kemur sér fyrir í lítilli íbúð. Á hæðinni fyrir ofan hana býr klæðskiptingurinn Veronica sem bíður þess að komast í kynskiptiaðgerð og losna úr viðjum karllíkamans.

Carlotte heldur áfram að leita að lífsfyllingu, aðallega með tilgangslausum skyndikynnum, á meðan Veronica heldur sig út af fyrir sig, horfir á sápuóperur í sjónvarpinu með kjölturakkanum sínum, Miss Daisy, og hefur í sig og á með vændi. Eftir nokkur skakkaföll og minniháttar árekstra tekst náin vinátta með þessum ólíku nágrönnum en málin flækjast svo til muna þegar með þeim takast undarlegar ástir þó að þau séu alveg út og suður hvað kynhneigð varðar.

En Soap er ákaflega falleg og krúttleg lítil mynd sem segir sæta en um leið harmræna sögu tveggja einstaklinga sem finna sig ekki í lífinu en ná saman í gegnum sápuóperur um leið og líf þeirra snýst upp í netta sápu.

Saga þeirra er sögð í nokkrum stuttum köflum og frásögnin er brotin upp með innslagi sögumanns sem skyggnist reglulega aðeins fram í tímann og tilkynnir hvað er í vændum. Þetta minnir óneitanlega svolítið á framsetningu Dallas og annarra þekktra sjónvarpssápa sem hófust alltaf á sýnishornum úr hverjum þætti. Þá hljóta vangaveltur sögumanns og draumur Veronicu um kynskiptiaðgerðina að leiða huga þeirra sem komnir eru til vits og ára að Löðri sem gerði stólpagrín að bandarískum sápuóperum í byrjun níunda áratugarins.

Því fer þó fjarri að En Soap sé sápuópera í hefðbundnum skilningi en þessari ljúfsáru sögu er komið haganlega fyrir innan sápuóperurammans. Ólíkt amerískri froðu skiur hún við áhorfandann sáttan með meira en nóg til að hugsa um.

**Þórarinn Þórarinsson**



**EN SOAP**
**SÝND Á ALÞJÓÐLEGRI KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK**
LEIKSTJÓRI: PERNILLE FISCHER CHRISTENSEN
AÐALHLUTVERK: TRINE DYRHOLM, DAVID DENCIK, FRANK THIEL

**Niðurstaða:** Krúttleg lítil mynd um glímu tveggja einstaklinga við að fóta sig í firrtum heimi. Hún rennur áreynslulaust eins og sápa en skilur ýmislegt eftir sig.

AUSTURBÆR
afgangar
AFGANGAR
Fim. 5. okt. kl. 21.00
Fim. 12. okt. kl. 21.00
HAFIÐ BLÁA
Sun. 8. okt. kl. 13.30 uppselt
Sun. 15. okt. kl. 13.30 sæti laus
Sun. 22. okt. kl. 13.30 sæti laus
Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

MR. SKALLAGRÍMSSON
Benedikt Erlingsson
Sýningar í október í Landnámssetri
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Uppselt
Föstudagur 6. október kl. 20 Uppselt
Laugardagur 7. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 8. október kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 12. október kl. 20 Uppselt
Föstudagur 13. október kl. 20 Uppselt
Laugardagur 14. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 15. október kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Uppselt
Föstudagur 20. október kl. 20 Uppselt
Laugardagur 21. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 22. október kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 26. október kl. 20 Síðasta sýning
LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800
TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600
Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag

# Önnur úthlutun CIA



**ÓLAFUR ÁRNI ÓLAFSSON MYNDLISTARMAÐUR** Fær styrk til vinnustofudvalar í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fagnefnd Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar hefur úthlutað styrkjum í síðari styrkjalotu ársins. CIA.IS styrkir íslenska myndlistarmenn til starfa og sýningarhalds erlendis en á árinu hafa slíkir styrkir hlotnast fjörutíu listamönnum.

Í fagnefnd Kynningarmiðstöðvarinnar sitja Dr. Christian Schoen, forstöðumaður Kynningarmiðstöðvarinnar og formaður nefndarinnar, Helgi Þorgils Friðjónsson, myndlistarmaður og fulltrúi SÍM, og Hafþór Yngvason, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur. Gestir nefndarinnar að þessu sinni voru listfræðingarnir Laufey Helgadóttir og Jón Proppé. Miðstöðinni bárust 24 umsóknir að þessu sinni og voru 7 styrkir veittir í 3 flokkum.

Ferða- og dvalarstyrk að upphæð 200.000 hlaut Ólafur Árni Ólafsson vegna dvalar í vinnustofunum Kuenstlerhaus Bethanien, í Berlín í Þýskalandi. Ólafi Árna hefur verið boðin dvöl í Kuenstlerhaus Bethanien, einni af stærstu og virtustu alþjóðlegu vinnustofum sinnar tegundar í Evrópu. Ólafur Árni er búsettur í Amsterdam ásamt konu sinni Libiu Peres de Siles de Castro, en þau hafa starfað saman í myndlist síðastliðin tíu ár.

Útgáfustyrk að upphæð 200.000 kr. hlutu annars vegar ljósmyndarinn Spessi vegna útgáfu ljósmyndabókarinnar „Locations", Spessi hefur tekið myndirnar í bókina víða á Íslandi þar sem manngert umhverfi blandast náttúrunni. Spessi starfar sem ljósmyndari og myndlistarmaður hér á landi og erlendis. Hins vegar Sequences-hátíðin vegna útgáfu DVD með skrásetningum frá viðburðum hátíðarinnar. Sequences-hátíðin er alþjóðleg myndlistarhátíð með áherslu á tímatengda miðla sem haldin verður í Reykjavík 13.-28. október næstkomandi. Eftir hátíðina er ætlunin að gefa út DVD disk með upplýsingum um hátíðina til dreifingar erlendis.

Verkefnastyrki að upphæð 200.000 hlutu Finnbogi Pétursson og Rúrí. Finnbogi hlaut þau vegna hljóðinnsetningar í Land Foundation í Chiang Mai í Taílandi. Finnbogi mun gera hljóð-innsetningu, taka þátt í verkefnavinnu og halda fyrirlestra í listaháskólanum í Chiang Mai í Taílandi og Rúrí vegna þátttöku í Paris Photo 2006 þar sem hún verður í nóvembermánuði.

Verkefnastyrki að upphæð 100.000 hlutu Steingrímur Eyfjörð vegna þátttöku sinnar í „Dreamlands Burn", norrænni nútímalistasýningu í Kunsthalle Budapest í Ungverjalandi og Kling & bang gallerí sem fær styrk vegna þátttöku í Art Brussels Contemporary listamessunni, þar sem kynntir verða ungir upprennandi listamenn.



**FINNBOGI PÉTURSSON** Hlýtur verkefnastyrk vegna sýningar í Thaílandi.

# Englar hvunndagsins

**LEIKLIST**

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

**SITJI GUÐS ENGLAR**

**Þjóðleikhúsið**

**Höfundur: Guðrún Helgadóttir**

**Leikgerð: Illugi Jökulsson**

**Söngtextar: Þórarinn Eldjárn**

**Leikarar** Brynhildur Guðjónsdóttir/Þórunn Erna Clausen/Baldur Trausti Hreinsson/Ragnheiður Steindórsdóttir/Sigurður Skúlason/Darri Ingólfsson/Hjálmar Hjálmarsson/Kjartan Guðjónsson/Kristján Franklín Magnús/Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir/Nanna Kristín Magnúsdóttir. **Tónlist** Jóhann G. Jóhannsson/**Lýsing** Hörður Ágústsson/**Búningar** Þórunn Elísabet Sveinsdóttir/ **Leikmynd** Frosti Friðriksson/**Leikstjóri** Sigurður Sigurjónsson.



Barnasýning Þjóðleikhússins að þessu sinni er unnin upp úr hinum ástsælu bókum Guðrúnar Helgadóttur um stóru sjómannsfjölskylduna í Hafnarfirði – sem er nokkuð víst að flestir þekkja. Þær fjalla um hvunndaginn í hverfi fjölskyldunnar sem fer stöðugt vaxandi. En það er einmitt í hvunndeginum sem börnin mæta stórum örlögum, sjá líf kvikna, standa andspænis dauðanum, finna til samúðar með öðrum, sjá ástina blómstra á röngum stöðum - en samt heldur lífið áfram; alltaf dagur eftir þennan dag.

Það er nokkuð djarft að vinna leikgerð upp úr svo elskuðum bókum. Það hafa nánast allir lesið þær og þessir nánast allir eiga sér uppáhaldshluta og -atriði. Það er því hætt við að menn verði ósáttir við leikgerðina, finnist vanta hitt og þetta og öðru ofaukið. Auðvitað vantar sum af mínum uppáhaldsatriðum, en málið snýst ekki um það. Það er ekki verið að endursegja bækurnar þrjár. Aðalatriðið er að stærstu örlögin eru í leikgerðinni, karakterar sögunnar ljóslifandi og þráðurinn heillegur. Hún er því alveg prýðilega unnin.

Það sem mestu skiptir er hversu vel hefur tekist með karaktersköpunina – og þar vega kannski afi og Abba þyngst. Sigurður Skúlason var yndislegur í hlutverki hins orðljóta en kærleiksríka afa sem segist vera orðinn alger aumingi og ekki skemmdi Ragnheiður Steindórsdóttir fyrir í hlutverki ömmunnar sem er alger andstæða hans. Ekki kom fram hvor lék Öbbu á frumsýningu, Tanja Líf Traustadóttir eða Þorbjörg Erna Mímisdóttir – en þessi litla títla var alger senuþjófur, svo dásamlega eðlileg. Heiða, stóra systir, var leikin af Brynhildi Guðjónsdóttur og þar var helsta brotalömin. Brynhildur er einfaldlega of gömul í hlutverkið. Það sést og hún átti greinilega í basli með að finna karakterinn sem hæfir aldri Heiðu. Látbragð var eins og hún væri átta ára og mann eiginlega sundlaði þegar hún átti orðið kærasta sem var að fara á sjóinn. Í hlutverkum ástföngnu foreldranna á heimilinu eru Þórunn Erna Clausen og Baldur Traustason og skiluðu sínu ágætlega, einkum því hvað þau eru sterkur grunnur að lífi þeirra barna sem allt verkið snýst um og veita þeim mikið öryggi. Önnur hlutverk í sýningunni eru minni – en unnin af sömu alúðinni. Það var að mestu leyti gaman að horfa á leikhópinn vinna.

Leikmyndin er unnin inn í hringsviðið og snýst fram og til baka. Yfirleitt hefur mér fundist slíkt klúðurslegt – en í þessari sýningu gengur það upp. Leikmyndin er ekki of fyrirferðarmikil; í henni eru margar ágætar lausnir og vinnur með leikurunum í stað þess að þvælast fyrir þeim. Búningar eru fallegir og ekki laust við að maður fylltist fortíðarþrá. Svona voru fötin þegar ég var lítil þótt það væri áratug og hálfum betur frá tíma sögunnar. Allir strákar áttu peysur eins og þær sem Heiða prjónar á bræður sína. Þá breyttist ekki tískan á hálfs mánaðar fresti.

Leikstjórinn hefur farið þá leið að laða fram karakter hvers og eins, hvort sem er í litlum eða stórum hlutverkum. Það er enginn í sýningunni bara að fara með textann sinn og fyrir bragðið er sýningin bæði lifandi og skemmtileg.

# Fortíðin gerð upp í ljóðum

Bjarni Bernharður, ljóðskáld og myndlistarmaður, hefur sent frá sér ljóðabókina Vélgöltinn þar sem hann gerir upp við örlagaríka atburði úr fortíð sinni. Þetta er tólfta ljóðabók Bjarna sem hefur verið afkastamikill á síðustu árum. „Ég hef gefið út eina bók á ári frá árinu 2002," segir Bjarni. „Ég hef verið að gera líf mitt upp í ljóðum og sé fram á að sá hringur fari að lokast," segir Bjarni sem telur sig þó örugglega þurfa tvær bækur til viðbótar áður en hann lýkur þessu uppgjöri.

Bjarni hyggst einnig gera lífi sínu betri skil í skáldævisögu sem hann segist vera kominn vel á veg með. „Þetta er skáldsaga sem byggir á sjálfsævisögulegum grunni," segir Bjarni sem eyðir drjúgum tíma í skriftir á milli þess sem hann sinnir myndlistinni.

„Ég er nú svo lánsamur að þetta hefur ekkert þvælst hvort fyrir öðru og á meðan ég sinni ritstörfum læt ég málverkin eiga sig og öfugt." Bjarni er með málverkasýningu í gangi í 12 Tónum þessa dagana en annars eiga ljóðin hug hans allan um þessar mundir.

„Ég er alltaf að semja ljóð en svo er ég líka að ganga frá ljóðasafni með úrvali úr síðustu tíu bókum mínum. Elstu ljóðin mín hafa mörg hver verið illfáanleg lengi og ég held að helst megi finna þau í fornbókabúðinni hans Braga Kristjónssonar."

Bjarni er vanur því að selja ljóð sín í Austurstræti og það verður engin breyting þar á þannig að fólk getur nálgast Vélgöltinn þar, auk þess sem bókin verður seld í bókaverslunum. - þþ



**BJARNI BERNHARÐUR** Yrkir og málar á víxl. Hann var að senda frá sér sína tólftu ljóðabók og vinnur jafnframt að skáldævisögu sinni.

# Ævarandi rómantík

Sýningin „Ef þú giftist", um brúðkaup og brúðkaupssiði, sem nú stendur yfir í Minjasafni Akureyrar, hefur verið framlengd til 19. nóvember vegna góðrar aðsóknar.

Efni sýningarinnar byggir á brúðkaupssýningunni „Í eina sæng, íslenskir brúðkaupssiðir", sem sett var upp í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands árið 2004. Fjallað er um trúlofunar- og brúðkaupssiði fyrr og nú, veislur, gjafir og klæðnað, og ungbarnaumönnun. Auk þess spannar hún þróun klæðnaðar og ljósmyndahefðar frá því á seinni hluta 19. aldar fram til dagsins í dag. Sýningin er samvinnuverkefni Minjasafnsins á Akureyri og Þjóðminjasafns Íslands. Önnur söfn, fjölmargir einstaklingar og starfandi ljósmyndarar á Akureyri hafa einnig lagt hönd á plóginn til að skapa þessa skemmtilegu og fræðandi sýningu, til dæmis með því að lána þangað muni og myndir.

Safnið verður opið allar helgar frá 14-16 fram til 19. nóvember og eftir samkomulagi. Við sýningarlok verður dregið úr veglegum vinningum sem fjöldamörg fyrirtæki hafa látið safninu í té vegna lukkupottsins „Heppin/n í ástum". Í honum eru nöfn þeirra sem leigt hafa Minjasafnskirkjuna og Laufáskirkju til athafna árið 2006.

Minjasafn Akureyrar er staðsett við Aðalstræti 58 en nánari upplýsingar um sýninguna má finna á www.akmus.is.



**BRÚÐHJÓNIN GUÐRÚN RAGNARS OG GEIR BORG GANGA Í ÞAÐ HEILAGA**
Í Minjasafni Akureyrar má kynnast brúðarsiðum fyrr og nú en sýningin „Ef þú giftist" hefur nú verið framlengd.
MYND/HALLGRÍMUR EINARSSON


ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Sæktu þér þekkingu
sæktu þér aukinn styrk

STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

// Excel fyrir viðskiptafræðinga
hefst 16. okt.

// Gerð markaðsáætlana
hefst 16. okt.

// Skráning þekkingarverðmæta og útgáfa þekkingarskýrslna
hefst 17. okt.

// Nýir stjórnendur
hefst 24. okt.



Nánari upplýsingar og skráning í síma 525 4444 og á endurmenntun.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

// AÐ VAXA OG DAFNA
Endurmenntun uppfyllir þarfir fólks hvort sem það vill auka möguleika sína á vinnumarkaði, styrkja sig í starfi, svala forvitninni eða einfaldlega skemmta sér konunglega.

sími 525 4444
www.endurmenntun.is

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Kynþokkafyllsta konan í dag

Leikkonan unga, Scarlett Johansson, fékk hinn mikla heiður á dögunum að vera útnefnd kynþokkafyllsta kona okkar daga, eða „The Sexiest Woman Alive“ af bandaríska karlaritinu Esquire. Vegna þessa prýðir Johansson forsíðu tímaritsins í brjóstahaldara og efnislitlum kjól einum klæða.

Johansson ætti að vera orðin vön þessari athygli því þrátt fyrir ungan aldur hefur hún prýtt marga fegurðartopplista hjá tímaritum en Johansson er aðeins 21 árs gömul. Johansson hefur einmitt verið líkt við leikkonuna Marilyn Monroe sem er kyntákn aldarinnar að margra mati.

Þegar Johansson spurð út í þessa nafnbót var hún ekki sérstaklega ánægð í bragði heldur svaraði blaðamönnum fullum hálsi: „Hvað með heilann minn? Eða hjartað mitt? Ég er ekki stolt enda er fegurðin fallvölt og finnst mér svona verðlaun vera grunnhyggin,“ sagði Johansson en hún hefur verið ötull gagnrýnandi útlitsdýrkunar í Hollywood.


**NAKIN Á FORSÍÐU** Scarlett sat fyrir nakin á forsíðu með leikkonunni Keiru Knightley og hönnuðinum Tom Ford fyrir Vanity Fair.


**KYNÞOKKAFYLLST** Scarlett Johansson var valin kynþokkafyllsta konan af tímaritinu Esquire.

# Herðapúðar á tískuvikunni í París

Tískuvikan í París er ávallt einn af hápunktum tískuviknanna sem rísa hátt um þessar mundir. Sá sem reið á vaðið að þessu sinni var tískuhús Martin Margiela en hann er mjög stór innan tískuheimsins og leggur línurnar fyrir alla hina. Hann er einnig talinn vera í fremstu röð klæðskera í heiminum.

Línan hans í þetta skiptið var mjög tilraunakennd og það sem vakti mesta athygli var að hann notaði mikið hálf snið, það er að segja stutta skálma öðrum megin á annars síðum buxum og kjólar sem eru stuttir öðrum megin og dragsíðir hinum megin.

Mjög sérstakt en greinilega nýjasta tískubólan fyrir komandi vor og sumar.

Kassalöguð snið, herðapúðar og klaufar voru allsráðandi hjá fallegum fatnaði Margiela en sýningin hans var með einföld og laus við allan glamúr. Leyfum myndunum að tala sínu máli. alfrun@frettabladid.is


**SÍTT PILS** Húðlitaður hlýrabolur með herðapúðum og dragsítt svart pils með háu mitti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES


**RAUTT** Samfestingur með stuttum skálmum við húðlitaðan bol.

**EIN STUTT EIN LÖNG** Buxur með tilraunakenndu sniði. Þetta er greinilega nýjasta tískubólan.

**DRAGT** Hvít pilsdragt með fallegu sniði. Stóri kraginn á jakkanum setur svip á fatnaðinn.

**KLAUFAR** Voru allsráðandi í sýningu Margiela. Húðlitaður og rauður kjóll með herðapúðum.

**SÍTT** Dragsíðar buxur og skemmtilegur stuttur jakki.

**Í VINNUNA** Flottar svartar buxur með einni stuttri og annarri dragsíðri skálm. Glæsilegt.


**HÁLFT** Kjóll sem er gegnsær öðrum megin og svartur hinum megin. Eins og hálft snið af kjól.


**STJÖRNUR** Buxur með háu mitti og víðum skálmum. Frábært belti í laginu eins og stjarna.

# Erfiðleikar í sambandinu

Orðrómur er uppi þess efnis að aðþrengda eiginkonan Eva Longoria og körfuboltastjarna Tony Parker séu ekki lengur par. Leikkonan hefur oft sést einsömul upp á síðskastið í skemmtanalífinu og eru allir slúðurpésarnir í Hollywood að velta þessu fyrir sér.

Talsmaður leikkonunnar Liz Anderson neitar fyrir orðróminum en segir hins vegar við fjölmiðla vestanhafs að Tony og Eva séu að ganga í gegnum erfitt tímabil í sambandinu og biður fjölmiðla um að sýna parinu skilning í bili. Tony og Eva eru búin að vera saman síðan í ágúst í fyrra og eru nýbúin að kaupa hús í Los Angeles saman. ■


**BÚIÐ SPIL?** Tony Parker og leikkonan glæsilega Eva Longoria eru sögð vera hætt sman.


**KÓRÓNAN GEFIN FRÁ SÉR** Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, fyrrverandi ungfrú heimur, sést hér krýna arftaka sinn, Tatönu Kucharova frá Tékklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Lætur krúnuna frá sér

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir krýndi arftaka sinn í keppninni Ungfrú heimur sem haldin var hátíðleg á laugardaginn í Varsjá í Póllandi. Sú sem bar sigur úr býtum var hin 18 ára Tatana Kucharova frá Tékklandi og sigraði hún 103 stúlkur sem tóku þátt í keppninni.

Aðstandendur keppninnar sögðu að keppninni hefði aldrei borist jafn mikill fjöldi atkvæða en kosið var í gegnum síma og smáskilaboð.

Tatana er háskólanemi í Tékklandi og framtíðarhorfur hennar eru að klára skólann og verða svo fyrirsæta. ■

# Biðst afsökunar

Hjólabrettastelpan og söngkonan Avril Lavigne hefur nú beðið papparazzi ljósmyndara afsökunar á framferði sínu á 22 ára afmæli sínu en þá tók hún upp á að hrækja beint framan í ljósmyndara. Atvikið átti sér stað fyrir utan skemmtistað þar sem Avril var búin að fagna afmælisdegi sínum langt fram á nótt og biðu ljósmyndararnir æstir í að ná mynd af henni ásamt nýbökuðum eiginmanni hennar, rokkaranum Deryck Whibley. Hún segir að hún sjái eftir að hafa hrækt á ljósmyndarana og biður aðdáendur sína innilegrar afsökunar. ■


**AVRIL LAVIGNE**

# Margmenni á opnun Liborius

Nýjasta viðbótin í verslunarflóru landans er tískuvöruverslunin Liborius en að baki henni standa Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir, fatahönnuður og stílisti, og Jón Sæmundur Auðarson, myndlistarmaður og fatahönnuður. Verslunin var opnuð á föstudaginn með pompi og prakt þar sem helsta tískulið bæjarins lét sig ekki vanta. Búðin er staðsett á Mýrargötu og selur hátískuhönnun á borð við Jeremy Scott, Ann Demeulemeester og 3asfour.

Margt var um manninn í opnunarhófinu og mikið um gleði þar sem Daníel Ágúst tónlistarmaður tróð upp við mikinn fögnuð viðstaddra. - áp


**GIRNILEGUR FATNAÐUR** Sólveig Hauksdóttir og Elsa María Blöndal stóðust ekki mátið og skoðuðu girnilegan fatnaðinn í búðinni.


**UNGIR SEM ALDNIR** Jette Jónkers heldur á dóttur sinni Áróru Jónkers og Bergsteinn Jónsson.


**STUÐ** Freyr Viðar Andrason og Arthur Laquest fatahönnuður frá New York létu sig ekki vanta í gleðina.


**GLÖÐ Í BRAGÐI** Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður, Sigga Boston annar eigandi Sirkus barsins og Páll Hjaltasson voru ánægð með búðina.


**GLENS OG GLEÐI** Palli Banine og Þorgeir Guðmundsson brugðu á leik inni í búðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Afhausun í beinni í stuttmynd Ara

**Kvikmyndagerðamaðurinn Ari Alexander Ergis sýnir stuttmyndina sína Arabískar nætur á undan mynd Michaels Winterbottom, The Road to Guantanmo, laugardaginn 7. október klukkan tíu á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík.**

Mynd Ara er nokkuð sláandi en í forgrunni er aflífun Jacks Kensley, bandarísks hermanns sem tekinn var til fanga og afhausaður í beinni útsendingu á veraldarvefnum. Íraksstríðið hefur verið gagnrýnt töluvert að undanförnu en Ari segist ekki vera að taka afstöðu til þess með myndinni. „Ég finn jafnmikið til með Bandaríkjamönnum, Írökum og svo þeim sem telja á sig ráðist. Arabískar nætur er kannski ekki beint gagnrýni á Íraksstríðið sem slíkt heldur á stríðsrekstur í heild sinni, samanber stríðið í Tsjetsjeníu þar sem Rússar fara offari. Sagan endurtekur sig einfaldlega aftur og aftur," segir Ari.

„Ég notast við klippur af netinu, svokallað snuff dót og blanda því saman við fréttamyndir," útskýrir Ari sem segist vera undir miklum áhrifum frá Tag der Freiheit, mynd eftir Leni Riefenstahl sem gerð var eftir hina umdeildu kvikmynd, Sigur viljans. „Nasistum fannst þýska vélin ekki vera sýnd nægilega mikið í Sigri viljans og fannst því tilvalið að sýna styrk þýska stálsins enn frekar," segir Ari og bætir því jafnframt við að áhrifa Chaplins gæti einnig enda hafi hann gert The Great Dictator þar sem óspart hafi verið gert grín að áróðursaðferðum þriðja ríkisins. „Við sjáum þessa sömu hluti gerast hjá Bandaríkjunum þar sem stórar og flottar þyrlur og flugvélar eru sýndar í fullri „action"."



**OFBELDI OG DAUÐI** Íraksstríðið hefur verið blóðugt og sársaukafullt en þegar hafa fimmtíu þúsund manns látist af völdum þess síðan innrásin hófst í mars 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**EKKI BEINT GEGN ÍRAK** Mynd Ara Alexanders, Arabískar nætur, er nokkuð sláandi en leikstjórinn segir hana ekki beint gegn Íraksstríðinu sem slíku heldur stríðsrekstri í heild sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ari segist hafa fylgst vel með gangi mála í Írak. „Myndin var frumsýnd á sunnudaginn og við vorum tilbúnir með hana á laugardeginum.

Þetta er afrakstur margra mánaða vinnu og á Arnar Ívarsson sem sér um tölvugrafíkina alveg sérstakt hrós skilið sem og Þór Eldon en hann semur tónlistina," útskýrir Ari sem fannst tímasetningin á sýningu myndarinnar eiga sérstaklega við nú þegar kvikmyndin um fangabúðirnar á Kúbu rataði á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík. „Kvikmyndahátíðin á mikið hrós skilið fyrir að sýna þær myndir sem eflaust aldrei hefðu komið í bíó og gestirnir tveir á mánudagskvöldið, þeir Rhuhel Ahmed og Asif Iqbal, höfðu mikil áhrif á mig sem og aðra sem þarna voru staddir," segir Ari. freyrgigja@frettabladid.is

## Tekur sér frí

Leikkonan ástsæla Kate Winslet hefur ákveðið að taka sér hlé frá kvikmyndum í bili til að sinna móðurhlutverkinu. Winslet er gift leikstjóranum Sam Mendes og eiga þau saman einn son en Winslet á einnig eina dóttur úr fyrra hjónabandi.



**KATE WINSLET** Ætlar að taka sér hlé frá kvikmyndum til að einbeita sér að barnauppeldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Winslet tók þessa ákvörðun eftir að hafa verið við tökur á kvikmyndinni Little Children þar sem hún var í hlutverki móður sem á í erfiðleikum með börn sín. „Ég áttaði mig á því við tökurnar hversu mikilvægt það er að samband foreldra og barna sé í lagi og nú ætla ég að einbeita mér að því með börnunum mínum," segir hin breska leikkona Kate Winslet.

## Gabbar blöðin

Leikarinn George Clooney vill gera slúðurblaðamenn og ljósmyndara ringlaða. Hann segist vilja fara á stefnumót með karlmanni, helst leikaranum Leonardo DiCaprio til að koma í veg fyrir að slúðurblöðin fái að vita hvern hann sé í raun og veru að hitta. Þetta segir hann í viðtali við bandaríska tímaritið Vanity Fair.



**GEORGE CLOONEY**

George Clooney er mjög þekktur hjartaknúsari og verið kenndur við margar frægar leikkonur í gegnum tíðina en er á lausu þessa stundina.

## Á deit með Keanu

Lindsay Lohan skellti sér á stefnumót með Keanu Reeves í vikunni. Leikkonan unga og hjartaknúsarinn Keanu sáust yfirgefa Teddy's Lounge í Los Angeles um helgina og þótti viðstöddum sem afar vel færi á með þeim. Lindsay er nýhætt með kærastanum Harry Morton og segja illa tungur að stefnumótið með Keanu hafi bara verið til að gera hann afbrýðisaman.



**LINDSAY** Hefnir sín á kærastanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Litrík og skemmtileg

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**




**REGINA SPEKTOR**

BEGIN TO HOPE

**Niðurstaða:** Með Begin to Hope hefur Reginu Spektor tekist að búa til plötu sem er poppuð og léttleikandi, en líka sérviskuleg og áhugaverð.

Regina Spektor er fædd í Moskvu en flutti til Bronx-hverfisins í New York með fjölskyldu sinni þegar hún var átta ára. Hún hefur verið áberandi í jaðarþjóðlagasenu New York-borgar undanfarin ár. Begin to Hope er hennar fjórða plata, en sú fyrsta sem hún gerir fyrir stórt plötufyrirtæki. Hinar þrjár fyrstu 11-11 (2001), Songs (2002) og Soviet Kitch (2004) gaf hún út sjálf. Hún vakti nokkra athygli þegar hún söng lagið Modern Girls and Old-Fashioned Men með The Strokes, en hún hefur spilað mikið með þeim á tónleikum.

Regina er klassískt menntaður píanóleikari. Tónlistin hennar er í grunninn sérviskulegt píanópopp með persónulegum og skrautlegum textum og minnir oft svolítið á Tori Amos eða Fionu Apple. Það má segja að henni hafi vaxið ásmegin með hverri plötu. Í byrjun var hún fyrst og fremst efnileg, en með Begin to Hope hefur hún náð að gera plötu sem er léttleikandi og auðmelt, en líka áhugaverð. Útsetningarnar eru oft skemmtilegar og lagasmíðarnar eru flottar. Það eru nokkur lög á plötunni sem gætu vel náð vinsældum, þ.á m. Fidelity, Samson, Hotel Song og On the Radio sem hefur heyrst töluvert á íslenskum útvarpsstöðvum að undanförnu.

Regina hefur flotta rödd sem minnir mann stundum á Emilíönu Torrini, en hún beitir henni oft grallaralega. Textarnir eru skemmtilegir og eiga stóran þátt í því að skapa Reginu þá sérstöðu sem hún hefur.

Á heildina litið er hér á ferðinni litrík og skemmtileg plata frá tónlistarkonu sem maður verður að reikna með í framtíðinni.

**Trausti Júlíusson**


RENAULT

**Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun**




**Renault Kangoo**
Verð frá kr. 1.620.000
**Verð frá kr. 1.301.205 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 24.896
**Fjármögnunarleiga kr. 19.996** án vsk.

**Renault Trafic**
Verð frá kr. 2.280.000
**Verð frá kr. 1.831.325 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 35.295
**Fjármögnunarleiga kr. 28.350** án vsk.

**Renault Master**
Verð frá kr. 2.720.000
**Verð frá kr. 2.184.738** án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 42.024
**Fjármögnunarleiga kr. 33.754** án vsk.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

www.renault.is

Nýtt í bíó
Bremsulaus. Heilalaus.
2 vikur á toppnum í USA!
WILL FERRELL TALLADEGA NIGHTS The Ballad of Ricky Bobby
Will Ferrell, John C.Reilly og Sascha Baron Cohen (Ali G.) fara á kostum í vinsælustu gamanmynd ársins í USA.
EKKI HATA LEIKMANNINN, TAKTU HELDUR Á HONUM!
FRÁBÆR GAMANMYND UM ÞRJÁR VINKONUR SEM STANDA SAMAN OG HEFNA SÍN Á FYRRVERANDI KÆRASTA SEM DÖMPAÐI ÞEIM!
MEÐ HINNI SJÓÐHEITU SOPHIA BUSH ÚR ONE TREE HILL.
ÞETTA ER EKKERT MÁL
HÖRKU HASARMYND JASON STATHAM AMY SMART CRANK
ÞAÐ ERU TIL ÞÚSUND LEIÐIR TIL AÐ AUKA ADRENALÍNFLÆÐIÐ Í DAG ÞARF CHEV CHELIOS Á ÖLLUM AÐ HALDA
CLERKS II
TVÖFALT FYNDNARI! TVÖFALT BETRI! GRETTIR 2
LITTLE MAN
THANK YOU FOR SMOKING
VOLVER

| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | |
|---|---|
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.30, 8 og 10.25 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.25 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| CLERKS 2 | kl. 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 5.45 og 8 |
| MY SUPER-EX GIRLFRIEND | kl. 5.50 og 10.15 |
| LITTLE MAN | kl. 3.50 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 3.50 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | |
|---|---|
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 6, 8 og 10 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 10.15 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 8 B.I. 7 ÁRA |
| VOLVER | kl. 5.50, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| LEONARD C. I'M YOUR MAN | kl. 6 |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | |
|---|---|
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 8 og 10 |
| CRANK | kl. 6 og 10 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 8 |
| CLERKS 2 | kl. 6 |

500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu
BÍÓ.IS – allt á einum stað

LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus
STÆRSTA GAMANMYND ÁRSINS OG FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA
Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15
Sýnd kl. 6, 8 og 10.15 b.i. 16
FRÁBÆR GRÍNSPENNUMYND FRÁ WOODY ALLEN
Scoop
Sýnd kl. 8
GEGGJUÐ GRÍNMYND
You, Me and Dupree
Sýnd kl. 10
Grettir 2
Sýnd kl. 6 ÍSL. TAL
www.laugarasbio.is


# Söng neðansjávar

Söngkonan Katie Melua, sem hélt tónleika á Íslandi í mars, setti heimsmet á dögunum þegar hún hélt dýpstu neðansjávartónleika sem sögur fara af.

Tónleikarnir voru haldnir 303 metrum undir sjávarmáli á Statoil-olíuborpallinum í Norðursjó. Þurfti Melua, sem er 22 ára, að gangast undir læknisskoðun og fara í þjálfunarbúðir í Noregi áður en hún var flutt í þyrlu á olíuborpallinn.

„Þetta voru án efa skrítnustu tónleikar sem ég hef haldið,“ sagði Melua. „Það tók níu mínútur að fara frá yfirborði borpallarins til botnsins í lyftu. Að halda tónleika fyrir starfsmennina var mjög sérstakt og ég mun aldrei gleyma því,“ sagði hún.

Á meðal laga sem Melua söng voru Closest Thing to Crazy og Nine Million Bicycles. Heimsmetabók Guinness hefur þegar staðfest heimsmetið.



**KATIE MELUA** Söngkonan knáa setti heimsmet á dögunum þegar hún söng á 303 metra dýpi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hryðjuverkin okkar

**[KVIKMYNDIR]**

**UMFJÖLLUN**

Menn í járnum, appelsínugulum stökkum, með svarta hauspoka og heyrnarhlífar. Frá því myndirnar af föngunum í Guantanamo-fangelsinu á Kúbu sáust fyrst hafa fangabúðirnar orðið ein illræmdasta táknmynd óréttlætis og mannréttindabrota í seinni tíð.

Í leiknu heimildarmyndinni Leiðinni til Guantanamo er sögð saga nokkurra manna, þar af þriggja Breta, sem var haldið í Guantanamo í hálft þriðja ár án þess að vera nokkurn tíma birt ákæra.

Sagan hefst í Bretlandi skömmu eftir árásirnar 11. september. Fjórir breskir múslimar halda til Pakistan til að vera viðstaddir brúðkaup vinar síns. Þegar þangað er komið hafa Bandamenn ráðist inn í Afganistan. Í fífldirfsku halda fjórmenningarnir yfir landamærin en fyrir röð tilviljana og óheppni enda þeir á yfirráðasvæði Talíbana, sem eru að gefast upp fyrir Bandamönnum í stórum stíl og eru handteknir. Bretarnir vekja strax grunsemdir Bandaríkjamanna; þeir eru flokkaðir með sérlega hættulegir liðsmenn Al-kaída og sendir til Guantanamo.

Leikstjórinn Michael Winterbottom hefur valið sér vandmeðfarið viðfangsefni því sjálfsagt er auðvelt að láta tilfinningasemina leiða sig í gönur. Hann tekur efnið



**LEIÐIN TIL GUANTANAMO**

LEIKSTJÓRI: MICHAEL WINTERBOTTOM

**Aðalhlutverk:** Riz Ahmed, Farhad Harunm og Afran Usman.

**Ómissandi** mynd um ein ömurlegustu mannréttindabrot sem Vesturvöld hafa drýgt í seinni tíð.

hins vegar traustataki og fer aldrei út af slóðinni. Efnistökin eru hefðbundin; fangarnir segja sögu sína og inn á milli er leiknum atriðum fléttað saman við. Myndmáli er haldið í lágmarki og áróðri til hliðar, enda stendur strípuð frásögnin fyllilega fyrir sínu. Sú mynd sem dregin er upp af vinnubrögðum hermanna Bandamanna og fangavarðanna í búðunum er vægast sagt óhugnanleg og í rauninni mesta furða að nokkur komist þaðan óskemmdur.

Leiðin til Guantanamo er þörf áminning um ömurlegar afleiðingar þess þegar við, sem þykjumst vera útverðir frelsis og mannréttinda, sofnum á verðinum. Um það eru fangabúðirnar skýr vitnisburður. Þetta er ómissandi mynd.

**Bergsteinn Sigurðsson**



**ÞJÁLFARARNIR TAKAST Í HENDUR** Vel fór á með þeim Ólafi Jóhannessyni og Loga Ólafssyni á blaðamannafundi sem haldinn var í gærmorgun en ekki er víst að sama verði uppá teninginum í kvöld þegar FH mætir KF Nörd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nördar leika til sigurs

Æði sérstakur knattspyrnuleikur fer fram á Laugardalsvelli í kvöld þegar sjónvarpsliðið KF Nörd tekur á móti Íslandsmeisturum FH klukkan hálf átta. Þegar hafa um sjö þúsund manns tryggt sér miða á leikinn en hann verður síðan sýndur í síðasta þættinum um nirðina sextán sem læra knattspyrnu í fyrsta sinn.

Á blaðamannafundi sem haldin var á Nordica hótel kom fram að liðin ætli að leggja allt í sölurnar fyrir þennan leik og hótaði meðal annars Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, að hætta með liðið ef það tapaði. Hann hyggst jafnframt taka fram takkaskóna á ný eftir nokkurra ára hlé frá knattspyrnuiðkun auk þess sem fyrrum fyrirliði FH-inga og núverandi aðstoðarþjálfari, Heimir Guðjónsson, ætlar að láta til sín taka á vellinum.

Logi Ólafsson, þjálfari Nördanna, sagðist á fundinum finna fyrir mikilli pressu að ná góðum úrslitum enda hefði undirbúningstímabilið ekki gengið sem skyldi. Hann sagðist vera með tvö tromp uppi í erminni sem myndu jafnvel leggja sitt á vogarskálarnar til að leggja Íslandsmeistaranna að velli en vildi ekki gefa upp hverjir það væru.

Nördarnir sjálfir sögðust vera hvergi bangnir enda þekktu þeir lítið til mótherjana.

# Uppselt á hálftíma

Uppselt er í stúku á tónleika Sir Cliff Richard í Laugardalshöll þann 28. mars á næsta ári.

Alls seldust um 1.200 miðar upp á hálftíma og er því deginum ljósara að Richard á vel upp á pallborðið á meðal íslenskra tónlistaráhugamanna. Einnig hefur verið nokkuð um það að Bretar og Bandaríkjamenn hafi keypt miða á tónleikana.

Cliff verður á litlum Bretlandstúr nú í nóvember og desember og hefur selt yfir 150.000 miða nú þegar. Syngur hann til að mynda fimm kvöld í röð á Wembley Arena í London. Hann er vinsælasti tónlistarmaður Bretlands frá upphafi með yfir sextíu lög sem hafa náð inn á topp tíu þar í landi.

Enn eru miðar eftir í stæði í Laugardalshöllina og er miðaverð 5.900 krónur. Miðasala fer fram á midi.is og í verslunum Skífunnar í Reykjavík og BT úti á landi.



**SIR CLIFF RICHARD** Söngvarinn heimsfrægi heldur tónleika í Höllinni 28. mars.

# Sameinaðir í nýjum þætti

„Það var bara kominn tími til að við tækjum höndum saman,“ segir Benedikt Reynisson um samstarf sitt og Árna Þórs Jónssonar í útvarpsþættinum Marzípan sem fer í loftið á Rás 2 annað kvöld. Stjórnendurnir eru tónlistaráhugafólki að góðu kunnir fyrir útvarpsþætti sem þeir hafa áður stjórnað. Benni hefur stjórnað Karate á ýmsum stöðvum, síðast á XFM, síðastliðin þrjú og hálft ár. Árni hefur stjórnað Sýrðum rjóma með hléum síðan 1993 þegar þátturinn hóf göngu sína á Útrás.



**BENNI KARATE** Verður nú kallaður Benni Marzípan.

Óhætt er að segja að báðir stjórnendur nýja þáttarins séu þekktir fyrir að kynna hlustendum glænýja og ferska tónlist í útvarpsþáttum sínum. Þó þeir félagar séu kunnastir fyrir áhuga sinn á indítónlist segir Benni að þeir ætli ekki að binda sig við neina eina tónlistarstefnu í Marzípan. „Við reynum bara að spila það sem er nýtt og ferskt. Við spilum alveg hvað sem er, svo lengi sem það sé áhugavert. Svo er náttúrlega ýmislegt sem ég fíla meira en hann og öfugt. Þetta ætti því að verða ansi fjölbreytt,“ segir Benni en þeir munu skiptast á að stjórna þættinum. Fyrsti þáttur Marzípan fer í loftið á Rás 2 annað kvöld, eftir tíufréttir.



**ÁRNI ÞÓR** Súri gæinn er kominn með félaga.




Reykjavik International Film Festival Sept 28 Oct 8 2006

HÁSKÓLABÍÓ 4. OKT.

| | |
|---|---|
| VORT DAGLEGT BRAUÐ | 18:00 |
| LJÓS Í HÚMINU | 18:00 |
| SÁPA | 18:00 |
| FRAMHALDSLÍFIÐ LJÚFA | 20:00 |
| SINDUREFNI | 20:00 |
| FJÓRAR MÍNÚTUR | 20:10 |
| TJÓN | 22:00 |
| EXOTICA | 22:20 |
| RÚSSNESKA ÖRKIN | 22:30 |

Mynd eftir Oliver Stone — Nicolas Cage — WORLD TRADE CENTER — Íslandsforsýning

| | | |
|---|---|---|
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 8 | bi. 12. |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HARSH TIMES | kl. 6 - 8 - 10:30 | B.i.16 | BÖRN | kl. 4 - 8:30 | B.i.12 |
| HARSH TIMES VIP | kl. 8 - 10:30 | | BÖRN VIP | kl. 6 | |
| NACHO LIBRE | kl. 5:50 - 8-10:10 | B.i.7 | STEP UP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.7 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð | MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| THE WILD M/- ensku tal | kl. 4 - 6 | Leyfð | OVER THE HEDGE M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| THE ALIBI | kl. 10:30 | B.i.16 | THE PROPOSITION | kl. 8 | B.i.16 |
| | | | PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 10 Tilboð 4oo.kr | B.i.12 |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARSH TIMES | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 |
| BÖRN | kl. 6 - 8 - 10:15 | B.i.12 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| UNITED 93 | kl. 10:15 | B.i.14 |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 5:50 | B.i.14 |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 8 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 8 - 10:10 | B.i. 7 |
| STEP UP | kl. 8 - 10 | B.i. 7 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEERFEST | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 |
| THE WILD M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| NACHO LIBRE | kl. 8 - 10 | B.i. 7 |

Munið afsláttinn

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is


# Vondi karlinn Bernal

**Kvikmyndirnar um Jason Bourne og ævintýri hans hafa slegið í gegn um allan heim. Nú er þriðja og síðasta myndin í undirbúningi og vondi karlinn kemur að öllum líkindum frá Mexíkó.**



**JASON BOURNE** Minnislausi njósnarann glímir enn við drauga fortíðarinnar frá því að hann var leigumorðingi fyrir leyniþjónustuna.

Samkvæmt Hollywood Reporter eru einhverjar þreifingar á milli mexíkanska leikarans Gael Garcia Bernal og aðstandenda lokamyndarinnar um að Bernal taki að sér hlutverk leigumorðingja sem eltir Jason Bourne á röndum. Blaðið segir hins vegar að þetta sé á ákaflega óformlegu stigi og það eina sem sé í gangi sé að kvikmyndaverið hafi áhuga á Bernal og að hann sé opinn fyrir öllu.

Jason Bourne er byggður á þekktri persónu úr bókum Robert Ludlum um minnislausa njósnarann en Bourne - myndunum hefur verið hampað vestanhafs enda telja Bandaríkjamenn hann vera svar Ameríku við breska njósnaranum James Bond að einhverju leyti. Matt Damon hefur leikið Bourne frá upphafi en hann verður áberandi í kvikmyndahúsunum á næstunni þar sem hann leikur í Scorsese -myndinni The Departed á móti Jack Nicholson og Leonardo DiCaprio. Stjarna Gael Garcia hefur hins vegar risið með miklum látum eftir velgengni Mótorhjóladagbókanna og leikur hann nú í kvikmyndinni The Science of Sleep eftir Michel Gondry sem gerði hina frábæru Eternal Sunshine of a Spotless Mind.



**VONDI KARLINN** Gael Garcia leikur að öllum líkindum mexíkanskan leigumorðingja sem eltir Bourne á röndum.

# Undirbúa írskt sveitabrúðkaup

Skandalaparið Kate Moss og Pete Doherty er að undirbúa írskt sveitabrúðkaup þessa dagana. Samkvæmt breskum slúðurblöðum er Kate búin að vera með Doherty og Babyshambles á tónleikaferðalagi um Írland og hafa þau ákveðið að ganga í það heilaga þar ásamt því að eyða hveitbrauðsdögunum sínum þar.

Dohery bað Kate á dögunum en fór svo beint í meðferð þannig að lítill tími er búinn að vera fyrir undirbúning á brúðkaupinu, sem parið vill að fari fram sem fyrst. Einnig hafa þau látið hafa það eftir sér þau vilja stofna fjölskyldu saman sem fyrst.



**SKÖTUHJÚIN** Ofurfyrirsætan Kate Moss og rokkarinn Pete Doherty eru að undirbúa írskt sveitabrúðkaup þessa dagana.


filmfest.is



Fjalla-Eyvindur Tjarnarbíó 20:30
með Benna Hemm Hemm
Berg-Ejvind

Tjarnarbíó
14:00 | Grbavica
16:00 | 12:08, austur af Búk...
18:00 | Ferskt loft
20:30 | Fjalla-Eyvindur Benni Hemm Hemm
22:15 | Uppstoppun

Iðnó
14:00 | Af engum
16:00 | Sakleysi
18:00 | Vertu eðlilegur
20:00 | Kettirnir hans Mirikitani
22:00 | Dæmdur heim

Háskólabíó
18:00 | Ljós í húminu
18:00 | Sápa
18:00 | Vort daglegt brauð
20:00 | Framhaldslífið ljúfa
20:00 | Ekkert
20:00 | Sindurefni
20:10 | Fjórar mínútur
22:00 | Tjón
22:20 | Exotica
22:25 | Krákur
22:30 | Rússneska örkin

Reykjavik International Film Festival Sept 28 Okt 8 2006




# Dansvænt dónarapp

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Hip-hop hljómsveitin Spank Rock samanstendur af rapparanum Naeem Juwan (oftast einfaldlega kallaður Spank Rock) og forritaranum og plötusnúðnum XXXchange Armani. Tónlist Spank Rock sker sig að mörgu leyti frá hefðbundnu hip-hopi og þá sérstaklega taktar XXXchange.

Strax í fyrsta lagi plötunnar, Backyard Betty, hellast yfir hlustandann ótrúlega hrár bassataktur sem fær hvaða hlustanda sem er til þess að spyrja sig að því hvað sé hér á sveimi. Á eftir fylgja síðan nokkur önnur lög þar sem Spank Rock heldur áfram að vekja undrun hjá hlustandanum en þegar kemur að laginu Rick Rubin, sem má alveg nefna sem eitt af lögum ársins, ættu flestir að vera farnir að átta sig á því hvað Spank Rock snýst um, frumlega og afar dillivæna takta við ágætis flæði.

Textar Naeem eiga þó sína kosti og galla. Naeem er ekkert að kafa of djúpt í sálina heldur hefur þetta á einföldu nótunum og semur í staðinn húmoríska texta um samfarir, rassskellingar. Því eru það taktar XXXchange sem gefa Spank Rock sérstöðu öðru fremur. Lög á borð við hið fönklega Sweet Talk, einfalda og Scarface-skotna Bump (þar sem gestarappkonan Amanada Blank fer á kostum) og hið fyrrnefnda Rick Rubin sanna svo um munar að Spank Rock hefur tekist að matreiða fyrirtaks dans hip-hop.

Yoyoyoyoyo... er þó langt frá því að vera brautryðjendaverk og hvað þá fullkomin. Mörg laganna ná ekki sömu hæðum og fyrrnefnd lög en Spank Rock sýnir hins vegar fram á að hljómsveitinni er margt til lista lagt og gæti enn frekar látið að sér kveða í framtíðinni.



**SPANK ROCK**

YOYOYOYOYO...

**Niðurstaða:** Ein frumlegasta hip-hop plata sem komið hefur út í langan tíma, þótt hún sé langt frá því að vera sú besta.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

## > Guðjón segir að framtíð sín sé óákveðin

Guðjón Magnússon, markvörður ÍBV, segir að framtíð sín hjá félaginu sé óráðin en hann er samningslaus í lok þessa árs. Guðjón hóf nám við Háskóla Íslands í haust og er því fluttur upp á land. „Ég er bara ekkert búinn að ákveða neitt og ég hef ekkert rætt við stjórn ÍBV frá því að tímabilið kláraðist. Ég ætla ekki að segja núna að ég muni vera áfram hjá ÍBV eða að ég muni yfirgefa ÍBV,“ sagði Guðjón í samtali við Fréttablaðið í gær. Guðjón spilaði sinn fyrsta leik fyrir ÍBV í 16. umferð gegn FH og þótti standa sig vel en varð svo fyrir því óláni að meiðast og missti því af tveimur síðustu leikjunum af tímabilinu. „Þetta var mjög svekkjandi. Ég meiddist á föstudegi og ég var svo langt niðri alla helgina eftir það að það hálfa hefði verið nóg,“ sagði hinn geðþekki Guðjón Magnússon.



**sport**
sport@frettabladid.is

PJETUR SIGURÐSSON: DÆMDI SINN SÍÐASTA LEIK SEM AÐSTOÐARDÓMARI Á ALÞJÓÐAVETTVANGI Á ST. JAMES‘ PARK

# *Fékk áritaða treyju frá leikmönnum Newcastle*

Pjetur Sigurðsson hefur verið einn ötulasti aðstoðardómari okkar Íslendinga síðustu árin en hann hefur nú flaggað sinn síðasta leik á alþjóðavettvangi. Lokaleikurinn var leikur Newcastle og Levadia Tallinn á heimavelli Newcastle, St. James‘ Park, í síðustu viku. Pjetur er búinn að vera FIFA aðstoðardómari í fimmtán ár og sagði að það hefði verið frábært að enda á St. James‘ Park. „Það var frábær stemning á vellinum, enda flottur völlur og flottur klúbbur. Það hefði ekki verið hægt að enda þetta betur en þarna,“ sagði Pjetur.

„Eftir leikinn kom Glenn Roeder, framkvæmdastjóri Newcastle, inn í klefa til okkar og óskaði mér til hamingju og með honum var maður sem afhenti mér áritaða peysu af leikmönnum liðsins. Þetta var mjög flott hjá Roeder. Menn þurfa ekkert að gera svona en þetta var mjög kurteislega gert hjá Roeder,“ sagði Pjetur, sem er búinn að vera á lista yfir aðstoðardómara FIFA í fimmtán ár.



„Eftir því sem ég kemst næst er ég sá eini sem er eftir á þessum lista frá því að hann var stofnaður, um áramótin 1991-1992,“ sagði Pjetur en hvað þarf til að vera svona lengi í þessu starfi?

„Maður þarf svo sem ekki að hafa neitt sérstakt. Ég var bara mjög ungur þegar ég fór á þennan lista og annað hvort hafa menn almennt verið svona gamlir þegar listinn var stofnaður eða þeir ungu hafa bara ekki tollað svona lengi í þessu starfi,“ sagði Pjetur en hverjir ætli séu eftirminnilegustu leikirnir sem hann hafi tekið þátt í?

„Þessi síðasti var að sjálfsögðu mjög eftirminnilegur og svo dæmdi ég einu sinni leik hjá hollenska landsliðinu á Feyenoord-vellinum í Rotterdam fyrir fullu húsi. Svo get ég nefnt líka Evrópuleiki hjá Celtic og Basel sem voru mjög eftirminnilegir. Ég var líka aðstoðardómari á HM u-21 í Nígeríu og var þar í tæpan mánuð. Þetta er það sem er eftirminnilegast,“ sagði Pjetur og bætti því við að hann ætlaði að skoða það í vetur hvort hann væri alveg hættur að dæma hér heima.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**OKTÓBER**

1 2 3 **4** 5 6 7

**Miðvikudagur**

**LEIKIR**

- ☐ 19.00 **Stjarnan-HK** í DHL-deild karla í handbolta í Ásgarði.
- ☐ 20.00 **Fram-Haukar** í DHL-deild karla í handbolta í Framhúsinu.

**SJÓNVARP**

- ☐ 22.20 **Handboltakvöld** á Rúv.
- ☐ 22.35 **Formúlukvöld** á Rúv.

Norður-Evrópumót:

## Kristjana vann í stökki

**FIMLEIKAR Kristjana Sæunn Ólafsdóttir varð um helgina Norður-Evrópumeistari í stökki en keppt var í Noregi. Hún varð í öðru sæti í gólfæfingum og Fríða Rún Einarsdóttir í þriðja sæti. Margrét Hulda Karlsdóttir náði öðru sæti í keppni á slá.**

**Finnar fögnuðu sigri í bæði liðakeppni karla og kvenna. Alls voru þátttakendur frá ellefu löndum og varð Ísland í fimmta sæti í báðum liðakeppnum.**

**Kristjana náði bestum árangri Íslendinga í fjölþrautinni, sjötta sæti, en Viktor Kristmannsson náði besta árangri karla er hann varð ellefti.**

**- esá**

# Auðvelt að fjölga í tólf liða deild

**Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, segir það auðvelda framkvæmd að fjölga liðum í Landsbankadeild karla úr tíu í tólf. Hann segir þá breytingu ekki ganga nógu langt og því hafi KSÍ lagt fram eins róttækar breytingatillögur og raun bar vitni. Ef ekki er vilji fyrir þeim sé hægt að skoða aðrar leiðir.**

**FÓTBOLTI** Það er óhætt að segja að róttækar tillögur Knattspyrnusambands Íslands, KSÍ, á breytingum Íslandsmótsins hafi vakið verðskuldaða athygli. Ekki síst fyrir þær sakir að KSÍ hefur verið frekar íhaldssamt þegar kemur að breytingum á Íslandsmótinu. Eitt og annað vekur athygli í tillögunum og eitt af því að ekki er stefnt að neinum breytingum fyrr en árið 2010. Vaknar því eðlilega sú spurning hvort ekki sé hægt að gera einhverjar breytingar á mótinu fyrr?

„Það er búið að ganga frá samningum á sjónvarps- og markaðsrétti til ársins 2009 og eflaust er hægt að taka þá samninga upp og breyta. Við höfum samt selt mótið til þess tíma á ákveðnum forsendum og það er ástæðan fyrir því að við viljum ekki hreyfa við mótinu,“ sagði Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, en er nauðsynlegt að taka þetta risastökk á þessum tíma? Var ekki hægt að taka smærri skref eins og að fjölga fljótlega í deildinni og síðan taka stóra skrefið og bæta við einni umferð?

„Það sem stjórnin er að segja með þessari tillögu er að fyrst eigum við að skoða hvort það eigi að gera stórkostlegar breytingar á Íslandsmótinu. Ef það verður ekki niðurstaðan þá er búið að opna fyrir minni dæmi eins og að fjölga. Annars er ekki verið að loka á neina möguleika og félögin geta gert breytingar á ársþinginu.“

### Opinn fyrir breytingum

Þeir sem hafa gagnrýnt KSÍ hvað harðast fyrir að fjölga ekki í deildinni hafa nefnt að hægt sé að leika þéttar yfir sumarið og ákveðnir aðilar hafa viljað sjá leiki spilaða í landsleikjahléunum þar sem engir leikmenn, eða fáir, úr Landsbankadeildinni séu í landsliðinu hverju sinni.

„Þessir aðilar fara sorglega með staðreyndir því landsleikjahléin eru fyrir A og U-21 árs landsliðið og í yngra landsliðinu eru ansi margir leikmenn úr Landsbankadeildinni. Það er ekki hægt að láta lið spila sem er án síns besta manns vegna þess að hann er valinn í landsliðið.

Annars er ég opinn fyrir breytingum og ég skora á alla sem geta komið með nýja og betri niðurröðun á mótinu að sýna mér það hvernig leika má þéttar,“ sagði Geir en bent hefur verið á að leika megi þéttar undir lok mótsins þar sem eingöngu er leikið um helgar en ekki í miðri viku. „Á sama tíma er verið að leika í Meistaradeildinni, eigum við að spila Íslandsmótið ofan í þessar útsendingar? Hefði það ekki áhrif á fjölda áhorfenda á vellinum. Ég er samt ekki að segja að það sé útilokað en það er mjög erfið samkeppni fyrir íslenska knattspyrnu.“

### Auðvelt að fjölga

Það er ekkert nýtt að verið sé að biðla til KSÍ um að fjölga í efstu deild og sumir skilja hreinlega ekki af hverju ekki sé löngu búið að stíga það skref.

„Það er að mínu viti auðveld framkvæmd að fjölga í tólf lið en menn verða að vera heiðarlegir. Er það stórkostleg breyting á íslenskri knattspyrnu að fara í tólf liða deild. Ég held ekki. Hefur samt ekki heyrst hæst í þeim sem eru á fallsvæðinu? Ég kaupi heldur ekki þau rök að það verði betri fótbolti í efstu deild ef það verður fjölgað,“ sagði Geir en fyrst það er svona auðvelt að framkvæma þessa breytingu af hverju er það þá ekki gert? Knattspyrnuáhugamenn vilja sjá fleiri leiki og myndu klárlega fagna slíkum breytingum. „Félögin verða þá að geta tekið á móti liðum í byrjun maí og vellirnir eru ekki tilbúnir á þeim tíma en við höfum mælt með ákveðnum breytingum svo að vellirnir verði klárir fyrr.“

Þegar verið er að gagnrýna KSÍ hafa sumir gengið svo langt að segja að KSÍ vilji ekki fjölga í deildinni og því sé sífellt verið að skjóta málinu áfram. Hvað segir Geir við slíkum gagnrýnisröddum?

„Ég get viðurkennt að knattspyrnuhreyfingin er í eðli sínu íhaldssöm. Það er alltaf verið að biðja um meira en ég held að menn hafi viljað sjá einhverja framtíðarsýn. Knattspyrnusambandið verður að hafa heildarstefnu og ég held að hún hafi komið fram með þessari tillögu,“ sagði Geir Þorsteinsson.

**henry@frettabladid.is**



**GEIR ÞORSTEINSSON** Vill horfa lengra fram á veginn en að fjölga liðum um tvö í efstu deild. Hann segir KSÍ hafa frekar viljað skapa stóra framtíðarsýn fyrir íslenska knattspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL




Mörg íslensk lið hafa sett sig í samband við Pétur Marteinsson:

# Pétur missir af landsleikjunum

**FÓTBOLTI** Pétur Marteinsson, leikmaður Hammarby í sænsku úrvalsdeildinni, mun ekki geta leikið með íslenska landsliðinu gegn Lettum og Svíum en Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari valdi hann í íslenska hópinn. Pétur á við meiðsli að stríða og gat því ekki leikið með Hammarby gegn Malmö á mánudag.

„Það var auðvitað gaman að vera valinn og svekkjandi að geta svo ekki verið með. En ég hef verið lengi í þessu og það kemur mér fátt á óvart lengur,“ sagði Pétur, sem hefur ekki leikið með íslenska landsliðinu síðan hann meiddist í leik gegn Ungverjum hinn 4. júní í fyrra.

Pétur fékk þungt högg á bakið í leik með Hammarby fyrir fáeinum vikum og er með brákað rifbein vegna þess. „Ég spilaði næsta leik á verkjalyfjum en gat svo varla gengið þannig að nú þarf ég að hvíla mig. Eins og staðan er í dag get ég bara ekki spilað fótbolta.“

Eyjólfur staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að Pétur yrði ekki með í leikjunum sem eru framundan en að hann ætlaði að bíða með að velja annan í hans stað. „Ég ætla að sjá til og leyfa þessu að þróast í nokkra daga,“ sagði Eyjólfur.

Pétur er með lausan samning í lok leiktíðar en Hammarby vill halda honum og í dag mun hann funda með forráðamönnum liðsins. Hann býst þó ekki við að komast að niðurstöðu um framtíð sína í dag. Hann staðfesti að þó nokkur lið hér á landi hefðu sett sig í samband við hann, þeirra á meðal Fram, hans gamla félag. „Annars vil ég ekki ræða mikið um þessi mál á þessu stigi málsins. Ég hef enn nægan tíma og ætla ekki að stressa mig á þessu eins og er.“

**- esá**

Jóhann B. Guðmundsson:

# Óttast að krossband sé slitið

**FÓTBOLTI** Jóhann B. Guðmundsson, leikmaður sænska úrvalsdeildarliðsins GAIS, meiddist illa á æfingu með liðinu á föstudag og leikur hann ekki meira á þessu tímabili. „Það er enn ekki ljóst hvort fremra krossbandið hefur slitnað í vinstra hnénu en ég á eftir að fara í sneiðmyndatöku þar sem það verður skoðað. Annars er klárt að liðbandið að innanverðu hnénu er rifið og verð ég frá í að minnsta kosti sex vikur þótt ekkert annað sé að.“ Jóhann gekk til liðs við GAIS fyrir tímabilið og samdi til eins árs. „Ég var að fara að hefja viðræður um nýjan samning þegar þetta gerist og er því allt í lausu lofti eins og staðan er nú.“

Barca vill framherja:

# Makaay í sigtinu

**FÓTBOLTI Eftir að framherjinn Samuel Eto`o meiddist illa í síðustu viku og ljóst varð að hann verður frá næstu fimm mánuðina eða svo hafa forráðamenn Barcelona litið í kringum sig með það fyrir augum að fá annan framherja til liðsins í hans stað, það er að segja ef Eiður Smári Guðjohnsen og Javier Saviola reynast ekki nógu öflugir arftakar Eto`o.**

**Samkvæmt katalónskum fjölmiðlum hefur Barcelona sett sig í samband við Bayern München og spurst fyrir um Hollendinginn Roy Makaay sem áður lék með Deportivo la Coruna. Rob Jansen, umboðsmaður Makaays, mun hafa sagt í samtali við fjölmiðla að hann hafi sagt forráðamönnum Barcelona að Makaay stæði þeim til boða.** - esá

FH vann góðan sigur á Akureyri-Handboltafélagi nyrðra í gær:

# Tvö stig eru virði fimm tíma ferðar í bíl til Akureyrar



HVERT ERT ÞÚ AÐ FARA? FH-stúlkan Hafdís Hinriksdóttir reynir hér að brjótast í gegnum vörn hins nýjá Akureyrarliðs. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRIR TRYGGVASON

**HANDBOLTI** Hið nýstofnaða Akureyri-Handboltafélag lék í gær sinn fyrsta heimaleik undir merkjum sameinaðra liða KA og Þórs. Þessum tímamótaleik fyrir handboltann á Akureyri vilja norðanmenn, og stúlkur, þó líklega gleyma sem allra fyrst þar sem gestirnir úr FH fór með sigur af hólmi, 21-18.

Í dökkbláum búningum með hvítu ívafi byrjaði Akureyri mun betur, komst í 3-0 en það tók gestina úr Hafnafirði tólf mínútur að komast á blað. Þær náðu þó að jafna leikinn um miðbik hálfleiksins en með góðum kafla undir lok fyrri hálfleiks náði Akureyri upp þriggja marka forskoti, 10-7, sem voru hálfleikstölur í KA-heimilinu í gær.

Dæmið snerist við í síðari hálfleik. Vörn FH small saman og við það tók markvarslan við sér en ekkert gekk hjá Akureyrarstúlkum, sem skoruðu aðeins fjögur mörk á fyrstu 24 mínútum síðari hálfleiks. FH-stúlkur gengu á lagið, nýttu færin sín út í æsar og uppskáru að lokum sanngjarnan þriggja marka sigur, 21-18.

„Þetta var erfið fæðing. Við vorum slakar í fyrri hálfleiknum og þetta gekk reyndar erfiðlega nánast allan leikinn en þessi tvö stig eru vel virði fimm tíma bílferðarinnar hingað norður. Það er alltaf erfitt að koma hingað norður og þessi sigur, þar sem við vorum með viljann að vopni í síðari hálfleik, gefur okkur aukið sjálfstraust upp á framhaldið,“ sagði Halldór Kristjánsson, þjálfari FH. - hþh



HARKA Heimasúlkur gáfu ekkert eftir í gær en það dugði ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRIR TRYGGVASON

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*DHL-deild kvenna:*

AKUREYRI-FH 18-21

**Mörk Akureyrar (skot):** Ester Óskarsdóttir 7 (11), Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 3 (7), Guðrún Helga Tryggvadóttir 3 (7), Erla Heiður Tryggvadóttir 2 (4), Þórdís Sigurbjörnsdóttir 1 (1) , Inga Dís Sigurðardóttir 1 (7), Jóhanna Tryggvadóttir 1 (3).

Varin skot: Jarmila Kurcaska 4, Sigurbjörg Hjartardóttir 9.

**Hraðaupphlaup:** 0

**Fiskuð víti:** 3 (Ester 2, Guðrún Helga 1)

**Utan vallar:** 6 mínútur

**Mörk FH (skot):** Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 7 (12), Kamilla Opsahl 6 (11), Ásta Agnarsdóttir 5 (8) Harpa Vilhjálmsdóttir 1 (6), Andrea Olsen 1 (3), Ásdís Sigurðardóttir 1 (4).

**Varin skot:** Laima Miliauskaite 19.

**Hraðaupphlaup:** 2 (Harpa, Kamilla)

**Fiskuð víti:** 3 (Andrea, Harpa Ásta)

**Utan vallar:** 6 mínútur

VALUR-STJARNAN 22-20

**Mörk Vals (skot):** Ágústa Edda Björnsdóttir 5/3 (9/3), Sigurlaug Rúnarsdóttir 5 (8), Katrín Andrésdóttir 3 (3), Rebekka Skúladóttir 2 (4), Hildigunnur Einarsdóttir 2 (2), Hafrún Kristjánsdóttir 1 (1), Brynja Steinsen 1 (1), Arna Grímsdóttir 1 (3).

**Varin skot:** Pavla Skavronkova 26.

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Rakel Dögg Bragadóttir 6/2 (12/2), Jóna Margrét Ragnarsdóttir 4 (10), Kristin Clausen 4 (7), Alina Pehache 2 (6), Kristín Guðmundsdóttir 2 (7), Anna Kristín Blöndal 1 (2), Elísabet Gunnarsdóttir 1 (3).

**Varin skot:** Florentina Grecu 13.

HAUKAR-FRAM 20-21

Chris Sutton:

# Semur við Aston Villa

**FÓTBOLTI** Hinn 33 ára gamli framherji Chris Sutton skrifaði í gær undir samning við Aston Villa til loka tímabilsins. Sutton lék síðast með Birmingham en fékk ekki nýjan samning eftir síðasta tímabil.

Sutton er þriðji leikmaðurinn sem Martin O´Neill fær til félagsins en hinir tveir, Dider Agathe og Stilian Petrov, spiluðu einnig undir stjórn O´Neill hjá Celtic. - hbg



FANGBRÖGÐ Það var ekkert gefið eftir í leik Vals og Stjörnunnar í Laugardalshöll í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valur tók á móti Stjörnunni í Laugardalshöll:

# Stjörnustúlkum skellt af Val í Höllinni

**HANDBOLTI** Valsstúlkur höfðu margt að sanna í gærkvöldi þegar Stjarnan kom í heimsókn í Höllina enda var Valur án sigurs eftir tvo leiki og hafði leikur liðsins í fyrstu tveim leikjum mótsins ollið nokkrum vonbrigðum. Að sama skapi er pressa á Stjörnunni enda liðinu spáð Íslandsmeistaratitli. Leikurinn stóð fyllilega undir væntingum og heimastúlkur fóru að lokum með sigur, 22-20.

Gestirnir úr Garðabænum byrjuðu leikinn mikið mun betur og komust fljótlega í 4-1. Mest náði Stjarnan fimm marka forystu, 10-5, í fyrri hálfleik en leiddi með aðeins tveim mörkum þegar blásið var til leikhlés, 11-9.

Munurinn á liðunum hefði verið mun meiri ef ekki hefði verið fyrir stórleik Pövlu Skavronkovu í marki Vals en hún varði tíu skot í fyrri hálfleik.

Valsstúlkur mættu mjög grimmar til síðari hálfleiks, vörnin fór í gang og Stjarnan skoraði ekki nema þrjú mörk fyrstu 18 mínútur síðari hálfleiks en Valur skoraði fyrstu fjögur mörk hálfleiksins og komst í 13-11.

Mest náði Valur fjögurra marka forystu, 17-13, en þá tók Stjarnan við sér á ný og náði að minnka muninn í eitt mark, 17-16.

Þá stigu Valsstúlkur á bensínið á ný og tryggðu sér sætan og sanngjarnan sigur í stórskemmtilegan leik og Valur því loksins komið á beinu brautina og þungu fargi eflaust létt af þjálfara liðsins, Ágústi Jóhannssyni.







**Sirkus kemur á föstudögum!**
Nú færðu nýtt og litríkara Sirkus tímarit með Fréttablaðinu á föstudögum. Sirkus er blaðið sem flytur þér skemmtilegar fréttir af áhugaverðu fólki og sér til þess að þú vitir allt sem er að gerast um helgina. Auk þess fjallar blaðið á ferskan hátt um tísku, kvikmyndir, tónlist, lífsstíl og alls kyns fleira skemmtilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



**ÁGÚST GYLFASON** Hefur hugsanlega leikið sinn síðasta leik með KR.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ágúst Gylfason og KR:

## Helmingslíkur á að vera áfram

**FÓTBOLTI** Ágúst Gylfason staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að hann væri að velta fyrir sér framtíð sinni hjá KR. Hann hitti Teit Þórðarson að máli í fyrradag og gekk sá fundur vel. Ágúst er nú erlendis en mun í næstu viku funda með stjórn KR. Hann segir helmingslíkur á því að hann verði áfram hjá KR.

Hann sagði einnig að honum hefðu borist nokkrar óformlegar fyrirspurnir frá öðrum félögum og væri áhugi fyrir því að fá hann sem spilandi þjálfara. - esá

Guðmundur Viðar Mete:

## Til í að skoða önnur tilboð

**FÓTBOLTI Guðmundur Viðar Mete, varnarmaður Keflvíkinga, verður samningslaus í lok ársins og segist vera í viðræðum við stjórn félagsins um nýjan samning.**

**„Ég er í viðræðum við Keflavík þessa dagana en maður á aldrei að segja aldrei,“ sagði Guðmundur og bætti því við að viðræður gengju vel.**

**„Við erum með mjög gott lið hérna í Keflavík og ég stefni á að vera hér áfram. Ég myndi skoða öll tilboð sem kæmu en eins og staðan er núna er Keflavík eina liðið sem hefur boðið mér samning,“ sagði Guðmundur.** - dsd

UEFA-bikarkeppnin:

## Eitt Íslendingalið í keppninni

**FÓTBOLTI** Dregið var í riðla í UEFA-bikarkeppninni í gær en eitt Íslendingalið, AZ Alkmaar, er meðal þeirra 40 sem eftir eru í keppninni. Með AZ leika Grétar Rafn Steinsson og Jóhannes Karl Guðjónsson.

Efstu þrjú liðin í hverjum riðli komast áfram í 32 liða úrslit ásamt þeim átta liðum sem lentu í þriðja sæti sinna riðla í Meistaradeildinni. - esá

**A-RIÐILL**

**AUXERRE (FRAKKLANDI),** RANGERS (SKOTLANDI), **PARTIZAN (SERBÍU),** LIVORNO (ÍTALÍU), **MACCABI HAIFA (ÍSRAEL).**

**B-RIÐILL**

**LEVERKUSEN (ÞÝSKALANDI),** CLUB BRUGGE (BELGÍU), **BESIKTAS (TYRKLANDI),** DINAMO BÚKAREST (BÚLGARÍU), **TOTTENHAM (ENGLANDI).**

**C-RIÐILL**

**SEVILLA (SPÁNI),** AZ ALKMAAR (HOLLANDI), **LIBERCEC (TÉKKLANDI),** GRASSHOPPER (SVISS), **BRAGA (PORTÚGAL).**

**D-RIÐILL**

**PARMA (ÍTALÍU),** LENS (FRAKKLANDI), **HEERENVEEN (HOLLANDI),** OSASUNA (SPÁNI), **ODENSE (DANMÖRKU).**

**E-RIÐILL**

**FEYENOORD (HOLLANDI),** BASEL (SVISS), **WISLA (PÓLLANDI),** BLACKBURN (ENGLANDI), **NANCY (FRAKKLANDI).**

**F-RIÐILL**

**AJAX (HOLLANDI),** SPARTA PRAG (TÉKKLANDI), **ESPANYOL (SPÁNI),** AUSTRIA WIEN (AUSTURRÍKI), **ZULTE WAREGEM (BELGÍU).**

**G-RIÐILL**

**PANATHINAIKOS (GRIKKL.),** PSG (FRAKKLANDI), **RAPID BÚKAREST (BÚLGARÍU),** TEL AVIV (ÍSRAEL), **MLADA BOLESLAV (TÉKKL.).**

**H-RIÐILL**

**NEWCASTLE (ENGLANDI),** CELTA (SPÁNI), **PALERMO (ÍTALÍU),** FENERBAHCE (TYRKLANDI), **EINTRACHT F. (ÞÝSKALANDI).**

Íslandsmeistarar FH missa sterkan miðjumann sem hyggur á að leika áfram í Landsbankadeildinni:

# Baldur Bett hefur ákveðið að fara frá FH

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Baldur Bett hefur tilkynnt forráðamönnum knattspyrnudeildar FH að hann muni ekki endurnýja samning sinn við félagið þegar hann rennur út um áramótin. Eins og reglur KSÍ kveða á um verður honum frjálst að ræða við önnur félög eftir 15. október næstkomandi.

„Ég mun fara frá FH eftir leikinn gegn KF Nörd,“ sagði Baldur en Íslandsmeistararnir mæta sjónvarpsstjörnunum í dag. Hann segir að ákvörðin sín hafi komið forráðamönnum FH nokkuð á óvart en Baldur hefur ekki átt víst sæti í byrjunarliði liðsins undanfarin ár. Hann hefur þó spilað mikið og tók til að mynda þátt í sextán leikjum FH í Landsbankadeildinni í sumar.

Hann segist vera harðákveðinn að reyna sig hjá öðru liði en ekki sé enn ljóst hvar hann muni spila. Hann er þó þess fullviss að hann vilji spila í Landsbankadeildinni næsta sumar. „Það er alveg 100% öruggt,“ sagði hann.

Baldur er 25 ára gamall og hefur spilað með FH undanfarin fimm ár. Á þeim tíma hefur hann þrívegis orðið Íslandsmeistari með liðinu.

Yngri bróðir hans, Calum, hefur ekki spilað mikið undanfarin ár en hann hefur fengið að taka þátt í æfingum með HK undanfarið. Óljóst er hvort að hann muni freista gæfunnar með HK eða öðru liði á næsta keppnistímabili. - esá



**Á LEIÐ FRÁ FH** Baldur Bett (lengst til vinstri) er á leið frá FH. Hér fagnar hann Íslandsmeistaratitlinum í haust ásamt félögum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leikmannasamningur HSÍ gerir félögum kleift að ráðskast með leikmenn

**Leikmannasamningur HSÍ í núverandi mynd er meingallaður og ef leikmenn gá ekki að sér í samningagerð getur félagið haft öll ráð þeirra í hendi sér, miðað við nýfallinn dóm dómstóls HSÍ. Breytinga er þörf segir framkvæmdastjóri HSÍ sem býst við að málið verði tekið fyrir á næsta ársþingi.**

**HANDBOLTI** Dómur féll í máli markvarðarins Egidijusar Petkeviciusar á dögunum en HSÍ vildi ekki samþykkja félagaskipti hans frá Fram yfir í HK. Markvörðurinn taldi eðlilegt að HSÍ samþykkti félagaskiptin þar sem viðaukasamningur hans (launasamningur) var útrunninn en eitt ár var eftir af leikmannasamningnum hans, sem heitir A-leikmannasamningur. Petkevicius taldi sig lausan allra mála þar sem hann var ekki lengur á launum en því var HSÍ ekki sammála.

Dómstóll HSÍ staðfesti fyrri niðurstöðu sambandsins og neitaði að staðfesta félagaskiptin. HK ætlaði í fyrstu að áfrýja dómnum alla leið en komst að samkomulagi við Fram áður en til þess kom og greiddi fyrir leikmanninn en það ætlaði félagið aldrei að gera. Það er í raun miður að málið hafi ekki farið alla leið í dómskerfi HSÍ því áhugavert hefði verið að fá endanlegan úrskurð í þessu máli, enda um mikið hagsmunamál fyrir leikmenn að ræða.

### Réttur leikmanna enginn

En af hverju dæmdi dómstóll HSÍ ekki markverðinum í vil og hver er eiginlega réttur þeirra leikmanna sem eru með styttri viðaukasamning en leikmannasamning? Seinni spurningunni er fljótsvarað: enginn!

Ástæðan er klaufalegt orðalag í A-leikmannasamningnum sem gerir félögum kleift að ráðskast með leikmenn séu þeir svo „vitlausir“ að hafa ekki sömu dagsetningu á A-leikmannasamningnum og viðaukasamningnum.

Á móti kemur að hægt er að velta fyrir sér hvað vaki fyrir þeim félögum sem hundsi leiðbeiningar Handknattleikssambandins og geri samninga við leikmenn með mismunandi dagsetningum.

Í leikmannasamningnum stendur stórum stöfum: ***„Viðaukasamningur skal ávallt hafa sömu tímamörk og A-leikmannasamningur viðkomandi samningsaðila“.*** Þetta er frekar afdráttarlaus setning sem ekki á að vera hægt að misskilja en vandamálið liggur í lítilli línu aðeins ofar sem af einhverjum óskiljanlegum ástæðum var bætt inn í samninginn: ***„Ef að samningarnir hafa ekki sama gildistímann þá gilda tímamörk A-leikmannasamnings HSÍ“.***

Þessi setning, sem átti augljóslega að vera leiðbeinandi, gjaldfellir í raun fyrri setningu þar sem afdráttarlaust var sagt að sömu tímamörk ættu að vera á samningunum.

Með öðrum orðum þýðir þessi setning að ef leikmaður gerir til að mynda tveggja ára viðaukasamning og þriggja ára A-leikmannasamning þá „á“ félagið hann þriðja árið og réttur leikmannsins er í raun enginn.

„Það er ekkert sem segir að félagið verði að gera nýjan viðaukasamning við leikmanninn eða að gamli viðaukasamningurinn haldi þar sem A-samningurinn sé lengri.

### Hefðu getað haldið Petja

Ef mið er tekið af niðurstöðu dómsins hefði Fram í raun getað haldið Petkevicius hjá félaginu fram á næsta sumar án þess að borga honum krónu fyrir, hefði félagið kosið svo.

Leikmenn verða því að að passa upp á að sömu tímamörk séu á samningunum því annars nær félagið hreðjataki á leikmanninum miðað við úrskurðinn. Í raun er ótrúlegt til þess að hugsa að einhverjir leikmenn skuli hreinlega gera þessi mistök.

### Ensk útgáfa samningsins öðruvísi

Það sem er einnig athyglisvert í máli Petkeviciusar er að hann skrifar undir íslensku útgáfu leikmannasamningins en ekki ensku útgáfuna eins og tíðkast þegar erlendir leikmenn semja við íslensk félög.

Í fyrstu gæti einhver haldið að samningarnir væru nákvæmlega eins en svo er ekki. Þessa „afdrifaríku“ setningu sem segir *„að ef samningarnir séu ekki með sömu tímamörk gildi A-samningurinn“* er nefnilega ekki að finna í ensku útgáfunni.

Með öðrum orðum er líklegt að Petkevicius hefði verið laus um leið og viðaukasamningurinn lauk hefði hann skrifað undir ensku útgáfuna miðað við þennan nýfallna dóm.

Lögfróðir menn sem Fréttablaðið ræddi við segja að ef Petkevicius hefði sagt upp A-samningnum skriflega á sínum tíma, á þeim forsendum að ekki væri lengur um greiðslur að ræða, hefði hann líklega losnað frá Fram án vandræða. Það myndi tæplega halda vatni að hægt væri að halda leikmanni nauðugum í vinnu án greiðslu.

„Leikmenn verða að sjálfsögðu að lesa vel það sem þeir skrifa undir og þótt erlendi samningurinn sé ekki eins er meiningin sú sama og það er ætlast til að sömu tímamörk séu á þessum samningum,“ sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ. „Við hljótum að bregðast við þessu á réttan hátt því breytinga er augljóslega þörf. Líklegt er að formannafundur skipi nefnd sem fer yfir málið. Niðurstaða þessa dóms sýnir galla sem við sáum ekki fyrir.“



**EGIDIJUS PETKEVICIUS** Tapaði máli sínu gegn Fram og HK varð því að greiða fyrir hann. Dómur í hans máli sýnir að leikmenn geta misst réttindi sín passi þeir ekki upp á að hafa sömu tímamörk á A-leikmannasamningi sínum og viðaukasamningnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



ÍÞRÓTTALJÓS
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
henry@frettabladid.is

Jóhannes Harðarson hefur lítið getað spilað í Noregi í sumar vegna meiðsla:

# Meiðsli stofna ferli Jóhannesar í hættu

**FÓTBOLTI** Jóhannes Harðarson hefur lítið sem ekkert getað spilað með liði sínu Start í norsku úrvalsdeildinni í sumar. Lítið er eftir af tímabilinu og segir hann í samtali við Fréttablaðið að hann sé nú þegar farinn að huga að því næsta. Hann er samningsbundinn Start út leiktíðina 2008.

„Ég er búinn að vera meiddur síðan í febrúar ef frá eru taldar nokkrar vikur í upphafi tímabilsins,“ sagði Jóhannes en einu leikirnir sem hann hefur komið við sögu er þegar hann kom inn á sem varamaður í tveimur leikjum í apríl. „Þá tóku sig upp sömu meiðsli aftur og ég hef verið í sömu sporunum síðan þá.“

Óhætt er að segja að meiðsli Jóhannesar séu þrálát en vöðvafesting í nára skaddaðist og hefur enn ekki náð að gróa. „Á meðan svo er get ég ekki spilað fótbolta. Það er útilokað að ég geti eitthvað verið meira með á þessu tímabili og ef ég batna ekki á næstu vikum þarf ég væntanlega að fara í aðgerð.“

Hann segir þó ekki sjálfsagt að aðgerðin verði til bóta og er því nokkuð áhættusöm. Hann neitar því ekki að meiðslin stofni ferli hans jafnvel í hættu. „Forráðamenn Start hafa viljað bíða með aðgerðina fram á síðustu stundu þar sem hún er nokkuð áhættusöm.“

En þar sem hann er samningsbundinn liðinu næstu ár ætlar hann fyrst og fremst að einbeita sér að ná sér á strik á nýjan leik. „Við verðum að sjá til hvernig það gengur og svo sér maður til með framtíðina.“

Start er sem stendur í fjórða sæti norsku úrvalsdeildarinnar að fjórum umferðum óleiknum. - esá



**MEÐ LANDSLIÐINU** Jóhannes Harðarson (til vinstri) á æfingu með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GÓÐ STEMNING** Mikil og góð stemning skapaðist á leik Íslands og Danmerkur á Laugardalsvelli í september. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þúsund miðar enn til sölu

**Eftir rétta viku kemur knattspyrnulandslið Svíþjóðar hingað til lands og mætir því íslenska á Laugardalsvelli í undankeppni EM 2008. Sama fyrirkomulag er á miðasölu og var fyrir Danaleikinn í síðasta mánuði en það var nokkuð umdeilt.**

**FÓTBOLTI** Mikill áhugi var fyrir leik Íslands og Danmerkur í síðasta mánuði og var uppselt á leikinn tæpri viku áður en hann hófst. Eitthvað virðist áhuginn fyrir leiknum gegn Svíþjóð í næstu viku vera minni, en samkvæmt lauslegri úttekt Fréttablaðsins í gær voru rétt rúmlega 1000 miðar enn til sölu á netinu, á ksi.is og midi.is.

Þó er ljóst að langflestir þeirra óseldu miða, um 95 prósent, eru á ódýrasta svæðinu, hólfum A og I sem eru á svokölluðu grænu svæði. Grænn miði kostar 2.000 krónur en blár 4.500 krónur og rauður 5.000 krónur.

Bláa svæðið er stúkan austanmegin við völlinn, sem liggur að Valbjarnarvelli. Rauða svæðið er hólfin fyrir miðju í nýju stúkunni sem er vestanmegin við völlinn. Grænu hólfin tvö eru hvort við sinn enda rauðu svæðanna.

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að von sé á fleiri miðum í almenna sölu þar sem sænska knattspyrnusambandið hefur tilkynnt að það geti ekki selt alla þá miða sem því var úthlutað. Þeir miðar verða væntanlega til sölu á leikdag eða daginn fyrir leik en stuðningsmönnum gestaliðsins er úthlutað sæti norðanmegin í bláu stúkunni.

Nákvæmlega sama fyrirkomulag er á sölunni fyrir þennan leik og var fyrir leikinn gegn Danmörku. Af tæplega tíu þúsund miðum sem prentaðir eru fara rúmlega fjögur þúsund í almenna sölu. Aðrir miðar eru að stórum hluta seldir fyrirtækjum og styrktaraðilum auk boðsmiða og miða fyrir handhafa KSÍ-passa.

Nokkurrar óánægju gætti í þjóðfélaginu vegna þeirra fáu miða sem fóru í almenna sölu en Geir segir að þessi umræða sé ekki ný af nálinni. „Hún hefur verið til staðar í minni tíð,“ sagði Geir við Fréttablaðið í gær. „Ég hef sjálfur verið að reyna að efla þessa fyrirtækjasölu frá því að ég hóf störf, ég tel það mikilvægt að ná til atvinnulífsins og fá stuðning þaðan í landsleiki.“

Leikurinn gegn Svíum er þriðji stóri landsleikurinn í röð á Laugardalsvelli og hefur áhugi almennings verið mikill. „Fólk vill hins vegar gleyma litlu leikjunum sem minni áhugi er fyrir. Mitt markmið er að reyna að ná sem flestum á völlinn. Stundum er það auðvelt og stundum erfitt. En það er engu að síður alveg ljóst að jafnvægi þarf að vera á milli almennrar miðasölu og fyrirtækjasölu.“

Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir á Laugardalsvelli og sætum fyrir áhorfendum fjölgað. Geir segir að þess vegna sé enn verið að þreifa sig áfram hvað varðar miðasölukerfið og útilokar ekki breytingar í framtíðinni. „Það þarf að athuga hvernig skipting er í svæði og fleira í þeim dúr. Við munum meta stöðuna og reynum að hafa sem flesta ánægða. En það er auðvitað gömul saga og ný að það er erfitt að gera öllum til hæfis.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is


# Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG




**KRISTJÁN FINNBOGASON** Virðist vera hættur við að hætta að spila og hefur mikinn áhuga á að spila með KR næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kristján Finnbogason vill spila áfram með KR:

# Ekkert ákveðið enn

**FÓTBOLTI** Ekki er annað að heyra á Kristjáni Finnbogasyni en að hann sé hættur við að hætta að spila og muni því standa á milli stanganna hjá KR næsta sumar. Kristján hefur rætt málin bæði við Teit Þórðarson og stjórnarmann í KR Sport og segir að það sé grundvöllur fyrir því að framlengja samninginn við KR.

„Ég ræddi við Teit og þar sagði hann mér frá sínum hugmyndum og ræddi við mig um veturinn framundan og svo ræddi ég líka við stjórnarmann hjá félaginu,“ sagði Kristján sem hefur mikinn áhuga á því að halda áfram að spila. Er þá eitthvað því til fyrirstöðu að hann verði áfram hjá KR?

„Viðræður standa bara yfir þessa dagana, í rólegheitum. Þannig standa málin bara í dag og það er ekkert ákveðið í þessum efnum,“ sagði Kristján en KR hefur ekki ennþá boðið honum nýjan samning.

Kristján var kallaður inn í landsliðshópinn í síðasta mánuði eftir að Daði Lárusson meiddist og Kristján sagðist áfram gefa kost á sér í landsliðið ef hann héldi áfram að spila. „Maður segir aldrei nei við landsliðið ef kallið kemur þaðan en það er eitthvað sem ég er ekkert að velta fyrir mér í dag,“ sagði Kristján sem virðist alls ekkert vera á þeim buxunum að hætta í fótbolta.

- dsd


# Afrekssjóður ÍBR og SPRON
## auglýsir eftir umsóknum

Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) og Sparisjóður Reykavíkur og nágrennis (SPRON) hafa gert með sér samkomulag um stofnun sjóðs til að styrkja ungt og efnilegt íþróttafólk í íþróttafélögum í Reykjavík.



Markmið sjóðsins er að styrkja ungt og efnilegt reykvískt íþróttafólk á aldrinum 15–22 ára sem hefur hæfileika til að verða afreksfólk í íþróttum. Hægt er að sækja um styrki fyrir eftirfarandi:

- Þátttöku þjálfara í námskeiðum erlendis.
- Verkefni sem tengjast afreksíþróttum svo sem æfingabúðir, námskeið og ferðir á mót erlendis.

Félög eru sérstaklega hvött til að sækja um styrki til nýsköpunar á sviði afreksíþrótta. Hugmyndin er að félögin búi til verkefni sem miða að því að bæta árangur síns fólks, gjarnan eitthvað sem ekki hefur verið gert áður. Í því sambandi sé litið til samstarfs við aðra aðila sem tengjast afreksstarfi með einum eða öðrum hætti auk faglegra þátta og raunhæfra markmiða.

Umsókn skal fylgja lýsing á verkefni ásamt fjárhagsáætlun. Umsóknum skal skilað til ÍBR, Engjavegi 6, 104 Reykjavík eða á ibr@ibr.is. Reglugerð sjóðsins er að finna á heimasíðu ÍBR www.ibr.is.

spron

ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„That was some of the best flying I've seen to date - right up to the part where you got killed."**

**Svar: Jester (Michael Ironside) úr Top Gun frá 1986.**

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR BJARNASON **GLÁPTI Á VÍDEÓ Í FLUGVÉL**

## *Svartur sannleikur eða hvít lygi?*

Þrátt fyrir að hafa horft á gamanmyndina óborganlegu There's Something About Mary örugglega tíu sinnum stytti hún mér rækilega stundirnar í langri og erfiðri flugferð á dögunum.

Aldrei hef ég þó séð þessa ritskoðuðu útgáfu myndarinnar því um leið og komið var að viðkvæmum atriðum, eins og sjálfsfróunaratriði Bens Stiller, birtist hvítur texti á svörtum skjá þar sem stóð að því miður væri ekki hægt að sýna það. Þess í stað ættu menn að spyrja sessunaut sinn eða vin hvað væri eiginlega að gerast.

Frekar hefði ég nú viljað sjá svartan skjá undir lok rómantísku myndarinnar ef ég hefði vitað að myndin yrði, þegar upp var staðið, þar sem öllu var pakkað inn í lítinn, sætan Hollywood-endi eins og svo oft áður þar sem allir skildu sáttir. Hún skartaði Umu Thurman og Meryl Streep í aðalhlutverkum og fjallaði um persónu Thurman sem var hrifin af syni sálfræðings síns. Sem betur fer lét ég mér duga að kíkja á myndina með öðru auganu því söguþráðurinn var algjör della, rétt eins og bjánalegur og sykursætur endirinn.



**THERE'S SOMETHING ABOUT MARY** Gamanmyndin óborganlega stendur alltaf fyrir sínu.

Svarta atriðið í There's Something About Mary var örugglega helmingi raunsærra heldur en rómantíska myndin í heild sinni. Aftur á móti er sannleikurinn oft ljótari en lygin og því líklega best að hlífa áhorfendum við öllu slíku.



▶ **20.15** *Drama*

BRÁÐAVAKTIN



▶ **20.05** *Lífsstíll*

VEGGFÓÐUR



▶ **20.30** *Gaman*

SOUTH PARK



▶ **22.00** *Drama*

THE L WORD



▶ **21.10** *Golf*

HÁPUNKTAR Í PGA MÓTARÖÐINNI

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Líló og Stitch (31:39) **18.23** Sígildar teiknimyndir (3:42)

**18.30 Herkúles (3:28)** (Disney's Hercules)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.15 Bráðavaktin (7:22)** (ER XII).
**21.00 Kokkar á ferð og flugi (8:8)** (Surfing the Menu II) Áströlsk matreiðslu- og ferðaþáttaröð.
**21.30 Litla-Bretland (7:8)** (Little Britain I) e.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Íþróttakvöld**
**22.35 Formúlukvöld** Hitað upp fyrir kappaksturinn um helgina.

**23.00** Tenórarnir tíu **0.00** Herinn burt (2:2) **0.30** Kastljós **1.10** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (103:145) **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine (5:22)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improve-ment **13.30** Mr. Bean **13.55** Las Vegas **14.40** The Apprentice **15.25** How I Met Your Mother **16.00** Barnatími Stöðvar 2**17.40** Bold and the Beautiful

**18.05** Neighbours
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (15:22)** (Simpson fjölskyldan)
▶ **20.05 Veggfóður (4:7)**
**20.50 Oprah (105:145)** (Lance Armstrong's Ex-Wife: The Truth About Her Marriage) Spánnýir þættir með hinni einu sönnu Opruh.
**21.35 Good Murder, A** (Myrt til góðs) Æsispennandi framhaldsmynd í tveimur hlutum, uppfull af ástríðu og svikum.
**22.55 Big Love (5:12)** (Margföld ást)(5:13) Nicky grunar Bill um að halda framhjá sér og hinum eiginkonum hans tveimur og hún veltir fyrir sér hvort best mótspilið sé að finna fyrir hann fjórðu eiginkonuna. Bönnuð börnum.

**23.50** Crossing Jordan (B.börnum) **0.35** Autopsy (B.börnum) **1.25** Full Frontal (Bönnuð börnum) **3.00** Green Dragon (B .börnum) **4.50** The Simpsons **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.00** Insider (e)
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (Clip Show – part 1)
**20.00 Entertainment Tonight**
▶ **20.30 South Park** Þeir eru komnir aftur á skjáinn. 8. serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park.
**21.00 Blowin/ Up** Grínistinn Jamie Kennedy og félagi hans Stu Stone eru ákveðnir í að reyna fyrir sér í tónlistarbransanum sem rapparar.
**21.30 Ghost Whisperer**
**22.20 Smallville**

**23.10** Insider **23.35** Rescue Me (e) **0.25** Seinfeld **0.50** Entertainment Tonight (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Dýravinir (e)

**15.25** Innlit / útlit (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil

**18.00** 6 til sjö
**19.00 Melrose Place**
**19.45 The King of Queens (e)**
**20.10 Krókaleiðir í Kína (4/4)** Íslensk þáttaröð í fjórum hlutum þar sem fylgst er með feðgum á ferð um Kína. Þetta er ferða- og þroskasaga sem gefur okkur innsýn í lífið hinum megin á hnettinum.
**21.00 America's Next Top Model VI** Stúlkurnar þurfa að spinna af fingrum fram í auglýsingatöku.
▶ **22.00 The L Word** Dana og Lara undirbúa ferð til Frakklands og Kit kemst að því að nýr framkvæmdastjóri The Planet vill gera miklar breytingar á staðnum.

**23.00** Jay Leno **23.45** Conviction (e) **0.35** Da Vinci's Inquest (e) **1.20** Beverly Hills 90210 (e) **2.05** Melrose Place (e) **2.50** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**18.30 Mastersmótið með Icelandair og Ian Rush** Mótið fór fram 5. nóvember sl. en þar spiluðu úrvalslið Man.Utd, Arsenal og Liverpool. Mótið fór fram í Egilshöll.
**19.30 UEFA Champions League** (Gullleikir)
▶ **21.10 Hápunktar í PGA mótaröðinni** (PGA Tour highlights
**22.05 Einvígi á Spáni** (Greg Norman – Sergio Garcia)
**22.55 Spænsku mörkin**

**23.25** Stjörnugolf 2006

### SKJÁR SPORT

**7.00** Að leikslokum (e)
**14.00** Sheffield Utd. – Middlesbrough (e) 30.09 **16.00** Watford – Fulham (e) Frá 02.10
**18.00** Everton – Man. City (e) Frá 30.09
**20.00 Chelsea – Aston Villa (e) Frá 30.09**
**22.00 Að leikslokum** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar.
**23.00** Charlton – Arsenal (e) Frá 30.09 **1.00** Dagskrárlok

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**17.00** Nýtt í vikunni **18.00** Spánareignir
**19.00 Fjölbýli og hæðir (e)**
**20.00 Nýtt í vikunni**
**21.00 Einbýlishús**
**22.00 Fjölbýli og hæðir**
**23.00** Nýtt í vikunni (e) **0.00** SMS eignir

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** Special Mary-Kate & Ashley **15.00** 50 Cutest Child Stars: All Grown Up **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** The Hilton Sisters THS **21.00** Naked Wild On **21.30** Naked Wild On **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** The Hilton Sisters THS **2.00** 101 Most Starlicious Makeovers

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


2 BÍÓ NFS SIRKUS SÝN



RÚV PLÚS
NÚ Á DIGITAL ÍSLANDI

STÆRSTA DREIFIKERFIÐ | EINFALDASTA UPPSETNINGIN | LANG FLESTAR STÖÐVAR

Rúv plús er á rás 99

OG VODAFONE / 515 6100 / DIGITALISLAND.IS

digital ísland

## VIÐ MÆLUM MEÐ



**SKJÁREINN KL. 20.10**

### Krókaleiðir í Kína

Íslensk þáttaröð í fjórum hlutum þar sem fylgst er með feðgum á ferð um Kína. Heimir Sverrisson ákvað í vetur að gera eitthvað öðruvísi fyrir son sinn Daníel þar sem hann stendur á tímamótum í lífinu. Daníel varð 16 ára í sumar og af því tilefni ákvað Heimir að taka son sinn í ferðalag þar sem hann fengi aðra sýn á lífið. Ferðinni var heitið til Kína þar sem drengurinn þarf að vinna í kínversku eldhúsi, á bóndabæ, á munaðarleysingjahæli og berst í Shaolin-munkaklaustrinu. Þetta er ferða- og þroskasaga sem gefur okkur innsýn í lífið hinum megin á hnettinum. Í kvöld er fjórði og síðasti þátturinn og er því komið að leiðarlokum hjá Heimi og Daníel.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 6 | 2 | 9 | 3 | 5 | 4 | 7 |
| 9 | 5 | 4 | 8 | 7 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 3 | 7 | 2 | 5 | 1 | 4 | 6 | 9 | 8 |
| 4 | 9 | 3 | 6 | 2 | 7 | 1 | 8 | 5 |
| 2 | 1 | 8 | 4 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 |
| 7 | 6 | 5 | 1 | 8 | 9 | 4 | 2 | 3 |
| 8 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 | 7 | 5 | 4 |
| 5 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 6 | 4 | 7 | 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 1 | | | 6 | | | 2 |
| | 2 | | 9 | | | | 8 | |
| | 3 | | | | | | | 4 |
| | | | | | 7 | | 4 | |
| 4 | | | 8 | | 3 | | | 7 |
| | 7 | | 6 | | | | | |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | 4 | | | | 1 | | 3 | |
| 5 | | | 3 | | | 9 | | 1 |



▶ **20.00**

*Drama*

SIDEWAYS

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Sideways (Bönnuð börnum) **8.05** Kangeroo Jack **10.00** Pelle Politibil

**12.00** The Perez Family (e) **14.00** Kangeroo Jack **16.00** Pelle Politibil

**18.00** The Perez Family (e)
▶ **20.00** **Sideways** (Hliðarspor) Margrómuð verðlaunamynd, kostuleg gamanmynd með hádramatískum undirtóni, um vínelskandi einmana sálir í leit að hamingjunni; hinni einu sönnu ást og hinu eina sanna rauðvíni. Paul Giamatti og Thomas Haden Church fara á kostum í hlutverki tveggja félaga sem skella sér í vínsmökkunarferð á vínekrur í Kaliforníu fáeinum dögum áður en sá síðarnefndi, ólæknandi kvennabósinn, gengur í það heilaga.
**22.05** **Buffalo Soldiers**

**0.00** Robocop 2 (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** City of Ghosts (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Buffalo Soldiers (Stranglega bönnuð börnum)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Lygasaga **14.30** Miðdegistónar **15.00** Fréttir **15.03** Sögur af sjó og landi **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Stelpulitir **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Hólastaður 900 ára **23.05** Fallegast á fóninn

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **22.10** Geymt en ekki gleymt **0.10** Popp og ról **0.30** Spegillinn **1.10** Glefsur **2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður

www.volkswagen.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7268




Núna er rétti tíminn til að eignast nýjan Volkswagen Golf. Gæðin og glæsileikann þekkja allir en verðið kemur skemmtilega á óvart. Komdu og reynsluaktu og nýttu þér þetta einstaka tækifæri.

**Gerðu bílinn enn glæsilegri með 250.000 kr. sportpakka:**

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

**HRÓSIÐ ...**



*... fær Unnur Linda Konráðsdóttir fyrir að taka slaginn, í bókstaflegum skilningi, og fara til Taílands til að nema bardagaíþróttina Muay thai.*

# Hef ekki sagt mitt síðasta í sjónvarpi

Inga Lind Karlsdóttir, sem verið hefur ein aðalsprautan í dægurmálaþættinum Ísland í dag, hefur ákveðið að segja skilið við þáttinn og Stöð 2. Inga sagði í samtali við Fréttablaðið að hún væri ekki að fara í neinu fússi en viðurkenndi að breytingar innan fyrirtækisins hefðu sitthvað með það að segja en eins og kunnugt er var fréttastöðinni NFS lokað fyrir skemmstu með miklum breytingum. „Eitt og annað hefur breyst að undanförnu sem hefur orðið til þess að ég hef ákveðið að segja mig frá þessu verkefni," sagði sjónvarpskonan.

Inga Lind sagðist ekki vera á förum samstundis, hún væri enn með nokkur mál ókláruð. „Ég læt mig ekki bara hverfa á stundinni," sagði Inga en vildi ógjarnan gefa upp hvað hún ætlaði að taka sér fyrir hendur. „Það eru nokkur mál sem ég ætla að skoða í rólegheitunum," útskýrði Inga og sagðist ekki vera komin með nóg af sjónvarpsmennsku. „Það eru hins vegar ákveðin tímamót í mínu lífi. Ég hef verið að taka viðtöl í sjónvarpi og stýra sjónvarpsþáttum í fjögur ár og fannst bara tímabært að breyta um umhverfi." - fgg



**INGA LIND** Stendur á tímamótum og er hætt á Stöð 2 eftir fjögurra ára starf. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**LÁRÉTT**
**2** skvetta **6** holskrúfa **8** neðan **9** veitt eftirför **11** guð **12** fugl **14** góð lykt **16** karlkyn **17** arinn **18** for **20** frá **21** fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1** á kökur **3** tveir eins **4** úða **5** herma **7** hrekkur **10** að **13** skilaboð **15** skott **16** kóf **19** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** gusa, **6** ró, **8** upp, **9** elt, **11** ra, **12** meisa, **14** ilmur, **16** kk, **17** stó, **18** aur, **20** af, **21** frár.
**LÓÐRÉTT: 1** krem, **3** uu, **4** sprauta, **5** apa, **7** óleikur, **10** til, **13** sms, **15** rófa, **16** kaf, **19** rá.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. 93 ökumenn.
2. Lilleström.
3. Hjálmur.

Líka fyrir þig;
lífið, fréttirnar
og fjörið á ensku

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Mest
lesna
tímaritið*

*Gallup Október 2005

birta

ALÞINGISMENNIRNIR: TAKA Á ÞVÍ Í RÆKTINNI

# Fjölmargir í kosningaátaki

Í hönd fer kosningavetur hjá alþingismönnum, þingkosningar verða í maí og má reikna með hatrammri baráttu milli flokka sem og flokksmanna enda prófkjör á næsta leiti. Þingmenn mega ekki vera gráir og guggnir í augum kjósenda og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þingmennirnir því margir hverjir orðnir fastagestir á líkamsræktarstöðvunum.

Að sögn Björn Leifssonar, eiganda Lauga, hafa þingmenn lengi verið fastagestir hjá honum en Björn gladdist yfir þeim fregnum ef þingmenn ætluðu að taka líkamsræktina enn fastari tökum. Hann sagði enda líkamsræktina prýðisgóðan stað fyrir þingmenn. „Hérna geta þeir jú lyft lóðum, hlaupið og rætt málin við kjósendur sína," sagði Björn sem taldi það mjög gott fyrir þingmenn að slíta daginn í sundur með hvers kyns hreyfingu. „Þeir geta þá afstressast á miðjum degi," útskýrir hann en sagði að sömu æfingar giltu um þá og aðra. „Þeir eru jú gerðir úr sama efnivið."

Að sögn Gunnars Steins Pálssonar almannatengils er ekki nauðsynlegt fyrir þingmenn að fara í líkamsrækt upp á atkvæðafjöldann. „En það skemmir ábyggilega ekki fyrir," segir hann. „Stundum getur það eflaust hjálpað til en þetta gildir auðvitað ekki bara fyrir þingmenn heldur alla," segir Gunnar Steinn. Hvort líkamsræktarstöðvarnar væru góður fundarstaður við kjósendur sagði Gunnar Steinn að þetta væri ábyggilega ekki fljótlegasta leiðin til að nálgast þá. „Og örugglega ekki sú auðveldasta," sagði hann og hló. Bætti því síðan við að hann hefði aldrei í sínu starfi sem ráðgjafi prófkjörsskjólstæðinga sinna mælt sérstaklega með líkamsrækt eða gert hana að einhverju úrslitaatkvæði. „Auðvitað skiptir útlitið í heild sinni miklu máli og líkamsræktin er hverjum manni holl í þeim efnum."

freyrgigja@frettabladid.is



**BJÖRN LEIFSSON** Ánægður að sjá þingmennina púla í líkamsræktinni.

**GEIR HAARDE** Þykir taka sig vel út í líkamsræktinni.

**GUNNAR STEINN** Sagði hverjum manni hollt að hreyfa sig, ekki bara þingmönnum.

**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Tekur vel á því í Laugum.

**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Hefur verið fastagestur í Laugum um nokkurt skeið og herma heimildir blaðsins að kappinn sé jafnframt farinn að hljóla.

**ÞORGERÐUR KATRÍN** Stundar líkamsrækt af miklum þrótti og mætir snemma á morgnana.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttamaðurinn **Páll Benediktsson** gekk í hjónaband um síðustu helgi. Páll gekk að eiga unnustu sína, **Birnu Björg Berndsen,** við látlausa athöfn í heimahúsi. Til að fagna þessum stóráfanga í lífi sínu dveljast hjónakornin nú á sólarströnd en Páll er væntanlegur á skjáinn aftur innan tíðar.



Leikkonurnar í kvenfélaginu Garpi eru með eindæmum frjósamar um þessar mundir. Þær **María Heba Þorkelsdóttir** og **Esther Talía Casey** eiga báðar von á stúlkum, Esther síðar í mánuðinum en María í desember. Af þessum sökum verður leikritið Gunnlaðarsaga einungis sýnt út október í Hafnarfjarðarleikhúsinu og því fækkar tækifærum fyrir áhugasama til að sjá þessa áhugaverðu sýningu. Frjósemin kemur þó ekki í veg fyrir að kvenfélagskonurnar kynnu að vera á leið með verkið út fyrir landsteinana. Að minnsta kosti heyrist því hvíslað að breskur leikhússtjóri sé á leið hingað til landsins til að sjá sýninguna og kvenfélagskonur neita því ekki að þær hafi verið í sambandi við erlend leikhús um möguleika á utanför á næsta ári.



Einhverjum matargestum á Thorvaldsen Bar svelgdist á um helgina þegar vægast sagt opinská kynlífsatriði bar fyrir augu þeirra á sjónvarpsskjám staðarins. Ekki var þó um það að ræða að klámmynd hefði fyrir mistök verið sett af stað í sjónvarpskerfi veitingastaðarins heldur var um innslag um Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík að ræða en meistaranemar í blaða- og fréttamennsku við HÍ og kvikmyndanemar í Borgarholtsskóla útbúa í sameiningu dagleg innslög frá hátíðinni. Innslögin eru svo sýnd á vef hátíðarinnar www.riff.is og í upplýsingamiðstöð hátíðarinnar á Thorvaldsen. Innslagið sem sjokkeraði siðprúða gesti staðarins fjallaði um hina mjög svo opinskáu kynlífsmynd Shortbus og var því eðli málsins samkvæmt í grófari kantinum. Sýning innslagsins var stöðvuð snarlega á Thorvaldsen en forvitnir geta enn skoðað það á vefnum. Þá má geta þess að myndin Shortbus verður sýnd í Tjarnarbíó á föstudaginn. - hdm/þþ

# Vill stofna eigin stjórnmálaflokk

Gerður Kristný rithöfundur stóð í stórræðum í sumar og skóp hvorki meira né minna en nýtt löggjafarþing. „Alþingi hafði samband við mig og bað mig um að skrifa handrit að skólaþingi fyrir nemendur í 9. og 10. bekk, sem fer vonandi í gang næsta haust," segir Gerður.

Þingið er að norrænni fyrirmynd og er skipulagt þannig að unglingarnir mæta í húsnæði sem er eftirlíking af Alþingi og bregða sér í hlutverk þingmanna. „Ég hafði þann starfa að semja drög að fjórum uppistöðuflokkum, 56 þingmönnum og frumvörpum sem þeir bítast um. Ég vann með nefnd á vegum Alþingis og við gættum þess að frumvörpin væru tímalaus en jafnframt áhugaverð og hefðu erindi, ekki mál sem verða útjöskuð strax."

Skemmtilegast fannst Gerði hins vegar að semja bréf, bloggsíður, tölvupósta og símtöl þingmanna sem og lobbíastanna og almennings sem vill hafa áhrif á störf þingsins. „Það var sér í lagi skemmtilegt að bregða sér í hlutverk kverúlanta sem vilja herskyldu á Íslandi svo að þjóðin geti gengið í takt á 17. júní."

Hún segir þessa reynslu hafa verið alla hina lærdómsríkasta og rökrétt að nýta hana enn betur. „Nú langar mig að stofna minn eigin stjórnmálaflokk og hafa í kringum mig her kverúlanta," segir Gerður Kristný, sem sendir brátt frá sér barnabókina Land hinna týndu sokka.



**GERÐUR KRISTNÝ** Samdi skólaþing fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR BOGI

# STILLANLEGT OG ÞÆGILEGT







# NÚ ER RÉTTI TÍMINN





### HEILSUKODDAR

Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kíró-praktorar um heim allan mæla með Tempur heilsu-koddanum, þar á meðal á Íslandi.





### HEILSUDÝNUR

Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á
Þar sem heilsudýnurnar frá Betra Bak aðlagast líkaman-um dreifa þær þyngdinni á allan líkamann og draga þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði.





### STILLANLEG RÚM

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er.
Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér.

www.design.is ©2006

Betra BAK
*Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is*
*Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16*

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR
GERÐAR KRISTNÝJAR

# Blinda stúlkan

Í gaggó þurfti ég allt í einu að píra augun til að sjá á töfluna. Bekkjarbróðir minn beitti annarri aðferð. Hann studdi fingrum við gagnaugun og strekkti á húðinni eins og þegar farið var með þuluna: „Pabbi minn er Kínverji, mamma mín er Japani, aumingja ég.“

**ÞETTA** var í upphaf 9. áratugarins, enn var langt í fjölmenningarsamfélagið svo enginn spurði: „Ertu að gera grín að mér, fjölskyldu minni og kannski kynþættinum öllum?“ Ég hermdi eftir stráknum og komst að raun um að aðferðin veitti blindri stelpu sýn. Svona sátum við lungann úr vetrinum með fingurna við gagnaugun og litum eflaust út eins og flón. Fyrr eða síðar höfðum við orð á sjóndeprunni við foreldra okkar og fengum bæði kassalaga gleraugu með málmumgjörð, áþekk þeim sem Jón Páll Sigmarsson gekk með. Ekki var gerður jafnmikill greinarmunur á stelpu- og strákaumgjörðum á þessum pastellituðu miðöldum og nú er gert.

**ÞAÐ** er að minnsta kosti eitthvað við gleraugun sem ég fann fyrir nokkru á rólóvelli sem gerir það að verkum að ég var strax sannfærð um að kona hefði átt þau. Óðara sá ég hana fyrir mér ráfa blinda um í leit að þeim en í vinnunni yrði hún að eiga pabba sem var Kínverji til að þekkja kollega sína í sundur. Við svo búið mátti ekki standa. Full skyldurækni hringdi ég í nærliggjandi skóla og lét skilningsríkar skrifstofudömur vita af gleraugunum. Daginn eftir birtist ákall mitt til blindu stúlkunnar í Velvakanda þar sem ég bað hana um að slá á þráðinn en hún lét ekki heyra frá sér og svo sem engin furða. Hvernig átti hún að geta lesið blöðin?

**ÞAÐ** var síðan ekki fyrr en ég var farin að veifa gleraugunum framan í gesti í von um að þeir könnuðust við þau að ég sá að annan púðann vantaði á þau. Rennilásinn á hulstrinu var líka svo gott sem ónýtur. Það rifjaðist líka upp fyrir mér að hulstrið hafði ekki legið á rólóvellinum, heldur fyrir framan ruslatunnur skammt frá. Einhver hafði verið að reyna að losa sig við gleraugun. Einhver sem hafði ekki lengur not fyrir þau. Blinda stúlkan var ekki til – og þó. Og nú kemur endir í anda Carrie í Beðmálum í borginni: Blinda stúlkan var ég sjálf. Ég hafði aðeins séð það sem ég vildi sjá, sjálfa mig sem hjálpsama konu sem gerði allt hvað hún gat til að bæta líf meðborgara sinna.

**EN** þar fyrir utan, ef þú kannast við gleraugu merkt Europe skaltu ekki hika við að hringja.

MARKAÐURINN




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

www.toyota.is




RAV4 - alveg nýr heimur

Nýr RAV4 er kominn til landsins. Hann er ekki aðeins í breyttri útgáfu. Hann er alveg nýr heimur. Bíll sem boðar nýja tíma, nýjar áherslur, nýjar leiðir. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og fæst með „Integrated Active Drive System" sem eykur til muna öryggi og akstursánægju. Við hikum ekki við að fullyrða að þú færð meira út úr lífinu á nýjum RAV4, hvort sem er innanbæjar eða úti í náttúrunni.

Straumlínulöguð yfirbygging og fjöldi tækninýjunga gera RAV4 fágaðri, fjörugri og þróaðri en nokkru sinni fyrr. Fjöldi útfærslna er í boði, þar á meðal hin íburðarmikla RAV4 VX sem teflir saman framúrskarandi snerpu og afburðaþægindum í akstri svo að hefðbundin skilgreining á smájeppa á ekki lengur við. Og tómstundir með fjölskyldunni fá líka allt aðra merkingu.

**Komdu og reynsluaktu nýjum RAV4 – alveg nýr heimur.**

**Verð frá 2.980.000. kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070